



Greinargerð fagsviða og B-hluta fyrirtækja

með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2026

Lagt fram í borgarráði 30. október



Reykjavík

FAS25010016

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar
Október 2025

Efnisyfirlit

A-hluti	5
Fjármála- og áhættustýringarsvið	7
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	15
Menningar- og íþróttasvið	25
Skóla- og frístundasvið	39
Umhverfis- og skipulagssvið	49
Velferðarsvið	65
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	79
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	91
Sameiginlegur kostnaður	99
Framlög til b-hluta fyrirtækja	101
B-hluta fyrirtæki	103
Faxaflóahafnir sf.	105
Félagsbústaðir	117
Malbikunarstöðin Höfði hf.	127
Orkuveita Reykjavíkur	133
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	151
Strætó bs.	159
Sorpa bs.	173
Jafnlaunastofa sf.	185



A-HLUTI




FJÁRMÁLA- OG ÁHÆTTUSTÝRINGARSVIÐ

LEIÐARLJÓS

Fjármálum Reykjavíkurborgar er stjórnað á skilvirkan og ábyrgan hátt.

SKIPURIT



HLUTVERK

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar og veitir kjörnum fulltrúum og stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald á sviði fjármála og rekstrar.

Sviðið skiptist í sex skrifstofur sem hafa skýrt umboð og eftirlitshlutverk með fjármálum við fjármálastjórn borgarinnar og við áhættustýringu. Sviðið gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að aðhaldi í rekstri, fjármálaráðgjöf og hagnýtingu gagna með því að að greina frávík og fylgjast með kostnaðarmyndun. Í starfssemi sinni nýtir sviðið líkön, gögn, greiningar og beitir aðferðarfræði verkefnastjórnunar og teymisvinnu þvert á skrifstofur og svið eftir þörfum hverju sinni. Lagður var grunnur að skýrari afmörkun kjarnaverkefna sviðsins með breytingum á skipuriti sviðsins í byrjun árs 2024 og með skipulagsbreytingum í september 2025, var enn frekar unnið að jafnvægi og samlegð verkefna með tilfærslu á verkefnum eignaskrifstofu til umhverfis- og skipulagssviðs. Í fjármálastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í upphafi kjörtímabils og gildir til ársins 2027 eru settir fram lykilmælikvarðar og er lögð áhersla á skýra sýn á græna og vaxandi borg, sjálfbærni í rekstri og fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í rekstri borgarinnar. Til þess að sjálfbærnimarkmið borgarinnar og aðrar áherslur í fjármálastefnu Reykjavíkurborgar nái fram að ganga þurfa að vera til staðar skýr markmið, öflug og áreiðanleg fjármálastjórn, virkt eftirlit og öflug áhættustýring.

Stuðningur við yfirstjórn á sviði fjármála og eftirfylgni með fjármálastefnu og fjárhagsáætlun eru mikilvæg verkefni þar sem áhersla er lögð á að ná markmiðum Græna plansins varðandi efnahags-, umhverfis- og samfélagslega sjálfbærni og þá sóknaráætlun sem lagt hefur verið upp með til ársins 2030.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026


	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Rekstrartekjur	55.093	56.960	58.960
Tekjur samtals	55.093	56.960	58.960
Laun og launatengd gjöld	930.166	1.090.032	1.128.290
Annar kostnaður	234.462	263.420	272.016
Rekstrargjöld samtals	1.164.629	1.353.452	1.400.306
Rekstrarniðurstaða	1.109.536	1.296.492	1.341.346

STARFSFÓLK

	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Fjöldi stöðugilda	70,2	67,0	69,9
Eftir skrifstofum/ þjónustupáttum:			
Skrifstofa sviðsstjóra	8,5	8,0	10,0
Áhættustjóri	1,0	1,0	1,0
Skrifstofa áætlana og hagnála	6,0	7,0	7,0
Skrifstofa bókhalds og uppgjors	28,0	28,0	28,9
Skrifstofa fjárstýringar og innheimtu	8,3	9,0	9,0
Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar	10,5	14,0	14,0
Eignaskrifstofu	8,0	-	-

*Verkefni eignaskrifstofu fluttust yfir á Umhverfis- og skipulagssvið þann 1. sept 2025

SKIPTING REKSTRAR 2026



*Áhættustjóri fellur undir skrifstofu sviðsstjóra FAS

MEGINMARKMIÐ, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Markmið fjármála- og áhættustýringarsviðs er að fjármunum borgarinnar sé stjórnað á skilvirkan hátt með fjárhagslegu gagnsæi, ábyrgð og góðri yfirsýn. Að stuðlað sé að árangurstengdri fjárhagsáætlunargerð, eftirfylgni og að stjórnendum og starfsfólki sé veittur stuðningur til að geta tekið réttar fjárhagsákvæðanir og að byggt verði undir fjárhagslega sjálfbærni Reykjavíkurborgar. Framtíðarsýn sviðsins er að þar starfi fjölbreyttur hópur framúrskarandi starfsfólks sem leysir margbreytileg og krefjandi verkefni af hendi af heilindum og í krafti tækni, með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi. Að starfsemin sé framsækin og Reykjavíkurborg til heilla. Þá er markmið sviðsins að veita framúrskarandi þjónustu til fagsviða og stofnana borgarinnar.

Meginmarkmið stefnu fjármála- og áhættustýringarsviðs eru:

Að starfrækja skilvirka fjármálaþjónustu - með áherslu á:

TRAUSTA FERLA	NÚTÍMALEG KERFI
AUKNA SJÁLFVIRKNI	SKÝRA MÆLIKVARÐA

Að stunda öfluga framþróun - með áherslu á:

ÞVERFAGLEGA SAMVINNU	FRIÓTT UMHVERFI
MIÐLUN ÞEKKINGAR	EINN VINNUSTAÐ

Að styðja við farsæla ákvarðanatöku - með áherslu á:

ÖFLUGAR UPPLÝSINGAR	SKÝRAR BODLEIÐIR
MARKVISSAR GREININGAR	VIRKA STÝRINGU

Í því felst:

- Þjónustuferlar skásettir, skýrir og aðgengilegir
- Sjálfvirk ferli til að einfalda upplifun og auka áreiðanleika
- Staðlaðar lausnir og þróun kerfa á grunni örra tækninýjunga
- Þjónustustig í stöðugri þróun í ljósi sífbreytilegra þarfa og væntinga notenda
- Hæfni til samstarfs í þverfaglegum teymum
- Uppbygging þekkingar og reynslu sem miðlað er á skipulagðan hátt
- Vinnum í auknum mæli í verkefnadrifnu vinnuumhverfi
- Einn vinnustaður með sömu viðmið, gagnrýnin á eldri hefðir
- Áreiðanlegar og reglubundnar upplýsingar með tímanlegum gögnum
- Beiðnir í einn farveg til að tryggja samfellu, rekjanleika og jafnræði
- Greiningar sem auka skilning, innsýn og aðhald stjórnenda
- Samræmd nálgun í allri fjármálastjórnun borgarinnar

Þegar hefur farið fram markviss vinna sem miðar að því að auka skilvirkni í fjármálaþjónustu sviðsins og efla þverfaglegt starf, svo sem:

- Aukin sjálfvirkni og innleiðing á stafrænu vinnuafli
- Umbætur á sviði hagnýtingar gagna og miðlunar á tölulegum gögnum
- Aukin teymisvinna og fagleg umgjörð verkefnastjórnunar
- Markviss ferlagreining og undirbúningur innleiðingar á þjónustustefnu borgarinnar í ferli sviðsins

Áfram verður unnið að lykilverkefnum sem tengjast innleiðingu á stefnu sviðsins, en þau eru:

- Að ná fram jafnvægi í umfangi og afmörkun kjarnaverkefna sviðsins og aukinni samlegð lykilþátta sem væru liður í því að efla vinnu með gögn og greiningar
- Að efla áhættustýringu með tengingu við sérfræðinga þvert á starfssemi
- Að treysta grundvöll fjárhags-, áætlana- og haglíkana
- Að styrkja umboð sviðsins varðandi eftirlit og aðhald í rekstri
- Að koma á skilvirkum stafrænum ferlum til að fylgjast með frávikum og kostnaðarmyndun

Meginmarkmið sviðsins um skilvirka fjármálaþjónustu, öfluga framþróun og farsæla ákvarðanatöku kalla á skýra verkaskiptingu en með þverfaglegri nálgun, þegar svo ber undir, þar sem aukin áhersla er lögð á teymisstarf innan sviðsins til að koma áhersluverkefnum í framkvæmd og bæta jafnvægi milli skrifstofa á álagstímum í starfseminni. Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur áherslu á að sinna kjarnaverkefnum sviðsins, með áherslu á hraða, gæði, góða þjónustu og hámarks árangur, þar sem boðleiðir verða styttri með skilvirkari þjónustu fyrir alla hagaðila.

Skrifstofa áætlana og hagsmála

Skrifstofa áætlana og hagsmála ber ábyrgð á undirbúningi og vinnslu fjárhagsáætlunar og fer með ráðgefandi hlutverk er varðar fjármálastjórn og fjárhagslega sjálfbærni.

Skrifstofan ber ábyrgð á og hefur umsjón með gagnasafni sviðsins og hagnýtingu gagna. Hún fer með þróun og rekstur mælaborða, gerð spá- og sjálfbærnilíkana og framkvæmd greininga sem uppfærast sjálfkrafa út frá skilgreindum forsendum. Skrifstofan ber ábyrgð á miðlun gagna- og fjárhagsupplýsinga fjármála- og áhættustýringarsviðs. Lögð er áhersla á sviðsmynda- greiningar, þróun og framsetningu mælaborða til að fylgjast með fjárhagslegri stöðu og sýn á A-hluta til lengri og skemmri tíma með hliðsjón af efnahagslegu umhverfi borgarinnar.

Skrifstofan gegnir veigamiklu hlutverki í áhættustýringu með aðgengi að sérfræðingum sem koma að líkanagerð og vinnslu verkefna á því sviði.

Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar

Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar leggur áherslu á fjármála- og rekstrarráðgjöf til fagsviða og eftir atvikum stofnana. Í því felst m.a. að rýna tækifæri til aukinnar hagkvæmni í rekstri, innkauparáðgjöf, rekstur innkaupaferla, almennt rekstrareftirlit og frávikagreiningar. Hlutverk skrifstofunnar er að veita sviðum og stofnunum stuðning og aðhald við fjármálastjórn með innleiðingu og notkun á gagnsæjum og skilvirkum rekstrarlíkönum og aðgengi stjórnenda að mælaborði um rekstur stofnana. Þá ber skrifstofan ábyrgð á stjórn útboðsmála og leiðir samræmda nálgun í allri fjármálastjórnun borgarinnar. Skrifstofan styður við innleiðingu áhættustýringar á sviði innkaupa og rekstrar.

Skrifstofa fjárstýringar og innheimtu

Verkefni skrifstofu fjárstýringar og innheimtu snúa að lausafjárstýringu, fjármögnun borgarinnar, lánastýringu, gerð samninga við fjármálafyrirtæki, samskiptum og samningagerð við innheimtu- og færsluhirðingarfyrtæki. Innan skrifstofunnar fer fram álagning og umsýsla fasteignagjalda, innheimta krafna, auk greiðslumiðlunar og tekjueftirlits. Skrifstofan hefur leiðandi hlutverk við áhættustýringu á sviði fjárstýringar og innheimtu. Áhersla er lögð á að vinna betur með gögn og sjálfvirkari upplýsingagjöf.

Skrifstofa bókhalds og uppgjörs

Meginverkefni skrifstofu bókhalds og uppgjörs eru bókhald, uppgjör og afstemmingar. Skrifstofan sinnir reglubundnum uppgjörum A-hluta og samstæðu og ber ábyrgð á gerð ársreiknings Reykjavíkurborgar ásamt skýrslum og greinargerðum. Skrifstofan leiðir samskipti við endurskoðunarnefnd og ytri endurskoðendur og ber ábyrgð á skilum fjárhagsgagna til ytri aðila. Þá sinnir skrifstofan bókhaldi og afstemmingum. Áfram verður unnið að umbótum í verkferlum sem taka mið af innleiðingu rafrænna reikninga og stefnt að því að umfang þeirra verði um 90% á komandi ári. Enn er unnið að því að fækka innkaupakortum með breyttum áherslum í innkaupum og skilvirkum rafrænum lausnum.

Unnið er í samstarfi við viðskiptabanka borgarinnar að þróun á rafrænum skilum á gögnum vegna innkaupakorta. Gert er ráð fyrir innleiðingu á árinu 2026. Jafnframt er unnið að því að skipta út pappírsbeiðnum og innleiða rafrænar beiðnir. Tilraunaverkefni hefur verið í gangi og gert er ráð fyrir fullri innleiðingu á árinu 2026.

Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofa sviðsstjóra sinnir málefnum er varða stjórnsýslu og fjárhagsleg samskipti við B-hluta félög ásamt mannauðsmálum sviðsins og stefnumótun. Sérstök áhersla er á að efla fjárhagslegt samtal fjármála- og áhættustýringarsviðs við B-hluta félögin og byggðasamlögin.

Eitt af meginverkefnum skrifstofunnar er innleiðing á heildarstefnu sviðsins, sem er umbótastefna með áherslu á stafræna þróun og almenna þróun á starfseminni. *Fjármálataeknistofa* á skrifstofu sviðsstjóra fer með umsjón umbreytingaverkefna og leiðir verkefnastjórnun og fyrirkomulag teymisvinnu á sviðinu. Áherslur á komandi ári verða meðal annars að halda áfram kortlagningu á umbótatækifærum, styðja við uppbyggingu teymishugsunar og leggja grunn að framtíðarhögun fjárhagsgagna. Verkefni fjármálataeknistofu eru jafnframt utanumhald með losunarbókhaldi frá rekstri Reykjavíkurborgar, verkefni sem tengjast málaflokki græns hagkerfis og þróun á framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga í samræmi við lagalegar áherslur í þeim málaflokki.

Á næstu árum mun reyna mikið á innri ferla og kerfi þar sem fjárhagskerfi borgarinnar er komið á enda líftíma og því nauðsynlegt að endurnýja það ásamt tengdum kerfum. Vinna við undirbúning þess er hafin.

Áhættustjóri

Áhættustjóri ber ábyrgð á að fylgja eftir áhættustefnu Reykjavíkurborgar og fylgjast kerfisbundið með áhættuþáttum sem tengjast fjárhagslegum og rekstrarlegum þáttum borgarinnar. Áhættustjóri leggur megináherslu á meindlega nálgun í áhættustýringu, með það að markmiði að tryggja fjárhagslegan stöðugleika, draga úr óvissu og vernda hagsmuni borgarinnar og íbúa hennar. Áhættunefnd Reykjavíkurborgar hefur það hlutverk að leggja áherslur í áhættustýringu og verkefnum áhættustjóra.

Markmið áhættustýringar er að greina, meta og stýra áhættu þannig að fjármagn borgarinnar nýtist á skilvirkan hátt, líkur á fjárhagslegum áföllum minnki og fyrirsjáanleiki í rekstri aukist. Áhættustýring gegnir einnig mikilvægu forvarnahlutverki með því að greina veikleika í ferlum, fjárfestingum eða rekstri áður en þeir leiða til tjóns.

Til að taka upplýstar og gagnadrifnar ákvarðanir nýtir áhættustjóri fjölbreytt greiningartæki, svo sem tölfræðilegar kostnaðar- og ábatagreiningar, auk hermana og sviðsmyndagreininga til að kortleggja óvissu og meta áhrif mismunandi aðstæðna. Spálíkon, tölfræðigreiningar og ófjárhagslegir mælikvarðar eru hagnýtt til að ná sem víðtækastri sýn á áhættulandslag borgarinnar.

Með skipulegri og gagnadrifinni áhættustýringu er traustur grunnur lagður að ákvarðanatöku og stöðugleika í rekstri, ásamt ábyrgri nýtingu fjármuna.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Vegna ólíkrar stöðu borgarbúa, eftir kyni og öðrum breytum, hefur tekjuöflun og ráðstöfun á fjármunum borgarinnar mismunandi áhrif á tækifæri þeirra í lífi og leik, vinnu og menntun. Markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar er að stuðla að jafnrétti með því að taka mið af mismunandi stöðu fólks við undirbúning og framkvæmd fjárhagsáætlunar. Í því felst að þjónusta og gæði mæti mismunandi þörfum íbúa með hliðsjón af mannréttindastefnu borgarinnar.

Helstu verkfæri við framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar er greining þjónustupátta, jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum við fjárhagsáætlun og undirbúning nýrra verkefna. Á fag- og kjarnasviðum borgarinnar eru starfræktir starfshópar sem fylgja eftir greiningu þjónustupátta og vinnslu jafnréttisskimana og – mata á sínu sviði.




MANNAUÐS- OG STARFSUMHVERFISSVIÐ

Fagmennska, framsækni og samvinna

Gerum vel, gerum betur og gerum saman

SKIPURIT




FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026

	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Rekstrartekjur	26.000	31.301	61.600
Tekjur samtals	55.579	31.300	61.600
Laun og launatengd gjöld	762.917	812.425	844.903
Annar kostnaður	215.144	130.732	170.611
Rekstrargjöld samtals	978.060	943.157	1.015.514
Rekstrarniðurstaða	922.481	911.856	953.914

STARFSFÓLK

	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Fjöldi starfsmanna	54	52	52
Fjöldi stöðugilda	53	51	51
Eftir skrifstofum/ þjónustupáttum:			
Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis	8	9	9
Skrifstofa ráðninga og mönnunar	5	4	4
Verkefnastofa starfsmats	1	0	0
Skrifstofa kjaramála	7	7	7
Skrifstofa sviðsstjóra	6	5	5
Launaskrifstofa	27	27	27

SKIPTING REKSTRAR 2026



HLUTVERK

Mannauðs- og starfsumhverfissvið fer með forystuhlutverk og hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar og styður við stefnu og megináherslur borgaryfirvalda. Sviðið annast kjarasamningsgerð fyrir Reykjavíkurborg og fer með fyrirsvar gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðarins. Sviðið ber ábyrgð á launavinnslu og rekstri mannauðs- og launakerfa borgarinnar.

Hlutverk sviðsins er að fylgja eftir stefnumörkun í mannauðsmálum með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fag- og kjarnasvið borgarinnar. Jafnframt fer sviðið með stefnumörkun í mannauðs- og launamálum borgarinnar og samræmingu verklags og ferla á því sviði. Þá fer sviðið með virkt eftirlit, ráðgjöf og stuðning við að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu. Auk þess annast sviðið mannauðsþjónustu fyrir miðlæga stjórnsýslu í Ráðhúsi.

Rík áhersla er lögð á stöðugt og gott samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur sviða með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar og stuðla að því að starfsfólk upplifi Reykjavíkurborg sem einn vinnustað í öllum sínum fjölbreytileika.

Sýn sviðsins er að vera með öfluga mannauðsþjónustu í því skyni að laða að, styðja við og þróa starfsfólk og stjórnendur sem geti þjónað borgarbúum á þann hátt sem ávinnur sér virðingu og traust samfélagsins. Jafnframt að starfsfólk borgarinnar hafi þá hæfni og færni sem þarf til mæta ábyrgð í starfi og veita bestu mögulegu þjónustu, bæði út á við gagnvart íbúum og inn á við, gagnvart starfsfólki og starfsemi borgarinnar.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Rekstur mannauðs- og starfsumhverfissviðs er áætlaður 950 m.kr. árið 2026. Endurskoðuð áætlun 2025 gerir ráð fyrir að útgjöld nemi 912 m.kr. þannig að fjárheimildir hækka um 38,5 m.kr.

Stærsti hluti rekstrarútgjalda á mannauðs- og starfsumhverfissviði, fyrir utan laun, eru rekstur mannauðs- og launakerfa, margþætt fræðsla fyrir allt starfsfólk borgarinnar, íslenskukennsla, forystunám fyrir stjórnendur borgarinnar, stjórnendadagur borgarinnar og rekstur jafnlaunakerfis.

Stærstu breytingar á ramma sviðsins eru vegna skipulagsbreytinga sem tóku gildi 1. júní 2025 þegar 1 stg. vegna innri miðlunar var flutt frá þjónustu- og nýsköpunarsviði á mannauðs- og starfsumhverfissvið. Einnig er aukið kostnaður vegna rekstur þeirra kerfa sem rekin eru á sviðinu sem felast einkum í vörustýringu frá þjónustu- og nýsköpunarsviði. Tekjur sviðsins eru að aukast en það er vegna fjölgunar styrkja úr fræðslusjóðum sem standa undir stórum hluta af fræðslustarfsemi sviðsins. Aðrar breytingar á ramma sviðsins eru vegna kjarasamningsbundinna launahækkana.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Mannauðs- og starfsumhverfissvið er kjarnasvið sem hefur það hlutverk að móta stefnur og verklag á sviði mannauðsmála, ber ábyrgð á launavinnslu borgarinnar, sér um rekstur mannauðs- og launakerfa og halda utan um verkefni á sviði mannauðsmála sem ganga þvert á borgarkerfið. Þannig á sviðið að stuðla að því að samhæfa og samræma vinnubrögð á sviði mannauðsmála og að greidd séu rétt laun á réttum tíma. Áherslur í mannauðsmálum á árinu 2026 taka mið af leiðarljósum og áherslum nýrrar mannauðsstefnu borgarinnar sem unnið hefur verið að á árinu 2025. Áherslurnar styðja við framtíðarsýn Reykjavíkurborgar um að borgin sé einn vinnustaður þar sem öflugur starfsfólk sé búið gott starfsumhverfi og tækifæri til að blómstra í samvinnu við sterka stjórnendur. Áherslur þessar birtast í hinum ýmsu verkefnum á sviði mannauðsmála.

Á árinu 2026 verður unnið að því að festa í sessi nýtt verklag við ráðningar og við skráningu vinnuslysa og annarra öryggistengdra atvika, í kjölfar innleiðingar á nýju umsóknakerfi og nýju atvikaskráningarkerfi. Áfram verður unnið markvisst að vinnuvernd, öryggismálum og heilsuefningu byggt á aðgerðaáætlunum öryggisstefnu vinnustaðarins, heilsustefnu, EKKO stefnu og viðverustefnu. Unnið verður markvisst að því að efla notkun innri miðla og upplýsingagjöf til starfsfólks. Haldið verður áfram að greina þjónustuferla og tækifæri til stafrænnar umbreytingar og aukinnar skilvirkni, meðal annars með því að leita leiða til að fara frá eyðublöðum yfir í rafrænar umsóknir og skil á gögnum. Val og innleiðing á nýju launakerfi verður fyrirferðarmikið verkefni á árinu 2026. Unnið verður að auknum stuðningi við stjórnendur borgarinnar, meðal annars með innleiðingu á fyrstu stjórnendastefnu borgarinnar. Sérstaklega verður hugað að auknum stuðningi við stjórnendur vegna veikindafjarvista. Vinna við virðismatsvegferð opinberra vinnuveitenda og Kennarasambands Íslands verður umfangsmikið verkefni á árinu sem krefst mikillar aðkomu og vinnu frá starfsfólki á sviðinu. Innleiðing á nýju mannauðs- og launakerfi er einnig verkefni sem margt starfsfólk sviðsins mun koma að á árinu og eitt af stóru verkefnum sviðsins. Áfram verður unnið að innleiðingu jafnlaunakerfis og

jafnlaunastefnu og að aðgerðum til að draga úr ómálefnalegum launamun. Einnig verður unnið áfram að auknum stuðningi við starfsfólk af erlendum uppruna með áherslu á íslenskukennslu og stuðning við stjórnendur þeirra.

Þá verður áfram lögð mikil áhersla á endurskoðun og innleiðingu samræmdra verkferla á sviði mannauðsmála og markvissa vinnu við að bæta leiðbeiningar og verklag sem og skráningu í kerfi til að bæta tölulegrar upplýsingar. Áhersla verður lögð á að vinna öll verkefni í virku og góðu samstarf við fag- og kjarnasvið og miðlæga stjórnsýslu.

Skrifstofa sviðsstjóra

Á árinu 2026 verður áfram lögð áhersla á markvissa uppbyggingu mannauðsmála með það að markmiði að þróa Reykjavíkurborg áfram sem eftirsóknarverðan vinnustað þar sem öflugt starfsfólk veitir íbúum, fyrirtækjum og gestum framúrskarandi þjónustu. Hafin verður innleiðing á nýrri mannauðsstefnu og fyrstu stjórnendastefnu Reykjavíkurborgar. Haldið verður áfram að greina frekari tækifæri í starfsemi sviðsins og í mannauðsmálum borgarinnar í þeirri stafrænu vegferð sem borgin er á. Meðal annars verður áfram lögð áhersla á að greina þjónustuferla og tækifæri til stafrænnar umbreytingar og aukinnar skilvirkni, meðal annars með því að leita leiða til að fara frá eyðublöðum á pappír yfir í rafrænar umsóknir og skil á gögnum. Þau eyðublöð sem þurfa að vera til verða síðan uppfærð og breytt m.a. þannig að hægt verði að undirrita þau rafrænt. Áhersla verður einnig á að rýna þær breytingar sem tæknin er að hafa á störf og starfsumhverfi og hvernig þurfi að bregðast þurfi við því. Horfa þarf til framtíðar og tryggja að starfsfólk borgarinnar búi yfir þeirri færni og tækni sem þarf til að veita faglega og góða þjónustu og sé tilbúið í að takast á við fjölbreyttar áskoranir.

Skrifstofan mun halda utan um og leiða þróunarverkefni sem snýr að sveigjanlegum starfslokum vegna aldurs sem hefur verið í undirbúningi. Áfram verður lögð rík áhersla á samstarf við stjórnendur og mannauðspjónustur fag- og kjarnasviða með það að markmiði að stuðla að fagmennsku, skilvirkni og samræmingu mannauðspjónustu hjá Reykjavíkurborg. Lögð verður áframhaldandi áhersla á gerð samræmdra verkferla og leiðbeininga í mannauðsmálum og á sviði vinnuréttar fyrir borgina í heild sinni m.a. hvað varðar framkvæmd skipulagsbreytinga og úrlausnir mála er varða réttindi og skyldur starfsfólks auk þess sem efni á innri vef sem veitir upplýsingar um það efni verður endurskoðað og uppfært. Þá verður áfram lögð áhersla á upplýsingagjöf, ráðgjöf og fræðslu á sviði vinnuréttar, fyrir stjórnendur, mannauðsfólk og annað starfsfólk. Áfram verður unnið gegn launamuni starfsfólks hjá borginni á árinu 2026 m.t.t. kyns og annarra ómálefnalegra þátta og unnið að endurbótum á ýmsum þáttum jafnlaunakerfis, launagreiningum og öðrum jafnlaunaverkefnum m.a. í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85.

Starfsfólk Reykjavíkurborgar gegnir lykilhlutverki í þjónustu við borgarbúa og þurfa stjórnendur að búa yfir hæfni og þekkingu til að geta tekist á við síbreytilegt starfsumhverfi. Á árinu 2026 verður farið í rýningu á fyrirkomulagi verkefna og skipulags sviðsins með það að markmiði að auka enn frekar skilvirkni í starfsemi og tryggja að sviðið styðji sem best við starfsfólk og stjórnendur á fag- og kjarnasviðum á sviði mannauðsmála.

Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis

Á sviði starfsþróunar og starfsumhverfis verða stærstu verkefni ársins 2026 áframhaldandi eftirfylgni stefnumörkunar á sviði mannauðsmála, en þar er einkum um að ræða öryggisstefnu, fræðslustefnu, heilsustefnu, viðverustefnu og stefnu gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Samkvæmt aðgerðaáætlun gildandi fræðslustefnu verður unnið að því að þróa aukið fræðsluefni á stafrænu formi og bæta aðgengi alls starfsfólks að fræðslu, í gegnum Torgið stafrænt fræðslu-kerfi borgarinnar, með áherslu á nýliðafræðslu og skyldufræðslu. Einnig verður unnið að útbreiðslu á nýja samskiptamiðlinum Viva Engage, og mun þar nýtast vel viðbótar stöðugildi sem fluttist til mannauðs- og starfsumhverfissviðs skv. ákvörðun borgarráðs á árinu 2025. Tengt því verður unnið að aukinni sjálfsafgreiðslu starfsfólks gegnum Starfsmannagátt á innri vefnum Fróða og undirbúin yfirfærsla á þeim vef í nýtt SharePoint umhverfi. Meðal stórra verkefna tengt öryggisstefnu eru innleiðing á ASKI, sem er nýtt atvikaskráningarkerfi Reykjavíkurborgar, útfærsla á leiðbeiningum vegna ofbeldis gegn starfsfólki fyrir hvert fagsvið og innleiðing á samræmdum öryggis- og heilbrigðisáætlunum fyrir öll fagsvið. Einnig verður unnið að uppfærslu öryggisstefnu Reykjavíkurborgar, en núverandi stefna gildir út 2025. Helstu verkefni á sviði viðverustefnu eru að auka stuðning við stjórnendur á sviði viðverusamtala, samkvæmt ákalli stjórnenda þar um á Stjórnendadeginum 2025, og að fræða starfsfólk um Bradford kvarðann og viðbrögð stjórnenda við skammtíma fjarvistum.

Samkvæmt heilsustefnunni verður unnið áfram að eflingu andlegrar og félagslegrar heilsu starfsfólks með aðkomu stuðnings- og ráðgjafateymisins, en einnig er vonast til að hægt verði að bæta í heilsutengd hlunnindi. Þá verður unnið að eftirfylgni við uppfærða stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi og fylgt eftir forvarnaáætlun á því sviði sem er í mótun. Í málefnum starfsfólks af erlendum uppruna verður lögð áhersla á að auka aðgengi að íslenskukennslu, bæði á staðnámskeiðum á starfsstað og í stafrænu formi (Bara tala), og festa í sessi innleiðing tungumálaviðmiðs í ráðningum. Nýir samningar við tungumálaskóla, sem gerðir verða á grundvelli verðfyrirspurnar, munu fela í sér m.a. aukna áherslu á gæðamat í íslenskukennslunni. Auk þessa verður unnið áfram að þróun og samræmingu verklags á sviði starfsumhverfis og starfsþróunar.

Skrifstofa kjaramála

Helstu verkefni skrifstofu kjaramála á árinu 2026 verður áframhaldandi vinna við virðismatsvegferð opinberra vinnuveitenda og Kennarasambands Íslands (hér eftir KÍ) sem hófst með undirritun innanhússtillögu ríkissáttasemjara þann 25. febrúar 2025. Á grundvelli tillögunnar munu aðilar vinna að gerð virðismatskerfis fyrir störf félagsfólks KÍ sem m.a. er ætlað að ná til þeirra þátta sem kunna að hafa verið vanmetnir í störfum kennara samkvæmt öðrum kerfum. Samhliða vinna samningsaðilar að breytingum á vinnutíma og vinnufyrirkomulagi kennara með það að markmið að gera hvort tveggja sem mest sambærilegt því sem gildir um aðra háskólamenntaða sérfræðinga hjá hinu opinbera. Að endingu verður unnið að mati á virði annarra kjara félagsfólks KÍ í samanburði við kjör á almennum vinnumarkaði og annarra háskólamenntaðra sérfræðinga hins opinbera. Vinna við vegferðina verður gríðarlega umfangsmikil og krefst mikillar aðkomu sérfræðinga á skrifstofu kjaramála. Haustið 2026 eða

þann 1. október 2026 eiga svo að liggja fyrir bráðabirgðaniðurstöður allra þátta vegferðarinnar og verður þá ákvörðun tekin um framhaldið af samningsaðilum. Komi ekki til framhalds kunna að virkjust uppsagnarákvæði kjarasamninganna skv. tillögunni eftir nánari ákvæðum þar um.

Þá verður jafnframt framhaldin vinna við bókanir við síðustu kjarasamninga Reykjavíkurborgar þar sem meðal annars unnið að heildarútgáfu síðustu kjarasamninga, áframhaldandi eftirfylgd með vinnutímabreytingum á opinberum vinnumarkaði, endurskoðun og úttekt á starfsmatskerfinu ásamt því að áfram verða starfandi stýrihópar aðila vinnumarkaðarins m.a. í betri vinnutíma og virðismati starfa, svo eitthvað sé nefnt.

Þá verður jafnframt framhaldið vinnu á skrifstofunni við útboðsferli og innleiðingu Mola, mannauðs- og launakerfis borgarinnar ásamt því að fyrirbyggjandi er þörf fyrir samsvarandi ferli vegna viðveru- og vaktakerfis borgarinnar. Núverandi tímalína Molaverkefnisins gerir ráð fyrir því að vali á mannauðs- og launakerfi verði lokið á fyrri part ársins 2026 og við lok árs verði framkvæmdar samkeyrslur á milli kerfi þannig að rekstur á nýju kerfi megi hefjast strax í upphafi ársins 2027. Í undirbúningi fyrir innleiðingu nýs kerfis þarf jafnframt að fara fram umbótaverkefni á launagögnum í núverandi kerfi í útfösun gagna. Þá verður áfram unnið að eftirfylgni þeirra breytinga sem orðið hafa á *fastlaunasamningum* Reykjavíkurborgar á síðustu árum, með innleiðingu á *öðrum launum*, í samvinnu við svið borgarinnar, launaskrifstofu og nefnd um jafnlaunakerfi Reykjavíkurborgar.

Þá er fyrirhuguð áframhaldandi vinna á árinu á vettvangi svokallaðrar 7. gr. nefndar (eða nefndar um jöfnun launa milli markaða) vegna vinnu við samkomulag opinberra launagreiðenda og opinberra bandalaga um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna frá 19. september 2016. Samhliða verður áfram unnið ötullega að öðrum verkefnum skrifstofunnar, þ.m.t. fyrirsvári gagnvart aðilum vinnumarkaðarins, ráðgjöf og fræðslu á sviði vinnuréttar og kjaramála, túlkun kjarasamninga, launaeftirliti o.fl. Áfram verður lögð áhersla á aukna upplýsingagjöf og fræðslu um efni kjarasamninga og ráðgjafar á sviði vinnuréttar sem og markvissar launagreiðingar.

Skrifstofa ráðninga og mönnunar

Eitt af stóru verkefnum á skrifstofu ráðninga og mönnunar árið 2026 er aðkoma og vinna við útboð og innleiðing á nýju mannauðs- og launakerfi sem unnið hefur verið í mikilli samvinnu við skrifstofu kjaramála og launaskrifstofu. Á árinu 2026 verður unnið markvisst að því að fá alla stjórnendur til að útbúa ráðningarsamninga í gegnum ráðningarkerfið Ráðný og verður áhersla á fræðslu og stuðning við stjórnendur.

Skrifstofan mun áfram leggja áherslu á fræðslu varðandi ráðningarferla og Gæðahandbók ráðninga sem er mikilvægt tæki til að tryggja fagmennsku og jafnræði í ráðningum. Einnig er skrifstofan í virku samtali, ráðgjöf og aðstoð við fag- og kjarnasvið varðandi ráðningarmál og veitir stjórnendum í miðlægri stjórnsýslu ráðgjöf og stuðning í ráðningar- og launasetningarmálum. Skrifstofan hefur umsjón með verkefninu Unndís sem ríkið hefur komið á fót til að auka hlutastörf á íslenskum vinnumarkaði vegna breytinga á örorkulífeyrisslökkjöfni. Áfram verður þannig unnið að fjölgun starfa og stuðning við stjórnendur vegna ráðningar fólks með skerta

starfsgetu á árinu 2026. Þá verður unnið að gerð færnispár/mannaafaspár fyrir Reykjavíkurborg til næstu fimm ára og skrifstofan vinnur einnig með ímynd borgarinnar sem eftirsóknarverðs vinnustaðar og hefur yfirsýn og gegnir samræmingarhlutverki vegna sumarstarfa borgarinnar.

Afleysingarstofa sem staðsett er á skrifstofunni hefur það hlutverk að mæta þörf starfsstaða fyrir skammtíma afleysingar, mest á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði. Skrifstofan hefur yfirsýn yfir starfsheiti borgarinnar og stofnun nýrra starfa og vinnur náið með Verkefnastofu starfsmats að fjölbreyttum verkefnum tengdum starfsmatskerfi Reykjavíkurborgar.

Launaskrifstofa

Á árinu 2025 flutti launaskrifstofan í Ráðhúsið sem hefur leitt í för með sér töluverð samlegðaráhrif í samstarfi við aðrar skrifstofur sviðsins. Farið var í sameiginlegt átaksverkefni með skrifstofu ráðningar- og mönnunar vegna innleiðingar Ráðnýjar á skóla- og frístundarsviði sem felst í að launaráðgjafi leiðbeinir stjórnendum frá fyrstu hendi og tryggir að gerð ráðningar-samninga séu rétt framkvæmdir og skráðir í launakerfi.

Þjónustugátt launaskrifstofu hefur verið í stöðugri þróun allt árið með áherslu á bætta þjónustu við stjórnendur og starfsfólk en starfsmannagáttin bættist við á árinu þar sem starfsfólk getur nú afgreitt sig sjálft með það helsta eins og heilsustyrk, samgöngusamning ofl. sem minnkar álag á stjórnendur. Þá er í vinnslu að bæta við þeim möguleika að hægt sé að skila inn læknisvottorðum. Meðal helstu verkefna á árinu 2026 verður útboð og innleiðing nýs launkerfis en líðandi ár hefur farið í undirbúning og vinnslu útboðsgagna sem skilað verður inn haust 2025. Þá er mikilvægt að halda áfram á þeirri vegferð að einfalda og straumlínulaga starfsemi launaskrifstofu með það meginmarkmið að styðja betur við starfsfólk skrifstofunnar og veita stjórnendum skilvirkari og betri þjónustu.

Í samræmi við starfræna stefnu Reykjavíkurbogar er stefnt að á árinu 2026 verði hafin vinna við að innleiða ferlavél sem felst í því að hægt sé að afgreiða bæði starfslok og breytingabeirni rafrænt og verða þá öll eyðublað sem tengjast launaafgreiðslu orðin rafræn. Í framhaldi verður svo lögð áhersla á að innleiða stafrænt vinnuafli og sjálfvirknivæða þá ferla sem fela í sér staðlaða innsláttarvinnu með tilheyrandi einföldun og hagræðingu í starfseminni þvert á borgina.

Jafnlaunastofa – Verkefnastofa starfsmats

Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga eiga Jafnlaunastofu sem hefur það hlutverk að veita sveitarfélögum stuðning við að uppfylla ákvæði jafnréttislaga um jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf. Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á virðismat starfa út frá starfsmatskerfi sem nær utan um kvennastörf til jafns við karlastörf. Jafnlaunastofa er ætlað að vinna að launajafnréttismálum í stærra samhengi en áður út frá jafnvirðisnálgun laganna. Verkefnastofa Starfsmats er staðsett hjá Jafnlaunastofu sf. og á árinu 2026 mun Verkefnastofa vinna að umbótum byggðum á heildarúttekt starfsmatskerfisins, annars vegar á verkferlum, vinnulagi, viðtalsferlum, samþykktarferlum og öðrum ferlum starfsmatsins með tilliti til markmiða kerfisins

um jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf og hins vegar á stjórnskipulagi kerfisins og getu þess til að mæta hagsmunum hagaðila sem vænst er að klárast fyrri hluta árs 2026.

Úttektin er unnin undir stjórn Faglegar stjórnar starfsmatskerfisins SAMSTARFS sem er skipuð fulltrúum Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtaka stéttarfélaga. Í kjarasamningum aðildarfélaga Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar skuldbundu aðilar sig til að vinna í sameiningu að þróun virðismatskerfis í samræmi við leiðbeiningar Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um þróun og notkun virðismatskerfa í þágu launajafnréttis. Í því fólst annars vegar að aðilar vinni í sameiningu að gerð virðismatskerfis sem ætlað er að skapa forsendur fyrir hlutlægu og málefnalegu mati á virði starfa kennara og hins vegar að fram fari mat á störfum kennara og viðmiðunarstörfum sem aðilar komi sér saman um, í þeim tilgangi að jafna laun vinnufyrirkomulag og kjör kennara við aðra sérfræðinga sem starfa á opinberum og almennum vinnumarkaði. Leitað var til Jafnlaunastofu og óskað eftir aðkomu að verkinu.

Sett var á fót verkefnastofa KÍ verkefnis sem staðsett er inni á Jafnlaunastofu og mun á árinu 2026 vinna að verkefninu í samræmi við tímafresti.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Mannauðs- og starfsumhverfissvið leggur áherslu á að þjónusta sviðsins sé í samræmi við jafnlaunastefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Eitt helsta tæki í innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg er jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum við samþykktu fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs. Jafnréttisskimuninni var beitt á allar þær tillögur sem lagðar voru fram af hálfu mannauðs- og starfsumhverfissviðs á árinu 2025. Með því að koma jafnréttisskimun inn í verkferli í áætlunarvinnu er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Greining þjónustupátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna á sviði mannauðsmála með hagsmuni alls starfsfólks að leiðarljósi. Með því að afla upplýsinga um framangreint er grunnurinn lagður að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til þarfa starfsfólks. Meðal verkefna sem hafa verið unnin á sviðinu eru markvissar launagreiningar, jafnlaunavottun og sérstaklega hafa verið greindar leiðir til að útrýma launamun á grundvelli ríkisfangs. Á árinu 2026 verður m.a. unnið að því í samvinnu við fræðasamfélagið að kortleggja birtingarmyndir mismununar á vinnumarkaði eftir ýmsum félagslegum þáttum eins og fötlun, hinseginleika, aldri, heilsufari og holdafari, með það að markmiði að setja fram leiðir og leiðbeiningar fyrir Reykjavíkurborg um aðgerðir sem eru til þess fallnar að draga úr beinni og óbeinni mismunun í ráðningum, launasetningu og framgangi í starfi og stuðla með því að inngildandi starfsumhverfi/vinnumenningu.



MENNINGAR- OG ÍPRÓTTASVIÐ

LEIÐARLJÓS

Borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til menningar, íþróttar- og útivistarlífs þar sem fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir.

SKIPULAG

Helstu markmið Menningar- og Íþróttasviðs og skipuriti sem er í vinnslu eru eftirfarandi:

- Að skipurit styðji við aukna áherslu á nýsköpun og umbætur á þjónustu þvert á málefni og viðfangsefni.
- Að skipurit nái fram mikilvægi þjónustupátta en á sama tíma náist fram virk þverfagleg teymisvinna eftir þörfum og viðfangsefnum hverju sinni.
- Að skipurit styðji við sértæk áherslumál með víðtækri aðkomu stofnana.
- Að skipurit styrki málaflokka menningar, íþróttar og útivistar.
- Að skipurit sé gegnsætt og stuðli að stuttum boðleiðum ásamt því að auðvelda samskipti og samræmingu vinnubragða.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026

Í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2026, hækka gjaldskrár MÍR um 3,5%.

MÍR stendur frammi fyrir áskorunum árið 2026 til að mæta auknum fjölda í frístund fatlaðra og aukinni nýtingu á frístundakorti.


	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Rekstrartekjur	-3.098.505	-2.736.251	-2.919.974
Tekjur samtals	-3.098.505	-2.736.251	-2.919.974
Laun og launatengd gjöld	6.065.599	6.273.286	6.772.493
Annar kostnaður	16.897.617	17.150.452	17.623.937
Rekstrargjöld samtals	22.963.216	23.423.738	24.396.430
Rekstrarniðurstaða	19.864.711	20.687.487	21.476.456

STARFSFÓLK

	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Fjöldi stöðugilda	435,7	431,4	447,8
Eftir skrifstofum/ þjónustupáttum:			
Sundlaugar	164,2	162,1	162,0
Borgarbókasafn	75,1	75,1	77,0
Listasafn Reykjavíkur	22,3	22,3	22,3
Borgarsögusafn	41,6	41,6	41,0
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn	27,6	27,6	27,0
Miðstöð útivistar og útináms	4,3	3,9	4,0
Skíðasvæðin	16,7	16,7	17,0
Nauthólsvík	6,9	6,9	7,0
Hitt Húsið	45,4	47,1	58,0
Íþróttahús	6,1	4,6	9,0
Miðlæg þjónusta	25,5	23,5	23,5

SKIPTING REKSTRAR 2026

Hlutfalsleg skipting á rekstrarramma MÍR.



HLUTVERK

Hlutverk MÍR er að fylgja eftir stefnu Reykjavíkurborgar í menningarmálum annars vegar og íþróttamálum hins vegar. Rekstur MÍR er borinn uppi af hæfu og áhugasömu starfsfólki sem af metnaði stendur að baki því menningar, íþrótta- og útilífsstarfi sem MÍR stendur fyrir. Hlutverk MÍR á sviði menningarmála er að hafa yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur og sérverkefnanna, Reykjavíkur bókmenntaborgar UNESCO og Tónlistarborgar Reykjavíkur. Hlutverk MÍR á sviði íþróttamála er rekstur sundlauga, Hins Hússins, Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldugarðsins, íþrótta-mannvirkja, íþróttavalla og skíðasvæða. Sviðið hefur jafnframt, fyrir hönd Reykjavíkurborgar umsjón með málefnum sem tengjast Leikfélagi Reykjavíkur, Borgarleikhúsi, tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einnig sér MÍR um samstarfssamninga, styrki og samskipti vegna íþrótta- og æskulýðsfélaga og lista- og menningarlífs og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra. Umsýsla og samningagerð vegna Frístundakortsins er hjá MÍR.

Starfsstaðir sviðsins eru þar með orðnir 33 með fjölbreyttri starfsemi í 8 sundlaugum (íþróttaborginni), 8 bókasöfnum, 3 listasöfnum, 4 borgarsögusöfnum auk Viðeyjar. Einnig er Hitt húsið, skíðasvæðin Bláfjöll/Skálafell og íþróttahús KHÍ og skrifstofa MÍR þar sem menningarborgin er einnig starfrækt með bókmenntaborginni og tónlistaborginni. Í útilífsborginni eru 5 starfsstaðir, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, miðstöð útivistar- og útináms, skíðabrekkurnar í borginni auk Ylstrandar og Siglunes í Nauthólsvík.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Þjónustu- og þróunarmál

Rafræn aðgangskerfi hafa verið tekin í notkun í skólaíþróttahúsum. Í september 2025 voru 8 hús tilbúin og 5 í vinnslu. Lausnin einfaldar rekstur, eykur aðgengi og styður við sjálfvirkni.

Í janúar 2025 var afgreiðsla og birgðakerfi starfsstaða MÍR innleitt í öll söfn, nú eru allir starfsstaðir utan skíðasvæða með sama aðgangskerfið. Með þessu er verklag, rekstur, yfirsýn og gagnavinnsla samræmd auk þess að þjónusta við notendur er bætt. Í framhaldi var kerfi um rekstrargögn MÍR uppfært þannig að auðveldara er að nálgast og bera saman upplýsingar um rekstrartölur starfsstaða. Unnið er að innleiðingu lausnar sem gerir starfsmönnum kleift að nota aðgangskort í snjallsímum á starfsstöðum. Með þessu verður aðgangsstýring einfaldari og notendavænni.

Árið 2024 var Qualtrics kannanakerfi innleitt á MÍR. Kerfið auðveldar söfnun og greiningu upplýsinga um upplifun notenda og styður stefnumótun og umbætur. Áhersla hefur verið lögð á að tengja Skidata og Skipformance við greiðslulausnir Teya í samræmi við rammasamning borgarinnar. Verkefnið er langt komið og næstu skref eru að gera gagnagrunna aðgengilega á skrifstofu til að tryggja yfirsýn yfir aðgang og gögn.

Á árinu 2025 innleiddi Reykjavíkurborg Viva Engage í stað Workplace og MÍR tók virkan þátt í innleiðingunni. Samhliða hefur verið komið á samræmdri gagnageymslu í SharePoint. Þá er í skoðun nýtt vaktaskiptakerfi fyrir starfsstaði MÍR. Sundlaugar hafa prófað tvö kerfi á árunum 2024–2025 og er mat á þeim í vinnslu.

Frístundakortið

Aukning hefur orðið á Frístundakortinu eftir að fjárhæð var hækkuð í 75 þ.kr. og er nú nýtingin komin upp í 80%. Að öðru var endursamið við Abler um notkun Hvata-kerfisins til utanumhalds Frístundakortsins þar sem þjónusta var að hluta til útskulduð. Móttaka erlendra hópa sem óska eftir kynningu á Frístundakortinu var heldur minni en árið á undan, eða 10 hópar árið 2025 miðað við 18 hópa árið 2024.

Íþróttaborgin

Skrifstofa Íþróttaborgarinnar hefur yfirbyggt með rekstri sundlauganna og rekstri Íþróttamannvirkja í eigu borgarinnar. Einnig er þar haldið utan um sértæk verkefni á sviði Íþróttar og tómstunda. Skrifstofan gegnir jafnframt samræmingarhlutverki gagnvart stofnunum og fylgir eftir stefnu í Íþróttamálum Reykjavíkur. Skrifstofan heldur utan um samskipti, styrkjamál og rekstrarsamninga við Íþróttar- og tómstundafélög.

Þjónustusamningur er í gildi milli Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir nefnt ÍBR). Markmið samningsins eru eftir sem áður að efla Íþróttastarfið í Reykjavík með því að skapa bestu aðstæður til ástundunar. Hér er einkum verið að horfa til barna- og unglingastarfs, afreksstarfs, almenningsÍþróttar og hreyfingu eldri borgara. Samningurinn tekur til styrkja vegna æfinga og keppni félaganna í mannvirkjum borgarinnar sem og vegna launakostnaðar Íþróttafulltrúa í fullu starfi. Þá tekur samningurinn til styrkja vegna niðurgreiðslu á Íþróttakstri yngstu barnanna frá Frístundaheimilum á æfingar.

Skrifstofustjóri Íþróttaborgarinnar og framkvæmdastjóri ÍBR annast samskipti við forsvarsmenn félaganna. MÍR ber leigukostnað vegna mannvirkja í eigu annarra sem notuð eru fyrir Íþróttar- og tómstundastarf, svo sem af Egilshöll, Íþróttar- og sýningahöllinni í Laugardal og Íþróttahúsi í Norðlingaholti. MÍR gerir sjálfstæða samninga við hvert félag um greiðslur vegna afnota af mannvirkjum í eigu þeirra. Íþróttaborgin er með 16 upphitaða og flóðlýsta gervigrasvelli í fullri stærð og 17 völlurinn verður tekinn í notkun árið 2026.

Sundlaugarnar eru stór þáttur í heilsuefingu borgarbúa og styðja við heilsueflandi samfélag. Það er því mikilvægt að þjónusta og tækjakostur sundlauganna séu í samræmi við þær þarfir. Þrátt fyrir töluverðar endurbætur og viðgerðir í sundlaugum borgarinnar undanfarin ár er margt sem enn þarf að huga að. Þetta á bæði við um að viðhalda almennri ásýnd lauganna sem og nauðsynlega endurnýjun t.d. á innilaug Sundhallarinnar og mannvirkjum Laugardalslaugar. Miklar framkvæmdir eru nú í gangi í Vesturbæjarlaug á elsta hluta hússins, en það er meðal annars verið að endurnýja sánur og setja nýja innrauða sánu. Gerð var viðhorfskönnun og almenn þjónustukönnun í tengslum við það verkefni og er ljóst að almennt er mikil ánægja með sundlaugarnar. Brýnt er að fara í endurnýjun á tækjabúnaði í kjallara Breiðholtslaugar sem stenst ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru til slíks búnaðar í dag en sú framkvæmd hefur

staðið til í töluverðan tíma. Umhverfismál eru mikilvæg í öllum rekstri og einn helsti ávinningur í umhverfismálum sundlauganna er framleiðsla á klór. Fjórar sundlaugar framleiða sinn eigin klór en auk jákvæðra umhverfisáhrifa er gríðarlegur sparnaður með slíkri framleiðslu til lengri tíma litið. Öryggismál verða áfram stór þáttur í starfsemi sundlauganna, einkum það sem snýr að mannvirkjum og þjálfun starfsmanna sem þurfa að standast kröfur sem gerðar eru í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Hafin er rýni á skilvirkari stjórnun sundlauga og unnið verður að innleiðingu á þjónustustefnu á komandi ári.

Útílfsborgin

Hlutverk útílfsborgarinnar er að stuðla að aukinni þátttöku borgarbúa í almennri útiveru og hreyfingu og stuðla þannig að bættri lýðheilsu. Mikilvægt er að bæta og efla þjónustu og aðstæður til útílfs í borginni og þar með koma til móts við ólík áhugasvið fólks til útivistar. Fjöldmörg sóknarfæri liggja fyrir til framtíðaruppbyggingar og eflingar á útílífi í borginni. Tækifærin liggja meðal annars í að þróa enn frekar og efla þær starfseiningar hjá MÍR sem tilheyra útílfsborginni og tryggja þessari starfsemi fastari sess í starfsemi sviðsins. Ljóst er að skoða þarf á næstu misserum aðstöðumál ýmissa íþróttafélaga sem hafa einhverja skírskotun til útivistar og eru á hrakhólum með aðstöðu fyrir sína starfsemi. Sem dæmi má nefna Klifurfélag Reykjavíkur sem er ört vaxandi félag og heldur úti blómlegri starfsemi, aðstöðu fyrir Brettafélag Reykjavíkur og aðstöðu fyrir Siglingaklúbbinn Brokey. Mikil samlegð og hagkvæmni felst í því að finna sameiginlegt húsnæði fyrir ýmis smærri sem og stærri félög sem eru í húsnæðisvanda. Með því að leysa vanda þessara félaga skapast jafnframt tækifæri fyrir þau að þróa starfsemina enn frekar meðal annars með auknum tilboðum til barna og ungmenna.

Hafin er stefnumótunarvinna fyrir Fjölskyldu- og Húsdýragarðinn til næstu ára og gerð aðgerðaráætlunar varðandi áframhaldandi uppbyggingu garðsins til framtíðar. Auk aðkallandi uppbyggingar húsnæðis liggur fyrir mikil viðhaldspörf á aðstöðu og umhverfi garðsins. Má þar nefna endurnýjun göngustíga, girðinga og viðhalds á núverandi húsnæði sem verulega er farið að láta á sjá á víða í garðinum. Gjaldskrá fjölskyldugarðsins er nú einnig í endurskoðun.

Miðstöð útivistar og útináms (MÚÚ) heyrir undir Útílfsborgina. Í gildi er þjónustusamningur við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur um útinám fyrir leik-, grunnskóla og frístundastarf auk námskeiða fyrir kennara og leiðbeinendur. Huga þarf að framtíðarhúsnæði fyrir starfsemina sem staðsett er við Gufunesbæ í Grafarvogi og aðlaga hana enn frekar að starfseminni.

Nauthólsvík er sannkölluð útivistarperla höfuðborgarsvæðisins. Huga þarf að aukinni þjónustu og að bæta aðstöðu Ylstrandarinnar vegna aukinnar aðsóknar í gegnum árin. Til eru teikningar af öðrum heitum potti auk gufubaðsaðstöðu. Þá þarf að bæta aðgengi sjósundsgesta meðal annars með því að koma fyrir fleiri römpum niður að sjó.

Nauthólsvíkin hefur í gegnum tíðina verið eitt aðalsvæði fyrir seglbáta og þar eru siglinganámskeið fyrir börn og ungmenni haldin. Huga þarf að framtíðaraðstöðu fyrir fjölbreytta starfsemi við sjávarsíðuna á þessum fallega stað og með tilliti til þeirra tækifæra sem til staðar eru til að gera svæðið enn betra til upplifunar og afþreyingar fyrir borgarbúa.

Skíðabrekkur í hverfum borgarinnar eru vinsælar og mikil sóknarfæri eru þar til staðar. Landmótun og sáning í Vetrargarðinum í Breiðholti er lokið. Næstu skref er uppbygging aðstöðu, lýsingar og lyftubúnaðar fyrir garðinn. Með tilkomu Vetrargarðsins mun þjónusta og aðstaða til skíðaiðkunar innan borgarmarkanna bætast verulega sem ýtir enn frekar undir útiveru barna, ungmenna sem og fullorðinna.

Stefnt er að því að endurnýja samning við „Sporið“ um vöktun og lagningu gönguskíðaspora í Hólmsheiði og á Rauðavatni þegar aðstæður leyfa. Í samstarfi við deild opinna svæða hjá USK er unnið að því að hreinsa og lagfæra enn frekar gönguskíðaleiðir á Hólmsheiðinni, merkja þær og tryggja aðgengi og snjóruðning að bílastæðum við svæðin.

Menningarborgin

Undir hatti menningarborgarinnar (áður kölluð skrifstofa menningarmála) er almenn stjórnsýsla menningarmála. Hlutverk menningarborgarinnar er að vera í samtali við og styðja við sjálfsprottið lista og menningarlíf, sinna grasrótinni og tryggja frjóan jarðveg fyrir blómlegt menningarlíf um alla borg.

Menningarborgin heldur utan um verðlaun, viðurkenningar, styrki, samstarfs- og rekstrar-samninga á sviði menningarmála, borgarhátíðir sem valdar eru á þriggja ára fresti, listamannadölinu í Kjarvalsstofu í París og þrenn bókmenntaverðlaun auk útnefningar Borgarlistamanns Reykjavíkur ár hvert. Undir menningarborgina heyra verkefni Tónlistarborgin Reykjavík og Reykjavík bókmenntaborg UNESCO og verkefnastjóri barnamenningar í 25% stöðu á móti 75% stöðu hjá SFS sem kemur meðal annars að skipulagningu Barnamenningarhátíðar og vinnur að barnamenningu með söfnunum og menningarhúsum.

Menningarborgin er fjöltengi við menningarlífið í borginni og er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi. Bókmenntaborgin er aðili að UNESCO Creative Cities Network og Tónlistarborgin er aðili að Music Cities Network. Að auki tekur menningarborgin þátt í samstarfsneti Eurocities og í óformlegu tengslaneti höfuðborga Norðurlandanna á sviði menningarmála.

Á árinu 2026 verður lögð aukin áhersla á samstarf við ríki og Íslandsstofu á sviði menningarmála. Farið verður í endurskoðun á aðgerðaáætlun menningarstefnu auk þess sem farið verður í endurskoðun á styrkjum og samstarfssamningum.

Þegar kemur að styrkjum og samstarfssamningum sem eru stór hluti af starfsemi menningarborgarinnar er mikilvægt að heildarupphæð sem veitt er í árlega styrki til menningarmála verði tryggð áframhaldandi hækkun næstu tvö ár en styrkjapotturinn var hækkaður um rúmar 45 m.kr. árið 2023.

Bókmenntaborg UNESCO

Bókmenntaborgin leggur áherslu á þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi grasrót, í öðru lagi erlenda höfunda á Íslandi og í þriðja lagi alþjóðasamstarf. Bókmenntaborgin hefur lagt aukin þunga á grasrótastarf að undanfögnu sem verður áfram haldið. Helst ber þar að nefna þrennar orðlista- og upplestrarraðir sem hver hefur eigin áherslur;

1. Ljóð og vinir (rótgrónir höfundar).
2. Reykjavík Poetics (erlend skáld á Íslandi).
3. Reykjavík Open – Orðið er frjálst („open mic“ kvöld).

Bókmenntaborgin bregst áfram við takmörkuðum birtingarvettvangi fyrir smásögur með vefritinu Stelkur sem birtir ritstýrð skrif ársfjórðungslega. Þetta verkefni er í örum vexti, prentuð útgáfa á sjóndeildarhringnum og skipulag við alþjóðlega smásagnahátíð haust 2026 stendur yfir.

Verkefnastjóri Bókmenntaborgarinnar stýrir samstarfsneti bókmenntaborga um þessar mundir, því fylgir aukin alþjóðleg stjórnsýsla og tækifæri til alþjóðasamstarfs. Þetta starf hefur stóraukið sýnileika Reykjavíkur á alþjóðavettvangi.

Farið verður í stefnumótun fyrir Bókmenntaborgina á árinu.

Tónlistarborgin

Tónlistarborgin heldur áfram sínum helstu verkefnum, sjálfstæðum eða í samstarfi við ýmsar innlendar stofnanir. Þar á meðal Tónlistarmiðstöð, Hörpu, Íslandsstofu, Hitt Húsið, Hafnarhaus, reykvískar tónlistarhátíðir, tónleikastaði og plötubúðir miðbæjarins. Ný verkefni fá að blómstra áfram en þar ber helst að nefna stuðning við grasrót reykvíssk tónlistarlífs í gegnum tónleikaröðina Upprásina, og framleiðslu á myndböndum um reykvísska tónleikastaði. Velgengni Upprásarinnar varð til þess að ákveðið hefur verið að halda henni áfram út starfsárið 2026. Verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar heldur áfram starfi sínu í alþjóðlegu samtökum tónlistarborga; Music Cities Network og einnig árlegu samstarfi við Nantes-borg í Frakklandi við verkefnastýringu á skiptivinnudvöl milli borganna tveggja, fyrir íslenska og franska listamenn.

Farið verður í stefnumótun fyrir Tónlistaborgina á árinu.

Hitt húsið

Hlutverk Hins hússins er að veita ungu fólki á aldrinum 16-25 ára aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd, endurspeglar menningu ungs fólks, veita upplýsingar og ráðgjöf, styrkja stöðu ungs fólks á vinnumarkaði og vera vettvangur fyrir félagsleg úrræði. Starfsemi Hins hússins fer fram á Rafstöðvarvegi 7-9, en þar fer fram fjölbreytt dagskrá allt árið.

Mörg verkefna Hins hússins fara fram utan Elliðaárdalsins. Þar má nefna Jafningjafræðara sem fara með fræðslu í framhaldsskólana á veturna og í Vinnuskólann á sumrin. Músíktilraunir eru haldnar í Hörpu og Unglistin fer meðal annars fram í Borgarleikhúsinu. Götuleikhúsið og Listhópar sýna listir sínar fyrir almenningi á götum úti í miðborginni.

Helstu verkefni Hins hússins eru eftirfarandi: Áttavitinn – Jafningjafræðsla Hins hússins – Götuleikhús Hins Hússins – Listhópar Hins Hússins – Atvinnuráðgjöf – Virkninámskeið – Músíktílaunir – Klúbbastarf fyrir félagslega einangruð ungmenni (Vinfús) – Menningarsmakk – Unglist - Listahátíð ungs fólks – Frítímastarf fatlaðra – Starf með ungu flóttafólki – Opið hús – Skipulögð kvölddagskrá – Ráðningar sumarliða til íþrótt- og æskulýðsfélaga í Reykjavík (Í og Æ-verkefnið) – Námskeið t.d í hljóðvinnslu og kvikmyndagerð.

Mikil aukning hefur orðið á ungmennum sem nýta sér þjónustu frítímastarfs fatlaðra. Á skólaárinu 2024/25 var þegar mest lét 52 ungmenni í Hinu húsinu í starfinu en eru núna orðin 74 talsins þegar skólaárið 2025/26 er nýhafið. Með þessari miklu aukningu kemur talsverður aukinn kostnaður við starfið.

Ungmenni og óformlegir hópar ungmenna nýta sér aðstöðu Hins hússins til lengri eða skemmri tíma, meðal annars fyrir hljóðupptökur, fundi, námskeið, æfingar, ráðstefnur og fleira. Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) hefur fasta aðstöðu í Hinu húsinu og síðla árs 2025 hófu Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS) að leigja aðstöðu í húsinu. Jafnframt geta starfsstaðir Reykjavíkurborgar leigt rými fyrir fundarhöld, starfsdaga og ráðstefnur.

Fjárhagsáætlun Hins hússins fyrir árið 2026 er 722 m.kr. Þar af er áætlun fyrir frítímastarf fatlaðra 393,6 m.kr.

Listasafn Reykjavíkur

Listasafn Reykjavíkur er marghliða menningarmiðstöð sem hverfist um myndlist í sögu og samtíma. Safnið starfrækir þrjá sýningarstaði í borginni sem eru opnir almenningi daglega allt árið og annast að auki útlitaverk í öllum hverfum. Um 250 þúsund manns sækja safnhúsin heim árlega og nýta sér ýmsa þjónustu sem þar er boðið upp á. Höfuðstöðvar og skrifstofa safnsins eru í Hafnarhúsi þar sem starfræktar eru deildir safneignar og rannsóknar, sýninga og miðlunar, kynningar og markaðsmála auk rekstrar. Hjá safninu starfa 48 manns í um 25 stöðugildum. Safneign sem telur yfir 17 þúsund færslur er varðveitt í húsnæði Hafnarhúss, Kjarvalsstaða og í fjargeymslu.

Einn viðamesti hluti starfseminnar felst í fjölbreyttu sýningahaldi og er árið 2026 engin undantekning. Meðal hápunkta á dagskrá eru umfangsmiklar einkasýningar Guðrúnar Kristjánsdóttur, Hrafnkels Sigurðssonar og þýsku listakonunnar Karin Sander, en síðastnefnda sýningin er samstarfsverkefni með Listahátíð. Á árinu verða áhugaverðar samsýningar, m.a. á íslenskri grafíklist sem varðveitt er í safneign, myndin af Reykjavík verður til skoðunar á fléttusýningu sem unnin er í samstarfi ólíkra stofnana af tilefni 240 ára afmæli kaupstaðarréttinda borgarinnar og sett verður upp sýning á pólskri samtímamyndlist í samstarfi við listasafn í Kraká. Þá mun safnið standa að sýningu á verkum úr safneign eftir Erró í Brasilíu, en verk hans hafa farið víða á síðustu árum og áfram er sóst eftir þeim til lengri tíma lítið.

Árið 2026 verður leitað leiða til þess að þróa áfram miðlun til ólíkra markhópa og verður gert átak í aðbúnaði gesta til þess að upplifa sýningardagskrána með skapandi hætti í smíðjum og fræðslu. Áframhaldandi vinna sem byggist á inngildingu miðar að því að koma til móts við jaðarsetta hópa og prófa nýjar leiðir til ná til fólks sem af einhverjum ástæðum nýtir sér ekki

þjónustu listsafnsins. Á áætlun er sérstakt átak til þess að ná til ungmenna, m.a. með reglulegum viðburði sem kallast „Eftir lokun“ þar sem ungt fólk fær að njóta safnsins á sínum forsendum. Um leið verður sambandið ræktað við fastagesti safnsins og þann fjölda ferðamanna sem sækir það heim.

Útilistaverkin eiga sinn sess í starfseminni, fræðsla um þau, viðhald og aðkoma að gerð nýrra verka. Í samstarfi við söfn í Finnlandi og á Grænlandi verður skipst á upplýsingum um utanumhald með list í almannarými. Varðveisla og skráning listaverka í safneign er viðvarandi verkefni en á árinu stendur til að bæta aðstöðu til umsýslu með verkum sem snýr að ljósmyndun, ástandsskoðun eða forvörslu. Markaðs og kynningarmál eru lykillinn að því að upplýsa notendur um þjónustu safnsins sem og að ná til nýrra hópa. Mikill árangur hefur náðst í uppbyggingu póstlista og þátttöku fólks á samfélagsmiðlum og umsagnir á leitarsíðum eru almennt mjög jákvæðar. Áfram treyst á slíkar rafrænar leiðir til kynningar en um leið hugað að nýstárlegum aðferðum til að halda nafni Listasafns Reykjavíkur á lofti.

Borgarsögusafn

Almennt var góð aðsókn í Borgarsögusafnið árið 2025 og má nefna að aðsókn á Menningarnótt fór langt fram úr væntingum. Ákveðnar vísbendingar eru þó um minni vöxt og í einhverjum tilfellum samdrátt í komum erlendra gesta á safnið og tekur tekjuáætlun ársins 2026 mið af því.

Viðburðadagskrá var hnitmiðuð en að sama skapi fjölbreytt og gekk vel og standa væntingar til þess að svo verði áfram á komandi ári. Sama má segja um safnfræðslu og margbreytileg samfélagsverkefni sem hafa að leiðarljósi að þjóna betur ólíkum hópum samfélagsins í takt við menningarstefnu Reykjavíkur.

Fjárhagsáætlun ársins 2026 gerir ráð fyrir að grunnrekstur verði í þokkalegu jafnvægi en vegna hækkandi rekstrarkostnaðar og varkárrar tekjuáætlunar verða áskoranir í rekstri Borgarsögusafns á næsta fjárhagsári. Á liðnum árum hefur fjármagn sem áætlað hefur verið til viðhalds safnhúsa rýrnað og þar af leiðandi hefur dregið úr viðhaldinu. Hætta er á að áframhaldandi vanfjármögnun á viðhaldi hafi varanleg áhrif á ástand og varðveislu safnhúsanna.

Verkefni á starfsáætlun taka mið af styrkjum sem sótt er um í samkeppnissjóði á borð við Safnasjóð og Fornminjasjóð. Borgarsögusafn hefur iðulega uppskorið vel á því sviði og fjöldi verkefna eru í vinnslu og hafa raungerst vegna þess. Þá verður einnig byggt á grunnvinnu sem staðið hefur yfir undanfarin misseri og má í því samhengi nefna bættan aðbúnað safnmuna í varðveisluhúsum og fjargeymslu, aukna skráningu safnskots og frekari þróun á gagnagrunninum www.sarpur.is. Borgarsögusafn er leiðandi í þeirri vinnu á landsvísu.

Á dagskrá er að efla markaðssetningu safnsins með það að markmiði að fjölga safngestum. Fjöldi sýninga er á dagskrá safnsins líkt og ár hvert en sýningaveltan er mest á Ljósmyndasafninu þar sem þrjár stórar sýningar eru á döfinni. Einnig er samstarfsverkefni við Ljósmyndaskóla Íslands, Fókus-félag áhugaljósmynda og Bláðaljósmyndarafélag Íslands. Fjöldi annarra samstarfsverkefna eru ráðgerð á árinu svo sem skátamót í Viðey, Háskóla Íslands varðandi kennslu og við Sögufélagið um ýmsa útgáfu. Önnur verkefni á

dagskrá eru útfærsla og mótun starfseminnar í Viðey, samstarf við USK varðandi fornleifaskráningu, byggðakannanir og umsagnir.

Borgarbókasafn

Stefna Borgarbókasafnsins 2025-2028 var samþykkt á vordögum í MÍR ráðinu. Áherslur stefnunnar eru fjórar og snúa m.a. að uppbyggingu, lestri og læsi, sjálfbærni og umhverfsvænum verkefnum sem og jafna aðstöðu og þátttöku. Stefnunni fylgir aðgerðaráætlun sem um leið er starfsáætlun safnsins og er endurskoðuð u.þ.b. tvisvar á ári á gildistíma stefnunnar.

Aðgerðir næsta árs til að ná áherslum stefnunnar eru fjölmargar og fléttast inn í allt starf Borgarbókasafnsins. Má þar m.a. nefna að finna þarf tímabundið húsnæði fyrir starfsemi Borgarbókasafnsins í Grófinni og starfsstöðvar starfsfólks vegna breytinga á Grófarhúsi og undirbúa flutninga á safnkosti og starfseminni. Áætlað er að safnið flytji í lok árs 2026 og að framkvæmdir hefjist árið 2027. Önnur aðgerð er að koma á umframopnun í Spöng, Árbæ og í Gerðubergi. Umframopnun er þegar til staðar í Sólheimum og Kringlu og hefur gengið mjög vel. Í ljós hefur komið að nauðsynlegt er að loka betur af bókasafnið í Úlfarsárdal og koma á umframopnun þar vegna tíðra skemmdarverka á húsnæði og munum safnsins.

Mælikvarðar og lykiltölur Borgarbókasafnsins þarfnast endurskoðunar og er þegar hafin vinna við að þróa það með nýja stefnu að leiðarljósi. Aðgerðir tengdar þriðju áherslu stefnunnar lúta m.a. að því að stuðla að grænum samgöngum, styrkja ímynd græna bókasafnsins, þróa áfram Fríbúðina og endurskoða innkaupaferla við innkaup. Stefnt er að því að koma á keyrslu milli allra safna á höfuðborgarsvæðinu til að auka skilvirkni og þjónustu til notenda.

Almenn upplýsingaþjónusta verður rýnd og svörun í gegnum síma tölvupóst og Facebook Messenger endurskoðuð.

Vegna hagræðingarkrafna síðastliðinna ára hefur ekki verið unnt að ráða sumarafleysingar undanfarin tvö sumur og svo verður einnig árið 2026.

Vegna öryggismála í Grófinni verða öryggisverðir þar eftir hádegi virka daga og um helgar. Nauðsynlegt að skera niður kostnað í innkaupum, þjónustu og almennum rekstri safnsins í heild til að mæta þessum kostnaði. Þá mun Borgarbókasafnið ekki halda úti Bókmenntavefnum bokmenntir.is. Einnig er nauðsynlegt að fækka störfum í safninu með tilheyrandi þjónustuskerðingu.

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Skíðasvæðin fengu afhent snjóframleiðslukerfi í desember 2023. Snjóframleiðslukerfið nær yfir helming alls svæðisins í Bláfjöllum. Ári áður höfðu Skíðasvæðin fengið afhentar tvær nýjar stólalýftur í Bláfjöllum. Veturinn 2023-2024 komu fleiri gestir í Bláfjöll en nokkru sinni áður.

Veturinn 2024-2025 stefndi svo í að vera eftirlíking af vetrinum á undan. Skíðasvæðin opnuðu á svipuðum tíma eða 21. desember og voru með opið á milli jóla og nýárs eins og veður leyfði. Einungis var opið á 50% svæðinu fyrstu 15 dagana eða á því svæði þar sem snjóframleiðsla var til staðar. Eftir það eða um miðjan janúar 2025 var svo hægt að hafa opið allt svæðið þar sem náttúrulegur snjór var orðinn nægur til að opna.

Allt stefndi í að annað metið yrði slegið í gestafjölda en því miður endaði veturinn ansi hratt eða um mánaðarmótin mars/apríl með aðeins 36 opnunardaga. Á þessum 36 opnunardögum komu 78.166 gestir í lyftur í Bláfjöllum og 2.079 gestir á göngusvæði. Þetta er fjórða besta aðsókn á Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins á einum vetri frá upphafi mælinga, jafnvel þótt Skálafell sé tekið með í fyrri tölum.

Nú hefur snjóframleiðsla verið starfrækt tvo vetra og hér að neðan má sjá stutta samantekt af gestafjölda í lyftur sl. tveggja vetra eftir að snjóframleiðsla var innleidd og borin saman við tvo vetra fyrir snjóframleiðslu.

	Fyrir snjóframleiðslu	Eftir snjóframleiðslu	Munur
Opnunardagar	96	96	0
Gestafjöldi	107.332	179.112	71.780
Gestafjöldi pr. dag	1.118	1.866	748

Það eru margar breytur sem hafa áhrif á rekstur Skíðasvæða en veðrið er ein sú stærsta. Veður ræður því t.d. alfarið hvort hægt sé að hafa opið á tímum sem skipta mjög miklu máli fyrir reksturinn eins og t.d. um jól, áramót og páska. Auðvitað er ekki hægt að alhæfa um hversu mikil áhrif snjóframleiðslan hefur á aðeins reynslu tveggja vetra en þó má með sannni segja að tölurnar benda í verulega góða átt. Þess vegna þarf að huga að því sem fyrst að fara í aðgerðir til að klára snjóframleiðslu á suðursvæði Bláfjalla svo hægt sé að opna allt svæðið sem fyrst á hverjum vetri og nýta þannig þá innviði sem þar eru til staðar. Ekki er gert ráð fyrir neinni opnun Skálafells veturinn 2025-2026 en vinna er í gangi að mögulegri opnun á því svæði.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

MÍR leggur áherslu á að sú þjónusta sem sviðið veitir íbúum Reykjavíkur og nágrennis nýtist öllum hópum, tekið sé tillit til mismunandi þarfa og sé ávallt í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru helst greining þjónustupátta með aðferðafræði KFS. Þegar farið er í ný verkefni á sviði upplýsingatækni er þess ávallt gætt að hægt sé að nálgast gögn á kyngreinaléggan hátt. Þar af leiðandi er hægt að skoða kynjuð tölfræðigögn og sjá hvort bregðast þurfi við halla. Tækifærin framundan liggja í útbreiðslu aðferðafræðinnar á sviðinu. Á sviðinu hefur verið framkvæmt jafnréttismat og jafnréttisskimun fyrir öll ný verkefni í fjárfestingaráætlun og í rekstri og verður því haldið áfram.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2024	Útksp 2025	Áætlun 2026
Aðsóknartölur			
Gestafjöldi á söfnum Listasafns Reykjavíkur í þús.	258	235	240
Gestafjöldi á söfnum Borgarbókasafns í þús.	479	549	558
Fjöldi útlána á söfnum Borgarbókasafns í þús.	532	527	533
Gestafjöldi í söfn Borgarsögusafns í þús.	146	150	150
Gestafjöldi samtals í sundlaugum Reykjavíkur í milljónum	2.444	2.400	2.400
Gestafjöldi í Bláfjöllum í þús.	70	80	80
Frístundakort			
Fjöldi 6-18 ára barna sem ráðstafar Frístundakorti	81%	83%	83%
Hlutfallsleg nýting á fjármagni	76,50%	78%	78%
Fjöldi félaga með aðild að Frístundakorti	241	250	250
Frístundakort ráðstafað til íþróttafélaga	61%	60%	60%
Frístundakorti ráðstafað til lista- og menningarstarfsemi	19%	20%	20%
Frístundakorti ráðstafað í líkamsrækt	13%	14%	14%
Frístundakorti ráðstafað til Frístundaheimila	4%	3.5%	3.5%
Frístundakorti ráðstafað í annað félagsstarf	3%	2.5%	2.5%




SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

LEIÐARLJÓS

Barnið sem virkur þátttakandi - Fagmennska og samstarf í öndvegi

SKIPURIT




FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026

	Raun 2024	Endurskoðuð. áætlun 2025	Áætlun 2026
Rekstrartekjur	5.977.499	4.463.910	4.852.494
Tekjur samtals	5.977.499	4.463.910	4.852.494
Laun og launatengd gjöld	54.326.473	59.465.117	61.458.047
Annar kostnaður	31.649.428	33.395.911	35.346.331
Rekstrargjöld samtals	85.975.901	92.861.028	96.804.378
Rekstrarniðurstaða	79.998.402	88.397.118	91.951.884

STARFSFÓLK

	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Fjöldi starfsmanna	6.219	6.315	6.461
Fjöldi stöðugilda	4.803	4.832	4.944
Eftir skrifstofum/ þjónustupáttum:			
Leikskólar	1.804	1.815	1.847
Grunnskólar	2.356	2.363	2.416
Frístundastarf	458	471	494
Skólahljómsveitir	35	35	35
Miðja máls og læsis	12	12	12
Betri borg fyrir börn	72	72	76
Yfirstjórn SFS og miðlæg þjónusta	65	64	64
Börn í borgarreknum leikskólum	5.468	5.273	5.597
Börn í borgarreknum grunnskólum	14.666	14.491	14.521

SKIPTING REKSTRAR 2026



HLUTVERK

Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða skóla- og frístundapjónustu í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum, skólahljómsveitum, tónlistarskólum og miðstöðvum Reykjavíkurborgar í hverfum borgarinnar. Jafnframt er veitt þjónusta á grunni samninga við dagforeldra, sjálfstætt starfandi leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Unnið er samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem mála-flokkinn varðar. Faglegt starf í uppeldi og menntun barna og ungmenna byggir á Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030; *Látum draumana rætast*. Menntastefnan og aðrar stefnur sem sviðið vinnur eftir koma saman í Græna planinu, heildarstefnu Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Meginmarkmið Menntastefnu Reykjavíkurborgar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Tvö leiðarljós vísa veginn, hið fyrra er „Barnið sem virkur þátttakandi“ og hið síðara er „fagmennska og samstarf í öndvegi“. Unnið verður að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börnin lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og náttúru. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl. Grundvallarþættir stefnunnar eru fimm; Félagsfærni, Sjálfsefning, Læsi, Sköpun og Heilbrigði.

Samhliða samþykkt Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 var mótuð áætlun um almennar aðgerðir til stuðnings starfsstöðum í innleiðingarferlinu. Hver áætlun er gerð til þriggja ára, fyrst fyrir árin 2019- 2021, síðan fyrir árin 2022-2024 og í ár tók gildi aðgerðaáætlun fyrir tímabilið 2025-2027. Í henni eru þrjár megin áherslur:

1. Farsæld og inngilding.

Markmiðið er að tryggja öllum börnum og ungmennum jöfn tækifæri til menntunar og velferðar, óháð bakgrunni eða aðstæðum. Með því að efla inngildandi umhverfi, menningarnæmi og fjölbreytni í starfs- og kennsluháttum er stuðlað að farsæld nemenda. Aðgerðir miða að því að styrkja félagslega og tilfinningalega vellíðan barna og ungmenna, efla samstarf við foreldra og skapa umhverfi þar sem allir geta blómstrað.

2. Læsi í víðum skilningi

Markmiðið er að efla læsi á öllum skólastigum og í öllum námsgreinum og stuðla að því að nemendur geti skilið, túlkað og haft áhrif á umhverfi sitt. Læsi nær til hefðbundins lesturs og ritunar sem og stærðfræðilæsis, náttúrufræðilæsis, frístundalæsis og gagnrýnnar hugsunar. Aðgerðir miða að því að styrkja færni kennara, auka samstarf milli skólastiga, virkja foreldra og auðga námsefni til að efla læsi.

3. Stafræn umbreyting.

Markmiðið er að í síbreytilegu stafrænu samfélagi séu börn, ungmenni, foreldrar og starfsfólk fært um að takast á við stafrænan heim á öruggan, ábyrgan og skapandi hátt. Með því að efla stafræna hæfni og borgaravitund er stuðlað að því að nemendur verði virkir þátttakendur í stafrænu samfélagi. Aðgerðir miða að því að styrkja hæfni barna og foreldra í stafrænum heimi, efla stafræna hæfni starfsfólks og auka aðgengi og nýtingu stafrænnar tækni í menntun.

FJÁRHAGSLEG ÁHRIF

Við framsetningu á fjárhagsramma 2026 er gert ráð fyrir að ný eða breytt verkefni rúmist innan núverandi fjárheimilda sviðsins og því sé fjárheimildum forgangsraðað til samræmis. Grunnskólalíkan er uppfært miðað við forsendur þess um fjölda nemenda, fjölgun barna sem þurfa stuðning og aðrar þær magnbreytingar sem eiga við innan grunnskólalíkans. Aðrar breytingar á fjárhagsramma tengjast kjarasamningsbundnum breytingum.

Eftirtaldir þættir í rekstri SFS 2026 eru nýjir í rekstri og mun sviðið þurfa að forgangsraða fjármunum sviðsins til að mæta þeim.

- Rýni á tülkapjónustu og breytingar í tengslum við aukna tækni og netþjónustu.
- Stefnt að fjölgun talmeinafræðinga í miðstöðum
- Ný deild Klettaskóla í Húsaskóla
- Fjarkennsla grunnskólabarna sem hafa átt erfitt uppdráttar félagslega og nemendum sem hafa orðið fyrir einelti
- Hlutdeild SFS í rekstri ÞON vegna kerfa sem sett eru í rekstur
- Endurskipulagning á umsjón með rekstri fasteigna í grunn- og leikskólum og frístundastarfi

ÓVISSA Í REKSTRÍ

Vakin er athygli á eftirfarandi þáttum í starfsemi SFS sem skapa óvissu og áskoranir í rekstri sviðsins:

- Viðhald og endurnýjun húsnæðis starfseininga sviðsins og rekstrartruflanir vegna framkvæmda
- Skóla- og frístundastarf í Klettaskóla
- Akstur fatlaðra
- Tillaga starfshóps um bættar starfsaðstæður í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi.
- 36 klst. vinnuvika á leikskólum
- Áhrif virðismatsaðferðar í kjarasamningum KÍ
- Mönnun í starfsemi sviðsins og hlutfalli fagmenntaðra starfsmanna.
- Sérkennsla og stuðningur við fatlaða auk stuðnings við börn af erlendum uppruna

GJALDSKRÁR – VERÐLAGSBREYTINGAR

Gert er ráð fyrir:

- Að allar gjaldskrár hækki um 3,5% þann 1. janúar 2026
- Að reiknaðar séu verðbætur á almennan rekstrarkostnað
- Að viðbætur vegna kjarasamningsbreytinga koma inn í hækkun fjárhagsramma
- Ekki er von á öðrum breytingum á kjörum starfsmanna en samkvæmt gildandi kjarasamningum

Frístundamiðstöðvar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar SFS

Frístundamiðstöðvar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar skóla- og frístundasviðs leggur áherslu á að börnum og unglingum í Reykjavík standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglinga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu. Frístundamiðstöðvar stýra starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva sem reka starfsemi sína á grundvelli reglna um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Þjónustan fer fram allt árið um kring og er unnin í þéttru samstarfi við grunnskóla borgarinnar. Frístundamiðstöðvar setja fram í starfsáætlunum sínum ár hvert útlitun á áherslum starfsins og fylgst er grannu með líðan barna og ungmenna í þeim rannsóknunum sem lagðar eru fyrir. Þjónustutími starfseminnar er bundinn við samþykktar reglur um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva og fjárhagsrammi starfsstaða í samræmi við þær. Frístundamiðstöðvarnar eru fjórar sem reka 37 frístundaheimili þar af eitt sértækt og 27 félagsmiðstöðva, þar af fimm sértækar.

Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

- Að fjárheimildir frístundaheimila og félagsmiðstöðva verði uppfærðar og taki mið af breytingu á fjölda barna í hverfum borgarinnar.

Leikskólar og dagforeldrar

Áherslur í leikskólastarfi í Reykjavík er að leikskólar Reykjavíkur verði framúrskarandi menntastofnanir fyrir yngstu börnin í borginni. Að þar verði fyrirmyndar starfsaðstæður fyrir börn og starfsfólk sem auðveldi öllum að hámarka þroska sinn og getu í leik og starfi. Helstu breytingar sem áætlaðar eru í leikskólum Reykjavíkur eru fjölgun leikskólaplássna og þá um leið starfsmanna í kjölfar áframhaldandi stækkunar eldri leikskóla með viðbótarhúsnæði, endurnýjun eldri leikskóla og opnun nýrra leikskóla. Leikskólar setja fram í starfsáætlunum sínum ár hvert áherslur starfsins ásamt umbótaáætlun og öðrum áætlunum sem snerta starfsemina svo sem varðandi málþroska og sköpun. Borgarrekni leikskólar eru 71 þar af tveir sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili. Sjálfstætt starfandi leikskólar í borginni eru um 19 og þar af tveir sem aðeins eru með 5 ára deildir.

Helstu breytingar á fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

- Að það verði rúmlega 300 börn að meðaltali hjá dagforeldrum á árinu 2026
- Að væntanleg ný leikskólapláss fái viðbótarfjármögnun skv. líkani
- Að uppbygging gjaldskrár verði óbreytt, ekki liggur ákvörðun um breytingu við vinnslu fjárhagsáætlunar

Grunnskólar

Skóla- og frístundasvið leggur áherslu á að í grunnskólum í Reykjavík verði unnið markvisst og einhuga að því að innleiða menntastefnu Reykjavíkurborgar; að allir nemendur í grunnskólum borgarinnar njóti afburða góðrar kennslu og færniþjálfunar, s.s. eflingu tilfinninga-, samskipta- og sjálfsþekkingargreindar. Áhersla er á læsi nemenda í víðu samhengi og að nemendur verði virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi. Allir grunnskólar setja fram í starfsáætlunum sínum ár hvert útlistun á áherslum skólastarfsins ásamt umbótaáætlun og öðrum áætlunum sem snerta skólastarfið. Fylgst er grannt með líðan barna og ungmenna í þeim rannsóknum sem lagðar eru fyrir. Borgarreknir grunnskólar eru 38, þar af eru 2 sérskólar og 5 grunnskólar sem eru sameinaðir leikskólum/ frístundaheimilum/tónlistarskóla. Sjálfstætt starfandi grunnskólar eru 6 auk eins sjálfstætt starfandi sérskóla sem borgin er með samning við.

Helstu breytingar á fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

- Að fjárheimildir grunnskólar borgarinnar verði uppfærðar samkvæmt grunnskólalíkani, en í því felst m.a. að fjárheimildir skóla taki mið af breytingu á fjölda barna í hverjum skóla. Hækkun framlags er vegna fjölgunar barna sem þurfa stuðning.
- Að endurúthlutað verði til grunnskóla vegna fjölda skiptistunda og almennra starfsmanna

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Vegna allra nýrra liða þar sem sótt var eftir auknu fjármagni var gerð skimun samkvæmt gátlista um jafnréttisskimun, sbr. skjal nr. FMS-LBE-156. Vinnsla KFS í tengslum við fjárhagsáætlun var unnin í samræmi við verklagsreglur og leiðavísi um jafnréttismat. Með því að koma KFS skimun inn í verkferli í áætlun er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Áfram verður unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) með það að markmiði að bæta þjónustuna og dreifa fjármagni og gæðum á réttlátan hátt með tilliti til þarfa barna og unglinga. Með það að leiðarljósi er nú unnið markvisst að greiningu á þjónustupáttum sviðsins.

Lykiltölur	Raun 2022	Raun 2023	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Fjöldi leikskóla (og leikskóla sem sameinaðir eru grunnskóla)	89	90	91	91	91
Leikskólar Reykjavíkur (þar af 3 sameinaðir leik- og grunnskólar)	68	69	70	70	70
Sjálfstætt starfandi leikskólar (þar af 2 fimm ára deildir)	21	21	21	21	22
Fjöldi grunnskóla í Reykjavík	44	44	44	44	44
Grunnskólar Reykjavíkur / sérskólar (þar af 2 sérskólar og 5 sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili frá 2012)	38	38	38	38	38
Sjálfstætt starfandi grunnskólar	6	6	6	6	6
Fjöldi skólahljómsveita	4	4	4	4	4
Tónlistarskólar	18	18	18	18	18
Tónlistarskólar á vegum Reykjavíkurborgar	1	1	1	1	1
Tónlistaskólar með þjónustusamning við Reykjavík v. grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng	17	17	17	17	17
Tónlistaskólar sem fá gr. frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurb. vegna framhaldsn. í hljóðfæraleik og mið-/framhaldsnáms í söng	13	13	13	13	13
Frístundamiðstöðvar	5	4	4	4	4
Frístundaheimili	37	37	37	37	37
Sértækar félagsmiðstöðvar (áður frístundaklúbbar)	3	4	4	4	4
Félagsmiðstöðvar	23	21	21	21	21
Barnið, nemandinn, unglingurinn					
Fjöldi barna / rýma í leikskólum í Reykjavík	6.316	6.869	6.709	6.453	6.772
Leikskólar Reykjavíkur	5.064	5.430	5.228	5.003	5.495
Sjálfstætt starfandi leikskólar	993	1.190	1.241	1.180	1.175
Sameinaðir leik- og grunnskólar	259	249	240	270	102
Fjöldi reykvískra barna í leikskólum utan Rvk.	23	23	19	20	16
Fjöldi barna með lögheimili utan R. sem dvelja í leikskóla í Reykjavík	26	26	37	35	30
Fjöldi dvalargilda í leikskólum í Reykjavík	70.336	72.593	72.408	70.758	71.266
Leikskólar Reykjavíkur	54.275	56.359	56.765	55.479	57.955
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	13.694	13.834	13.155	12.508	12.220
Sameinaðir leik- og grunnskólar	2.367	2.400	2.488	2.771	1.091
Fjöldi dvalargilda í leikskólum utan Reykjavík					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	393	393	444	420	312
Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum í Reykjavík	52.101	53.357	52.769	54.874	53.908
Leikskólar Reykjavíkur	40.855	42.321	42.410	43.208	44.951
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	8.711	8.800	8.422	9.494	8.139
Sameinaðir leik- og grunnskólar	2.535	2.236	1.937	2.172	818
Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum utan Reykjavíkur					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	267	268	303	287	212

Lykiltölur framhald	Raun 2022	Raun 2023	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Barnið, nemandinn, unglingurinn frh.					
Dagforeldrar					
Fjöldi barna hjá dagforeldrum	371	379	326	310	310
Grunnskólar / sérskólar					
Fjöldi nemenda í grunnskólum á vorönn	14.449	14.474	14.531	14.491	14.341
Fjöldi nemenda í sérskólum á vorönn	184	184	190	200	200
Fjöldi nemenda í sjálfstætt starfandi sérskólum á vor	12	12	12	14	14
Fjöldi nemenda í grunnskólum á haustönn	14.449	14.474	14.531	14.491	14.341
Fjöldi nemenda í sérskólum á haustönn	184	184	190	200	200
Fjöldi nemenda 6 ára og eldri í sjálfstætt starfandi grunnskólum	742	752	755	803	808
Fjöldi nemenda í sjálfstætt starfandi sérskólum á haust	12	12	12	14	14
Tónlistarskólar / skólahljómsveitir					
Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum	521	521	521	521	521
Frístundamiðstöðvar					
Fjöldi barna á frístundaheimilum					
Fjöldi barna á frístudnaheimilum, vorönn	4.105	4.083	3.965	3.829	4.107
Fjöldi barna á frístudnaheimilum, haustönn	4.105	4.083	3.965	3.829	4.107
Fjöldi barna í frístundaheimilum, reiknað sem 5 daga vistun					
Á vorönn	3.586	3.567	3.844	3.852	3.815
Á haustönn	3.586	3.567	3.844	3.852	3.815
Fjöldi barna í sértækum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð					
Á vorönn	200	203	205	200	200
Á haustönn	200	203	205	200	200
Fjöldi barna í sértækum félagsmiðstöðvum og frístundaheimilinu Guluhlíð, reikn. sem 5 daga vistun					
Á vorönn	181	196	198	201	200
Á haustönn	181	196	198	201	200




UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós umhverfis- og skipulagssviðs eru aukin lífsgæði í Reykjavík með framúrskarandi þjónustu og metnaði fyrir enn betri borg

SKIPURIT



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026

USK aðalsjóður	Raun 2024	Samþykkt áætlun 2025	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Rekstrartekjur	-7.319.165	-6.760.938	-6.760.938	-7.105.807
Tekjur samtals	-7.319.165	-6.760.938	-6.760.938	-7.105.807
Laun og launatengd gjöld	4.080.135	4.133.456	4.280.055	4.427.587
Annar kostnaður	15.068.269	15.025.256	15.025.256	15.746.083
Rekstrargjöld samtals	19.148.404	19.158.712	19.305.311	20.173.670
Rekstrarniðurstaða	11.829.239	12.397.774	12.544.373	13.067.863

USK eignasjóður	Raun 2024	Samþykkt áætlun 2025	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Rekstrartekjur	-1.206.221	-40.962.390	-42.591.583	-43.481.469
Rekstrartekjur fluttar í aðalsjóð	258.067	177.600	177.600	176.000
Tekjur samtals	-948.154	-40.784.790	-42.413.983	-43.305.469
Laun og launatengd gjöld	2.665.833	3.141.727	3.225.075	3.238.893
Annar kostnaður	8.498.769	13.307.727	13.477.073	13.739.610
Afskriftir	0	10.200.000	10.200.000	10.500.000
Rekstur fluttur í aðalsjóð	-6.193.363	-5.444.393	-5.613.739	-5.613.739
Rekstrargjöld samtals	4.971.239	21.205.061	21.288.409	21.864.764
Rekstrarniðurstaða	4.023.085	-19.579.729	-21.125.574	-21.440.705

Rekstrarniðurstaða alls	15.852.324	-7.181.955	-8.581.201	-8.372.842
--------------------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------

*Rauntölur 2024 taka mið af skipulagi þess árs, áhrifin á skipulagsbreytingum 2025 eru því ekki í þeim tölum.


STARFSFÓLK

	Raun 2024	Útksp. 2025	Áætlun 2026
Fjöldi starfsmanna	478	495	490
Fjöldi fastra stöðugilda	444,1	462,4	456,4
Fjöldi sumarstarfsmanna	340	331	323
Fjöldi nemenda í vinnuskólanum	3387	3477	3000/3450*
Eftir skrifstofum/ þjónustupáttum:			
Sviðstjóri	4	6	6
Skrifstofa stjórnsýsla og gæða	18	18	21
Skrifstofa mannauðs	6	8	8
Skrifstofa fjármála	5	5	5
Skrifstofa þjónustu og samskipta	16,8	17	0
Skipulags- og byggingarmál	0	0	49
Skipulagsfulltrúi	17,5	18	0
Byggingafulltrúi	20	18	0
Samgöngur og borgarhönnun	42	42	42
Heilbrigðiseftirlit	23,7	24,85	24,85
Umhverfisgæði	95,5	95	95
Framkvæmdir og viðhald	55	58	58
Verkefnastofa	7	6	6
Skrifstofa borgarlandsins	132,6	131,6	126,6
Eignaskrifstofa	-	10	10
Atvinnuþróun	-	5	5

*Launaáætlun gerir ráð fyrir 3000 nemendum en þáttöku áætlun gerir ráð fyrir 3450 nemendum, sem er 68% þáttaka miðað við árangr 2026


SKIPTING REKSTRAR 2026

Skipting rekstrarkostnaðar í aðalsjóð 2026




- Rekstur og umhirða borgarlands 9.357 m.kr.
- Umhverfisgæði 4.601 m.kr.
- Sviðstjóri og miðlægar skrifstofur 2.056 m.kr.
- Framkvæmdir og viðhald mannvirkja 1.528 m.kr.
- Samgöngur og borgarhönnun 1.206 m.kr.
- Skipulags- og byggingarmál 990 m.kr.
- Heilbrigðiseftirlit 436 m.kr.


Skipting tekna í aðalsjóð 2026



Skipting rekstrarkostnaðar í eignasjóð 2026



Skipting tekna í eignasjóð 2026



HLUTVERK

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) gegnir fjölþættu hlutverki, allt frá því að vinna með kjörnum fulltrúum að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum til þess að samþykkja teikningar og tryggja eftirlit í heilbrigðismálum. Að auki stýrir sviðið framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu eins og garðyrkju og grasslætti, snjómokstri og hreinsun. Nýverið bættust við verkefni Eignaskrifstofu og lóðateymis skrifstofu borgarstjóra og borgarritara en markmiðið með því að sameina sviðið og áðurnefndar starfseiningar var að auka skilvirkni og bæta þjónustu. Gerð og umsjón með fjárfestingaráætlun borgarinnar er nú á ábyrgð sviðsins sem og framkvæmd hennar. Umhverfis- og skipulagssvið fer því með hlutverk eiganda og sinnir lóðaúthlutunum og eignasafni borgarinnar. Lögbundin verkefni byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tilheyra sviðinu. Bílastæðasjóður er einnig hluti af umhverfis- og skipulagssviði sem og Grasagarður Reykjavíkur. Stefnumörkun sú sem sett er fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur er leiðarljós í allri vinnu sviðsins. Þar birtist sá græni þráður sem leggja skal til grundvallar við á við ákvarðanatöku allt frá hugmynd til framkvæmda og reksturs. Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs býr yfir einstakri fagþekkingu í þeim málaflokkum sem sviðið sinnir og gegnir lykilhlutverki í því að gera Reykjavík að enn betri borg. Sviðið er umhverfisvottað og leggur áherslu á að veita sviðum borgarinnar, borgarbúum og öðrum viðskiptavinum góða þjónustu.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG

GREINING

Segja má að með skipuritsbreytingum þeim sem hafa átt sér stað sé allt það sem fjallar um eigna- og auðlindastýringu í sinni breiðustu mynd, það er manngert umhverfi, samgöngur, náttúra, allskyns umhverfismál, viðhald og rekstur, sé sameinað á einn stað. Starfsárið 2026

mun því einkennast af nýjum tækifærum og verklagi en einnig miklum metnaði til þess að gera betur jafnt í verkefnum sem öllu utanumhaldi. Umhverfis- og skipulagssvið ætlar vera í fararbroddi við að innleiða stefnumiðaða stjórnun, skilgreindar aðferðir verkefnastjórnunar, nýja þjónustuferla, stafræna umbreytingu og aukna teymisvinnu. Græna planið ásamt öðrum stefnum borgarinnar um kolefnishlutlausu framtíð er áfram lagt til grundvallar og aðalskipulag Reykjavíkur vísar veginn enda stefna um þróun borgarinnar til ársins 2040. Húsnæðismál, vistvænar samgöngur, torg og græn svæði skipa þar stærstan sess en lykilstefið er græn og réttlát þróun borgarinnar fyrir öll. Áfram verður unnið að stórum skipulagsáætlunum eins og Ártúnshöfða og Keldum en Hallar/Hamrahlíðalönd er næsta svæði sem tekið er til skipulags í austur borginni og er vinna við rammahluta aðalskipulags þar þegar hafin.

Helstu loftslagsverkefni árið 2026 er undirbúningar að 2. útgáfu loftslagsborgarsamnings Reykjavíkur en 1. útgáfa var undirrituð 2024 og viðurkennd vorið 2025 af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Gerð er krafa um að nýja útgáfan feli í sér áframhaldandi mótun aðgerða með starfsfólki Reykjavíkurborgar og öðrum þátttakendum í loftslagsborgarsamningnum með dyggri aðstoð ráðgjafa NetZeroCities. Tilgangurinn er að herða á loftslagsmarkmiðum vegna þátttöku Reykjavíkur í Evrópusamstarfi 112 borga sem ætla sér að verða kolefnishlutlausar og snjallar fyrir árið 2030. Aðgerðirnar þurfa að miða að því að draga úr losun gróðurhúslofttegunda, aðlagast að loftslagsbreytingum og binda kolefni samhliða því að styðja við aukin lífsgæði í Reykjavík. Auk þess að stýra endurútgáfu loftslagsborgarsamnings stýrir loftslagsdeild tveimur rannsóknartengdum verkefnum sem hlutu styrk vegna þátttöku í Evrópusamstarfinu. Þeim verkefnum lýkur í ágúst 2026 og verða innlegg inn í 2. útgáfu loftslagsborgarsamningsins sem þarf að ljúka fyrir lok ársins 2026. Gerð er krafa um að samningurinn sé endurskoðaður á 2 ára fresti til ársins 2030.

Helstu aðalskipulagsverkefni á komandi starfsári er að klára breytingar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar í landi Keldna og Halla og Hamrahlíðarlanda (M22), atvinnusvæða á Álfsnesi og almennar breytingar vegna skipulags á Kjalarnesi. Einnig er áformað klára aðalskipulagsferli vegna útfærslu Sundabrautar og endanlegrar legu brautar, sbr. samkomulag við ríkið. Einnig er á döfinni að vinna sviðsmyndagreiningu um þróun byggðar, sem horfir til lengri framtíðar, þar sem m.a. verður horft til niðurstæðna í hættumati vegna náttúruvár á suðvesturhorninu. Aðrar tilfallandi aðalskipulagsbreytingar eru s.s. vegna framfylgdar húsnæðisáætlunar og samgöngusáttmála. Aðalskipulagsdeild heldur einnig utan um endurskoðun Húsnæðisáætlunar Reykjavíkur til 10 ára, m.a. mat á húsnæðisþörf og miðlar upplýsingum almennt um skipulags- og húsnæðismálum.

Rekstur umhverfis- og skipulagssviðs tók töluverðum breytingum á milli ára vegna skipulagsbreytinga sem tóku gildi 1 sept. s.l. Við þessar breytingar fluttist rekstur eignaskrifstofu og atvinnuþróunar til umhverfis- og skipulagssviðs. Nú eru áætlaðar leigutekjur eignasjóðs á árinu 2026 37.945 m.kr. Tekjur af sölu byggingarréttar eru áætlaðar 4.000 m.kr. og söluhagnaður af sölu fasteigna 500 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að viðhald fasteigna hækki um 300 m.kr. milli ára auk verðbóta upp á 62 m.kr. Kjarasamningsbundnar hækkanir upp á 197

m.kr. komu inn í ramma eignasjóðs auk verðbóta upp á 80 m.kr. Þá var hækkun á innri leigu 1.259 m.kr. á milli ár.

Á árinu 2026 er gert ráð fyrir að rekstrarrammi aðalsjóð hækki um 670 m.kr. frá upphaflegri fjárhagsáætlun ársins 2025. Stærsta breytingin er kostnaðarauki vegna kjarasamningsbundinna hækkana að upphæð 343 m.kr. og 241 m.kr. vegna innri leigu. Verðbætur á annan rekstrarkostnað eru 72 m.kr. og gert er ráð fyrir hækkunum vegna gjaldskrártekna að upphæð 63 m.kr. Gert er ráð fyrir að kostnaður við sorphirðu hækki um 300 m.kr. á milli ára.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Skrifstofa stjórnsýslu og gæða

Skrifstofa stjórnsýslu og gæða heldur utan um miðlæga þjónustu, almenna rekstrarþjónustu, stjórnsýslu og lögfræðiþjónustu, gæðamál, þjónustumál, kynningarmál og útgáfu afnotaleyfa auk eftirlits með leyfum og afnotum borgarlandsins.

Lögfræðideild sér um lögfræðiþjónustu til annarra skrifstofa og eininga innan sviðs sem utan auk samstarfs við borgarlögmann og fyrirsvars gagnvart stjórnsýslunefndum, ráðuneytum og öðrum stjórnvöldum eftir því sem við á.

Skrifstofa mannauðsmála

Áherslur skrifstofu mannauðsmála fyrir 2026 er margháttaður stuðningur við stjórnendur og starfsfólks vegna breytinga innan margra skrifstofa sviðsins, með sérstaka áherslu á mannauðsmiðaða breytingastjórnun og eftirfylgni með að verkefni innan breytingaferlanna skili tilætluðum árangri. Sérstök áhersla verður lögð á notkun púlsmælinga til að afla gagna um raunstöðu og bregðast við í kjölfar hvernar könnunar, þar með ýta undir gagnadrifnar nálganir, umbótahugsun og traust innan vinnustaðarins.

Í deild ráðgjafar og starfsþróunar verður lögð áhersla á gerð uppfærðra öryggis- og heilbrigðisáætlana fyrir alla starfsstaði USK, að framkvæmd séu umbótaverkefni um veikindafjarvistir, og að skapa bjargir til að ýta undir og styðja við gerð fræðsluáætlana skrifstofa/eininga og fræðsluefnis í þeirra þágu.

Skrifstofa mannauðsmála hefur rekið Vinnuskóla Reykjavíkur frá árinu 2024. Hlutverk Vinnuskólans er fyrst og fremst að veita unglingum í efstu bekkjum grunnskóla uppbyggileg sumarstörf og starfstengda fræðslu í öruggu starfsumhverfi. Sumarið 2025 var sérstök áhersla lögð á aukið samstarf milli Vinnuskólans og SFS (Skóla- og frístundasviðs) um nýtingu Vinnuskólans á skólahúsnæði borgarinnar. Með því er lagður grunnur að bættu starfsumhverfi nemenda og að sparnaði í leigu á vinnuskúrum og þurrsalernum.

Skrifstofa fjármála

Skrifstofa fjármála hefur umsjón með fjármálum sviðsins og veitir starfsmönnum ráðgjöf og aðstoð varðandi fjármál og innkaup. Áherslur skrifstofunnar á komandi ári er að útfæra breytingar á fjárhagskerfum borgarinnar í samræmi við þær skipulagsbreytingar sem þegar hafa tekið gildi. Þá verður einnig áhersla lögð á að uppfæra verkferla og fyrir skrá í gæðakerfi sviðsins.

Gert er ráð fyrir að ný deild verði stofnuð á skrifstofu fjármála til að efla áhættustýringu, kostnaðareftirlit, samningsstjórnun og innkaup, ekki síst þegar um er að ræða framkvæmda- og viðhaldsverkefni.

Skrifstofa skipulags- og byggingarmála

Skrifstofa skipulags- og byggingarmála framfylgir stefnu borgarinnar í skipulags- og byggingarmálum, framfylgir áherslum umhverfis- og skipulagssviðs er varða stjórnun og starfsumhverfismál og veitir viðskiptavinum þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar um skipulags- og byggingarmál. Skrifstofan skiptist í þrjár deildir, deild skipulagsmála, deild byggingarmála og deild umbóta og upplýsingamála.

Deild skipulagsmála, verkefni deildarinnar eru margvísleg og snerta marga þætti í mótun borgarumhverfis. Unnið verður áfram í samstarfi við ríkið að þróun og skipulagningu á lóðum og löndum í Reykjavík, svo sem Keldnaland og ríkislóðir eins og Vegagerðareitur og Landhelgisgæslureitur. Unnið verður að hverfisskipulagi Kjalarness (BH10), Háleiti, Bústaði (BH5) og endurskoðun á hverfisskipulags Árbæjar. Einnig var unnið að innleiðingu almennra leiðbeininga hverfisskipulags fyrir aðra borgarhluta. Helstu deiliskipulagsverkefni tengjast innviðum meðfram Borgarlínu, eða vegaframkvæmdum skv. samgöngusáttmála, íbúðabygging í Úlfarsárdal og þróun stærri reiti í samvinnu við einkaaðila.

Deild byggingarmála, helstu verkefni deildarinnar eru yfirferð hönnunargagna, útgáfa byggingarleyfa, yfirferð eignaskiptasamninga, öryggis- og lokaúttektir. Stöðugt er unnið að því að bæta vinnuferli við afgreiðslu fyrirspurna og umsókna til deildar byggingarmála með það að leiðarljósi að stytta þann tíma sem afgreiðsla erinda tekur og bæta þjónustu við viðskiptavini. Mikilvægur liður í bættri þjónustu er að ný umsóknagátt fyrir rafrænar umsóknir um byggingarleyfi var tekin í notkun í október 2025, einnig verður unnið að innleiðingu gervigreindarlausnar við svörun fyrirspurna.

Deild umbóta- og upplýsingamála, ber ábyrgð á upplýsingakerfum, verkferlum og að innleiða umbætur og lausnir er varða skipulags og byggingarmál. Stýrir fræðslu og upplýsingagjöf til hagaðila varðandi ferli skipulags- og byggingarmála og afgreiðir erindi þar um. Deildin ber ábyrgð á að málsmeðferð, upplýsingagjöf og áherslur séu í samræmi við stefnu borgaryfirvalda varðandi stafrænar lausnir og í takt við vandaða stjórnsýsluhætti. og markmið sviðsins um framúrskarandi þjónustu.

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar vinnur framgangi samgöngumála og borgarhönnunar í samræmi við stefnumörkun borgarinnar og sameiginlega stefnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins. Unnið er að því að auka hlutfall gangandi, hjólandi og almenningssamgangna í ferðum fólks innan borgarinnar, að borgin geti vaxið og dafnað, og að íbúum og störfum fjölgi án þess að bílaumferð aukist í sama hlutfalli. Rík áhersla er á gott umhverfi, öryggi og lífsgæði íbúa. Skrifstofan skiptist í þrennt: Samgöngur, Borgarhönnun og Bílastæðasjóð. Hjá Samgöngum og Borgarhönnun er unnið að stefnumótun og undirbúning fjárfestingarverkefna næstu ára en Bílastæðasjóður sér um rekstur gjaldskyldra bílastæða og bílahúsa í eigu borgarinnar sem og eftirlit með þeim og bifreiðastöðum í samræmi við umferðarlög og viðeigandi samþykktir.

Skrifstofa Umhverfisgæða:

Ný endurvinnslustöð verður opnuð við Lambhaga og stöðinni við Sævarhöfða lokað. Afborganir af lánum vegna nýrrar stöðvar hefjast á næsta ári. Áfram verður unnið að uppsetningu skráningabúnaðar losunar sorptunna og magnskynjara í djúpgáma til að bæta þjónustu við íbúa og verkstýringu sorphirðu. Ný aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni verður gefin út og komið í framkvæmd. Unnið verður að Icewater verkefninu m.a. fjölgun hólma í Tjörninni. Hafin verður vinna við friðlýsingu Skerjafjarðar. Unnar verða þróunaráætlanir fyrir skógrækt á Austurheiðum og við Úlfarsfell og unnið skv. þeim m.a. stígar og áningastaðir. Þá verður unnið að lagfæringum á svæði þar sem skógi var eytt í Öskjuhlíð. Unnið verður að tillögum starfshóps um hröð orkuskipti og starfshóps um hringrásarhagkerfi og skv. nýju kerfi Grænna skrefa.

Skrifstofa heilbrigðiseftirlits

Starfsemi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) 2026 verður líklega með óhefðbundnu sniði vegna áforma um flutning á heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til ríkisins. Líklegt er að starfsfólk HER sem missir sín störf muni huga að nýjum atvinnutækifærum og fækkun á starfsfólki HER sem erfitt verður að brúa. Gera má ráð fyrir að rof geti orðið á starfsemi, en reynt verður að forgangsraða og tryggja sem mest hefðbundna starfsemi í samræmi við lögboðin verkefni eftirlitsins. Meginstarfsemi HER fer fram skv. starfs- og eftirlitsáætlun, með reglubundnu eftirliti, eftirfylgni mála og útgáfu leyfa í samræmi við lög og reglugerðir, ásamt kvörtunum, leiðbeiningum, umsögnum og vöktun umhverfisins. Aukinn fjöldi verkefna hefur kallað á aukna skilvirkni og forgangsroðun verkefna. Skoða þarf með viðhald og fjölgun loftgæðamælistöðva. HER hefur ráðist í þjónustuúrbætur og -verkefni til að bæta þjónustu, fræðslu og upplýsingar með einföldun ferla og áherslu á stafrænar lausnir. Innleiðing á nýju eftirlits- og skjalakerfi er nú í gangi hjá HER og heldur áfram 2026.

Skrifstofa framkvæmda, viðhalds og eignaumsjónar

Þann 1. september 2025 voru skrifstofa framkvæmda og viðhalds (USK) og Eignaskrifstofa (FAS) sameinaðar undir skrifstofu framkvæmda, viðhalds og eignaumsjónar (USK) með það að leiðarljósi að auka skilvirkni, gæði og upplýsingagjöf í verkefnum á vegum nýrrar skrifstofu.

Árið 2026 kemur því til með að einkennast af endurskipulagningu einingarinnar og endurskilgreiningu á verklagi, ferlum og áætlanagerð.

Áfram verður áhersla lögð á viðhald/endurgerð leik- og grunnskóla sbr. forgangsáætlun, með það meginmarkmið að tryggja notendum eignanna öruggt og heilnæmt húsnæði. Samhliða þeirri vinnu verður unnið að langtíma viðhaldsáætlun fasteigna með það að sjónarmiði að viðhald eignarsafnsins komist að sem mestu leyti í reglubundið viðhald og að halda tilfallandi viðhald í lágmarki.

Á árinu 2026 verður haldið áfram með framkvæmdir á nýjum byggingarsvæðum s.s. við Elliðavog-Vogabyggð, Hlíðarenda, Gufunes, Bryggjuhverfi, Ártúnshöfða o.fl. Þá verður haldið áfram með framkvæmdir vegna verkefna Hjólreiðaáætlunar, Göngustígaáætlun, malbiksfirlagna og endurgerð/viðhald hraðahindrana.

Skrifstofa borgarlandsins

Öll starfsemi skrifstofu borgarlandsins mun einblína á að innleiða nýtt skipurit og hugað að umbótum í rekstri og verkefnum. Sérstök áhersla verður lögð á verkefni sem tengjast umbótum í rekstri skrifstofunnar t.d. innleiðing vöru- og eignastjórnunar, samningsstjórnunar og gæði útboða. Öryggismál verða í brennidepli ásamt innleiðingu gæðakerfis og gerð árangursmælikvarða. Einnig verður stór þáttur í verkefnum skrifstofunnar á árinu að undirbúa og hefja byggingu tveggja nýrra þjónustumiðstöðva, annars vegar við Laxalón og hins vegar á Kjalarnesi. Þetta eru stór verkefni og fjárfrek sem mikilvægt er að takist vel.

Skrifstofa eignastýringar

Skrifstofa eigna sinnir fjölmörgum verkefnum er snúa að fasteignum borgarinnar. Verkefni skrifstofunnar lúta að eigendafyrirsvari eignasjóðs sem er einn stærsti fasteignasjóður landsins með yfir 500 fasteignir. Sjóðurinn fer með rekstur, viðhald, kaup og sölu eigna borgarinnar, lönd, lóðir, samgöngumannvirki og aðrar fasteignir. Þá hefur skrifstofan með höndum eignaumsjón, þróar og innleiðir mælikvarða í samráði við skrifstofu áætlana og hagnála til samanburðar á rekstri fasteigna og gerir þá aðgengilega til stýringar. Sér um gerð fjárfestingaráætlunar í samráði við skrifstofu fjármála og skrifstofu framkvæmda, viðhalds og eignaumsjónar. Skrifstofan gerir uppbyggingarsamninga og tekur þátt í þróun lands með deild skipulagsmála og markaðssetur og selur þróunarsvæði sem eru hluti af fjárfestingaráætlun.

EIGNASJÓÐUR - FJÁRFESTINGAR- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2026

Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2026 gerir ráð fyrir að 25.348 m.kr. verði varið til fjárfestinga. Er það 1.649 m.kr. hækkun frá áætlaðri raunútkomu fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2025.

Fjárfesting (fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2026
Byggingarframvæmdir	
Menningar- og íþróttasvið, Menningarmál	572.000
Skóla- og frístundasvið, grunnskólar	5.232.000
Skóla- og frístundasvið, leikskólar	5.235.000
Menningar- og íþróttasvið, Íþrótta- og tómstundamál	3.292.000
Velferðarsvið	60.000
Ýmsar fasteignir	670.000
Bílastæðasjóður	0
Byggingarframvæmdir samtals	15.061.000
Gatna- og umhverfisframvæmdir	
Þjóðvegir, hluti Rvk. og aðrar umferðargötur	2.220.945
Nýbyggingahverfi	1.910.000
Miðborgin	555.000
Umhverfi- og aðgengismál	1.365.000
Umferðaröryggismál	350.000
Umhverfissvið- Ýmsar framkvæmdir	1.866.055
Gatna- og umhverfisframkvæmdir	8.267.000
Lóðir, lönd og skipulagseignir	0
Endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni	200.000
Áhöld, tæki og hugbúnaður	1.820.000
FJÁRFESTING SAMTALS	25.348.000
Gatnagerðargjöld	-5.000.000
FJÁRFESTING NETTÓ	20.348.000

HELSTU BYGGINGAframkvæmdir 2026

Menningar– íþróttasvið, Menningarmál: Farið verður í utanhússviðgerðir á Ásmundasafni. Undirbúningur á breytingum á Grófarhúsi halda áfram og einnig undirbúningur stofnun á safni Nínu Tryggvadóttur sem verður til húsa í Hafnarhúsi ásamt Listasafni Reykjavíkur.

Skóla– og frístundasvið, grunnskólar: Áfram verður haldið með átak í viðhaldsmálum skólahúsnæðis á má þar nefna Hólabrekkuskóla, Hlíðaskóli, Hvassaleitisskóli, Ölduselsskóla o.fl. Lokið verður við uppsetningu bráðabirgðaskólahúsnæði í Laugardal sem notað verður á meðan viðhaldsframkvæmdum stendur í Laugardalsskólunum. Reiknað er með að fara í viðhald á einum skóla í einu og verður starfsemin flutt í bráðabirgðahúsnæðið á meðan. Undirbúningur við nýjan safnskóla í Laugardal og 1.áfanga Vogabyggðaskóla heldur áfram.

Framlag til stofnkostnaðar framhaldsskóla, vegna stækkunar verknámshúss Fjölbrautaskóla Breiðholts. Korpuskóla verður breytt í sérskóla.

Menningar– íþróttasvið, Íþróttá- og tómstundamál: Undirbúningur þjóðarhallar heldur áfram í samstarfi við ríkið. Framkvæmdir við fjölnota knattús KR hefjast á árinu. Viðhald verður á Árbæjarlaug. Sparkvöllur verður settur upp á Landakotstúni. Framkvæmdir við áhorfendastúku Laugardalsvallar. Undirbúningur að dans- og fimleikahúsi í Breiðholti. Undirbúningur að knattúsi FRAM heldur áfram. Þá verður áfram fé varið til annarra verkefna vegna stofnana sviðsins s.s. endurnýjun áhalda og tækja í sundlaugum og íþróttahúsum. Áfram verður haldið með endurnýjun gervigrasvalla hjá íþróttafélögum borgarinnar. T

Skóla– og frístundasvið, leikskólar: Uppbygging leikskóla heldur áfram á næstu árum, með nýjum leikskólum, færanlegum stofum og stækkunum við eldri leikskóla. Áfram verður haldið með átak í viðhaldsmálum skólahúsnæðis og má þar helst nefna Hlíð-Sólhlíð, Hagaborg o.fl.

Velferðarsvið: Endurskoðun á hönnun fyrir nýtt vistheimili barna og endurskoðun á skipulagi framleiðslueldhús á Vitatorgi.

Ýmsar fasteignir: Undirbúningur vegna nýrrar hverfisbækistöðvar í austurhluta borgarinnar sem ætlað er að leysa af hverfisbækistöðina á Stórhöfða. Undirbúningur húsnæðis hverfabækistöðvar á Kjalarnesi.

ÆÐRAR FJÁRFESTINGAR

Áhöld, tæki og hugbúnaður: Fjárfestingaráætlun vegna áhalda, tækja og hugbúnaðar verða áfram helstar í stafrænni umbreytingu sem skiptist í rannsóknir og nýsköpun, rafvæðingu ferla, hugbúnað og ný upplýsingakerfi, upplýsinga- og gagnastýringu, upplýsingatækniinnviði og notendabúnað og loks stjórnsýsluhús og sjálfbærni þeirra. Mikil áhersla er lögð á upplýsingatækni og stafrænar lausnir svo eitthvað sé nefnt.

Jafnframt verður fjárfest í ýmsum tækjum vegna Umhverfis- og skipulagssviðs þar sem mikil áhersla er lögð á orkuskipti tækja. Endurnýjun sorpbíla með aukna flokkunarmöguleika heldur áfram.

Lóðir, lönd og skipulagseignir: Engar fjárfestingar fyrirhugaðar.

Endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni: Betri hverfi – Hverfapottar halda áfram í uppbyggingu og framkvæmdum sem og þróun og endurbætur á leikvöllum, torgum og opnum svæðum.

GATNA- OG UMHVERFISFRAMKVÆMDIR 2026

Helstu verkefni gatna- og umhverfisframkvæmda á árunum 2026-2030 verða verkefni tengd þéttingu byggðar, umhverfis- og aðgengismál, fjölgun götutrjáa og vistvænni samgöngur. Undirbúningur Borgarlínu, fjölgun hjólastíga og úrbóta í samgöngum verður haldið áfram með samgöngusáttmálanum auk tengdra verkefna. Helstu nýframkvæmdir við gatnagerð sem

fyrirhugaðar eru á árinu 2026 eru eftir sem áður á íbúasvæðunum í Vogabyggð, Ártúnshöfða, Bryggjuhverfi, Gufunesi, Úlfarsárdal, Hlíðarenda, Hólmsheiði og Veðurstofureit.

Haldið verður áfram að vinna að bættu umferðaröryggi almennt í borginni skv. umferðahraðaáætlun, umferðaröryggisáætlun og endurnýjun hraðahindrana. Þá verður haldið áfram uppbyggingu á nýjum göngu- og hjólastígum í borginni í samræmi við markmið hjólaáætlunar sem og endurnýjun á göngustígum í samræmi við göngustígaáætlun.

Haldið verður áfram með ýmis verkefni eins og fjölgun grenndarstöðva í borginni og endurnýjun og bætt aðgengi að biðstöðvum strætó. Malbiksframkvæmdir, yfirlög og endurgerð á götum borgarinnar halda áfram samkvæmt áætlun þar um. Við Bæjarháls-Bítruháls er áætlað að setja hringtorg í stað umferðarljósa. Í miðborginni verður framkvæmdum við Hlemm haldið áfram (götur, torg og nágrenni).

GRÆNAR FJÁRFESTINGAR 2026-2030

Áfram er mikið af grænum fjárfestingum í nýrri áætlun. Má nefna hjólaáætlun Reykjavíkurborgar í þessu samhengi, svo og Aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2010 – 2030 þar sem kveðið er á um friðun grænna og opinna svæða, þéttingu byggðar, styrkingu almenningssamgangna, vistvænar lausnir í sorphirðu og kröfur um visthæfar lausnir við nýbyggingar. Á næstu fimm árum er ráðgert að meirihluti fjárfestinga Reykjavíkurborgar verði grænar fjárfestingar sem dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda með vistvænum byggingum, með því að stuðla að orkuskiptum í samgöngum og styðja grænan vöxt til samræmis við umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Sviðið hefur fylgt áætlun yfir greiningu þjónustupátta sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Greiningu á þjónustupætti skipulagsfulltrúa átti að ljúka veturinn 2024-2025 en upp komu erfiðleikar við greininguna. Þegar ljóst var að skipulagsbreytingar voru framundan, var greiningin sett á ís. Ýmsar skipulagsbreytingar innan umhverfis- og skipulagssviðs ásamt utanaðkomandi þáttum urðu til þess að áætlun um greiningu þjónustupátta frestaðist. Greiningar á þjónustupáttum hefjast aftur á nýju ári. Starfshópurinn skilaði einnig af sér jafnréttismati og jafnréttisskimunum fyrir ýmis verkefni innan sviðsins á árinu.

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

	Raun 2022	Raun 2023	Raun 2024	Útksp. 2025	Áætlun 2026
Skipulags- og byggingarmál					
Fjöldi mála á afgreiðslufundi skipulagsmála	1.738	1.660	1.593	1.490	1.500
Deiliskipulag auglýst í B-deild	112	100	105	96	100
Grk. / þar af v. byggingarl.ums.	96 / 45	70 / 30	62 / 21	70 / 33	70 / 35
Samþykktir m3	695.151	775.621	827.245	801.433	766.006
Byggðir m3 (lokið við)	634.662	596.268	656.705	626.487	629.212
Samþykktir m2	167.089	183.765	231.400	207.583	194.085
Byggðir m2 (lokið við)	103.497	159.287	169.705	164.496	144.163
Fullgerðar íbúðir	1.062	874	989	932	975
Hafin smíði nýrra íbúða	913	690	935	813	846
Fjöldi úttekta byggingamála	1.148	388	373	381	380
Eignask.yfirl., yfirferð / samþykktir	414/168	233	176	205	205
Fjöldi mála á afgreiðslufundum byggingamála	2.957	2.218	2.431	2.325	2.535
Heilbrigðiseftirlit					
Útgefin starfsleyfi	496	368	346	360	350
Skráning	6	65	111	136	150
Tóbakssöluleyfi	38	33	36	35	35
Sóttvarnavottorð	33	40	48	46	50
Fjöldi eftirlitsferða	3.301	3.357	3.276	2.600	2.500
Fjöldi kvartana	868	1.117	1.049	1.015	1.000
Svífryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar)	3	5	4	4	4
Gæði neysluvatns (hlutfall sýna sem standast ekki kröfur reglugerðar um neysluvatn)	0	0	0	0	0
Vatnsgæði strandsjávar: (Fjöldi sýna yfir umhverfismörk fyrir örverumengun í yfirborðsvatni)	0	0	13.7%	0	0
Rekstur og umhirða					
Bekkir	1.337	1.343	1.349	1.349	1.360
Stampar	1.599	1.610	1.620	1.633	1.640
Sláttur - flatarmál (m2)	4.721.724	4.724.623	4.727.521	4.574.343	4.575.000
Sláttur - fjöldi sláttusvæða	10.751	10.785	10.818	10.871	10.900
Hitakerfi - flatarmál (m2)	243.229	243.093	242.957	242.714	242.750
Vetrarþjónusta gatna - ökulengd (km)	970	486.550	972.130	981.586	982.000
Vetrarþjónusta gönguleiða (km)	856	432.227	863.597	872.030	875.000
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m2)	5.831.958	5.859.137	5.886.316	5.911.483	5.915.000
Bílastæðasjóður					
Fjöldi bílastæða við götukanta	3.643	3.853	3.883	3.700	4.000
Fjöldi bílastæða í bílahúsum	1.265	1.265	1.265	1.145	1.145
Fjöldi aukastöðugjalda	57.322	46.268	61.421	85.000	90.000
Fjöldi stöðubrota	21.236	20.543	24.037	17.500	20.000
Fjöldi endurupptökumála	5.649	4.723	4.913	6.000	6.000
Fjöldi samþykktra endurupptökumála	4.378	3.468	3.560	4.000	4.000
Fjöldi hafnaðra endurupptökumála	1.269	1.255	1.353	1.500	1.500
Samgöngur					
Lengd hjólaleiða (stígar, reinar) (km)	42	46	47	48	52
Sameiginlegir göngu- og hjólastígar (km)	18	20	22	23	24
Fjöldi umferðarljósa	120	117	117	117	117
Fjöldi gönguljósa	42	36	41	41	41
Nagladekkjanotkun (hlutfall í viku 4, viðkomandi ári)	42	45	40	43	40
Náttúra og garðar					
Skráðir safngripir í Grasagarði	4.902	4.803	4.781	4.800	4.800
Þátttakendur í viðburðum og fræðslu Grasagarðsins	4.150	5.757	5.766	5.000	5.000
Heildarfjöldi gesta í Grasagarði	178.302	160.742	-	200.000	200.000
Ræktunarstöð - fjöldi framleiddra sumarblómabakka	4.421	3.754	4.135	4.606	4.600
Ræktunarstöð - fjöldi framleiddra sumarblómapotna	7.028	7.386	6.795	6.795	6.800


	Raun 2022	Raun 2023	Raun 2024	Útksp. 2025	Áætlun 2026
Sorphirða					
Fjöldi grárra tunna og kerja, blandaður úrgangur [tunnuígildi]	31.309	16.778	16.210	16.040	16.370
Fjöldi spartunna, blandaður úrgangur [tunnuígildi]	1.776	849	270	190	200
Fjöldi tvískiptra tunna blandaður úrgangur /matarleifar [tunnuígildi]		10.834	11.108	11.550	11.730
Fjöldi djúpgáma (allir flokkar) [stk]	248	283	367	420	460
Fjöldi djúpgáma (allir flokkar) [tunnuígildi]	4.716	5.417	6.775	7.590	8.442
Blandaður úrgangur [tonn]	17.540	14.560	11.335	11.690	11.930
Magn blandaðs úrgangs á íbúa [kg/íbúa]	129	103	83	84	85
Fjöldi tvískiptra tunna plast og pappír [tunnuígildi]		4.229	4.421	4.580	4.490
Fjöldi blárra tunna og kerja [tunnuígildi]	16.701	19.216	19.447	19.960	20.460
Pappír- og pappi safnað í hirðu við heimili [tonn]	2.428	2.391	3.045	3.025	3.090
Fjöldi grænna tunna [tunnuígildi]	7.036	14.451	15.054	15.760	16.150
Plast safnað í hirðu við heimili [tonn]	505	835	1.302	1.246	1.270
Fjöldi brúnna tunna [tunnuígildi]	119	6.713	7.280	7.590	7.740
Matarleifar í brúnnar tunnur [tonn]	102	2.163	4.829	4.682	4.780
Grenndar- og endurvinnslustöðvar					
Fjöldi grenndarstöðva	57	57	55	55	55
Pappír og pappi skilað á grenndarst. [tonn]	1.078	416	420	400	408
Plast skilað á grenndarstöðvar [tonn]	179	121	91	81	82
Gleri skilað á grenndarstöðvar (tonn)	245	302	479	405	413
Málmum skilað á grenndarstöðvar	-	20	67	81	83
Fjöldi endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.	6	6	6	6	6
Móttekið magn úrgangs. [tonn]	47.229	48.517	48.542	48.600	48.650
Miðlæggar skrifstofur					
Losun gróðurhúsalofttegunda í Reykjavík, tonn CO2 ígilda, samfélagslosun, BASIC+, S3	611.787	596.771	614.251	N/A	N/A
Nemendur í Vinnuskóla	2.968	3.133	3.394	3.477	3.450
Útgefin afnotaleyfi	1.235	1.307	1.031	800	900
Eignarekstur					
Fjöldi fasteigna í rekstri	543	556	544	517	516
Flatarmál fasteigna í rekstri m ²	614.860	626.812	624.593	608.555	613.808
Fjöldi bifreiða í eigu eignasjóðs	105	106	100	98	95
Fjöldi vinnuvéla í eigu eignasjóðs	12	17	20	18	14
Úthlutun og sala byggingaréttar					
Fjöldi lóðaúthlutanna	12	7	7	10	12
- þar af fjölbýlishús	7	5	5	5	6
- þar af íbúðakjarni	1	1	1	1	1
- þar af einbýli	-	-	-	4	-
- þar af rað-, þar- og tvíbýlishús	-	-	-	-	-
- þar af atvinnulóðir	4	3	1	1	2
Fjöldi íbúða í lóðaúthlutun	729	303	295	650	750
Uppbyggingarsamningar					
- Fjöldi samninga	6	5	3	5	5
- Fjöldi íbúða	589	305	150	758	800
- Fjöldi leigu- og búseturéttaríbúða á uppbyggingarsvæðum	119	80	40	152	160
- Kaupréttur Félagsbústaða	29	16	8	38	40
Lóðarvilyrði - Fjöldi	20	5	6	8	6
- þar af fjölbýlishús	15	2	1	5	4
- þar af íbúðakjarni	4	1	-	1	1
- þar af atvinnulóðir	1	3	5	2	1



Norðurmiðstöð
Center North



SKIPURIT



HLUTVERK

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar stuðlar að auknum lífsgæðum sérhvers íbúa Reykjavíkur með því að sýna frumkvæði og bregðast við fjölbreyttum þörfum einstaklinga og fjölskyldna fyrir velferðarþjónustu. Sviðið annast framkvæmd velferðarþjónustu í umboði velferðarráðs og vinnur í samstarfi við stjórnvöld á sviði heilbrigðis- og velferðarmála, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila að auknum lífsgæðum íbúa borgarinnar. Sviðið ber ábyrgð á rekstri, áætlanagerð, samhæfingu og samþættingu verkefna á sviði velferðarþjónustu, eftirliti í samræmi við lög, reglur, samþykktir og stefnu velferðarráðs í velferðarmálum. Einnig sér sviðið um mat á árangri og þróun velferðarþjónustu og nýrra úrræða.

Verkefni sem velferðarsvið ber ábyrgð á samkvæmt stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar eru meðal annars félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, barna- og farsældarþjónusta, málefni eldri borgara, málefni fatlaðs fólks, málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir, sérhæfð húsnæðisaðstoð og búsetuþjónusta, barnavernd, heimahjúkrun, félagsleg heimaþjónusta, heimastuðningur, matarþjónusta, félagsstarf fyrir aldraða, akstursþjónusta fatlaðs fólks og eldri borgara, stuðningsþjónusta, forvarnir og almenn upplýsingagjöf. Dagleg framkvæmd velferðarþjónustunnar fer fram á miðstöðvum í hverfum borgarinnar, á Norðurmiðstöð, Suðurmiðstöð, Austurmiðstöð og Vesturmiðstöð. Einnig í Rafrænni miðstöð sem er fyrsti viðkomustaður borgarbúa hjá velferðarsviði, hjúkrunarheimilum, hjá Barnavernd Reykjavíkur

og hjá Keðjunni sem veitir stuðningsþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra og rekur skammtímadvalir og heimili fyrir börn. Undir miðstöðvar sviðsins heyra starfseiningar í hverfum borgarinnar svo sem heimaþjónusta og heimahjúkrun, heimili fyrir fatlað fólk, þjónustuíbúðir, félagsmiðstöðvar og dagþjónusta fyrir eldri borgara.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026


	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Þjónustutekjur	1.876.676	1.160.288	1.141.845
Tekjur v. verkefna frá ríki	8.313.419	8.101.162	6.389.920
Tekjur samtals	10.189.095	9.261.450	7.530.765
Laun og launatengd gjöld	31.802.905	32.417.956	33.185.153
Annar rekstrarkostnaður	24.710.245	24.911.408	23.022.986
Rekstrargjöld samtals:	56.513.149	57.329.364	56.208.139
Samtals:	46.324.054	48.067.914	48.677.374

STARFSFÓLK

	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Fjöldi starfsmanna	4.686	4.658	4.562
Fjöldi stöðugilda	2.428	2.413	2.368
Eftir skrifstofum/ þjónustupáttum:			
Búsetuþjónusta	1.007	986	1.020
Dagþjónusta	97	89	88
Félagsmiðstöðvar	37	37	36
Heimahjúkrun	151	167	166
Heimastuðningur	214	209	209
Hjúkrunarheimili	138	129	112
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	406	401	382
Stuðnings- og stöðþjónusta	177	190	175
Ýmis úrræði	45	44	45
Þjónusta við flóttafólk og hælisleitendur	24	25	
Þjónustuíbúðir	132	135	135

Fjárhagsáætlun 2026 gerir ráð fyrir 2.368 stöðugildum. Fjöldi stöðugilda á árinu 2026 tekur nokkrum breytingum frá árinu 2025. Helst ber þar að nefna að ríkið hefur tilkynnt að ekki verður endurnýjun á samningi um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og fyrirhuguð er uppsögn á samningi um móttöku flóttafólks. Því er ekki áætlað fyrir þeirri þjónustu í áætlun 2026. Við það fellur niður þjónustupátturinn þjónusta við flóttafólk og hælisleitendur ásamt því að þetta skýrir færri áætluð stöðugildi undir þjónustupættinum stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf en starfsmenn samræmdrar móttöku flóttafólks heyrðu þar undir miðstöðvum velferðarsviðs. Aukning stöðugilda í búsetuþjónustu er um 33 stöðugildi þar sem nýtt úrræði fyrir heimilislausla mun opna nú á haustmánuðum 2025 og einnig nýtt búsetuúrræði fyrir fatlað fólk á næsta ári. Fækkun stöðugilda á hjúkrunarheimilum er vegna lokunnar hjúkrunardeildar í Seljahlíð og breytingu rýma í þjónustuíbúðir í lok árs 2025.

SKIPTING REKSTRAR 2026



MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Ein af megináherslum sviðsins er að framfylgja velferðarstefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan var samþykkt á árinu 2021 og gildir til ársins 2030. Fyrsta aðgerðaráætlunin með stefnunni gildir til loka árs 2025 og verið er að gera nýja sem mun verða tilbúin fyrir árslok og mun gilda til 2030. Aðgerðaráætlunin verður endurskoðuð árlega með tilliti til stefnumarkandi áherslna og fjárhagsramma sviðsins.

Velferðarstefnan er rammi utan um metnaðarfulla velferðarþjónustu sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði og stuðla að því að allir Reykvíkingar eigi kost á að lifa með reisn. Stefnan er hugsuð sem vegvísir fyrir borgarbúa og um leið fyrir starfsfólk í velferðarþjónustu. Einkunnarorð stefnunnar er *Reykjavík – fyrir okkur öll*.

Fjárhagsrammi velferðarsviðs árið 2026 byggir á frumvarpi ársins 2025 auk viðbóta vegna kjarasamningshækkana og verðlagshækkana á annan rekstrarkostnað. Nettóhækkun ramma 2026 frá endurskoðaðri áætlun 2025 er 609 m.kr. að meðtöldum bundnum liðum. Þjónustutekjur lækka um 18 m.kr. og áætlun vegna tekna frá ríkinu lækkar um 1.712 m.kr. Munar þar mestu um uppsögn á samningi við ríkið vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og fyrirhugaða uppsögn á þjónustusamningi við Reykjavíkurborg um móttöku flóttafólks en óljóst er hvenær uppsögnin mun taka gildi. Áætlun 2026 gerir ekki ráð fyrir þessum tekjum. Til stendur að leggja niður hjúkrunarheimilið Seljahlíð og er því ekki gert ráð fyrir þeim rekstri á árinu 2026. Aukning gjalda verður vegna hækkunar kjarasamninga og

endurmats starfa en búið er að semja við öll helstu kjarafélög til ársins 2028. Verðbætur vegna annars rekstrarkostnaðar eru 1,45% eða 262 m.kr. Innri leiga hækkar um 2,60% en húsnæðiskostnaður vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd lækkar um 144 m.kr. Áætlun bundinna liða, þ.e. fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur er 5.437 m.kr.

Þjónusta við börn og fjölskyldur

Á miðstöðvum borgarinnar er veitt umfangsmikil ráðgjafþjónusta fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Á grundvelli verkefnisins Betri borg fyrir börn (BBB) og innleiðingar laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna 86/2021 verður innleiðingaráætlun á verkefninu BBB fram haldið á árinu. Markmið verkefnisins er markvissara samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs við börn og fjölskyldur, í öllum þjónustuhverfum borgarinnar. Í gegnum verkefnið hefur eigendahópur Betri borgar fyrir börn og verkefnastjórnir BBB út á miðstöðvum og stjórnendateymi Barnaverndar það hlutverk að innleiða löggjöf um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna inn á sínar starfsstöðvar.

Lögunum er ætlað að stuðla að farsæld barna með því að tryggja snemmtækan stuðning og samþætta þjónustu. Nýmæli er að öll börn og foreldrar sem þurfa á þjónustu að halda hafi aðgang að aðila sem aðstoðar þau við að fá viðeigandi þjónustu án hindrana. Á árinu 2026 verður sálfræðingum fjölgað um fjögur stöðugildi til að styrkja snemmtæka íhlutun.

Reykjavíkurborg, eins og önnur sveitarfélög, hefur fengið vilyrði fyrir tímabundnu fjármagni vegna innleiðingar farsældarlaganna til næstu fjögurra ára. Tekjur nema 160 m.kr. og mun velferðarsvið nýta fjármagnið vegna launa málstjóra á miðstöðvum, ráðgjafa í málefnum barna og fjölskyldna í Rafrænni miðstöð. Einnig fékkst styrkur að fjárhæð 240 m.kr. sem er hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda vegna ofbeldis meðal og gegn börnum. Verkefnið er samvinnuverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, lögreglunnar og Barna- og fjölskyldustofu.

Í takt við samstarfsyfirlýsingu meirihluta Reykjavíkurborgar verða börn og fjölskyldur í forgrunni. Haldið verður áfram með frístundatengla hjá sviðinu með það að markmið að bæta aðgengi að íþróttum, menningu og virkni og þátttöku í fjölbreyttu starfi með áherslu á börn í viðkvæmri stöðu.

Keðjan er rekin þvert á borgina og veitir stuðningsþjónustu fyrir börn og unglinga og fjölskyldur þeirra og rekur jafnframt skammtímadvalir og heimili fyrir fötluð börn. Hlutverk Keðjunnar er að þróa og bjóða þjónustu sem uppfyllir þarfir þjónustunotenda með áherslu á „heildstæða og samfellda“ þjónustu fyrir börn (0 - 18 ára) og fjölskyldur þeirra. Meðal verkefna Keðjunnar er foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf, námskeið og smíðjur ásamt umsjón með stuðningsfjölskyldum. Markmið Keðjunnar er að vinna áfram að því að auka sérþekkingu í þjónustu við tiltekinn hóp barna, t.d. börn af erlendum uppruna, börn flóttafólks og fötluð börn.

Barnavernd Reykjavíkur

Barnavernd Reykjavíkur vinnur út frá nýrri Framkvæmdaáætlun í Barnavernd fyrir árin 2024 - 2027 og kynnt var í velferðarráði í október 2024. Að auki tekur Barnavernd Reykjavíkur virkan þátt í innleiðingu á farsældarlögunum undir formerkjum Betri borgar fyrir börn og leggur mikið upp úr samstarfi við önnur þjónustukerfi innan borgarinnar. Tekið hefur verið upp samstarf við Barna- og fjölskyldustofu varðandi vinnulag í barnavernd undir heitinu Öryggismerki og verður það vinnulag innleitt á næstu árum. Innleiðingin er nú að hefja sitt annað ár en gert er ráð fyrir því að hún muni taka um það bil 3 ár.

Vistheimili barna flytur í annað og stærra húsnæði sem hentar starfseminni betur en úrræðið hefur verið meira en fullnýtt síðustu ár. Áætlað er að úrræðið opni í nóvember á þessu ári 2025.

Fjarheimildir vegna vistgreiðslna og vegna vistunar barna og ungmenna á grundvelli barnaverndarlaga eru ekki að fullu fjármagnaðar og er eitt af því sem að stendur út af í áætlun 2026. Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda mun fela í sér að ríkið tekur við ábyrgð og framkvæmd á þjónustunni allt árið 2026 en óljóst er hvernig að framkvæmdinni verður staðið.

Fjárhagsaðstoð

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir einstaklingum fjárhagsaðstoð á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fjárhagsáætlun fjárhagsaðstoðar byggir á sögulegum gögnum síðustu fjögurra ára og út frá þeim er gerð spá um fjölda fyrir árið 2026 miðað við meðalbreytingu fjölda notenda á mánuði. Gert er ráð fyrir 1.048 einstaklingum að meðaltali á mánuði og að flóttamenn verði um 20-25% notenda. Meðalfjöldi notenda á mánuði á árinu 2025 er um 1.050 manns og virðist vera að ná jafnvægi eftir mikinn fjölda flóttamanna frá árinu 2022. Áætlun gerir ráð fyrir að nettó útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar árið 2026 muni nema 3.823 m.kr.

Samtals útgjöld vegna framfærslustyrks eru áætluð 2.730 m.kr. á árinu 2026 og nettó útgjöld með tilliti til endurgreiðslu 2.160 m.kr. Þetta er lækkun frá áætlun ársins 2025 en þá voru áætlaðar 3.500 m.kr. í útgjöld og 2.650 m.kr. í nettó útgjöld með tilliti til endurgreiðslu. Gert er ráð fyrir 570 m.kr. í endurgreiðslu á árinu 2026 samanboreið við 917 m.kr. í áætlun 2025. Ástæða lækkunar er sú að þróunin á árinu 2025 gefur til kynna fækkun á fjölda notenda á fjárhagsaðstoð sem fá framfærslustyrk. Gert er ráð fyrir að endurgreiðsla verði lægri á árinu 2026 en 2025 vegna þess að gert er ráð fyrir færri nýjum erlendum ríkisborgurum á fjárhagsaðstoð ásamt því að einhverjir munu hafa verið með lögheimili í landinu lengur en 2 ár og falla því ekki lengur undir skilyrði fyrir endurgreiðslu. Áætlað er að hækkun grunnfjárhæðar nemi 5% árið 2026.

Gjöld vegna heimildagreiðslna lækka einnig á milli ára þar sem einnig er gert ráð fyrir færri notendum sem fá heimildargreiðslur í samræmi við fækkun notenda með framfærslustyrk. Áætlun vegna heimildargreiðslna var 731 m.kr. árið 2025 samanboreið við 578 m.kr. árið 2026.

Átaksverkefnið breytast lítið á milli ára en aðeins er gert ráð fyrir fleiri notendum þar í samræmi við fjölgun síðastliðinna tveggja ára, ásamt hækkun kostnaðar samkvæmt verðlagi. Áætlun 2026 er 496 m.kr. samanborið við 468 m.kr. árið 2025.

Virknihús

Virknihús heldur utan um öll virkni- og endurhæfingarúrræði á vegum velferðarsviðs og hefur verið starfrækt síðan 2021. Úrræði Virkni húss eru Atvinnu- og virknimiðlun (AVM), IPS-atvinnuráðgjöf (Individual Placement and Support), Grettistak og TINNA. Undir Virkni húsi heyrast einnig tvö áfangaheimili fyrir konur og karla sem lokið hafa áfengis- og vímuefnaferð og eru þátttakendur í endurhæfingu. Markmið úrræða Virkni húss er almennt að stuðla að valdeflingu og hjálp til sjálfshjálpar meðal þeirra sem hafa þurft að reiða sig á fjárhagsaðstoð til langs tíma. Áhersla er lögð á valdeflingu, nám og bata. Virkni húsi býður virkniúrræði og atvinnuráðgjöf sem miðar að því að bæta stöðu fólks og auka þátttöku þess í samfélaginu.

Mikill árangur er af starfi Virkni húss en á árinu 2024 voru einungis 26% þátttakenda ennþá með fjárhagsaðstoð til framfærslu sex mánuðum eftir að þátttöku í úrræðum lauk. Auk þess fá þátttakendur í endurhæfingarúrræðum Virkni húss, Grettistaki og TINNU flest endurhæfingarlífeyri á meðan á þátttöku stendur. Árlega eru lagðar fyrir þjónustukannanir á úrræðum Virkni húss og er mikill meirihluti þátttakenda ánægður með ráðgjafa, stuðning og úrræðin í heild. Samtals fjöldi notenda í virkniúrræðum Virkni húss á árinu 2024 voru 532 manns. Heildaráætlun ársins 2026 nemur 203 m.kr. auk 156 m.kr. sem er kostnaður undir átaksverkefnum fjárhagsaðstoðar en greiðir sú fjárhæð fyrir laun og rekstur hjá Atvinnu- og virknimiðlun.

Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir

Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir var samþykkt í velferðaráðði og borgarráði árið 2019. Frá þeim tíma hefur verið unnið út frá aðgerðaáætlun stefnunnar. Í janúar 2025 var ný aðgerðaáætlun í málefnum heimilislausra samþykkt einróma í borgarstjórn.

Aðstæður þeirra sem teljast til hóps einstaklinga með miklar og flóknar þjónustuparfir eru sárar, skortur er á eða bið eftir viðeigandi úrræðum velferðar- og heilbrigðiskerfis og enn hefur ríkið ekki mótað stefnu í málaflokknum. Önnur sveitarfélög hafa haldið að sér höndum varðandi uppbyggingu í málaflokknum. Reykjavíkurborg hefur hins vegar á undanförunum árum ráðist í ýmsar aðgerðir sem bætt hafa þjónustu og stuðning við hópinn og ber í raun hitann og þungan af málaflokknum. Mikil uppbygging hefur orðið í málaflokknum og til ársins 2027 verður áfram lögð áhersla á fjölbreytt úrræði og einstaklingsmiðaðan stuðning í húsnæði.

Í fjárhagsáætlun 2026 er gert ráð fyrir opnun búsetuúrræðis fyrir karla með miklar og flóknar þjónustuparfir í samræmi við aðgerðaráætlun frá janúar 2025.

Þjónusta við fatlað fólk

Á árinu 2025 var samþykkt breyting á stjórnskipulagi málaflokks fatlaðs fólks á velferðarsviði. Breytingin fól í sér að fagleg og rekstrarleg stýring og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk er nú á ábyrgð einnar starfseiningar í stað fjögurra miðstöðva. Fjárhagsáætlun 2026 endurspeglar þær breytingar og eru áætlað að gjöld málaflokksins verði 22 ma.kr.

Á árinu 2026 verður áfram unnið að því að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og að tryggja að hann endurspeglar í öllu starfi til samræmis við áherslur velferðarráðs og ríkisstjórnar Íslands. Ný stefnumótun í málaflokki fatlaðs fólks verður innleidd.

Unnið verður að því að tryggja viðeigandi stuðning til fatlaðs fólks með áframhaldandi uppbyggingu sértæks húsnæðis og öflugri stuðnings- og stoðþjónustu. Núverandi fyrirkomulag stuðnings- og stoðþjónustu verður endurskoðað á árinu og þjónustan þróuð til að koma betur til móts við það fatlaða fólk sem getur búið sjálfstætt með áreiðanlegri og öflugri stuðnings- og stoðþjónustu. Ákveðið var að auka fjárheimildir stuðningsþjónustu um 100 m.kr. til að koma á móts við fjárförf þjónustunnar.

Á árinu 2026 munu opna tveir nýir búsetukjarnar sem að verða heimili fyrir 14 fatlaða einstaklinga.

Á árinu 2022 var samþykkt endurskoðuð uppbyggingaráætlun í málefnum fatlaðs fólks til viðbótar við gildandi áætlun frá 2018. Um er að ræða áframhaldandi uppbyggingaráttak og áætlunin gerir ráð fyrir 19 nýjum íbúðakjöllum á næstu árum með allt að 114 íbúðum auk þess sem gert er ráð fyrir að keyptar verði íbúðir fyrir allt að 48 manns sem fá stuðning frá færanlegu teymi. Áhyggjuefni er að uppbyggingaráætlunin er ekki fjármögnuð. Biðlistar eru eftir húsnæði og færst hefur í aukana að fatlað fólk og hagsmunasamtök þess stefni borginni vegna langrar biðar eftir húsnæði. Enn vantar upp á fulla fjármögnun á málaflokki fatlaðs fólks og óljóst er hvernig tekið verður á uppbyggingu húsnæðis hvað varðar biðlista, samanber skýrslu starfshóps ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarskiptingu málaflokksins frá 2024.

Vinnu og virknimiðuð stoðþjónusta fyrir fatlað fólk er í stöðugri þróun. Á árinu 2026 verður unnið að því að flytja starfsemina undir eitt þak en hún er nú dreifð á fimm staði í Reykjavík. Þá verður áfram unnið að því að auka fjölbreytni úrræða og skapa tengingar við atvinnulífið.

Fjölgað verður um NPA samninga á árinu 2026. Samningum var fjölgað um tvo á árinu 2025 og brýnt er að sýna fram á eðlilega framvindu fjölgunar samninga ár hvert en um 40 fatlaðir einstaklingar eru á bið eftir samningi. Unnið er að endurskoðun reglna borgarinnar um notendastýrða persónulega aðstoð. Notendasamráð og samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks verður áfram í öndvegi á árinu 2026.

Þjónusta við eldra fólk

Á velferðarsviði hefur verið lögð áhersla á samþættingu heimastuðnings og heimahjúkrunar í heimaþjónustu Reykjavíkurborgar sem er fyrirmynd verkefnisins Gott að eldast. Þjónustan er umfangsmikil og sinnir þúsundum Reykvíkinga daglega. Sérhæfð teymi eins og SELMA, heimaendurhæfingarteymi, viðbragðsteymi og heilabilunarteymi hafa efnt þjónustuna auk verkefna á borð við skjáver, fjarvöktun og skjáheimsóknir. Fjölgun fagstétta, svo sem næringar- og fíkniráðgjafa, hefur aukið sérhæfingu og heimahjúkrun mun leggja meiri áherslu á starfsþróun og sérfræðileið hjúkrunarfræðinga. Árlega er dreifing fjármagns milli miðstöðva skoðuð út frá tölfræðiupplýsingum varðandi fjölda notenda og fjölda veittra tíma til að tryggja sambærilegt þjónustuframboð heimastuðnings og heimahjúkrunar í allri borginni.

Árið 2026 verða gerðar skipulagsbreytingar þar sem heimaþjónusta verður rekin í tveimur einingum í stað þriggja; Norðurmiðstöð og Austurmiðstöð. Sléttuvegur verður hluti Norðurmiðstöðvar eins og áður. Þá verður einn yfirmaður yfir öllum þjónustuíbúðakjörnunum og fjármagn þeirra sameinað, sem skapar tækifæri til endurskoðunar á þjónustu og markhópum.

Framundan eru einnig breytingar á þjónustu- og rekstrarkerfum. Nýtt eldhús verður opnað 2026 og Mathilda-kerfið innleitt að fullu í máltíðþjónustu. Í heimaþjónustu og búsetu var Dala.care innleitt árið 2025, sem mun auka yfirsýn og skilvirkni og skjáheimsóknarkerfi.

Á árinu 2026 verða áherslur úr stefnu um aldursvæna Reykjavík útfærðar með sérstakri áherslu á virkni og þátttöku íbúa. Velferðarskóli er í þróun með Starfsmennt og Framvegis, þar sem boðið verður upp á nám frá grunnfærni í heimastuðningi til starfsþróunar sem félags- eða sjúkraliði. Jafnframt er unnið að skýrari aðgreiningu þjónustu við eldra fólk og fatlað fólk.

Húsnæðismál

Velferðarsvið hefur það að leiðarljósi að tryggja framboð af félagslegu leiguhúsnæði og áherslur um fjölbreytileika, gæði og félagslega blöndun í uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Velferðarsvið hefur unnið markvisst að því að efla samvinnu við þær skrifstofur og stofnanir innan og utan Reykjavíkurborgar sem koma að húsnæðismálum til að hraða öllum ferlum sem snúa að skipulagi og uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Miðað er við að hlutfall leiguhúsnæðis á vegum Félagsbústaða sé um 5% af íbúðarhúsnæði í borginni. Áætlun Félagsbústaða fyrir árin 2026 - 2030 gerir ráð fyrir fjölgun um 50 almennra félagslegra leiguíbúða á ári en biðlisti eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði er um 554 manns. Áfram verður unnið að uppbyggingu í samræmi við húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar, uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk og fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu umfram húsnæðisbætur sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Það sem af er árinu 2025 hafa tekju- og eignamörk hækkað um 4,3% og lagt var til í velferðarráði 3. september að hækka þau til samræmis við hækkun ríkisins frá 1. september um 0,7%. Í aðgerðum stjórnvalda til stuðnings við fjögurra ára kjarasamninga var meðal annars lögð áhersla á aukinn stuðning við leigjendur. Til að draga úr íþyngjandi húsnæðiskostnaði leigjenda voru húsnæðisbætur ríkisins hækkaðar frá og með 1. júní 2024. Aðgerðirnar voru tvíþættar, annars vegar voru húsnæðisbætur hækkaðar um 25% og hins vegar var tekið aukið tillit til fjölskyldustærðar við útreikning á skerðingu vegna tekjumarka með fjölgun fjölskylduhópa. Breytingar voru gerðar á 5. gr. reglna um sérstakan húsnæðisstuðning í samræmi við breytingar á tekjumörkum.

Fjárhagsáætlun sérstaks húsnæðisstuðnings fyrir árið 2026 byggir á sögulegum gögnum síðustu ára og kostnaðarmati á reglubreytingum ársins 2025 t.d. hækkunar á tekjumörkum. Fjöldatölur einstaklinga í félagslegu húsnæði voru áætlaðar í samræmi við áætlaðan fjölda keyptra félagslegra íbúða. Fjöldatölur einstaklinga á almennum markaði voru áætlaðar samkvæmt mannfjöldaspá. Áætlun 2026 nemur samtals 1.614 m.kr. og gerir ráð fyrir um 3.613 notendum á mánuði að meðaltali.

Rafræn miðstöð

Hlutverk Rafrænnar miðstöðvar er tvíþætt. Í fyrsta lagi að veita þjónustu til íbúa sem leitast eftir eða þiggja velferðarþjónustu borgarinnar. Í öðru lagi að vinna að umbótum og innleiða nýjar stafrænar lausnir og velferðartækni.

Þjónustuteymi og ráðgjafarteymi Rafrænnar miðstöðvar sinna framlínubjónustu velferðarsviðs. Í dag svarar miðstöðin nær öllum erindum sem berast á miðstöðvar í formi símtals, tölvupósts eða netspjalls ásamt því að afgreiða mikinn fjölda umsókna t.d. um fjárhagsaðstoð og akstursþjónustu. Jafnframt sér miðstöðin um vakthafandi ráðgjöf til íbúa sem nálgast sviðið með þessum leiðum. Á árinu 2026 er stefnt að áframhaldandi umbótum í framlínubjónustu til íbúa borgarinnar í samvinnu við þjónustuver Reykjavíkurborgar.

Rafræn miðstöð rekur jafnframt skjáver þar sem veitt er heimahjúkrun og heimastuðningur í formi skjáheimsókna ásamt fjarvöktun hjartabilunareinkenna, fjarþjálfun og lyfjaskammtara. Á árinu 2026 mun halda áfram vinna við fjölgun íbúa sem fá fjarheimaþjónustu.

Umbótateymi velferðarsviðs er einnig hluti af Rafrænni miðstöð. Teymið vinnur að umbótum innan sviðsins þar sem litið er sérstaklega til þarfa íbúa og starfsfólks, einföldunar, skilvirkni og nýrrar tækni. Stærstu verkefni árið 2026 snúa að endurnýjun grunnkerfa velferðarsviðs. Annars vegar að ljúka innleiðingu á tölvukerfinu Dala.care en í dag er kerfið í innleiðingu. Kerfið heldur utan um beina veitingu þjónustu t.d. heimastuðning, þjónustu í íbúðakjörnum og stoð- og stuðningsþjónustu. Hins vegar áframhaldandi þróun og innleiðing á tölvukerfinu Búi sem tekur við af núverandi málaskrá velferðarsviðs. Samhliða þessu mun teymið vinna að ýmsum umbótaverkefnum sem snúa að einföldun á skipulagi og ferlum og innleiðingu á nýjungum í þjónustu og velferðartækni.

Mannauðsþjónusta

Velferðarsvið leggur áherslu á jákvætt, hvetjandi og heilsueflandi starfsumhverfi sem eflir starfsgleði og frumkvæði starfsfólks sem ytir undir góða þjónustu við borgarbúa. Velferðarsvið vill stuðla að trausti og jafnræði í samskiptum milli starfsfólks með skýrum boðleiðum og virku upplýsingastreymi. Móttaka nýrra stjórnenda hefur verið styrkt og bætt með auknum stuðningi mannauðsráðgjafa, ítarlegri handbók og fræðslulínum í Torginu fyrir alla stjórnendur velferðarsviðs. Áframhaldandi innleiðing, þróun og nýjungar í ráðningar- og umsóknakerfi og innri vef, ásamt stafrænu fræðslukerfi, mun gagnast stjórnendum og starfsfólki sviðsins.

Öllu starfsfólki velferðarsviðs stendur til boða fjölbreyttir möguleikar til fræðslu og starfsþróunar. Með það að markmiði er lögd áhersla á framsækna fræðsluáætlun sem stjórnendur taka þátt í að móta, með óskir starfsfólks og þarfir vinnustaðarins að leiðarljósi. Á árinu 2026 verður áfram unnið að því að allt starfsfólk velferðarsviðs sækir sér fræðslu inn á Torginu þar sem öll eiga að geta sótt sér fræðslu hvenær og hvar sem er. Með tilkomu kerfisins er aðgengi að fræðslu og eftirfylgni í fræðslumálum aukið. Unnið verður að því að tryggja að allt starfsfólk velferðarsviðs fari í gegnum nauðsynlega fræðslu til að tryggja gæði og öryggi í þjónustu sviðsins og sérstaklega verður fylgst með því að allt starfsfólk sækir fræðslu sem skilgreind er sem skylda.

Farið verður í fræðsluáttak varðandi gerð vaktskráa til bæði starfsfólks og stjórnenda til að tryggja betri fyrirsjáanleika, öryggi og heilsu bæði notenda sem og starfsfólks og að jafnvægi vinnu og einkalífs verði í forgrunni. Fyrsti áfangi "Velferðarskólans" verður settur af stað þar sem gert verður ráð fyrir þróun náms frá algerrri grunnfærni starfsmanna í þjónustu við fólk í heimahúsum. Námið er hugsað til viðbótar annarri fræðslu sem velferðarsvið býður upp á. Markmið með náminu er að starfsfólk öðlist dýpri skilning á þörfum notenda og hæfni til að mæta þörfum þeirra með velferð notenda að leiðarljósi. Sótt verður í sjóði stéttarfélaga til að standa undir kostnaði við fræðsluáætlun sviðsins.

Á árinu 2026 verður unnið að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamlegt og öruggt vinnuumhverfi starfsfólks og settir verða á laggirnar starfshópar til að skoða sérstaklega starfsaðstæður og starfsumhverfi með það að markmiði að setja fram tillögur að úrbótum og aðgerðum. Stjórnendur hafa fengið fræðslu um viðverustjórnun ásamt geðheilbrigði á vinnustöðum og áfram verður unnið að því að styðja við stjórnendur í að innleiða ferla viðverustjórnunar á sínum vinnustöðum. Á árinu verður unnið að því að allt starfsfólk þekki viðverustefnu borgarinnar og þá verkferla sem unnið er eftir varðandi fjarveru starfsfólks.

Mannauðspjónustan mun veita markvissan stuðning til stjórnenda og sérstaklega til þeirra þar sem fjarvistir vegna veikinda eru miklar, með það að markmiði að draga úr veikindum og minnka veikindahlutfallið. Í gangi er vinna við að uppfæra mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar ásamt því að unnið er að nýrri stjórnendastefnu borgarinnar og mun innleiðing á þessum stefnum fara fram á árinu. Tilgangurinn er að gera vinnustaðinn enn betri og auka aðdráttarafl borgarinnar fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk, eins og segir í mannauðsstefnunni.

Unnið verður áfram að því að kynna stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi (EKKO) fyrir öllu starfsfólki og stjórnendum og meðal annars verður framboð á fræðslu um þessi mál aukið og hefur þetta fræðsluefni þegar verið birt í Torginu og víðar. Þá hefur fræðsla til starfsfólks í EKKO teymi velferðarsviðs verið eflað enn frekar og áfram verður unnið að frekari þjálfun og fræðslu til þeirra. Mannauðspjónustan ber ábyrgð á þessum málaflokki og að styðja við innleiðingu á EKKO stefnunni.

Innleiðing öryggis- og heilbrigðisáætlana á sviðinu fer fram í samræmi við Öryggisstefnu Reykjavíkurborgar og stuðningur við stjórnendur verður aukinn við að framfylgja lögbundnu vinnuverndarstarfi á sínum starfseiningum, við meðal annars öryggisúttektir, áhættugreiningar og áhættumat starfsstaða og þannig verður stuðlað að og byggt upp öruggara og heilsusamlegra starfsumhverfi alls starfsfólks.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Sviðsstjóri velferðarsviðs skipaði fjögurra manna starfshóp til að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á sviðinu, samkvæmt reglum um gerð fjárhagsáætlunar. Unnið er að því að skipa starfshóp utan um greiningu á vinnu og virkni hjá velferðarsviði og búið er að skipa starfshóp sem vinnur að greiningu á þjónustu við flóttafólk. Á árinu hefur verið unnið markvisst að greiningum á framkvæmd þjónustunnar. Búið er að leggja lokahönd á og skila greiningu á matsviðmiði sérstaks húsnæðisstuðnings.

Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé. Lagðar eru til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslum um jafnrétti kynjanna. Greiningar á þjónustupáttum sviðsins og niðurstöður rýningar hafa leitt í ljós að þjónusta hefur í megindráttum verið í samræmi við mismunandi þarfir kynjanna og jaðarsettra hópa.

Velferðarsvið hefur jafnréttisskimað og metið fjárfestingar- og fjárhagsáætlun sviðsins frá árinu 2018 og að auki eru allar tillögur til velferðarráðs jafnréttisskimaðar. Frá því að innleiðing hófst á árinu 2011 hefur velferðarsvið tekið fullan þátt og lokið rýningu allra þjónustupátta.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Fjárhæðir í m.kr.	Raun 2023	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Fjárhagsaðstoð				
Fjárhagsaðstoð - heildarkostnaður	4.545	4.328	4.746	3.823
Endurgreiðsla 15. gr. a og b - upphæð	-1.904	-1.491	-918	-570
Fjárhagsaðstoð til framfærslu - upphæð	1.468	1.740	2.620	2.160
Framfærsla vegna náms - upphæð	122	96	122	111
Aðrar heimildagreiðslur og átaksverkefni - upphæð	2.955	2.492	2.004	1.552
Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð alls	4.456	3.834	3.299	3.370
Sérstakur húsnæðisstuðningur				
Sérstakur húsnæðisstuðningur - heildarkostnaður	1.436	1.479	1.697	1.561
Sérstakur húsnæðisstuðningur - Samtals fjöldi	4.510	4.458	4.547	4.646
Almennur markaður - upphæð	654	657	764	865
Fjöldi á almennum markaði	2.373	2.309	2.355	2.406
Félagsbústaðir - upphæð	852	883	987	749
Fjöldi hjá Félagsbústöðum	2.199	2.227	2.255	2.304
Leiguíbúðir í eigu Félagsbústaða				
Fjöldi úthlutana	311	266	271	277
Fjöldi á biðlista í árslok	1.031	1.018	1.005	935
Fjöldi íbúða	3.100	3.140	3.190	3.265
Hjúkrunarheimili				
Fjöldi hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum	82	82	82	82
Heildarkostnaður - Droplaugarstaðir	1.903	2.028	2.071	2.045
Meðalkostn. á notað rými á dag (þ.kr.)	64	68	69	68
Framlag ríkissjóðs	-1.622	-1.747	-1.830	-1.807
Framlag ríkissjóðs á rými á dag á Droplaugarstöðum (þ.kr.)	-54	-58	-61	-60
Fjöldi hjúkrunarrýma í Seljahlíð	14	14	8	0
Heildarkostnaður - Seljahlíð hjúkrunardeild	450	398	405	0
Framlag ríkissjóðs	-306	-244	-270	0
Framlag ríkissjóðs á rými á dag (þ.kr.)	60	48	92	0

Fjárhæðir í m.kr.	Raun 2023	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Heimþjónusta				
Heimastuðningur - Heildarkostnaður	2.767	2.702	2.725	2.839
Heimastuðningur - Fjöldi heimila	3.434	3.384	3.452	3.526
Fjöldi vinnustunda í dagþjónustu fél. heimþjónustu	122.441	115.182	117.486	120.029
Heildarkostnaður heimahjúkrun	2.572	2.646	2.989	3.175
Heimahjúkrun - Fjöldi notenda	2.826	2.857	2.888	2.951
Stuðnings- og stoðþjónusta				
Heildarkostnaður	1.278	1.268	1.173	1.310
Stuðnings- og stoðþjónusta - Fjöldi notenda	416	410	418	427
Stoðþjónusta (Frekari liðveisla) - Heildarkostnaður	354	282	367	313
Stuðningsþjónusta (Liðveisla) - Heildarkostnaður	924	985	806	997
Stuðningsfjölskyldur - Heildarkostnaður	172	114	86	86
Stuðningsfjölskyldur - Fjöldi barna	221	152	155	158
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Heildarkostnaður	209	200	170	189
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Fjöldi barna	179	160	163	167
NPA				
Heildarkostnaður	1.630	2.212	2.339	2.445
Fjöldi samninga	34	42	44	44
Matarþjónusta				
Fjöldi notenda með heimsendan mat	1.005	951	970	991
Fjöldi heimsendra máltíða	120.771	112.426	114.675	117.157
Þjónusta við börn				
Fjöldi barnaverndartilkynninga	5.457	6.167	6.969	7.120
Heildarkostnaður við varanlegt fóstur	492	509	415	399
Fjöldi barna í varanlegu fóstri	162	159	156	156
Heildarkostnaður við tímab. fóstur og fóstur skv. 84 gr. bvl.	261	329	301	433
Fjöldi barna í tímab. fóstri og fóstri skv. 84 gr. bvl.	93	94	114	114

Til þjónustu reiðubúin!

Ráðstefna um opinbera
þjónustu

Gróska / 19.09.2024



ÞJÓNUSTA

ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ

STEFNULJÓS

Fólk í fyrsta sæti

Kjarni allrar okkar starfsemi miðar að því að einfalda fólki lífið. Öll þjónusta borgarinnar á að vera hönnuð út frá þörfum notenda hennar. Við vinnum saman sem samræmdur vinnustaður sem veitir heildstæða þjónustu upplifun gagnvart þeim sem til okkar leita.


Einu skrefi á undan

Við byggjum allt okkar starf á traustum grunni sérþekkingar. Við tökum greindar og gagnadrifnar ákvarðanir út frá fyrirliggjandi upplýsingum. Við hugsum nokkra leiki fram í tímann til að geta örugg tekist á við verkefni framtíðarinnar.

Aldrei hætta að þora

Við höfum hugrekkið til að taka af skarið og leiða breytingar í krefjandi aðstæðum. Við vinnum í skapandi umhverfi þar sem traust, endurgjöf og teymisstarf búa til nærandi jarðveg fyrir faglegan vöxt. Við erum fyrirmyndir í verki og leiðum með því að gera.

SKIPURIT




FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026

	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Rekstrartekjur	2.486.929	2.477.380	3.685.589
Tekjur samtals	2.486.929	2.477.380	3.685.589
Laun og launatengd gjöld	1.650.157	2.133.127	2.221.345
Annar kostnaður	5.447.447	4.925.941	6.014.333
Rekstrargjöld samtals	7.097.604	7.059.068	8.262.678
Rekstrarniðurstaða	4.610.675	4.581.688	4.577.088

STARFSFÓLK

	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Fjöldi stöðugilda	176	169	169
Eftir skrifstofum/ þjónustupáttum:	91	131	140
Miðlæg skrifstofa PON	7	7	8
Skrifstofa gagnþjónustu	3	10	9
Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu	29	35	37
Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur	6	31	29
Skrifstofa þjónustu og umbreytinga	30	34	39
Skrifstofa skjalastýringar	8	7	12
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	8	7	7
Færist á fjárfestingu:	85	38	29
Fjöldi starfsmanna vegna stafrænnar vegferðar og umbreytingu ferla*	81	38	29
Fjöldi starfa v. Bloomberg**	4	0	0

SKIPTING REKSTRAR 2026



HLUTVERK

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON) er eitt af þremur kjarnasviðum Reykjavíkurborgar. Meginhlutverk sviðsins er að annast skilgreinda innri og ytri þjónustu Reykjavíkurborgar og stuðla að nýsköpun í starfsemi hennar. Sviðið starfar þvert á fagsvið borgarinnar og ber til að mynda ábyrgð á upplýsingatækni, gagnastjórnun, nýsköpun, tæknilegum umbótum og þjónustu. Þá leiðir sviðið innleiðingu á gildandi þjónustustefnu- og upplýsingatæknistefnu Reykjavíkurborgar ásamt því að bera ábyrgð á rekstri stjórnsýslubygginga og fara með rekstur Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Sviðið gegnir lykilhlutverki í samhæfingu tækni-, gagna-, þjónustu- og rekstrarmála Reykjavíkurborgar og er borgaryfirvöldum til faglegar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Þjónusta við íbúa borgarinnar er í forgangi og því ert fjárfest í stafrænni umbreytingu, nýrri tækni og miðlægum innkaupum sem stuðla að hagræðingu í rekstri. Leiðarljósið er grænar áherslur, sjálfbærni til skemmri og lengri tíma, aukin skilvirkni og betri þjónustu. Verkefnin byggja á Græna planinu og taka jafnframt mið af breyttu efnahagsumhverfi. Lögð er rík áhersla á að færa starfsemi borgarinnar í nútímalegra horf með stafrænni umbreytingu og samræmdari nálgun í upplýsingagjöf og þjónustu við íbúa og fyrirtæki.

Í fjárhagsáætlun þjónustu- og nýsköpunarsviðs fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir óbreyttum fjárhagsramma, að undanskildum viðaukum vegna kjarasamninga og samningsbundinna skuldbindinga við þriðja aðila. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur vaxi á milli ára og skýrist það einkum af gjaldskrárhækkun skrifstofu upplýsingatækniþjónustu (UT-þjónusta) sem tekur mið af sömu breytingum og meginlínur rammaúthlutunar, þ.e. launahækkunum og verðbótum á samningsbundnar skuldbindingar við þriðja aðila. Breyting á rekstrargjöldum milli ára skýrist m.a. af kjarasamningsbundnum hækkunum, samningum við þriðja aðila sem taka mið af vísitölubreytingum eða gengi íslensku krónunnar, auk lækkunar á innri leigu.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Miðlæg skrifstofa ÞON:

Skrifstofan samanstendur af fjórum einingum: Mannauðsþjónustu, fjármálum og rekstri, deild ráðgjafar og deild stjórnsýslu og miðlunar.

Skrifstofan annast miðlæga umsjón með styrkjum úr borgarsjóði, þar á meðal þróun og viðhald reglna og viðmiða, umsóknar- og úthlutunarferla, faglega og gagnsæja afgreiðslu umsókna og miðlun upplýsinga til almennings. Í lýðræðismálum heldur skrifstofan utan um helstu samráðs-

verkefni borgarinnar sem efla þátttöku íbúa. Einnig annast skrifstofan fjárhagsáætlanir, bókhald, greiningar og eftirfylgni með rekstri, auk þess að tryggja hagkvæmni og gagnsæi í meðferð fjármuna. Mannauðsdeild sér um ráðningar, starfsþróun, fræðslu og launamál starfsfólks sviðsins og styður stjórnendur í mannauðsmálum.

Helstu verkefni ársins 2026 eru áframhaldandi rekstur fagraðs ásamt vinnu við stýri- og starfshópa sem eru á forræði skrifstofunnar. Einnig verður unnið að heildarendurskoðun styrkjamála með áherslu á einfaldari ferla, aukið gagnsæi og jafnræði umsækjenda. Þá verður lögð áhersla á íbúalýðræði, ráðgjöf og fræðslu, m.a. með nýjum lausnum sem styðja við samráð og samræmda miðlun regluverks borgarinnar.

Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur:

Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur samanstendur af verkefnastofu, vef- og vörustýringardeild, teymi stafrænna leiðtoga og teymi verkefnaumsýslu og gæða. Hún ber ábyrgð á verkefnaráði og verkefnaskrá sviðsins og sér um umsýslu verkefnastjórnunar. Verkefnaráð forgangsraðar fjárfestingum í stafrænum lausnum.

Lögfræðingar skrifstofunnar veita ráðgjöf um innkaup á tækni- og hugbúnaði og um persónuvernd í tengslum við fjárfestingaverkefni. Í ljósi fyrirhugaðra skipulagsbreytinga þarf að endurmeta staðsetningu lögfræðiteymisins.

Stafrænir leiðtogar starfa á öllum sviðum borgarinnar en heyra rekstrarlega undir skrifstofuna. Þeir styðja fagsvið borgarinnar í stafrænni vegferð með greiningu, mótun og framkvæmd verkefna í samráði við yfirstjórnir. Laun þeirra, líkt og lögfræðinga og annarra sem sinna miðlægrri þjónustu, eru innheimt í gegnum rekstrarlíkan ÞON.

Verkefnastofa stýra stafrænum verkefnum. Í því felst þarfagreining, innkaup og innleiðing á tækni- eða hugbúnaðarlausnum. Verkefnastjórar skipa verkefnahópa í samstarfi við eigendur lausna hverju sinni.

Vef- og vörustýringardeild sér um þróun og viðhald vefsvæða borgarinnar í samstarfi við upplýsingatækniþjónustu. Miðlægi vefurinn, reykjavik.is, hýsir flestar veflausnir borgarinnar og er skilgreindur sem kjarnavara í rekstri. Sameining vefja hefur aukið öryggi, mælanleika og bætt þjónustuviðmót. Míнар síður, sem tóku við af Rafrænni Reykjavík, hafa styrkt rafræna þjónustu og helstu áherslur 2026 eru áframhaldandi þróun lykillausna.

Vörustjórar taka við hugbúnaðarlausnum í rekstri og bera ábyrgð á framþróun þeirra. Þeir koma í veg fyrir tækniskuld og tryggja stöðuga þróun. Laun og þróunarkostnaður eru innheimt í gegnum rekstrarlíkan ÞON. Eftirspurn eftir vörustjórum er meiri en framboð og því þarf að fjölga í hópnum.

Skrifstofa þjónustu- og umbreytinga:

Innan skrifstofunnar starfa tvær deildir. Framlínubjónustan sér um þjónustu við íbúa, fyrirtæki, gesti og starfsmenn borgarinnar í gegnum síma, netspjall, tölvupóst og ábendingavef, auk móttöku í Höfðatorgi og Ráðhúsinu. Áhersla er á að hámarka nýtingu nýrra kerfa sem styðja

við þjónustuna, þar á meðal gervigreindarspjallmenni á vefnum, JIRA þjónustubeiðnakerfi og Qualtrics þjónustumælingar, sem tryggja skilvirkni, sjálfvirkni og aukið gegnsæi.

Deild umbreytingar vinnur með sviðum og stofnunum borgarinnar að þróun og innleiðingu þjónustustefnu og samþykktum Græna plansins um stafræna umbreytingu með áherslu á heildstæða þjónustuupplifun íbúa. Þar starfa þrjú teymi. Þjónustuupplifun leggur áherslu á mælingar og greiningu með Qualtrics, sem er innleitt víðsvegar í borgarkerfið í samstarfi við sérfræðinga og eigendur þjónustu. Stafræn vöruhönnun þróar og viðheldur Hönnu hönnunarkerfinu og stuðlar að endurnýtingu hönnunarpátta í samræmi við þróun þjónustu borgarinnar. Þjónustuhönnun vinnur að sjálfbærni hönnunar með fræðslu, stuðningi og þátttöku í umbreytingarverkefnum auk áframhaldandi þróunarstarfs.

Að lokum heldur vörustjórnun innanhússlausna áfram að þróast eftir því sem vörusafnið stækkar, með áherslu á samræmda ferla, verkflæði og aukna samlegð milli lausna.

Skrifstofa gagnapjónustu:

Skrifstofa gagnapjónustu leiðir endurhugsun á framsetningu gagna borgarinnar með áherslu á stafrænt aðgengi og gagnsæi. Markmiðið er að tryggja einfaldar, skiljanlegar upplýsingar fyrir alla íbúa og skapa sameiginlegan grunn fyrir greiningar og gagnadrifna ákvarðanatöku.

Á árinu 2026 heldur skrifstofan áfram þróun á stafrænum gagnavörum. Þar má helst nefna:

- Uppbyggingu gagnalandslags borgarinnar með heildstæðri nálgun á ferla, samræmdu verklagi og traustu gagnastreymi, sem er lykilforsenda fyrir notkun gervigreindar.
- Áframhaldandi þróun á miðlægu gagnavöruhúsi til að einfalda aðgengi að rekstrargögnum og tryggja að greiningar byggist á sameiginlegum grunni.
- Innleiðingu öryggisflokunar og aðgangsstýringar gagna í samræmi við tilmæli ríkisins.
- Frekari þróun Gagnahlaðborðs Reykjavíkur með nýjum gagnasögum, auknu aðgengi almennings að opnum gagnasöfnum og möguleika á tengingu í gegnum API.
- Rekstur og dreifingu þjóðskrárgagna úr einum miðlægum grunni og smíði nýrra gagnapípa.
- Útleiðingu gagnavinnslustöðvar ásamt þeim reiknilíknum, greiningum og gervigreindarmódelum sem þar keyra.
- Þróun fleiri mælaborða í PowerBI.

Auk þess mun skrifstofan gegna lykilhlutverki í innleiðingu gervigreindar í starfsemi borgarinnar, þar með talið fræðslu, þjálfun og ráðgjöf um notkun gagna og gervigreindarlausna.

Skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar:

Skrifstofan ber ábyrgð á faglegri skjalastjórn Reykjavíkurborgar, framkvæmd skjalastefnu og endurskoðun reglna og fræðslu. Hún sinnir skjalamálum borgarinnar, veitir daglega þjónustu í skráningu, skönnun og afgreiðslu gagnabeidna og er tengiliður borgarinnar við Þjóðskjalasafn Íslands. Á árinu 2026 verður megináhersla á stafræna þróun og samþættingu upplýsingakerfa. Innleiðing Hlöðunnar heldur áfram í grunn- og leikskólum og hjá undirstofnunum velferðarsviðs í samræmi við áætlanir. Önnur verkefna verða:

- Samræmd skjalapjónusta og ráðgjöf fyrir starfsfólk borgarinnar.
- Innleiðing og samþætting Hlöðunnar við SharePoint og DAM.

- Aðgerðaáætlanir um bættu rafræna skjalavörslu og afhendingu til Þjóðskjalasafns.
- Eftirlit og skjalastjórnun innan og utan skjalakerfa, með aukna áherslu á gagnageymslur og rafræna þökkun skjala.
- Frágang pappírsskjalasafna til varðveislu og afhendingar.
- Undirbúningur fyrir afhendingu rafrænna gagna 2027–2030.

Markmið verkefnanna er að einfalda ferla og fækka handtökum starfsfólks. Með því er stuðlað að skilvirkri og öruggri stjórnsýsla þar sem ákvarðanir byggjast á traustum gögnum og skjöl eru varðveitt og aðgengileg í samræmi við lög og reglur.

Skrifstofa upplýsingatæknipjónustu:

Skrifstofan stendur frammi fyrir þeirri áskorun að halda uppi ásættanlegu þjónustustigi og öryggi innan óbreytts fjárhagsramma, þrátt fyrir að umfang tæknirekstrar hafi aukist verulega. Rekstrarútgjöld vegna nets, hýsinga, skýjalausna, fjarskipta og eftirlitsmyndavéla hafa margfaldast á síðustu árum ásamt því að ný verkefni s. ut anumhald 800 eftirlitsmyndavéla hafa bæst við. Á sama tíma hefur öryggisþörf aukist vegna fjölbreyttra netögna.

Á næstu misserum þarf skrifstofan að undirbúa rekstur mikilvægra kerfa, þar á meðal nýs fjárhags-, mannauðs- og launakerfis, sem kallar á enn meiri þjónustukröfur. Til þess að ná að halda sér innan útgefins fjárhagsramma þá hefur skrifstofan dregið úr verktöku, frestað innkaupum og umbótaverkefnum, aðgerðir eins og að draga úr verktöku, fresta innkaupum og umbótaverkefnum.

Gert er ráð fyrir auknum tekjum inn á rekstur Höfðatorgs vegna húsgjalda og auknum tekjum á rekstur Ráðhúss vegna hlutdeildar Bílastæðasjóðs í kostnaði vegna bílastæðakjallara hússins m.v. árið 2025.

Borgarskjalasafn:

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur þann 7. mars 2023 var ákveðið að verkefni Borgarskjalasafns Reykjavíkur og safnkostur þess yrði færður til Þjóðskjalasafns Íslands og í kjölfarið Borgarskjalasafn lagt niður í núverandi mynd. Á fundi menningar- og viðskiptaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og Þjóðskjalasafns Íslands þann 24. apríl 2023 var Þjóðskjalasafni falið að setja af stað vinnu í samvinnu við Borgarskjalasafn til að greina stöðu verkefna Borgarskjalasafns og gera tillögu að aðgerðaráætlun um tilfærslu verkefna og safnkosts þess til Þjóðskjalasafns.

Samkvæmt aðgerðaráætlun, dags. 14. júní 2023, sem nú er unnið eftir eru meginverkefni Borgarskjalasafns nú að undirbúa safnkost þess til yfirfærslu og flutnings til Þjóðskjalasafns Íslands.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Markmið PON með kynjaðri starfs- og fjárhagsáætlunargerð er að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda leiði til jafnra tækifæra íbúa borgarinnar óháð kyni, aldri, menntun eða stöðu þeirra í samfélaginu. Áhersla er lögð á að öll eigi sama rétt á þjónustu óháð kyni, fötlun, aldri, þjóðerni, uppruna, hinseginleika eða annarrar félagslegrar stöðu. Jafnréttisskimun er orðin sjálfsgæður hlutur í ákvörðunarferli um ný verkefni auk þess sem byggt er á niðurstöðum skimunar við forgangsörðun fjármagns í stafrænni vegferð og uppbyggingu upplýsingatækniinnviða. Auk þess hefur eftirfarandi jafnréttismarkmið verið skilgreint fyrir sviðið: Fólk er í fyrsta sæti hvort sem um ræðir þjónustupega eða starfsfólk. Á árinu 2026 verður unnið út frá samþykktri áætlun um greiningu á þjónustupáttum, með tilliti til dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins. Sá hluti þjónustunnar sem verður greindur að þessu sinni er Hlaðan, mála- og skjalavistunarkerfi Reykjavíkurborgar.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2022	Raun 2023	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Skrifstofa þjónustu og umbreytinga					
Fjöldi samtala	93.149	87.374	84.550	65.000	70.000
Fjöldi netsamtala	12.362	13.415	16.320	17.500	6.500
Fjöldi ábendinga	16.735	11.740	12.240	13.500	12.000
Fjöldi tölvupósta	-	23.168	26.250	5.000	0
Fjöldi útgefinna rafrænna skilríkja	-	-	-	250	250
Samtöl við vefaðstoð	-	-	-	7.500	10.000
Fjöldi afgreiddra beiðna	-	-	-	50.000	24.000
Fjöldi heimsóknna í þjónustuver í Borgartúni	12.290	13.843	5.400	6.000	5.000
Rekstrarþjónusta stjórnsýsluhúsa					
Seldar máltíðir í mótuneyti Ráðhúss	17.834	17.283	18.000	18.000	18.000
Seldar máltíðir í mótuneyti Höfðatorgs	63.239	71.674	68.000	72.000	78.000
Fjöldi viðburða í Ráðhúsi	80	73	80	80	80
Fjöldi viðburða í Höfða	23	17	40	20	40
Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu					
Þjónustuborð - Fjöldi samtala	23.890	22.306	25.000	23.000	23.000
Fjöldi afgreiddra verkbeiðna	42.161	43.398	44.000	44.250	44.250
Fjöldi útstöðva - Borðtölvur	1.192	1.152	800	1.000	250
Fjöldi útstöðva - Fartölvur	4.599	4.525	4.800	6.200	6.600
Fjöldi útstöðva - Spjaldtölvur og Chromebook	10.500	11.000	12.000	12.000	14.500
Fjöldi nettengdra prentara	734	748	550	400	629
Fjöldi skráðra virkra notenda í kerfum	29.612	30.926	31.000	30.800	32.000
Fjöldi þráðlausra senda	1.920	2.120	3.000	2.450	2.500
Fjöldi netskipta og beina	1.018	1.033	1.250	1.100	1.155
Skrifstofa skjalastýringar					
Fjöldi mála stofnuð í GoPro brunnum	4.195	4.184	3.500	1.000	100
Fjöldi skráðra skjala í GoPro brunnum	41.353	38.486	30.000	10.000	1.000
Fjöldi mála stofnuð í Hlöðunni	11.927	12.025	15.000	16.000	18.000
Fjöldi skráðra skjala í Hlöðunni	105.464	173.429	180.000	190.000	200.000
Fjöldi afgreiddra dagskráliða	-	-	6.624	4.070	5.000
Fjöldi funda ráða og nefnda	-	-	445	222	450
Skrifstofa gagnþjónustu					
Fjöldi gagnavara í rekstri	14	24	18	20	30
Fjöldi vefheimsókna - gagnavörur	695.508	439.635	150.000	170.000	490.000
Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur					
Fjöldi heimsókna á vefinn Reykjavik.is	2.010.414	3.091.473	2.110.935	2.533.122	3.166.402
Fjöldi heimsókna á enska hluta Reykjavik.is	-	329.042	484.652	520.000	600.000
Fjöldi vefja í eigu Reykjavíkurborgar	121	78	90	25	20
Vörur í stýringu Saas		19	22	25	30
Fjöldi nýrra ferla	46	5	0	5	15
Fjöldi endurskoðaðra ferla	4	24	50	15	70
Borgarskjalasafn					
Hillumetrar af móttæknum skjölum	167	210	0	0	0
Fjöldi fyrirspurna	1.054	1.715	1.200	1.350	600

FJÁRFESTINGAÁÆTLUN ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐS 2026

Stafræn umbreyting nær til allrar starfsemi Reykjavíkurborgar og felur í sér samstarf allra sviða til þess að mæta þjónustubörf íbúa og fyrirtækja borgarinnar á skilvirkan máta og svara kröfu um aukna áherslu á sjálfbærar lausnir og öryggi upplýsingatækniinnviða. Fjárfestingaráætlun sviðsins skiptist því í:

1. Hugbúnað og ný upplýsingakerfi.
2. Vöruþróun og stafvæðing ferla
3. Stjórnsýsluhúsin
4. Upplýsinga- og gagnastýringu.
5. Notendabúnað og öryggi upplýsingatækniinnviða.

Verkefnaráð sviðsins heldur utan um stýringu verkefnanna. Í ráðinu sitja sviðsstjóri ÞON ásamt skrifstofustjórum þjónustu og umbreytingar, upplýsingatækniþjónustu, og stafrænnar Reykjavíkur ásamt verkefnaskrárstjóra sem er starfsmaður ráðsins. Verkefnaráð hefur það hlutverk að meta verkefni sem óskað er eftir að séu framkvæmd út frá stefnum og áherslum sviðsins ásamt því að tryggja að fjárfestingar séu virðisaukandi og í samræmi við heildaráherslur og stefnur borgarinnar hverju sinni. Verkefnaskrá ÞON er stjórtæki ráðsins og því er ætlað að stuðla að betri yfirsýn allra helstu hagsmunaaðila og felur það í sér skráningu, forgangsörðun og aðhald með framgangi verkefna.

Nánnar um verkefni á fjárfestingaráætlun 2026

Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi

Stafrænir leiðtogar safna saman áskorunum og verkefnatillögum hvers sviðs og fá samþykki yfirstjórnar. Verkefnin eru síðan lögð fyrir verkefnaráð í samráði við verkefnaskrárstjóra sem metur þau faglega og skorar þau samkvæmt matslíkaninu Fylkið. Stafrænt ráð forgangsraðar tillögum með heildarhagsmunum borgarinnar að leiðarljósi.

Öll verkefni á fjárfestingaráætlun eru skráð í verkefnaskrá, sem veitir yfirsýn yfir ábyrgðaraðila, verkefnastjóra, fjárheimildir, stöðu og væntar afurðir.

Á árinu 2026 hefst vinna við þrjú meginkerfi borgarinnar: mannauðs-, launa- og bókhaldskerfi. Verkefnin fela í sér umfangsmikinn undirbúning, útboð, innkaup og innleiðingu og munu standa fram til ársins 2027. Með þeim fylgja helstu áhættuþættir stórra hugbúnaðarverkefna, einkum útboðsferli, samræming við þarfir notenda og mögulegar kærur í útboðsferlinu.

Verkefni vegna mótuneytishugbúnaðar heldur áfram og verður lokið á árinu; það hefur víðtæk áhrif á öll mótuneyti borgarinnar. Jafnframt verður reynt að koma til móts við óskir sviða um minni hugbúnaðarlausnir.

Vöruþróun og stafvæðing ferla

Vöruþróun getur verið ein lausn við áskorunum sem svið og þjónustueigendur borgarinnar standa frammi fyrir. Vörusafn sérsníðna lausna hefur byggst upp á síðustu árum og inniheldur m.a. Mínar síður, þjónustugátt íbúa og þjónustuþega, Búa – þjónustuviðmót starfsmanna, Bjargey, Hverfasjá, Ráðgjafann, Veitu o.fl. Áhersla er á samnýtingu og endurnýtingu þannig að nýjar lausnir séu þróaðar innan ramma núverandi kerfa.

Á árinu 2026 verður meginþunginn í þróun velferðarlausna, s.s. Ráðgjafans/VelferðarBúa, Skólaþjónustu/SkólaBúa og Veitu. Jafnframt verður áfram unnið að grunn- og stoðvirkni Minna síðna til að efla sambættingu, gagnaöryggi og sjálfvirkni, auk ófyrirséðra verkefna sem forgangsraðað verður í gegnum fjárfestingaferlið.

Stjórnsýsluhúsin

Deild rekstrarþjónustu sér um alla þjónustu við rekstur bygginganna og þjónar sem tengiliður á milli starfseininga við birgja þegar á þarf að halda. Þannig stýrir rekstrarþjónustan og styður við allar framkvæmdir, viðhald og öryggismál í stjórnsýsluhúsunum. Síðustu ár hefur verið unnið mikið átak í öryggismálum ráðhúsi í gegnum sérstakar átaksverkefni að beiðni borgarstjóra og borgarritara. Þörf er á að fara í sambærilegar aðgerðir vegna skrifstofuhúsnæðis að Borgartúni 8-16a. Jafnframt er þörf á myndavélum til vöktunar í Höfða og Tjarnargötu 12. Rekstur mötuneyta fellur einnig undir deild rekstrarþjónustu og stendur til að bæta aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra í mötuneyti ráðhúss og auknir nýtingarmöguleikar aðstöðu. Þá er talsvert af tækjum og búnaði vegna framreiðslu og reksturs mötuneytis í Ráðhúsi er komið á tíma varðandi endurnýjun. Tímabært er að fara í endurnýjun húsbúnaðar í fundarherbergjum Ráðhúss og Borgartúns 8-16a. Talsverður fjöldi fundarstóla er kominn á endurnýjunarþörf, bæta þarf hljóðvist og fríska þarf upp á þónokkur fundarherbergi. Þörf er á að bæta aðstöðu til frágangs og flokkunar sorps sem fellur til við rekstur húsanna dag hvern. Bæta þarf loftflæði, kælingu, aðstöðu og fráveitu bæði í Ráðhúsi og Borgartúni 8-16a.

Upplýsinga- og gagnastýring

Gagnþjónustan er leiðandi í að endurhugsa framsetningu gagna borgarinnar út frá stafrænu aðgengi fyrir öll. Gott aðgengi að auðskiljanlegum upplýsingum stuðlar að samfélagslegri inngildingu fyrir fólk óháð samfélagsstöðu auk þess sem aukið aðgengi að gögnum til greininga gefur tækifæri á fjölbreyttari og betri þjónustu fyrir alla íbúa borgarinnar. Verkefni gagnþjónustunnar eru öll unnin eftir því leiðarljósi að hanna framsetningu gagna út frá fjölbreyttum aðgengiskröfum til að stuðla að gagnsæi og skýrleika í kerfinu og auðveldar gagnadrifna ákvarðanatöku, einnig tryggjum við heildrænt útlit og framsetningu gagna þvert á alla miðla borgarinnar. Fleiri spálíkön og önnur gervigreindarlíkön munu líta dagsins ljós, sérstaklega ef vel tekst til með áframhaldandi vinnu við uppbyggingu gagnalandslags borgarinnar sem verður áfram eitt stærsta og viðamesta fjárfestingaverkefni gagnaþjónustunnar árið 2025.

Notendabúnaður og öryggi upplýsingatækniinnviða

Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu sér um fjárfestingarklasann Notendabúnaður og öryggi upplýsingatækniinnviða, stærstur hluti fjármagnsins er nýttur í kaup á notendabúnaði (s.s. Tölvur, spjaldtölvur, skjávarpa, sjónvörp o.fl.) Mikið kapp er lagt á að ná sem mestu hagræði úr magninnkaupum þó án þess að sitja á of stórum lager. Síðustu ár hefur mikið mætt á að ná sem mestu úr þessu fjármagni fyrir þá aukningu á tækjabúnaði sem hefur verið í grunnskólum borgarinnar og eftir mikið átaksverkefni (Stafræn Gróska) er sá tækjabúnaður sem aukið var um í grunnskólastarfi kominn á endurnýjun. Þá hefur umfang á netrekstri aukist til muna og meiri kröfur gerðar um öryggi og sveigjanleika. Mikil vinna hefur verið framkvæmd til að koma netrekstri í nútímalegt horf og mikilvægt að missa þann ávinning ekki niður. Miklar tækniframfarir eru framundan varðandi netrekstur (t.d. Wifi7) sem mikilvægt er að halda í við með reglulegum uppfærslum á netbúnaði.


Öryggi upplýsingatækniinnviða er alltaf áskorun og efla þarf alla vöktun á þeim í rekstri til að tryggja viðbragð og ásættanlegt þjónustustig. Netöryggi þarf að efla til að uppfylla og innleiða staðla á borð við NIS2 reglugerð Evrópusambandsins í samstarfi við aðila á borð við CERT-IS.

Fræðslu við öryggismál er svo ávallt ábátavant þar sem helsta áhættan felst í að gerð séu mistök í notkun. Reglulegar athuganir á tæknumhverfi borgarinnar sýna að mikil vinna er framundan í að fræða starfsfólk um þær áhættur og áskorun sem geta falist í notkun á tækninni.



SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU

SKIPURIT



HLUTVERK

Miðlæg stjórnsýsla samanstendur af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, skrifstofu borgarstjórnar, borgarlögmanni, mannréttindaskrifstofu, skrifstofu samskipta og viðburða og Innri endurskoðun og ráðgjöf. Miðlæg stjórnsýsla sinnir fjölbreyttum verkefnum, samhfæingu og eftirliti innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir stefnumörkun og ákvörðunum borgarstjórnar og borgarráðs og greiðir fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum bæði inn á við og út á við. Miðlæg stjórnsýsla þjónustar borgarstjóra, fylgir eftir samræmingu persónuverndar, fer með alla umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, fer með fyrirsvar um lögræðileg málefni, veitir stjórnendum óháða ráðgjöf, sér um samskipti og heldur utan um viðburðarstjórnun á helstu viðburðum borgarinnar, metur og gerir ýmsar úttektir, sér um innleiðingu miðlægrar stefnumörkunar, þ.m.t. Græna plansins. Þá sinnir miðlæg stjórnsýsla samskiptum við B-hluta fyrirtæki og byggðasamlög ásamt ýmsum fleiri miðlægum verkefnum.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026


	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Rekstrartekjur	172.262	139.940	77.807
Tekjur samtals	172.262	139.940	77.807
Laun og launatengd gjöld	1.918.070	1.951.970	1.978.309
Annar kostnaður	549.890	589.844	592.239
Rekstrargjöld samtals	2.467.960	2.541.814	2.570.547
Rekstrarniðurstaða	2.295.698	2.401.874	2.492.740

STARFSFÓLK

	Raun 2024	Esk. áætlun 2025	Áætlun 2026
Fjöldi stöðugilda	71,7	74,6	69,3
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Borgarlögmaður	9,3	10,5	10,2
Innri endurskoðun og ráðgjöf	10,2	13,0	10,4
Mannréttindaskrifstofa	10,6	11,5	7,0
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara (SBB)	35,1	20,9	19,9
Skrifstofa borgarstjórnar (SBS)	6,6	7,0	7,0
Skrifstofa samskipta og viðburða	-	11,8	14,8

*Rauntölur 2024 taka mið af skipulagi þess árs, áhrifin á skipulagsbreytingum 2025 eru því ekki í þeim tölum.

SKIPTING REKSTRAR 2025



EMBÆTTI BORGARLÖGMANNNS

Borgarlögmaður heyrir beint undir borgarstjóra samkvæmt skipuriti Reykjavíkurborgar og er einn staðgengla hans, sbr. 6. mgr. 73. gr. samþykktar nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, með síðari breytingum.

Borgarlögmaður er í fyrirsvari fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar um lögfræðileg málefni. Borgarlögmaður hefur með höndum málflutning og aðra réttargæslu ásamt samningsgerð fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Þá fer borgarlögmaður með fyrirsvar vegna krafna um skaðabætur og kjarasamningsbundnar slysabætur sem beint er gegn Reykjavíkurborg og annast uppgjör þeirra. Borgarlögmaður annast enn fremur lögfræðilega ráðgjöf á sviði innkaupamála.

Megin áherslur í fjárhagsáætlun embættis borgarlögmanss árið 2026 eru hinar sömu og langtímaáherslur þess til ársins 2030, þ.e. að tryggja að embættið hafi faglega og fjárhagslega

getu til að rækja hlutverk sitt hjá og fyrir Reykjavíkurborg og sé í stakk búið að veita þá þjónustu og vinna þau verkefni sem því er falið með fullnægjandi hætti. Um þessar mundir eru engar breytingar fyrirhugaðar í starfsemi embættis borgarlögmans sem geta haft veruleg áhrif á útgjöld eða þjónustu sviðsins.

Dómstólar:

Borgarlögmaður fer með fyrirsva og réttargæslu fyrir hönd Reykjavíkurborgar og stofnana hennar fyrir dómstólum. Þar á meðal fer borgarlögmaður með fyrirsva fyrir hönd Reykjavíkurborgar vegna barnaverndarmála og lögræðismála en um er að ræða flýtimeðferðarmál sem hlaupa á tugum mála árlega. Áfram er búið við mikilli vinnu við málflutning en almenn einkamál reynast sífellt flóknari og umfangsmeiri og útheimta þannig meira vinnuframlag af hálfu starfsfólks embættisins. Sér í lagi hefur orðið mikil aukning á fjölda almennra einkamála er varða velferðarþjónustu og á sviði fasteignarréttar sem og í því að umrædd dómsmál séu flutt á öllum dómstigum.

Eftirlits- og úrskurðaraðilar: Á meðal verkefna borgarlögmans er að veita ráðgjöf á sviði opinberra innkaupa, þ. á m. við innkaupa- og framkvæmdaráð, auk þess að fara með fyrirsva fyrir hönd Reykjavíkurborgar vegna mála sem rekin eru fyrir kærunefnd útboðsmála. Jafnframt fer borgarlögmaður með fyrirsva fyrir Reykjavíkurborg vegna frumkvæðismála, kvartana eða mála sem eru til umfjöllunar hjá umboðsmanni Alþingis, Eftirlitsstofnun EFTA og kærunefnd jafnréttismála.

Lögfræðileg ráðgjöf og stjórnsýslumál: Umfangsmikill þáttur í starfsemi embættis borgarlögmans er lögfræðileg ráðgjöf til borgarstjórnar, borgarráðs, innkaupa- og framkvæmdaráðs, borgarstjóra og annarra innan stjórnkerfis og stofnana Reykjavíkurborgar, auk yfirlesturs skjala, skjalagerð og samningsgerð fyrir Reykjavíkurborg.

Skaðabætur og kjarasamningsbundnar slysaftryggingar: Borgarlögmaður fer með uppgjör slysabóta og skaðabóta á grundvelli kjarasamninga Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélag starfsfólks Reykjavíkurborgar. Að jafnaði eru árlega á annað hundrað slík mál til meðferðar hjá embætti borgarlögmans. Af þeim eru mál um afgreiðslu skaðabóta vegna líkamstjóns á grundvelli ákvæða kjarasamnings (8.5.1 mál) flóknari og umfangsmeiri en um mat og uppgjör slíkra krafna gilda almennar reglur skaðabótaréttarins.

Þá hefur embætti borgarlögmans með höndum afgreiðslu mála sem varða slysaftryggingar barna eða endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa barna sem verða í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar. Auk þess veitir borgarlögmaður umsagnir vegna krafna sem gerðar eru í ábyrgðartryggingu Reykjavíkurborgar hjá hlutaðeigandi vátryggingarfélagi hverju sinni.

Að öðru leyti en hér greinir að framan taka verkefni embættis borgarlögmans mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Meginmarkmið starfsemi embættis borgarlögmans er að gæta hagsmuna Reykjavíkurborgar í hvívetna og að veita vandaða lögfræðilega ráðgjöf um alla þætti starfsemi og stjórnkerfis Reykjavíkurborgar.

Yfirlit mála sem borist hafa borgarlögmanni

Málategund	2018 og fyrir	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025*	2025 áætluð heild	Í vinnslu	Lokið 2025
Almenn mál	90	198	190	150	121	151	140	93	124	36	28
Barnaverndarmál		36	48	38	40	31	21	30	39	10	29
Hæstaréttarmál		4	0	6	6	2	2	0	0	0	0
Landsréttarmál		28	51	54	50	50	56	34	42	15	36
Lögræðismál	33	84	104	106	114	138	130	85	113	2	85
Önnur dómsmál		23	16	19	17	17	27	13	18	15	13
Útboðs- og innkaupamál		50	63	67	27	20	21	9	10	10	0
Slysátryggingar	42	78	78	92	133	121	125	113	150	23	53
Slysátryggingar barna	5	1	1	2	2	3	0	1	1	5	1
8.5.1 mál		8	7	2	3	9	6	10	13	5	3
Skaðabótamál (ábyrgðartrygging)	7	16	16	13	12	18	13	3	4	6	2
Samtals	177	526	574	549	525	560	541	391	514	127	250

*1. janúar -1. október
2025

INNRI ENDURSKOÐUN OG RÁÐGJÖF

Innri endurskoðandi fer með stjórn Innri endurskoðunar og ráðgjafar og er hann ráðinn af borgarráði að fenginni umsögn endurskoðunarnefndar. Hann er engum háður í sínum störfum og nýtur faglegs sjálfstæðis gagnvart allri stjórnsýslu borgarinnar.

Hlutverk innri endurskoðunar er að veita stjórnendum faglega og óháða ráðgjöf, meta og gera úttektir á virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarhátta með það að markmiði að bæta rekstur og stjórnsýslu.

Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með störfum innri endurskoðanda og leggur mat á gæði og skilvirkni í störfum skrifstofunnar og fjárhag hennar.

Viðfangsefni sem snúa að innri endurskoðun taka til allrar samstæðu Reykjavíkurborgar, þ.m.t. hjá A hluta Reykjavíkurborgar, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs., Orkuveitu Reykjavíkur sef. og dótturfélögunum Carbfirx, Veitum, ON og Ljósleiðara, Félagsbústöðum hf., Faxaflóahöfnum sf. og Malbikunarstöðinni Höfða hf. Auk þess hefur skrifstofan eftirlit með gæðum innri endurskoðunar hjá SORPU bs. og Strætó bs. Jafnframt tekur Innri endurskoðun og ráðgjöf á móti gögnum og upplýsingum í gegnum sérstaka uppljóstrunargátt um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi og annast mál í samræmi við lög um vernd uppljóstrara nr. 40/2020.

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA

Mannréttindaskrifstofa framfylgir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stendur vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, og stjórnmálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Mannréttindaskrifstofa vinnur með mannréttindaráði Reykjavíkurborgar og fylgir eftir ákvörðunum þess. Mannréttindaráð fer með verkefni í jafnréttismálum, ofbeldisvörnum og í málefnum eldra fólks (öldungaráð) fatlaðs fólks (samráðshópur um málefni fatlaðs fólks) innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn. Starfsfólk skrifstofunnar vinnur að undirbúningi funda með ólíkum hagsmunaaðilum og tryggir að þau mál sem snúa að lögformlegu samráði öldungaráða og notendaráðs fatlaðs fólks komi til umsagna og kynningar á fundi mannréttindaráðs. Einnig fylgir mannréttindaskrifstofa eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við ráðið og eflir samráð innan og utan borgarinnar í þeim málaflokkum sem stefnan nær til. Á mannréttindaskrifstofu er fylgt eftir aðgerðaáætlunum í mannréttinda- og ofbeldisvarnarmálum. Verkefnið Saman gegn ofbeldi er vistað á mannréttindaskrifstofu og Regnbogavottun Reykjavíkurborgar er á ábyrgð skrifstofunnar. Margskonar fræðsla fer einnig fram á skrifstofunni. Mannréttindaskrifstofa fylgir eftir aðild Reykjavíkurborgar að fjölmeningarborgum (Intercultural Cities), Nordic Safe Cities, Regnbogaborgum (Rainbow Cities), og Skjólborgarverkefninu (ICORN).

SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRNAR

Skrifstofa borgarstjórnar fer með alla umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, sem og ýmsar aðrar nefndir. Skrifstofan heldur utan um og ber ábyrgð á þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar. Hún veitir kjörnum fulltrúum lögfræðilega ráðgjöf og fræðslu og hefur umsjón með kjörum þeirra og starfsaðstöðu. Einnig veitir skrifstofan nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf, s.s. lögfræðilega ráðgjöf á sviði fundarskapa, ritun fundargerða og stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á að samþykktir um stjórn borgarinnar og samþykktir fyrir einstök ráð og nefndir séu í samræmi við lög og reglur, auk þess sem hún annast framkvæmd allra almennra kosninga í Reykjavík. Þá er undirbúningur og meðferð umsagna Reykjavíkurborgar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða á verksviði skrifstofunnar, sem og erlend samskipti borgarstjórnar. Skrifstofan sér um birtingu fundargagna og fundargerða borgarstjórnar og borgarráðs, auk beinna útsendinga af fundum borgarstjórnar og vistun og birtingu umræðna á netinu.

Á árinu 2026 verður kosið til borgarstjórnar og heldur skrifstofa borgarstjórnar utan um framkvæmd þess verkefnis sem og að taka á móti nýjum borgarfulltrúum og kveðja þá sem ljúka störfum. Í upphafi nýs kjörtímabils er í mörg horn að líta við að tryggja nýrri borgarstjórn farsælt upphaf. Á árinu er gert ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem afgreidd eru í borgarráði og með embættisafgreiðslum skrifstofu borgarstjórnar en málafjöldi hefur haldist nokkuð jafn á

yfirstandandi kjörtímabili. Að sama skapi er gert ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem fara til umfjöllunar í borgarstjórn. Eitt af meginverkefnum skrifstofunnar er að auka og bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum af vettvangi nefnda og ráða, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar, auk þess sem haldið verður áfram að bæta rafrænt aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar, borgarráðs og fagráða. Skjalavistunarkerfið Hlaðan hefur nú verið innleitt auk fundargerðakerfi en enn er unnið að því að sníða vankanta af kerfinu og tengja það við kerfi sem annast birtingu fundargagna á vef, svokölluðum „Saltfiski“ til að auðvelda opinbera birtingu dagskrár og fundargagna við boðun funda. Árið 2026 er gert ráð fyrir að breytingum á sal borgarstjórnar m.a. vegna uppsetningu á endanlegum fjarfundabúnaði og önnur atriði sem tengjast upptökum, útsendingum og streymi á fundum borgarstjórnar, verði lokið. Áfram verður unnið að vistun á upptökum borgarstjórnarfunda á vef Reykjavíkurborgar og verður áhersla lögð á að bæta rauntímatextun og leitarmöguleika í umræðum og fundargerðum ásamt öðrum endurbótum á síðu borgarstjórnar í beinni. Skrifstofa borgarstjórnar mun á árinu fylgja úr garði vinnu við endurskoðun á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg sem og endurskoðun á umgjörð rekstrarleyfi veitinga- og gististaða í mikilli samvinnu við byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa, heilbrigðiseftirlit og slökkvilið. Áfram verður unnið að þróun verkferla í málaflokknum og lögð áhersla á að viðhalda vandaðri málsmeðferð og bæta leiðbeiningar og þjónustu við rekstraraðila enn frekar.

SKRIFSTOFA SAMSKIPTA OG VIÐBURÐA

Skrifstofa samskipta og viðburða var stofnuð 1. júní 2025 og starfar innan miðlægrar stjórnsýslu. Skrifstofan sér um þjónustu þvert á starfsemi borgarinnar á sviði efnisgerðar, miðlunar og fjölmiðlasamskipta, heldur utan skipulag stærstu hátíða borgarinnar, ber ábyrgð á miðborgarmálum, hagsmunum Reykjavíkurborgar í tengslum við ferðaþjónustu og framleiðslu kynningar og fræðsluefnis.

Skrifstofan gegnir leiðbeinandi hlutverki í samskipta og markaðsmálum og heldur utan um vörumerkið Reykjavík, gefur út vörumerkjahandbók, stílbók og leiðbeiningar um samskipti starfsfólks við fjölmiðla og notkun samfélagsmiðla. Með breytingum sem samþykktar voru í borgarráði í maí 2025 voru stöðugildi upplýsingafulltrúa á fagsviðum flutt miðlægt á skrifstofu samskipta og viðburða. Þjónusta við fagsvið verður áfram aðallega hjá upplýsingafulltrúum með sérþekkingu á viðkomandi málaflokkum en möguleikar til fjölbreyttrar miðlunar og til þess að bæta við slagkrafti þegar þörf er á aukast. Þá eru töluverð samlegðaráhrif á nýtingu starfsfólks þegar kemur að viðburðahaldi í borginni þar sem á álagstímum dreifast verkefni á stærri hóp starfsfólks.

Árið 2026 verður fyrsta heila starfsár skrifstofunnar. Búast má við áframhaldandi fjölbreyttum verkefnum á sviði samskipta og miðlunar þar sem mikil eftirspurn er eftir framleiðslu á margvíslegu fræðsluefni fyrir starfsfólk og íbúa, og krafa um miðlun upplýsinga á skýran og tímanlegan hátt hefur síst dvínað á síðustu árum.

Viðburðir verða að mestu leyti með hefðbundnu sniði 2026 en á hverju ári eru einhverjar breytingar auk þess sem krafa er um að viðhalda líflegri dagskrá yfir sumar og jólatíma sem hefur bæst við verkefni viðburðateymis eftir áttak á Covid-tímum í nánú samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið. Fjárframlag til hátíða hefur ekki hækkað í mörg ár en að sama tíma hefur kostnaður aukist þannig að erfitt er að koma til móts við kröfur íbúa um hátíðahald í stækkandi borg. Í ágúst verður almyrkvi sjáanlegur á Íslandi og er Reykjavík og höfuðborgarsvæðið einn af þeim stöðum á landinu sem hann mun sjást sem lengst. Þúist er við fjölda ferðafólks til borgarinnar á þessum tíma og má gera ráð fyrir að íbúar og aðrir safnist saman á ákveðnum stöðum þar sem best mun sjást til himins og almyrkvinn varir lengst. Óljóst er hver kostnaður Reykjavíkurborgar verður vegna öryggisráðstafana, kynningar og fræðslumála tengt þessum viðburði en ekki er gert ráð fyrir neinum útgjöldum vegna almyrkvans í fjárhagsáætlun 2026.

Aukin krafa er um efnisgerð og framleiðslu efnis til að miðla upplýsingum til borgarbúa og starfsfólks. Þar má nefna gerð myndbanda um öryggismál á einstaka starfsstöðum og annars konar fræðsluefni auk kynningarefnis um nýjungar í þjónustu borgarinnar.

Þó samlegðaráhrif séu vissulegu töluverð, hefur flutningur miðborgarmála og mál tengd ferðaþjónustu í Reykjavík einnig aukið álag á starfsfólk skrifstofunnar en engin fjölgun varð á starfsfólki við breytingarnar sem tóku gildi í júní 2025.

SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRA OG BORGARRITARA

Borgarstjórinn í Reykjavík er framkvæmdastjóri og æðsti yfirmaður Reykjavíkurborgar. Borgarritari er einn af staðgenglum borgarstjóra og æðsti embættismaður borgarinnar að undanskildum borgarstjóra.

Starfsáætlun skrifstofu borgarstjóra og borgarritara byggir á þeirri hugmyndafræði sem sett er fram í fjármálastefnu og fjárfestingarstefnu Reykjavíkurborgar og grunngildum Reykjavíkurborgar um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu, fyrirsjáanleika og gagnsæi sem birtast í skýrum og mælanlegum markmiðum.

Hlutverk skrifstofunnar er að þjónusta borgarstjóra, undirbúa borgarstjóratillögur inn í borgarráð, innleiða og fylgja eftir verkefnum þvert á borgina og undirbúa samræmda stefnumörkun Reykjavíkurborgar.

Helstu verkefni SBB:

- Ber ábyrgð á að þjónusta borgarstjóra sem framkvæmdastjóra, æðsta yfirmann Reykjavíkurborgar og sem opinberan fulltrúa borgarinnar
- Ber ábyrgð á og fylgir eftir innleiðingu Græna plansins
- Ber ábyrgð á samræmdri stefnumörkun Reykjavíkurborgar
- Ber ábyrgð á eftirfylgni persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga
- Innleiðing og eftirfylgni lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar
- Ber ábyrgð á utanhaldi um neyðarstjórn og gerð viðbragðsáætlana
- Ber ábyrgð á samstarfi við atvinnulífið og þróun slíks samstarfs

- Ber ábyrgð á innleiðingu alþjóðastefnu Reykjavíkur og þátttöku í innlendum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum á sviði rannsókna og nýsköpunar

Gildi skrifstofunnar eru *fagmennska, þjónusta og samvinna*.

Leiðarljós skrifstofunnar: *Við erum framsækin, veitum áreiðanlega þjónustu og sinnum verkefnum okkar af fagmennsku.*

Tvö teymi starfa á SBB:

Þjónusta og stjórnsýsla - Þjónusta og stuðningur við borgarstjóra í hlutverki sínu sem framkvæmdastjóri, æðsti yfirmaður Reykjavíkurborgar og sem opinber fulltrúi borgarinnar. Í því felst ábyrgð á almennri þjónustu við borgarstjóra og dagskrá hans, ábyrgð á undirbúningi mála fyrir borgarráð og önnur fagráð Reykjavíkurborgar ásamt úrvinnslu og eftirfylgni mála sem skrifstofunni er falið á þeim vettvangi, ábyrgð á svörun, utanumhaldi og eftirfylgni erinda sem berast úr stjórnkerfi borgarinnar, frá einstaklingum, fyrirtækjum, samtökum og öðrum stjórnvöldum.

Verkefnateymi – Sérhæfð verkefnastofa sem heldur utan um ýmis áherslu- og umbótaverkefni í Reykjavík. Umsjón og ábyrgð á áherslum Græna plansins í samvinnu við fagsvið og áhersluverkefnum borgarstjóra hverju sinni. Tengiliður atvinnulífsins við borgina þegar kemur að atvinnuþróun og ákveðnu alþjóðasamstarfi og rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum. Þá starfar verkefnastjóri lýðheilsu á SBB sem vinnur að þróun og framkvæmd verkefna á sviði lýðheilsu.

Jafnframt er persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar staðsettur á SBB sem hefur hefur samræmingarhlutverk og ber ábyrgð á að fylgja eftir persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Á árinu 2026 er gert ráð fyrir talsvert minna umfangi og rekstri á starfsemi SBB því 13. maí 2025 voru samþykktar í borgarráði breytingar á stjórnskipulagi eigna- og viðhaldsstjórnunar og skipulags- og byggingarferla. Í kjölfarið var teymi atvinnu- og borgarþróunar lagt niður og hluti verkefna fært til umhverfis- og skipulagssviðs. Á grunni eldra teymis hefur byggt upp nýtt teymi sem sinnir skilgreindum áhersluverkefnum í nánu samstarfi við önnur svið og skrifstofur. Þá var lögfræðiteymi einnig fært frá SBB til USK. Megináherslur í fjárhagsáætlun SBB fyrir árið 2026 verða að öðru leyti með sambærilegum hætti og fyrir árið 2025. Lykilatriði er að halda á fram að veita framsækna og áreiðanlega þjónustu og sinna verkefnum af fagmennsku.

NOKKRAR LYKILTÖLUR

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	Raun 2024	Útksp 2025	Áætlun 2026
Stjórnsýsluerindi	232	444	520
Mál til vinnslu í borgarráði	227	220	235
Fyrirspurnir, umsagnir og tillögur úr borgarráði og öðrum ráðum	22	24	25
Erindisbréf starfshópa borgarstjóra og borgarritara	19	25	27

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Undir sameiginlegum kostnaði eru færðir ýmsir kostnaðarliðir sem eru sameiginlegir fyrir innri starfsemi Reykjavíkurborgar eða falla ekki með beinum hætti undir starfsemi fagsviða. Um er að ræða styrki og ýmis framlög, sérstök framlög vegna atvinnumála, rekstur miðlægra tölvukerfa, innheimtukostnað skatttekna, sameiginlegan launa- og starfsmannakostnað, breytingar lífeyrisskuldbindinga og ýmis önnur útgjöld. Þar á meðal er vistað fjármagn til ófyrirséðra útgjalda.

Styrkir og ýmis framlög eru áætluð um 846 m.kr. Þar af eru 650 m.kr. vegna afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum. Styrkir borgarráðs nema um 13 m.kr. Lýðheilsusjóður nemur um 20 m.kr. hverfissjóður nemur um 10 m.kr. og ýmsar samningsbundnar greiðslur um 152 m.kr.

Framlög til atvinnumála eru áætluð um 75 m.kr. Þar af verði um 60 m.kr. varið til atvinnu-átaksverkefna og 15 m.kr. til atvinnuþróunar og sóknaráætlunar.

Rekstur miðlægs tölvukerfis. Rekstur bókhalds, upplýsinga og launakerfa er áætlaður um 1.193 m.kr. Þar af er rekstur miðlægs bókhaldskerfis 60 m.kr., rekstur fjármálakerfa 5 m.kr., rekstur miðlægs mannauðskerfis 79 m.kr., rekstur miðlægs launakerfis um 163 m.kr. og rekstur miðlægra upplýsingakerfa 885 m.kr.

Innheimtukostnaður skatttekna og fasteignamatsskrá. Innheimtukostnaður skatttekna er áætlaður 1.262 m.kr. Þar af er innheimtukostnaður staðgreiðslu áætlaður 782 m.kr. en útgjöld nema 0,5% af brúttó útsvarstekjum og greiðast til Fjársýslu ríkisins sem annast innheimtu útsvarsins. Útgjöld vegna fasteignamatsskrár eru áætluð 430 m.kr. en þau eru greidd til Þjóðskrár sem heldur utan um fasteignamat og er 0,006% af fasteignamati. Innheimtukostnaður vegna fasteignaskatta er áætlaður 50 m.kr.

Starfsmannakostnaður. Undir liðinn launa og starfsmannakostnaður eru vistað miðlægt útgjöld sem eiga eftir að færast til fagsviða samtals 1.349 m.kr. Þar eru m.a. áætluð útgjöld vegna ýmissa samninga sem hreyfast með útgjöldum Reykjavíkurborgar á einkareknum stofnunum grunnskóla, leikskóla og velferðarúrræða og vegna áhrifa kjarasamninga á árinu 2026. Slysabætur eru áætlaðar 185 m.kr. Breytingar á orlofsskuldbindingum er áætlað 330 m.kr.

Kosningar. Búið er að gera ráð fyrir fjármagni vegna sveitarstjórnarkosninga á árinu 2026 að upphæð 250 m.kr.

Ýmis kostnaður er áætlaður 6.124 m.kr. Þar af hefur verið tekið frá fjármagn af liðnum ófyrirséð; sem nemur 3.129 m.kr. vegna verkefna sem ekki eru farin af stað eða kostnaðarmat ekki ljóst. Má þar m.a. nefna opnun nýrra leikskóla og uppbyggingar á búsetuúrræðum. Áætlaðar eru um 2.734 m.kr. í innri leigu áhalda og tækja, sem er annars vegar hluti af leigu Ráðhúss og hins vegar innri leiga hugbúnaðar. Áætlað er að verja 55 m.kr. til reksturs Höfða

og 59 m.kr. við Umdæmisráð barnaverndar. Kostnaður við ytri endurskoðun er áætlaður 26 m.kr. og 25 m.kr. við endurskoðunarnefnd. Tryggingar eru áætlaðar 30 m.kr. móttökur og viðburðir 26 m.kr. Nýsköpunarsjóður námsmanna 15 m.kr. og ýmis önnur mál 22 m.kr.

Breyting lífeyrisskuldbindinga. Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum nemi 2.795 m.kr. árið 2026. Að auki eru gjaldfærðar 385 m.kr. af fyrirfram greiddu uppgjöri við Brú lífeyrissjóð. Vísað er í umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar í greinargerð fjármálasviðs um frumvarp að fjárhagsáætlun.

FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins árið 2026 eru áætluð 1.736,6 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að rekstrarframlag verði 1.639 m.kr. framlag til Almanna- og fjarfestingasjóðs verði 25,6 m.kr. og framlag í fjárfestingasjóð verði 71,4 m.kr.

Áætlun Slökkviliðsins gerir ráð fyrir að rekstrarframlög eigenda árið 2026 nemi 2.939 m.kr. að 47,5 m.kr. fari til Almanna- og fjarfestingasjóðs.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda miðar við hlutfall íbúa 1. desember ár hvert. Hjalögð tafla lýsir skiptingu framlaga miðað við áætlun Slökkviliðsins. Nánari lýsing á fjárhagsáætlun Slökkviliðsins fyrir árið 2026 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

Framlög eigenda 2026 (p.kr)	Hlutfallsleg skipting m.v. íbúafjölda	Rekstrarframlag	Framlag til Almanna- og fjarfestingasjóðs	Framlag til fjárfestingasjóðs	Samtals framlög
Reykjavíkurborg	56%	1.639.582	25.631	71.407	1.736.620
Kópavogur	16%	473.070	7.395	20.603	501.068
Hafnarfjörður	13%	372.466	7.395	16.222	396.083
Garðabær	8%	237.669	3.715	10.351	251.735
Mosfellsbær	6%	162.042	2.533	7.057	171.632
Seltjarnarnes	2%	54.171	847	2.359	57.377
Kjósarhreppur	0%	0	56	0	56
Samtals	100%	2.939.000	47.572	127.999	3.114.571

STRÆTÓ BS.

Heildarframlag Reykjavíkurborgar til Strætó BS. eru áætluð 3.964 m.kr. Þar af er almennt rekstrarframlag 3.898 m.kr. og framlög vegna póntunarpjónustu, landsbyggðarstrætó á Kjalarnes og næturstrætó 66.276 m.kr. Í áætlun Strætó er gert ráð fyrir að hefðbundin rekstrarframlög eigenda nemi 8.823 m.kr.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda er fundin út með hlutfallslegri kostnaðarskiptingu, sem tilgreind er í eigendasamkomulagi. Taflan lýsir skiptingu á framlögum sveitarfélaga miðað við áætlun Strætó.

Framlög eigenda 2026 (p.kr)	Hlutfallsleg skipting	Samtals framlög 2026
Reykjavíkurborg	61%	3.898.219
Kópavogur	13%	844.217
Hafnarfjörður	10%	652.622
Garðabær	8%	503.648
Mosfellsbær	5%	341.495
Seltjarnarnes	2%	107.956
Samtals	100%	6.348.157



B-HLUTA FYRIRTÆKI



FAXAFLÓAHAFNIR SF.

SKIPURIT



LEIÐARLJÓS

Faxaflóahafnir sf. verði leiðandi fyrirtæki í hafnarþjónustu, þróun hafnarinnviða og lands og þróist áfram sem öflug alþjóðleg viðskipta- og þjónustumiðstöð. Faxaflóahafnir nýti náttúru- og staðarkosti, eignir fyrirtækisins og þekkingu starfsmanna í þágu atvinnulífs og viðskipta verði leiðandi og til fyrirmyndar í öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum og að vinna að stöðugum umbótum í því skyni að auka öryggis, heilbrigðis- og umhverfisvitund starfsmanna, viðskiptavina og þjónustuaðila sinna og þannig lágmarka áhættu starfseminnar.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026-2030

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	2025Á	2025Ú	2026Á	2027Á	2028Á	2029Á	2030Á
Sala á vörum og þjónustu	6.521	6.929	6.952	7.099	7.277	7.459	7.645
Rekstrargjöld	-4.646	-4.703	-4.952	-5.086	-5.213	-5.343	-5.477
EBITDA	1.875	2.226	2.000	2.014	2.064	2.115	2.168
Afskriftir	-949	-927	-1.167	-1.230	-1.305	-1.373	-1.423
EBIT	925	1.300	833	784	759	742	746
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	120	208	62	-41	-107	-208	-260
Óreglulegir liðir (Sala eigna)		3			600		
Rekstrarniðurstaða	1.045	1.510	895	743	1.252	534	486

Líðandi ár hefur skilað nokkurri aukningu tekna, m.a. í vörugjöldum, með nýjum samningum við stóriðju á Grundartanga, auk þjónustuliða tengdum farþegaskipum. Að auki var augin eftirspurn eftir dráttabátaþjónustu en vonskuveður fyrstu mánuði ársins auk stórra skemmtiferðaskipa kalla á aukna þjónustu þeirra.

Rekstrargjöld hækka óverulega og ber helst að nefna að rekstrarverkefni geta hreyfst á milli tímabila en að auki hefur aukið kostnaðareftirlit verið að skila sér.

Útkomuspá ársins gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði 2.226 m.kr. í stað 1.875 m.kr. í samþykkttri áætlun. Þessi útkomuspá er lögð til grundvallar áætlunargerð næsta árs með breytingum sem taldar eru upp hér á næstu síðum.

Helstu óvissupættir sem ekki er tekið tillit til en vert er nefna:

- Útreikningar vegna reksturs á farþegamiðstöð liggja ekki fyrir og því er gert ráð fyrir sömu forsendum og 2025
- Áhrif skattabreytinga á skemmtiferðaskip
- Aukin rafmagnssala vegna landtenginga í gömlu höfninni
- Krafa Reykjavíkurborgar um yfirtöku á lífeyrisskuldbindingum er enn til skoðunar hjá lögmanni

STARFSFÓLK

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	2025Á	2026Á
Fjöldi starfsmanna	80	81
Fjöldi stöðugilda	79,6	80,6
Stöðugildi eftir þjónustupáttum		
Stjórnendur	7	7
Hafnarþjónusta	40	40
Innviðasvið	16	16
Hliðgæsla	5	5
Framkvæmdasvið	5	6
Skrifstofa	7	7

Á árinu 2025 var aukning um eitt stöðugildi hjá félaginu. Gert er ráð fyrir aukningu um eitt stöðugildi á árinu 2026. Áhersla hefur verið lögð á símenntun starfsfólks í liðum sem snúa að öryggismálum auk þess að styrkja það í færni á nýjum kerfum og nýrri tækni.

Helstu forsendur launaútreikninga:

- Meginbreyta forsenda útreikninga snúa að 3,5% launahækkun sem tekur gildi 1. janúar 2026. Sú hækkun er ofan á grunnlaunaflokka í launtöflu félagsins en stærsti hluti launa greiðist eftir launatöflu sem stighækkar eftir starfsaldri.

Aðrar breytur sem gætu haft áhrif á launakostnað:

- Ákvörðun um rekstur á farþegamiðstöð - hluti vinnu framkvæmd af Faxaflóahöfnum en í stað aðkeyptra verktaka (í dag)
- Eingreiðslur / yfirvinna vegna óvissu með farþegamiðstöð

SKIPTING REKSTRAR 2025


Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	2025Á	2025Ú	2026Á	2027Á	2028Á	2029Á	2030Á
Vörugjöld	1.797	1.871	1.890	1.941	1.989	2.039	2.090
Aflagjöld	258	245	240	247	253	259	266
Skipagjöld	1.028	950	983	970	994	1.019	1.044
Farþegagjald	139	154	159	164	168	172	176
Eignatekjur	1.462	1.410	1.421	1.460	1.496	1.533	1.572
Hafnarþjónusta	1.152	1.545	1.477	1.517	1.555	1.594	1.634
Skimun	185	227	235	241	247	254	260
Siglingavernd	500	527	545	560	574	588	603
Tekjur samtals	6.521	6.929	6.952	7.099	7.277	7.459	7.645

Í áætlun 2026 er gengið út frá útkomuspá 2025 og stuðst við forsendur Reykjavíkurborgar um verðlagsþróun.

Helstu breytur tekna á komandi ári

- Vörugjöld - Vöruflutningar, nýir samningar við stóriðju á Grundartanga skila auknum tekjum en gert er ráð fyrir samdrætti í magni í flutningum almennt.
- Aflagjöld - Kvóti dregst saman milli fiskveiðiára, gert er ráð fyrir örlitlum samdrætti.
- Skipagjöld - Færri skipakomur farþegaskipa fyrirséðar á næstu árum.
- Eignatekjur – Gert er ráð fyrir lækkun (innköllun á lóðum og breytt nýting á húseignum í útleigu) en forsendur þær sömu – lóðarleiga sbr. fasteignamat og húsaleiga sbr. BVT.
- Hafnarþjónusta -Lægri tekjur verði af dráttarbátum en vonskuveður á árinu 2025 kallaði á auka þjónustu. Gert er ráð fyrir að svipuð eftirspurn verði á þjónustur hafnarþjónustu.
- Siglingavernd - Reiknuð stærð af vöruflutningum og farþegafjölda og breytist í takt við þær.


Hlutfall milli rekstrartekjuflokka 2026 [m.kr.]



Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	2025Á	2025Ú	2026Á	2027Á	2028Á	2029Á	2030Á
Laun og tengd gjöld	2.020	2.050	2.179	2.238	2.294	2.351	2.410
Rekstrarkostnaður	2.318	2.266	2.372	2.436	2.497	2.560	2.624
Stjórnun	309	387	401	411	422	432	443
Gjöld samtals	4.646	4.703	4.952	5.086	5.213	5.343	5.477

Helstu breytur gjalda á komandi ári

- Ný farþegamiðstöð verður tekin í notkun á árinu 2026 en rekstrarforsendur liggja ekki fyrir
- Eingreiðslur / yfirvinna vegna óvissu með farþegamiðstöð
- Laun hækka 1. janúar 2026 um 3,5% en sú hækkun er ofan á grunnlaunaflokka í launatöflu félagsins en stærsti hluti launa greiðist eftir launatöflu sem stighækkar eftir starfsaldri
 - Gert er ráð fyrir aukningu um eitt stöðugildi á árinu 2026.



HLUTVERK

Meginhlutverk Faxaflóahafna sf. er að vera drifkraftur viðskipta- og atvinnulífs á Faxaflóa-svæðinu, að skapa virði í samfélaginu með þróun hafnarinnviða og hafnarsvæða og að veita skilvirka þjónustu við skip.

Framtíðarsýn Faxaflóahafna er að vera meðal fremstu hafna í Norður-Atlantshafi og með áherslu á uppbyggingu hafnarinnviða styrkja Faxaflóahafnir samkeppnisstöðu Íslands. Faxaflóahafnir eru grænar, öruggar og skilvirkar hafnir með sjálfbærni að leiðarljósi. Skipulagning svæða er með grænum áherslum fyrir fjölbreytt samfélag og nýsköpun í hafn-sækinni starfsemi. Stefnuáherslur félagsins styðja við hlutverk og framtíðarsýn.

STEFNUÁHERSLUR

Öruggar hafnir

Fyrirmynd í öryggi og öflug hafnavernd þar sem markvíst er unnið að því að koma í veg fyrir slys, umhverfis- og eignatjón.

Grænar hafnir

Forysta í loftslags- og umhverfismálum í hafnsækinni starfsemi. Faxaflóahafnir eru kolefnishlutlausar í eigin rekstri.

Skilvirkar hafnir

Þróa hafnarinnviði sem stuðla að skilvirkri og snjallvæddri þjónustu við skip og aðra viðskiptavini.

Mannauður

Framsækin og eftirsóttur vinnustaður þar sem mannauður þróast til að takast á við tækifæri og áskoranir til framtíðar.

Markmið sem styðja við stefnuáherslur Faxaflóahafna

Koma í veg fyrir slys og tjón	Bæta úrgangsstjórnun	Snjallvædd starfssemi	Þróun mannauðs
Auka nýtingu auðlinda	Snjallvædd þjónusta	Auka umhverfisvitund	Bæta loftgæði í kringum hafnir
Bæta vinnustaðamenningu	Auka kolefnisjöfnun	Tryggja öfluga hafnavernd	Auka hlutfall umhverfisvænnar orku

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsáætlun ársins 2026, ásamt tilheyrandi langtímaáætlun, er leiðarljós fyrirtækisins í þróun og verkefnum. Stærri verkefni á vegum Faxaflóahafna sf. munu standa yfir um nokkurn tíma og miða að því að bæta aðstöðu, auk endurnýjunar mannvirkja, sem ætlað er að sinna þjónustu við skip og fyrirtæki til lengri tíma. Þættir sem hafa áhrif á þessar áætlanir eru m.a. nýjar þarfir, breyttar aðstæður, opinbert regluverk, þróun vöruflutninga, stærð og fjöldi skipa, auk breytinga á starfsemi fyrirtækja á landi Faxaflóahafna. Umhverfismál og sjálfbærni hafa sífellt meira vægi í okkar samfélagi. Faxaflóahafnir sf. vilja vera leiðandi í þessum málaflokkum og munu rekstur og framkvæmdir félagsins bera þess merki. Sérgreind viðhaldsverkefni undir rekstri ráðast af forgangsöröðun á hverju ári, en þau nema um 5-10% af rekstrartekjum fyrirtækisins. Framkvæmdir áráanna 2026 – 2030 byggir á þeirri fjárfestingaáætlun sem liggur fyrir.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Rekstur Faxaflóahafna sf. felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna.

Faxaflóahafnir munu áfram kappkosta að veita örugga og skilvirka hafnarþjónustu. Auk þess þróar fyrirtækið land og lóðir og viðheldur hafnarvirkjum og öðrum eignum.

Aukin áhersla er á umhverfisþætti og loftslagsmál þar sem áfram verður unnið að því að koma upp búnaði til landtengingar flutningaskipa og farþegaskipa í höfnum Faxaflóahafna. Mikil áhersla á öryggismál er og verður í allri starfsemi fyrirtækisins og stöðugt verið að vinna í málaflokknum. Einnig er aukin áhersla lögð á upplýsingatækni og snjalllausnir til að tryggja skilvirkni, jafnt í rekstri sem í þjónustuþáttum fyrirtækisins og verður sýnileg á næstu árum.

Framundan eru mikilvæg fjárfestinga- og viðhaldsverkefni sem munu skapa verðmæti og jákvæð samfélagsáhrif fyrir fyrirtækið og eigendur þess. Fjárhagsáætlun 2025 og fjárfestingaráætlun 2026 – 2030 bera merki viðspyrnu og framsækni til hagsbóta fyrir alla hagaðila Faxaflóahafna.

FRAMLÖG (Á við um byggðasamlög)

Engin framlög voru til rekstrar eða fjárfestinga.

FJÁRFESTINGAR

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	2025Á	2025Ú	2026Á	2027Á	2028Á	2029Á	2030Á
Helstu verkefni							
Farþegaaðstaða Skarfabakka	1.600	2.000	900	0	0	0	0
Dýpkun Viðeyjarsunds	700	5	800	0	0	0	0
Akranes, Aðalhafnargarður	500	620	20	0	0	0	0
Nýr dráttarbátur	300	2	300	1.100	600	0	0
Landtengingar Skarfabakka, þróun	200	15	350	220	1.200	0	0
Vatnagarðar, þróun	150	3	10	10	100	700	700
Tangabakki 2. áfangi, hækkun baksvæðis	100	605	0	0	0	0	0
Sjóvarnir Örfirisey	100	50	100	100	100	0	0
Flotbryggja og aðstaða hafnsögubáta	100	1	100	300	0	0	0
Tangabakki 1. áfangi. Hækkun bakka	100	2	100	400	0	0	0
Nýjar kerbrota- og flæðigryfjur á vestursvæði	80	105	20	0	0	0	0
Endurnýjun lýsingar, LED væðing	55	130	70	60	0	0	0
Sundabakki, 2. áfangi	20	17	100	700	1.000	800	0
Nýtt hafnarhús	45	11	100	500	1.000	850	0
Tangabakki 4. áfangi, lengdur til suðvesturs	0	0	0	0	100	900	900
Landfylling við Norðurgarð	0	0	0	0	10	500	1.000
Önnur verkefni	325	213	780	1.100	1.265	995	1.075
Samtals	4.375	3.779	3.750	4.490	5.375	4.745	3.675
Samtals áætluð fjárfesting	3.063	3.779	2.625	3.143	3.763	3.321	2.573

Fjárfestingaáætlun Faxaflóahafna var samþykkt með fyrirvara á stjórnarfundum 26. september 2025 en ekki er gert ráð fyrir að breytingar muni vera gerðar á henni.

- Fjárfestingar taka hér þó aðeins mið af því að 70% verkefna náist á hverju ári. Þetta er gert til að stilla af arðgreiðslur og fyrirbyggja uppsöfnun sjóðs umfram þarfir. Sjá nánar í yfirlit um efnahag og sjóðsstreymi.

Útkomuspá 2025 gerir ráð fyrir að fjárfestingar ársins verði 3.779 m.kr. í stað 4.375 m.kr. skv. áætlun en þó hærra en gert var ráð fyrir eða 3.063 m.kr. Helstu fjárfestingar ársins eru:

- Bygging nýrrar farþegamiðstöðvar á Skarfabakka
- Lenging Aðalhafnargarðs á Akranesi
- Hækkun á baksvæði Tangabakka á Grundartanga

Á Grundartanga hófst uppbygging nýrra flæðigryfja. Iðjuverin á svæðinu bera stærstan hluta kostnaðar við verkið en FFH mun bera 20% af heildarkostnaði þess.

Frávik frá áætlun má aðallega rekja til þess að leyfisveitingar fyrir dýpkun í Viðeyjarsundi drógust enn á langinn og eru enn í vinnslu. Ekki var ráðist í innkaup á nýjum bát eins og til stóð. Hins vegar var ráðist í stærra verk en upphaflega var gert ráð fyrir á Grundartanga, þ.e. hækkun og frágang á baksvæði Tangabakka sem var mun stærra en áætlað var. Framvinda við byggingu farþegamiðstöðvar á Skarfabakka hefur verið góð og tókst að vinna upp tafir sem urðu árið 2024.

Helstu fjárfestingar árið 2026 eru:

Gamla höfnin

Á árinu 2026 er gert ráð fyrir framkvæmdum við aðkomu að Ægisgarði. Þar verður komið upp torgsvæði og sleppisvæði fyrir minni rútur, auk þess sem settir verða djúpgámar fyrir svæðið. Einnig er áætlað að halda áfram með lagfæringar og hækkun á sjóvarnargarði í Örfirisey.

Sundahöfn

Áætlað er að framkvæmdir við byggingu farþegamiðstöðvar ljúki á árinu 2026. Jafnframt er vonast til að leyfi fáið fyrir fyrirhuguðum dýpkunum í Sundahöfn þannig að hægt verði að hefja þær framkvæmdir haustið 2026. Þá verður hönnun á 2. áfanga Sundabakka sett af stað ásamt undirbúningi verksins.

Áfram verður unnið að þróun Vatnagarða og undirbúningi landtenginga við Skarfabakka. Haldið verður áfram með hönnun og undirbúning á nýju Hafnarhúsi auk undirbúnings á nýrri flotbryggju fyrir hafnsögubáta við Skarfavör.

Grundatangi

Á árinu 2026 verður ráðist í undirbúning og hönnun á hækkun 1. áfanga Tangabakka, þar sem eldri hluti bakkans er lægri en nýrri hlutinn. Þetta hefur valdið vandkvæðum þegar flæðir inn á bakkann í vondum veðrum.

Akranes

Á árinu 2026 er áformað að setja upp sjálfsafgreiðslulausnir fyrir vatn og rafmagn á bryggjum á Akranesi. Með þessu eykst skilvirkni í afgreiðslu báta og skipa.

Annað

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 er gert ráð fyrir undirbúningi á kaupum á nýjum dráttarbat til að auka öryggi við móttöku skipa. Þá verður áfram haldið með endurnýjun lýsingar á svæðum Faxaflóahafna með það að markmiði að draga úr orkunotkun og ljósmengun.

EFNAHAGUR

Efnahagsreikningur [m.kr.]	2024	2025Á	2025Ú	2026Á	2027Á	2028Á	2029Á	2030Á
Eignir								
Fastafjármunir								
Fjárfestingar		3.063	3.779	2.625	3.143	3.763	3.321	2.573
Sala eigna			(2)					
Afskriftir		(949)	(927)	(1.167)	(1.230)	(1.305)	(1.373)	(1.423)
Eignir samtals	15.047	15.554	15.047	17.897	19.355	21.268	23.725	25.675
Fastafjármunir samtals	15.047	17.668	17.897	19.355	21.268	23.725	25.673	26.825
Áhættufjármunir og langtímakröfur:								
Eignahlutir í félögum	70	79	69	69	69	69	69	69
Langtímakröfur								
Eignir samtals	15.117	17.747	17.966	19.424	21.337	23.795	25.742	26.895
Veltufjármunir								
Skammtímakröfur:								
Óinnheimtar tekjur	415	349	415	415	415	415	415	415
Aðrar skammtímakröfur					0	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	12	0	0	0	0	0	0	0
Handbært fé	4.821	1.594	2.323	1.166	505	179	508	944
Veltufjármunir samtals	5.248	1.943	2.738	1.580	920	593	923	1.359
Eignir samtals	20.365	19.690	20.704	21.004	22.257	24.388	26.665	28.253
Skuldir og eigið fé								
Eigið fé								
Hagnaður tímabils		1.045	1.510	895	743	1.252	534	486
Greiddur arður		(1.169)	(1.169)	(595)	(590)	(521)	(457)	0
Óráðstafað eigið fé	19.691	19.253	19.691	20.031	20.331	20.483	21.214	21.291
Eigið fé samtals	19.691	19.129	20.031	20.331	20.483	21.214	21.291	21.777
Langtímaskuldir								
Skuldir við lánastofnanir				0	0	1.075	2.409	4.475
Yfirdráttur				0	0	0	0	0
Ný lán				0	1.100	1.400	2.200	1.100
Næsta árs afb. Langtímaskulda				0	(25)	(66)	(133)	(176)
Samtals langtímaskuldir	0	0	0	0	1.075	2.409	4.475	5.399
Skammtímaskuldir								
Viðskiptaskuldir	674	560	674	674	674	674	674	674
Næsta árs afb. Langtímaskulda				0	25	66	133	176
Aðrar skammtímaskuldir								
Skuldir samtals	674	560	674	674	1.774	3.149	5.283	6.249
Skuldir og eigið fé samtals samtals	20.365	19.689	20.705	21.005	22.257	24.363	26.574	28.026

Félagið er með sterkan efnahag en þar sem fyrirhugaðar eru fjárfrekar fjárfestingar á næstu árum, er gert ráð fyrir að á árinu 2027 þurfi að ráðast í lántökur. Eignir félagsins aukast hins vegar nokkuð en ráðgert er að eigið fé muni haldast svipað á næstu árum.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Sjóðstreymi [m.kr.]	2024	2025Á	2025Ú	2026Á	2027Á	2028Á	2029Á	2030Á
Handbært fé frá rekstri								
Hagnaður (tap) tímabils leiðréttur fyrir vöxturm á yfirdrátt	1.652	1.045	1.510	895	743	1.252	536	485
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:								
Afskriftir	898	949	927	1.167	1.230	1.305	1.372	1.423
Verðbætur og gengism langtímask./krafna	(3)							
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	(31)		(3)			(600)		
Veltufé frá rekstri	2.517	1.995	2.434	2.062	1.973	1.957	1.907	1.908
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:								
Skammtíma kröfur; lækkun (hækkun)	(65)	0	0	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)	114	0	0	0	25	66	133	176
Handbært fé frá rekstri	2.565	1.995	2.434	2.062	1.998	2.024	2.041	2.084
Fjárfestingarhreyfingar								
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(1.783)	(3.063)	(3.779)	(2.625)	(3.143)	(3.763)	(3.322)	(2.573)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	47	0	5	0	0	600	0	0
Lóðasala (lóðaúthlutun)								
Veitt skuldabréfalán	0	0	0	0	0	0	0	0
Afborganir langtímakrafna	25	11	11	0	0	0	0	0
Samtals	(1.711)	(3.051)	(3.763)	(2.625)	(3.143)	(3.163)	(3.322)	(2.573)
Fjármögnunarhreyfingar								
Greiddar afborganir langtímaskulda	0	0	0	0	(25)	(66)	(133)	(176)
Arður til eigenda	(84)	(1.169)	(1.169)	(595)	(590)	(521)	(457)	0
Ný langtímalán	0			0	1.075	1.334	2.067	924
Samtals	(84)	(1.169)	(1.169)	(595)	460	746	1.476	748
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	770	(2.225)	(2.498)	(1.159)	(685)	(393)	195	260
Handbært fé í byrjun tímabils	4.051	3.818	4.821	2.323	1.164	479	86	281
Handbært fé í lok tímabils	4.821	1.593	2.323	1.164	479	86	281	541

Skuldakennitölur	Viðmið	2024	2025Á	2025Ú	2026Á	2027Á	2028Á	2029Á	2030Á
Eiginfjárlutfall (%)	>= 70%	96,7%	97,2%	96,7%	96,8%	92,9%	88,1%	81,4%	78,6%
Nettó skuldir/EBITDA	<=2	-	-	-	-	0,34	1,14	1,97	2,11
EBITDA/Vaxtagjöld	>=4,5	-	-	-	-	49,42	19,38	10,15	8,33

Gert er ráð fyrir að félagið skili áfram hagnaði en á næstu árum eru miklar fjárfestingar framundan og þrátt fyrir góða afkomu er horft til þess að fjármagna þurfi ný verkefni með lántöku. Vaxtakostnaður hefur því nokkur áhrif á hagnað á seinni hluta áætlunartímabils.

Fjárfestingar í framsettri áætlun miðast við 70% af fjárhagsáætlun á hverju ári. Þetta er gert til að draga úr áhrifum mögulegra seinkana framkvæmda á arðgreiðslu ásamt áhrifa á lánaviðmið.

- Gangi verkefni hraðar en áætlað er, munu stjórnendur leggja fyrir stjórn beiðni um frekari fjárveitingar.

Miðað við ofangreint er gert ráð fyrir lántöku árið 2027 upp á 1.100 m.kr. Arðgreiðslur taka mið af arðgreiðslustefnu og gera ráð fyrir 595 m.kr. arði á árinu 2026.

- Í arðgreiðslustefnu Faxaflóahafna er miðað við að eiginfjárlutfall fari ekki undir 70% í lok áætlunartímabils samhliða því að nettó skuldir á móti EBITDA sé undir 2 og EBITDA á móti vaxtagjöldum sé yfir 4,5.
- Arðgreiðslur eru stilltar jafnt í takt við ofangreint svo viðmið haldist á áætlunartímabili.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Þjónustubáttur	2024	2025 YTD	Útksp. 2025	Áætlun 2026
Fjöldi skipa > 100 brt	1.451	1.115	1.410	1.410
Brúttótonn skipa í þús.tonna	20.464	17.480	19.660	19.660
Heildarflutningar í þús.tonna	3.666	2.521	3.391	3.391
Innflutningur - annað en stóriðja	1.528	1.133	1.622	1.622
Innflutningur til stóriðju	812	559	803	803
Útflutningur - annað en stóriðja	471	342	496	496
Útflutningur frá stóriðju	309	201	300	300
Landaður afli vermæti í m.kr.	28.487	14.210	26.776	26.230
Skemmtiferðaskip	259	237	238	225
Fjöldi farþega	321.966	297.223	300.225	285.214
Fjöldi starfsmanna	79	79	79	79
Eignaland	885	885	885	885
Lóðir skv. skipulagi	326	326	326	326
Lengdir hafnarbakka	8.273	8.273	8.273	8.393




FÉLAGSBÚSTAÐIR

LEIÐARLJÓS

Félagsbústaðir tryggja framboð af félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík; öruggu og vistlegu húsnæði og veita leigjendum góða þjónustu. Í heiðri eru höfð gildi um samvinnu, virðingu og þjónustu.

SKIPURIT



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026-2030


Fjárhæðir í þús.kr.	Útkomuspá/		Fimm ára áætlun				
	Raun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	2027	2028	2029	2030
Rekstrartekjur	7.078.169	7.411.178	7.846.880	8.270.234	8.686.870	9.025.013	9.488.557
Tekjur samtals	7.078.169	7.411.178	7.846.880	8.270.234	8.686.870	9.025.013	9.488.557
Laun og launatengd gjöld	493.836	524.355	542.966	564.844	587.585	611.780	636.939
Annar kostnaður	3.609.849	3.691.114	3.951.710	4.174.991	4.380.790	4.557.856	4.782.329
Afskriftir	17.011	17.407	18.288	15.288	14.688	14.688	14.688
Gjöld samtals	4.120.697	4.232.876	4.512.963	4.755.123	4.983.063	5.184.325	5.433.956
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	2.957.472	3.178.302	3.333.917	3.515.111	3.703.807	3.840.688	4.054.600
Fjármagnsliðir	-4.272.407	-4.018.594	-3.351.320	-3.368.753	-3.517.425	-3.619.700	-3.790.438
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	-1.314.935	-840.292	-17.403	146.358	186.382	220.988	264.163
Tekjuskattur	0	0	0	0	0	0	0
Matsbreytingar	2.592.217	10.189.115	6.709.914	7.494.216	6.963.944	6.251.536	6.532.521
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	0	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturféлага	0	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða	1.277.282	9.348.824	6.692.511	7.640.575	7.150.327	6.472.524	6.796.684

STARFSFÓLK

Hjá Félagsbústöðum starfar fjölbreyttur hópur starfsmanna við hin ýmsu mál sem tengjast útleigu íbúða eins og gerð leigusamninga, standsetningar íbúða við leigjendaskipti, viðhald innan húss og utan, byggingaframkvæmdir, fasteignaviðskipti, fjármál og fl.

	Raun 2024	Útkomuspá/ Áætlun 2025	Áætlun 2026
Fjöldi starfsmanna	29	29	29
Fjöldi stöðugilda	29	29	29
Stöðugildi eftir þjónustupáttum:			
Eigna- og viðhaldssvið	10	10	10
Fjármálasvið	7	7	7
Skrifstofa framkvæmdastjóra	3	3	3
Þjónustusvið	9	9	9

SKIPTING REKSTRAR 2026



HLUTVERK

Hlutverk Félagsbústaða er að vera öflugt þjónustufyrirtæki á húsnæðismarkaði í Reykjavík með sérhæfingu á uppbyggingu, rekstri og útleigu félagslegra leiguíbúða. Í hlutverkinu felst að framfylgja áherslum eigandans, Reykjavíkurborgar, að tryggja húsnæðisöryggi, velsæld og fjölbreytileika í hverfum borgarinnar með því að eiga, reka og leigja út íbúðir til einstaklinga og fjölskyldna sem úthlutað hefur verið félagslegu leiguhúsnæði af velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Eftirfarandi er frumvarp að fjárhagsáætlun Félagsbústaða hf. fyrir tímabilið 2026-2030 og útkomuspá fyrir árið 2025. Áætlunin er unnin samkvæmt gangvirðisuppgjöri sem felur í sér að fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar heldur endurmetnar í samræmi við fasteignamat. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að umhverfi þróist í takti við vísitölur eins og skilgreint hefur verið af fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar á tímabilinu 2026 til 2030 auk þess sem hún gerir ráð fyrir að vísitala íbúðaverðs hækki um 4,0% árin 2026 og 2027 og svo um 3% á ári eftir það. Þá er líkt og fram kemur í samþykktum um Félagsbústaði gert ráð fyrir að reksturinn sé sjálfbær, skili jákvæðri breytingu á handbæru fé öll ár áætlunar, m.ö.o. að veltufé frá rekstri nægi fyrir afborgunum langtímalána ár hvert.

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að einungis verði keyptar íbúðir í gegnum kaupréttarsamninga á tímabilinu. Gert er ráð fyrir að almennum félagslegum leiguíbúðum fjölgi um 47 á árinu 2025 og að jafnaði um 45 á ári næstu ár eða þannig að 5% íbúðarhúsnæðis í borginni sé félagslegt leiguhúsnæði eins og kveðið er á um í húsnæðisáætlun borgarinnar.

Framkvæmdir halda áfram við Stekkjarbakka 5 á árinu 2026 og áætlað er að framkvæmdum á Nauthólsvegi 83 ljúki undir lok árs. Á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir að ráðist verði í byggingu á 4 öðrum stakstæðum íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk en þó með fyrirvara um fjármögnun á rekstri starfseminnar.

Leitast verður við að fylgja stefnu borgarinnar um jafna dreifingu félagslegs leiguhúsnæðis í hverfum borgarinnar að því marki sem mögulegt er en fjölgun íbúða er mest í nýbyggingum þar sem Félagsbústaðir kaupa alla jafna 5% íbúða sem kveðið er á um í úthlutunarskilmálum borgarinnar.

Á árinu 2026 verður áfram unnið að skipulögðu viðhaldi á ytra byrði fjölbýlishúsa í eigu félagsins. Stefnt er að því að hefja endurbætur á ytra byrði á húsinu við Höfðabakka 1 og við Hraunbæ 107 auk þess sem hafin verður endurnýjun á fráveitu- og neysluvatnslögnum við Yrsufell 5 til 15. Þá er einnig stefnt að uppsetningu djúpgáma við Furugerði 1, Írabakka 2-16 og Meistaravelli 19-29. Einnig verður unnið að viðhaldi íbúða í búsetu og standsetningum á íbúðum milli leigjendaskipta.

Líkt og áður verður rík áhersla lögð á að tryggja leigjendum faglega og tímasetta þjónustu, auka aðkomu og þátttöku leigjenda í húsfélögum, efla tengsl við íbúa í fjölbýlishúsum Félagsbústaða og taka örugglega á þungum nábýlismálum.

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2024	Útkomuspá/		Fimm ára áætlun			
		Áætlun 2025	Áætlun 2026	2027	2028	2029	2030
Leigutekjur	6.536.266	6.855.490	7.268.887	7.664.200	8.051.050	8.365.002	8.795.411
Aðrar tekjur	541.903	555.687	577.992	606.034	635.820	660.010	693.146
Rekstrartekjur samtals	7.078.169	7.411.178	7.846.880	8.270.234	8.686.870	9.025.013	9.488.557
Rekstur fasteigna	703.700	752.190	804.043	846.056	887.170	920.614	965.216
Viðhald og framkvæmdir	1.849.816	1.824.234	1.957.427	2.063.034	2.166.965	2.251.315	2.366.948
Fasteigna og brunabótaðgjöld	832.206	870.975	936.527	1.002.187	1.057.342	1.110.798	1.169.004
Rekstur og viðhald eignasafns samtals	3.385.722	3.447.399	3.697.997	3.911.277	4.111.477	4.282.727	4.501.168
Laun og launatengd gjöld	493.836	524.355	542.966	564.844	587.585	611.780	636.939
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	170.131	189.186	198.713	203.714	209.313	215.129	221.161
Framlag í afskriftareikning viðskiptakrafna	53.996	54.529	55.000	60.000	60.000	60.000	60.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður samtals	717.963	768.070	796.678	828.558	856.898	886.909	918.100
Rekstrargjöld samtals	4.103.685	4.215.469	4.494.675	4.739.835	4.968.375	5.169.637	5.419.268
Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu og afskrift eigna	2.974.484	3.195.709	3.352.205	3.530.399	3.718.495	3.855.376	4.069.288
Matsbreyting fjárfestingareigna	2.592.217	10.189.115	6.709.914	7.494.216	6.963.944	6.251.536	6.532.521
Afskrift eigna til eigin nota	-17.011	-17.407	-18.288	-15.288	-14.688	-14.688	-14.688
Rekstrarhagnaður	5.549.689	13.367.417	10.043.831	11.009.327	10.667.751	10.092.224	10.587.121
Fjármunatekjur	38.371	55.149	16.515	17.232	18.014	18.690	19.587
Vaxtagjöld	-1.377.118	-1.495.410	-1.559.690	-1.643.897	-1.771.384	-1.797.992	-1.909.182
Verðbóttagjöld	-2.933.660	-2.578.333	-1.808.145	-1.742.088	-1.764.054	-1.840.399	-1.900.843
Hrein fjármagnsgjöld	-4.272.407	-4.018.594	-3.351.320	-3.368.753	-3.517.425	-3.619.700	-3.790.438
Rekstrarniðurstaða	1.277.282	9.348.824	6.692.511	7.640.575	7.150.327	6.472.524	6.796.684
Rekstrarniðurstaða fyrir verðbætur og matsbreytingu	1.618.725	1.738.042	1.790.742	1.888.446	1.950.436	2.061.387	2.165.006
Rekstrarniðurstaða fyrir matsbreytingu	-1.314.935	-840.292	-17.403	146.358	186.382	220.988	264.163

Tekjur og gjöld

Rekstrartekjur ársins 2026 eru áætlaðar 7.847 m.kr. sem er 5,9% aukning m.v. útkomuspá fyrir árið 2025 sem gerir ráð fyrir að tekjur verði 7.411 m.kr. Leigutekjur aukast um 6,0% milli ára og skiptist áætluð aukning tekna á milli 2,7% hækkunar vegna verðlagsbreytinga og um 3,2% vegna magnaukningar, sem er bæði komin til vegna stækkunar eignasafnsins, ef miðað er við áætlaðar tekjur 2025. Áætlaðar rekstrartekjur aukast um 5,4% árið 2027, um 5,0% árið 2028, um 3,9% árið 2029 og 5,1% árið 2030.

Rekstrargjöld 2026 eru áætluð 4.495 m.kr. og aukast um 6,6% m.v. útkomuspá 2025. Rekstrargjöld skiptast í rekstur og viðhald eignasafnsins og skrifstofu- og stjórnunarkostnað. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um á bilinu 4% til 5% á árunum 2027 til 2030.

Rekstur og viðhald eignasafnsins skiptist í þrjá megin flokka þ.e. rekstur fasteigna sem samanstendur af húsfélagsgjöldum stakra íbúða, rafmagni, hita íbúða, lóðaumhirðu, rekstur öryggis- og eftirlitskerfa og annars tilfallandi rekstrarkostnaðar leigugeininga þar sem Félagsbústaðir eiga allt fjölbýlishúsið og sjá um rekstur sem er í höndum húsfélaga þar sem félagið á stakar eignir. Í öðru lagi er viðhalds- og framkvæmdakostnaður, þar á meðal er framkvæmdakostnaður húsfélaga þar sem félagið á stakar íbúðir, verktakakostnaður þ.e. efnis-, vinnu-, aksturs- og tækjakostnaður iðnaðarmanna auk tilfallandi kostnaðar vegna framkvæmda s.s. leyfisgjöld og hönnunarkostnaður. Nánar er gerð grein fyrir verktakakostnaði í kaflanum framkvæmdir og viðhald. Í þriðja lagi eru lögbundin opinber gjöld þ.e. fasteignagjöld, vatns- og fráveitugjöld og brunatrygging fasteigna.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkar um 29 m.kr. frá útkomuspá eða um 3,8%. Hækkunin skýrist af hækkun launa og launatengdra gjalda um 19 m.kr. og hækkun annars skrifstofu-kostnaðar um 10 m.kr. Á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir að stöðugildi verði stöðug milli 29

og 30. Stærstu útgjaldaliðir annars skrifstofukostnaðar eru ýmis sérfræðipjónusta, upplýsingatæknikostnaður og annar skrifstofu- og starfsmannakostnaður. Afskrifaðar tapaðar kröfur eru áætlaðar 55 m.kr. á árinu 2026.

Fjármagnskostnaður

Áætlaðar afborganir af langtímalánum nema 1.763 m.kr. á árinu 2026, áætlaðar vaxtagreiðslur lánanna nema 1.560 m.kr. Greiðslubyrði lána nemur því 3.323 m.kr., gert er ráð fyrir að lántökur aukist í samhengi við auknar fjárfestingar. Vaxtagjöld á tímabilinu 2027 til 2030 aukast í takti við aukna lántöku en haldast nokkuð stöðug í hlutfalli við rekstrartekjur eða um 20%. Afborganir langtímalána haldast einnig stöðugar sem hlutfall af rekstrartekjum eða í kringum 22,5% allt áætlunartímabilið.

Þróun undirlíða	Útkomuspá/ Áætlun 2025		Fimm ára áætlun				
	2024	Áætlun 2026	2027	2028	2029	2030	
Leigutekjur	9,6%	4,9%	6,0%	5,4%	5,0%	3,9%	5,1%
Aðrar tekjur	9,1%	2,5%	4,0%	4,9%	4,9%	3,8%	5,0%
Rekstur og viðhald eignasafns	-0,7%	1,8%	7,3%	5,8%	5,1%	4,2%	5,1%
Rekstur fasteigna	4,7%	6,9%	6,9%	5,2%	4,9%	3,8%	4,8%
Viðhald og framkvæmdir	-7,3%	-1,4%	7,3%	5,4%	5,0%	3,9%	5,1%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	12,2%	4,7%	7,5%	7,0%	5,5%	5,1%	5,2%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7,8%	7,0%	3,7%	4,0%	3,4%	3,5%	3,5%
Laun og launatengd gjöld	8,2%	6,2%	3,5%	4,0%	4,0%	4,1%	4,1%
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	12,6%	11,2%	5,0%	2,5%	2,7%	2,8%	2,8%
Útgjöld í hlutfalli af rekstrartekjum							
Rekstur og viðhald eignasafns	47,8%	46,5%	47,1%	47,3%	47,3%	47,5%	47,4%
Rekstur fasteigna	9,9%	10,1%	10,2%	10,2%	10,2%	10,2%	10,2%
Viðhald og framkvæmdir	26,1%	24,6%	24,9%	24,9%	24,9%	24,9%	24,9%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	11,8%	11,8%	11,9%	12,1%	12,2%	12,3%	12,3%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	10,1%	10,4%	10,2%	10,0%	9,9%	9,8%	9,7%
Laun og launatengd gjöld	7,0%	7,1%	6,9%	6,8%	6,8%	6,8%	6,7%
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2,4%	2,6%	2,5%	2,5%	2,4%	2,4%	2,3%
Framlag í afskriftarreikning viðskiptakrafna	0,8%	0,7%	0,7%	0,7%	0,7%	0,7%	0,6%
Vaxtagjöld	19,5%	20,2%	19,9%	19,9%	20,4%	19,9%	20,1%
Afborganir langtímalána	22,7%	22,6%	22,5%	22,3%	22,2%	22,4%	22,6%

Efnahagur og sjóðsstreymi

Áætlað verðmæti heildareigna félagsins í árslok 2026 er 186.872 m.kr. þar af er áætlað að verðmæti fjárfestingareigna verði 186.207 m.kr. Eigið fé er áætlað 102.468 m.kr. í árslok 2026 og skuldir og skuldbindingar 84.404 m.kr. og er eiginfjárhlutfall því 54,8%. Fjárfestingareignir vaxa áfram í takti við fjárfestingaráætlun og þróun vísitölu íbúðaverðs auk þess sem skuldir og skuldbindingar félagsins halda áfram að hækka. Gert er ráð fyrir að eiginfjárhlutfallið hækki úr 54,7% í 57,3% árið 2030.

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2024	Útkomuspá/ Áætlun 2025	Áætlun 2026	Fimm ára áætlun			
				2027	2028	2029	2030
Fjárfestingareignir	161.240.514	175.245.756	186.206.524	196.706.589	206.743.541	216.821.525	226.854.159
Eignir til eigin nota	203.157	185.750	167.462	152.174	137.486	122.798	108.110
Langtímakröfur	53.589	55.793	57.321	58.773	60.234	61.745	63.291
Fastafjármunir samtals	161.497.260	175.487.299	186.431.307	196.917.536	206.941.261	217.006.068	227.025.560
Viðskiptakröfur	89.614	89.168	89.168	89.168	89.168	89.168	89.168
Kröfur vegna stofnframlaga	0	130.278	130.278	130.278	130.278	130.278	130.278
Aðrar skammtímakröfur	833.998	103.698	103.698	103.698	103.698	103.698	103.698
Handbært fé	46.142	70.390	117.815	176.322	199.977	260.545	295.423
Veltufjármunir samtals	969.754	393.534	440.958	499.465	523.120	583.689	618.566
Eignir samtals	162.467.014	175.880.832	186.872.265	197.417.001	207.464.381	217.589.757	227.644.125
Eigið fé	86.426.649	95.775.473	102.467.984	110.108.559	117.258.886	123.731.409	130.528.093
Skuldbindingar	11.532.055	13.439.225	14.952.845	15.734.808	16.555.987	17.595.727	18.542.679
Langtímaskuldir	62.120.376	64.246.696	66.941.407	68.974.531	70.976.557	73.466.982	75.643.788
Skammtímaskuldir	2.615.474	2.419.438	2.510.028	2.599.104	2.672.952	2.795.639	2.929.564
Skuldir og eigið fé samtals	162.694.554	175.880.832	186.872.265	197.417.001	207.464.381	217.589.757	227.644.125

Veltufé frá rekstri er áætlað 1.808 m.kr., áætlaðar fjárfestingar nema 3.939 m.kr., en nánar er fjallað um þær í kaflanum framkvæmdir og viðhald á bls. 7-8. Fjármögnunarhreyfingar nema 2.179 m.kr. Þar af eru nýjar lántökur, að frádregnum lántökukostnaði, áætlaðar 2.737 m.kr. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri aukist 2027 til 2030 og að það dugi fyrir afborgunum langtímalána öll árin.

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2024	Útkomuspá/ Áætlun 2025	Áætlun 2026	Fimm ára áætlun			
				2027	2028	2029	2030
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	1.277.282	9.348.824	6.692.511	7.640.575	7.150.327	6.472.524	6.796.684
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir eigna til eigin nota	17.011	17.407	18.288	15.288	14.688	14.688	14.688
Hrein fjármagnsgjöld	4.272.407	4.018.594	3.351.320	3.368.753	3.517.425	3.619.700	3.790.438
Matsbreyting fjárfestingareigna	-2.592.217	-10.189.115	-6.709.914	-7.494.216	-6.963.944	-6.251.536	-6.532.521
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	13.156	0	0	0	0	0	0
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	2.987.640	3.195.709	3.352.205	3.530.399	3.718.495	3.855.376	4.069.288
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	101.326	-216.902	0	0	0	0	0
Nettó greidd vaxtagjöld	-1.333.696	-1.444.318	-1.544.703	-1.628.117	-1.754.831	-1.780.813	-1.891.140
Handbært fé frá rekstri	1.755.270	1.534.489	1.807.501	1.902.282	1.963.664	2.074.563	2.178.149
Fjárfestingarhreyfingar	-1.738.773	-2.385.614	-3.939.074	-3.003.014	-3.070.508	-3.823.913	-3.497.672
Fjármögnunarhreyfingar	-399.596	875.373	2.178.997	1.159.239	1.130.499	1.809.918	1.354.401
Breyting á handbæru fé	-383.099	24.248	47.425	58.507	23.655	60.568	34.877
Handbært fé í upphafi tímabils	429.241	46.142	70.390	117.815	176.322	199.977	260.545
Handbært fé í lok tímabils	46.142	70.390	117.815	176.322	199.977	260.545	295.423
Veltufé frá rekstri	1.653.944	1.751.391	1.807.501	1.902.282	1.963.664	2.074.563	2.178.149
Afborganir langtímalána (hluti af fjármögnunarhreyfingum)	1.606.468	1.671.876	1.762.843	1.842.532	1.931.299	2.017.287	2.140.111

SÓKNARÁÆTLUN OG MEGINMARKMIÐ

Í sóknaráætlun Félagsbústaðar fyrir tímabilið 2026 til 2030 eru sett fram 5 meginmarkmið byggð á framtíðarsýn og hlutverki félagsins.

Framtíðarsýn

Félagsbústaðir eru virt, ábyrgt og öflugt fyrirtæki á húsnæðismarkaði sem vex samhliða fjölgun íbúðarhúsnæðis í borginni. Félagið er þekkt fyrir að stuðla að fjölbreytileika og velsæld í borginni, fyrir góða þjónustu, gæði, hagkvæmni og sjálfbærar rekstur. Undir meginmarkmiðum eru sett fram fjölmörg starfsmarkmið og aðgerðir.

Meginmarkmið 1

Tryggja húsnæðisöryggi og lífsgæði með uppbyggingu og þróun eignasafns.

Meginmarkmið 2

Veita vandaða og áreiðanlega þjónustu sem stuðlar að velsæld.

Meginmarkmið 3

Ásýnd og viðhald fasteigna styðji við vellíðan.

Meginmarkmið 4

Umhverfi, þróun og gæði

Meginmarkmið 5

Yfirsýn, gegnsæi og ábyrgur rekstur

FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingaáætlun næsta árs gerir ráð fyrir fjárfestingu sem nemur 3.939 m.kr. og að 2.737 m.kr. af þeirri fjárhæð verði aflað með lánsfé. Í áætluninni er gert ráð fyrir að stofnframlög fáiast frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Reykjavíkurborg vegna fjárfestinga í félagslegu leiguhúsnæði, alls 30% af stofnvirði. Fjárfestingaáætlun ársins 2026 og fyrir restina af áætlunartímabilinu má sjá sundurliðaða hér að neðan.

Fjárfesting	2024	Útkomuspá/ Áætlun 2025		Áætlun 2026	Fimm ára áætlun			
					2027	2028	2029	2030
Íbúðakaup	2.786.184	1.982.505	2.685.134	1.652.096	2.096.820	2.336.348	2.423.372	
Nýframkvæmdir	963.170	633.892	809.000	945.000	632.108	1.121.000	725.000	
Eignfært viðhald og standsetn.	193.953	338.078	364.000	320.000	320.000	320.000	320.000	
Eignfærður fjármagnskostnaður	68.930	81.423	80.940	85.918	21.580	46.565	29.300	
Fjárfesting samtals	4.012.237	3.035.899	3.939.074	3.003.014	3.070.508	3.823.913	3.497.672	

Félagsbústaðir leigja nú út 3.131 íbúðir en það telst vera ríflega 5% af heildarfjölda íbúða í Reykjavík. Uppbyggingaráætlun Félagsbústaða er gerð með hliðsjón áherslum borgaryfirvalda um aukningu framboðs af félagslegu leiguhúsnæði þannig að það sé á hverjum tíma 5% íbúðarhúsnæðis í borginni og af markmiðum um fjárhagslega sjálfbærni félagsins. Áætlað er að eignasafnið stækki um að jafnaði 58 íbúðir á hverju ári. Mest er þörfin er fyrir 2ja herbergja íbúðir.

Þá verður unnið að því að ná markmiðum Reykjavíkurborgar um uppbyggingu húsnæðis fyrir fatlað fólk. Gert er ráð fyrir 6 stakstæðum íbúðakjörnum auk 12 íbúðum í dreifðum íbúðakjörnum. Alls eru þetta 55 íbúðir á tímabilinu auk 8 íbúða undir starfsmannaaðstöðu.

Nýframkvæmdaverkefni má greina í þrennt; bygging stakstæðra íbúðakjarna, viðbyggingar og breytingar á húsnæði sem ekki uppfyllir kröfur reglugerða, breytinga á húsnæði til fjölgunar almenns leiguhúsnæðis. Áætlaður heildarkostnaður á árinu 2026 er 809 m.kr.

Nýframkvæmdir í byggingu:

- Brekknaás 6. Áætlað er að framkvæmdum ljúki síðla árs 2025.
- Nauthólsvegur 83. Áætlað er að framkvæmdum ljúki í lok árs 2026.

Nýframkvæmdir; undirbúningur og hönnun á áætlunartímabilinu:

- Stekkjarbakki 5. Áætlað er að framkvæmdum ljúki síðla árs 2027.
- Hverafold 7. Hönnun og undirbúningur haustið 2026. Áætluð verklok 2028.
- Leirtjörn. Hönnun og undirbúningur haustið 2027. Áætluð verklok 2029.
- Óstaðsett lóð. Hönnun og undirbúningur haustið 2028. Áætluð verklok 2030.
- Óstaðsett lóð. Hönnun og undirbúningur við lok árs 2028. Áætluð verklok 2030.

Viðhaldskostnaður er eignfærður þegar um er að ræða framkvæmd sem felur í sér virðisaukningu á verðmati eignar og standsetningarkostnað vegna nýkeyþra eigna. Eignfærður viðhaldskostnaður er áætlaður 332 m.kr. og eignfærður standsetningarkostnaður nýkeyþra íbúða er áætlaður 32 m.kr.

Á áætlunartímabilinu verður lögð aukin áhersla á að fegra ásýnd fjölbýlishúsa félagsins og umhverfi þeirra. Þá verður lögð áhersla á að efla sífellt þjónustu, samráð og samtal við leigjendur vegna viðhalds og annarra mála sem snerta leigjendur.

Helstu eignfærðu viðhaldsverkefni á árinu 2026 eru:

- Höfðabakki 1. Ytra byrði hússins klætt og einangrað og þak og gluggar endurnýjaðir.
- Yrsufell 5-15. Endurnýjun á fráveitu og neysluvatnslögnum ásamt breytingu og endurnýjun á baðherbergjum.
- Hraunbær 107. Endurnýjun á þaki og gluggum.
- Furugerði 1. Uppsetning á djúpgámum.
- Írabakki 2-16. Uppsetning á djúpgámum.
- Meistaravellir 19-29. Uppsetning á djúpgámum.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Fjárfestingar Félagsbústaða eru fjármagnaðar með lántöku annars vegar og stofnframlögum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Reykjavíkurborg hins vegar. Í tilfelli íbúðakaupa og nýbygginga fæst í flestum tilfellum stofnframlag fyrir 30% af stofnvirði en annar kostnaður eins og t.d. eignfært viðhald er fjármagnaður að fullu með lántöku. Hér að neðan má sjá lántökuáætlun félagsins fyrir árið 2026 og áætlaða lántöku árin 2027 til 2030 ásamt áætlun um þau stofnframlög sem félagið gerir ráð fyrir að fá á tímabilinu.

Fjármögnun	2024	Útkomuspá/ Áætlun 2025	Áætlun 2026	Fimm ára áætlun			
				2027	2028	2029	2030
Stofnframlög	765.019	973.654	1.201.840	779.129	818.678	1.037.204	944.512
Lántaka	442.899	1.637.033	2.737.234	2.223.885	2.251.830	2.786.709	2.553.160
Endurfjármögnun	0	0	0	1.812.000	1.801.000	0	0

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Lykiltölur	2024	Útkomuspá/ Áætlun 2025		Áætlun 2026	Fimm ára áætlun			
					2027	2028	2029	2030
EBITDA í hlutfalli af rekstrartekjum	42,0%	43,1%	42,7%	42,7%	42,7%	42,8%	42,7%	42,9%
Eiginfjárlutfall	53,2%	54,5%	54,8%	55,8%	56,5%	56,9%	57,3%	
Sjóðstreymi								
Nettó greidd vaxtagjöld	1.333.696	1.444.318	1.544.703	1.628.117	1.754.831	1.780.813	1.891.140	
Afborun langtímalána	1.606.468	1.671.876	1.762.843	1.842.532	1.931.299	2.017.287	2.140.111	
Breyting afborganna langtímalána	167.815	65.408	90.967	79.689	88.767	85.988	122.824	
Afborganir langtímalána í hlutfalli af tekjum	22,7%	22,6%	22,5%	22,3%	22,2%	22,4%	22,6%	
Breyting á veltufé frá rekstri	591.049	97.447	56.111	94.781	61.382	110.900	103.585	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af afborgunum langtímalána	103,0%	104,8%	102,5%	103,2%	101,7%	102,8%	101,8%	
Önnur lykilhluðföll								
Arðsemi eigin fjár	1,5%	10,8%	7,0%	7,5%	6,5%	5,5%	5,5%	
Veltufjárlutfall	0,37	0,16	0,18	0,19	0,20	0,21	0,21	
Vaxtaþekja	2,23	2,21	2,17	2,17	2,12	2,16	2,15	
Skuldaþekja	1,01	1,03	1,01	1,02	1,01	1,02	1,01	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	23,4%	23,6%	23,0%	23,0%	22,6%	23,0%	23,0%	
Viðhald								
Gjaldfært viðhald	1.849.816	1.824.234	1.957.427	2.063.034	2.166.965	2.251.315	2.366.948	
Eignfært viðhald	193.953	338.078	364.000	320.000	320.000	320.000	320.000	
Viðhald samtals	2.043.769	2.162.312	2.321.427	2.383.034	2.486.965	2.571.315	2.686.948	

Gert er ráð fyrir að vaxta- og skuldaþekjur haldist yfir viðmiðum allt áætlunartímabilið en áætlað er að vaxtaþekja verði í 2,17 og skuldaþekja verði í 1,01 fyrir árið 2026. Hagnaður fyrir matsbreytingu og afskrift eigna til eigin nota, EBITDA, sem hlutfall af tekjum lækkar frá útkomuspá og er 42,7% fyrir árið 2026 og afborganir langtímalána lækka lítillega sem hlutfall af tekjum.



MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF.


LEIÐARLJÓS

Malbikunarstöðin Höfði hf., er traust fyrirtæki, sem vinnur stöðugt að endurbótum á framleiðsluvörum sínum, þjónustu og framkvæmdum á vegum fyrirtækisins

SKIPURIT

Malbikunarstöðin Höfði skiptist í 4 deildir, sjá skipurit.

Á aðalfundi félagsins tók Helgi Þór Ingason við sem stjórnarformaður af Helga Geirharðsýni.



Malbikunarstöðin Höfði hf., er traust fyrirtæki, sem vinnur stöðugt að endurbótum á framleiðsluvörum sínum, þjónustu og framkvæmdum á vegum fyrirtækisins.

Fyrirtækið fer að lögum og reglugerðum og framfylgir stöðlum varðandi framleiðsluvörur sínar. Fyrirtækið selur viðskiptavinum sínum góða vöru og veitir þeim jafnframt góða þjónustu og reynir ávallt að uppfylla kröfur og óskir viðskiptavina sinna.

Malbikunarstöðin Höfði er með vottuð gæðakerfi sem eru tekin út af óháðum aðila á því sviði.


Malbikunarstöðin Höfði hefur byggt upp gæðakerfi sem uppfylla kröfur eftirfarandi kröfustaðla:

- ÍST EN ISO 9001:2015 Gæðastjórnun
- ÍST EN ISO 14001:2015 Umhverfisstjórnun
- ÍST EN ISO 45001:2018 Öryggis og heilbrigðisstjórnun
- ÍST 85:2012 Jafnlaunastaðall - Jafnlaunavottun

STARFSFÓLK

	Raun 2024	Útkomuspá/ Áætlun 2025	Áætlun 2026
Fjöldi starfsmanna	26	26	28
Fjöldi stöðugilda	32	32	33
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
Framleiðsludeild	4	4	4
Framkvæmdadeild	16	16	18
Rannsókn- og þróunardeild	2	2	2
Skrifstofa	4	4	4

SKIPTING REKSTRAR 2026



HLUTVERK

Malbikunarstöðin Höfði hf. Er með eina malbikunarstöð í rekstri og er hún staðsett að Álhelli 34 í Hafnarfirði. Framkvæmdadeild Höfða leggur út malbik á sumrin og fram eftir hausti meðan aðstæður leyfa. Fyrirtækið framleiðir malbik og steinefni í samræmi við ÍST EN staðla. Til að tryggja örugga og varanlega vegi leggur fyrirtækið mikinn metnað í rannsóknir og þróun.

Framleiðsluvörur fyrirtækisins, bæði malbik og steinefni, eru CE merktar og vottaðar af viðurkenndan vottunaraðila innan ESB. British Standard (BSI) er vottunaraðili fyrirtækisins

Efnisvinnsla á gömlu malbiki hefur aukist mikið á síðustu tveimur árum með tilkomu á steinefnabryót og samhliða því hefur verið mögulegt að auka nýtingu á þeim steinefnum í framleiðslu á malbiki. Vonast er til að áfram verði hægt að auka hlutfall á endurunnu malbiki í framleiðslu malbikunarstöðvar en það er mikilvægt að nýta gamalt malbik áfram í mannvirkja-gerð en þetta efni fellur til við ýmsar framkvæmdir.

Framkvæmdadeild Höfða leggur út malbik á vori fram á síðhaust meðan aðstæður. Yfir vetrartímann vinna starfsmenn framkvæmdadeildar að viðhaldi tækja og malbikunarstöðvar.

Til að tryggja örugga og varanlega vegi leggur fyrirtækið mikinn metnað í rannsóknir og þróun á malbiksblöndum sem eru prófaðar á rannsóknarstofu félagsins í samræmi við kröfur verkkaupa og ÍST EN staðla.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Megináherslur félagsins á næsta ári verða verkefni er snúa að frágangi og uppbyggingu mannvirkja á lóð malbikunarstöðvar að Álhelli í Hafnarfirði. Meðal verkefna á lóðinni á næsta ári er að útbúa skýli yfir steinefni og endurunnið malbik en markmiðið með þeirri aðgerð er að minnka raka í þessum hráefnum. Raki í steinefnum hefur mikil áhrif á orkunotkun við þurrkun hráefna í malbikunarstöð og ef það er mögulegt að minnka rakainnihald þess þá minnkar það notkun á jarðefnaeldsneyti sem þarf til að þurrka steinefni áður þau eru blönduð við bindiefni í framleiðslu á malbiki.

Á vormánuðum 2026 þarf skrifstofa – og framkvæmdadeild Höfða að víkja af svæðinu á Ártúnshöfða vegna uppbyggingar nýrrar íbúðabyggðar. Félagið mun leggja áherslu á uppbyggingu á Álhelli fyrir alla starfsemi félagsins.

Starfsleyfi fyrir malbikunarstöð að Álhelli 34 gildir til júní 2034.

Grjótmulningsstöð að Sævarhöfða var rifin ásamt biktönkum sumarið 2025. Höfði greiðir allan þann kostnað sem til fellur við rif og hreinsun á lóð í samræmi við samkomulag þess efnis. Gert er ráð fyrir að ýmis búnaður og einingar á lóð þurfi að fara í brotajárn eða aðra endurvinnslu en því verki verður lokið árið 2025.

Framleiðsla Malbikunarstöðvarinnar Höfða árið 2025 stefnir í að verða mun meiri en gert var ráð fyrir í upphafi árs en reikna má með að hún verði tæplega 70% meiri en árið 2024. Fyrirtækið náði mörgum verkefnum sem voru í boði á höfuðborgarsvæðinu ásamt verkefnum á Suðurlandi og Suðurnesjum. Nokkur verkefni verða framkvæmd nú í október og nóvember en vonast er til að aðstæður til þeirra framkvæmda verði hagstæðar.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Framleiðsludeild

Sú breyting hefur orðið að vinnsla hráefna, nú eingöngu endurunnið malbik, er komin alfarið undir framleiðsludeild. Framleiðsludeild framleiðir nú malbik í einni malbikunarstöð sem er af gerðinni Benninghoven. Deildin framleiðir allar tegundir malbiks, þ.e. með endurunnu malbiki, steinríkt malbik og malbik með ýmsum tegundum íblöndunarefna. Í fjárhagsáætlun er miðað við að áfram verði fjárfest í ýmsum búnaði fyrir Benninghoven stöðina en ýmis búnaður hefur nú þegar verið betrubættur samhliða flutningi á stöðinni.

Framkvæmdadeild

Framkvæmdadeildin sinnir malbiksútlagningu á sumrin og vetrarþjónustu á veturna. Framkvæmdadeildin er vel tækjum búin til malbiksútlagna og hefur yfir að ráða nokkrar vörubifreiðar sem sinna flutningum á malbiki og steinefnum á sumrin en hálkueyðingu og snjómokstri á veturna. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag deildarinnar haldist að mestu óbreytt við flutning fyrirtækisins og að hún verði áfram staðsett að Sævarhöfða, í vetur.

Rannsókn- og þróunardeild

Rannsókn- og þróunardeild þjónustar allar deildir fyrirtækisins með steinefnarannsóknum, hönnun malbiksuppskrifta, eftirlit með framleiðslu malbiks og rannsóknir á útlögðu malbiki. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag deildarinnar haldist óbreytt við flutning fyrirtækisins.

Skrifstofa

Skrifstofan inniheldur afgreiðslu, sölu- og markaðsdeild ásamt yfirstjórn fyrirtækisins.

FJÁRFESTINGAR

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir fjárfestingum sem tengjast annars vegar daglegum rekstri og hins vegar fjárfestingar í aðstöðu fyrirtækisins.

Við kaup á tækjum og búnaði er horft til framtíðar og hvernig tæki og búnaður gagnast á komandi árum. Tengist það að hluta flutningum en auk þess gera verkkaupar meiri kröfur um gæði, hagkvæmni í rekstri og rekjanleika framleiðslunnar sem krefst endurnýjunar á tækjabúnaði. Fylgst er með nýjungum á markaði og gerðar nauðsynlegar breytingar eftir því sem við á fyrir íslenskar aðstæður. Engar ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar án undan-genginnar ítarlegrar umfjöllunar í stjórn fyrirtækisins.

Fjárfestingar varðandi flutning fyrirtækisins hafa táfist lítillega dreifast því nú á árin 2021-2026 og á næsta ári má reikna með að byggt verði yfir hluta steinefna sem notað er í malbiks-framleiðslu og ljúka við frágang malbikunarstöðvar og annarra mannvirkja á lóð að Álhellu.

Frágangur á lóð við Sævarhöfða 6-10 var metinn á 150-200 M.kr, en kostnaður við þessa aðgerð var í kringum 40- til 50 Mkr. árið 2024 og áætlað er að þessi kostnaður verði á bilinu 30-40 Mkr. fyrir árin 2025 og 2026. Þessi kostnaður fellur undir annan framleiðslukostnað þessi ár í fjárhagsáætlun.

Félagið hafði forkaupsrétt í aðliggjandi lóð við Álhelli sem var nýttur á árinu. Kaupverð var 150 mkr. fyrir um 9800 m². Þetta teljum við vera mikilvægan lið í framtíðar uppbyggingu félagsins. Félagið hefur haldið áfram vinnu við frágang mannvirkjum og yfirborði á lóð malbikunarstöðvarinnar að Álhelli 34 í Hafnarfirði.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

	Raun 2022	Raun 2023	Raun 2024	Útksp. 2025	Áætlun 2026
Eiginfjárlutfall	81%	85%	78%	86%	88%
Arðsemi eigin fjár	1%	-2%	-17%	17%	12%
Veltufjárlutfall	294%	289%	103%	382%	717%
Skuldahlutfall	19%	15%	22%	14%	12%

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRÍ

	Raun 2022	Raun 2023	Raun 2024	Útksp. 2025	Áætlun 2026
Framleiðsla malbiks, tonn	41.000	36.000	27.000	45.000	55.000
Framleiðsla hráefnisdeildar, tonn	20.000	5.700	5.100	9.000	11.000
Útlagning malbiks, tonn	30.000	27.000	22.000	40.000	49.500




ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

Hlutverk og stefna

Orkuveitan er orku-, veitu- og nýsköpunarfyrirtæki sem veitir meirihluta landsmanna og stórum hluta atvinnulífs í landinu grunnþjónustu. Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt af virðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða. Gildi Orkuveitunnar eru

Frumkvæði | Framsýni | Hagsýni | Heiðarleiki

Við erum aflvaki sjálfbærrar framtíðar er yfirskrift nýrrar heildarstefnu Orkuveitunnar, sem staðfest var af eigendum fyrirtækisins í júní 2024. Áherslur stefnunnar eru fjórar þar sem hver styður aðra.



- **Fyrir viðskiptavininn**, þar sem ánægja fjölbreyttra viðskiptavina með snjalla og örugga þjónustu er sett í forgang.
- **Aukið framboð og sjálfbærar lausnir**, þar sem áhersla er á aukna orkuframleiðslu með ábyrgri auðlindanýtingu og minnkandi kolefnisspori á sama tíma og veitukerfin styðja við sjálfbæra þróun.
- **Nýsköpun og öflugt samstarf** við hagsmunaaðila að virðisaukandi lausnum sem eru innleiddar með kvikum og skilvirkum hætti.
- **Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur** sem miðar að traustum fjárhag undir framsýnni forystu fjölbreyttrar liðsheildar.

Stefnumótun og markmiðssetning Orkuveitunnar byggir á eigendastefnu sem upphaflega var samþykkt í sveitarstjórnnum eigenda árið 2012. Hún hefur verið uppfærð síðan og nú stendur yfir endurskoðun hennar meðal annars m.t.t. nýrrar heildarstefnu fyrir fyrirtækið.

Heildarstefna Orkuveitunnar er stefna samstæðunnar. Svið og dótturfélög hafa jafnframt mótað sér framtíðarsýn og stefnu um hvernig þau uppfylla best hlutverk sitt innan samstæðunnar til sameiginlegs árangurs.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Um leið og Orkuveitan eflir samfélög til sjálfbærni gætir hún að því að eigin starfsemi standist strangar kröfur og viðmið um sjálfbæran rekstur. Fyrirtækið nýtur margvíslegrar alþjóðlegrar vottunar á því sviði og starfar að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með sérstakri áherslu á sex þeirra.

	
Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflid	Tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess svo og hreinlætisaðstöðu
	
Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði	Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð
	
Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra	Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni

Skipulag

Skipulag Orkuveitunnar ræðst meðal annars af þeim breytingum sem gerðar voru á raforkulögum í ársbyrjun 2014. Orkuveitan er nú samstæða fyrirtækja þar sem móðurfélagið veitir í senn forystu og sameiginlega þjónustu. Dótturfélögin eru;

- **Veitur**, sem sjá um uppbyggingu og rekstur vatns-, hita-, raf- og fráveitukerfa sem flest eru starfsrækt með sérleyfi.
- **Orka náttúrunnar**, sem rekur orkuver sem gefa af sér rafmagn og heitt vatn. Rafmagnið er selt á samkeppnismarkaði og ON er í forystu um sölu rafmagns til orkuskipta í samgöngum.
- **Ljósleiðarinn** byggir upp og rekur gagnaflutningskerfi sem er grunnstoð samkeppni á fjarskiptamarkaði.
- **Carbfix**, sem spornar gegn loftslagsvánni með frekari þróun og uppbyggingu á tækni til kolefnisbindingar í bergi.

Orkuveitan




Orkuveitan er sameignarfyrtæki sem starfar samkvæmt lögum nr. 136/2013. Eigendur Orkuveitunnar eru þrír; Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Sveitarstjórnir eigendanna kjósa fyrirtækinu stjórn sem er hvort tveggja skipuð sveitarstjórnarfólki og fólki sem er óháð eigendunum.

Eigendur Orkuveitunnar



Forstjóri Orkuveitunnar fer með eignarhald í dótturfélögum. Innan móðurfélagsins eru þrjú svið sem þjóna allri samstæðunni; *Mannauður og tækni*, *Rannsóknir og nýsköpun* og *Fjármál*. Undir forstjóra heyra einnig *Samskipti* og *Lög, lendum og áhætta* og starfa hvor tveggja með öllum fyrirtækjunum í samstæðunni.

Skipurit Orkuveitunnar í september 2025




Inngangur

Fjárhagsspá samstæðu Orkuveitunnar fyrir árið 2026 og langtímaspá fyrir árin 2027-2030 er samandregin fyrir móðurfélagið og dótturfélögin; Veitur, Orku náttúrunnar, Ljósleiðarann og Carbfix. Spá hvers dótturfélags hlýtur samþykki stjórnar viðkomandi félags áður en samstæðuspáin er samþykkt í stjórn Orkuveitunnar.

Heildarstefna Orkuveitunnar er stefna um vöxt. Það er í takti við vöxt samfélagsins sem fyrirtækin í samstæðunni þjóna. Þar fjölga íbúum ört, húsnæðisuppbýgging er veruleg og ferðafólki fjölga. Aukin umsvif í atvinnulífi og nauðsynleg umskipti í loftslagsmálum kalla á meiri endurnýjanlega orku.


Um leið og Orkuveitan er aflvaki með því að vörur hennar og þjónusta efla vöxt samfélagsins með sjálfbærni að leiðarljósi, er þess gætt að grunnþjónusta sé áreiðanleg, á sanngjörnu verði og að hún þróist með nýrri tækni og nýjum lausnum.

Þjónustuöryggi veitnanna



Þjónustuöryggi er reiknað þannig að samantlagðri tímalengd ófyrirséðra truflana sem viðskiptavinir verða fyrir er deilt niður á alla viðskiptavini hverrar veitu. Einstakar umfangsmiklar bilanir valda helst sveiflum milli ára. 50 mínútur án þjónustu svara til 99,99% afhendingaröryggis. Þjónusturof vegna viðhalds er hér ekki meðtalið.

Þróun gjaldskrár sérleyfisþjónustu 2014-2025



Frá því að Orkuveitunni var skipt upp að lagaboði í ársbyrjun 2014 hafa gjaldskrár sérleyfisþjónustu Veitna flestar lækkað talsvert að raungildi. Línuritíð sýnir þróun gjaldskráa miðað við vísitölu neysluverðs, sem sýnd er sem lárétt lína.

Fjárfest til framtíðar

Miklar fjárfestingar eru framundan hjá fyrirtækjunum innan samstæðu Orkuveitunnar. Samtals nema þær 245 milljörðum króna á tímabili þessarar fjárhagsspár. Orkuveitan vill efla samkeppnishæfni íslensks samfélags og verður aukinnar orku aflað fyrir atvinnulíf og heimili, fleiri heimili tengd veitukerfum og veitukerfin þróuð og uppfærð með nýrri tækni. Þá er hugað að þeirri aðlögun að loftslagsbreytingum sem nauðsynleg er. Loftslagsvánni verður einnig mætt með útbreiðslu Carbfix tækninnar og áframhaldandi þróun hennar við ýmsar jarðfræðilegar aðstæður.

Heildarstefna Orkuveitunnar birtist í fjárfestingum á spátímabilinu. Þar má nefna nýtingu nýrra orkukosta á borð við vind og birtu. Kostir þar eru ýmist á tilrauna- eða rannsóknastigi en fyrirsjáanlegri eru fjárfestingar í aukinni nýtingu jarðhitans. Við Hengilinn eru þrjú svæði, sem ekki eru nýtt nú, í orkunýtingarflokki Rammaáætlunar og kunna að bætast við nýtingarsvæði á næstu árum. Áhugi á nýtingu djúps jarðhita er þá aftur vaxandi og frekari tilraunir á því sviði framundan, ekki síst fáist til þeirra rannsóknarstyrkir hér á landi eða frá útlöndum. Verði af slíkri nýtingu má segja að svæði jarðhitanytingar séu stækkuð niður á við fremur en á yfirborði.

Ýmsar umbætur á núverandi veitum og virkjunum og rekstri þeirra eru í fjárfestingaspá. Þeirra á meðal er bakprýstivél, sem nýtir betur jarðhitavökvann sem tekinn er upp fyrir Hellisheiðarvirkjun, stækkun varmastöðvar þar í þágu hitaveitunnar á höfuðborgarsvæðinu en einnig ný orkuöflun Veitna á lághitasvæðum. Borun til aukinnar orkuöflunar er umfangsmikil allt spátímabilið. Fjárfestingar Ljósleiðarans miðast einkum við umbætur á innri kerfum fyrirtækisins til eflingar skilvirkni í rekstri.

Átaki Veitna í uppsetningu snjallmæla hjá viðskiptavinum lýkur um mitt ár 2026. Fjárfestingin hefur verið fjárfrek en þessir síritar um orkunotkun nýtast nú þegar til að gera spágerð og þar með áætlanir um þróun raf- og hitaveitna gleggri auk þess sem þeir eru forsenda ýmissa nýjunga í markaðssetningu sölufyrirtækja á rafmagni.

Óviss tímasetning ýmissa fjárfestinga

Tímasetning talsverðs hluta fjárfestinga Orkuveitunnar ræðst af ákvörðunum annarra, til dæmis ríkis og sveitarfélaga. Hraði uppbyggingar íbúða- og atvinnusvæða er í höndum sveitarfélaga og byggingaraðila og leyfisveitingaferli hafa afgerandi áhrif á hvenær af einstökum fjárfestingum í orkuöflun og kolefnisbindingu getur orðið. Ef áform stjórnvalda um einföldun regluverks og fyrirheit um aukinn fyrirsjáanleika verða að veruleika mun draga úr þessari óvissu. Þó er réttara að líta á fjárfestingahluta fjárhagsspárinnar sem áform um fjárfestingarstig samstæðu Orkuveitunnar fremur en tímasett áform um einstök fjárfestingaverkefni. Þetta á einkum við um síðari hluta spátímabilsins.

Fjármögnun

Fjármögnun fjárfestinga Orkuveitunnar síðustu ár hefur alfarið verið byggð á grænum fjármögnunarramma fyrirtækisins. Hann var uppfærður haustið 2024 m.a. með tilliti til nýlegra laga og reglna um græna fjármögnun og græna skýrslugjöf. Áratugalöng skipuleg vinna innan Orkuveitunnar að umhverfis- og loftslagsmálum auk vottaðrar starfsemi samkvæmt fjölda alþjóðlegra staðla kemur sér vel við innleiðingu nýrra reglna. Það skapar fyrirtækinu tiltekið forskot á fjármagnsmarkaði og skilar því hagstæðari fjármögnun en ella. Þá mun Orkuveitan leitast við að jafna sjóðflæði í erlendum myntum yfir spátímabilið og gerir því ráð fyrir erlendri lántöku samhliða innlendri fjármögnun. Vert er að nefna að Orka náttúrunnar gerði á árinu nýjan stóriðjusamning sem mun færa fyrirtækinu auknar tekjur í erlendri mynt.

Á útgáfudegi þessarar spár er óljóst hvenær fyrirheit stjórnvalda um breytingu á fjármálareglum sveitarfélaga gangi eftir. Samkvæmt gildandi reglum reiknast allar skuldir samstæðu Orkuveitunnar inn í skuldaviðmið Reykjavíkurborgar þótt innan við fimmtungur lánanna sé á ábyrgð sveitarfélagsins.

Aukið samstarf

Stefna Orkuveitunnar er að auka samstarf við fjárfesta að stærri verkefnum með gagnkvæman ávinning að leiðarljósi. Þetta á t.d. við um Coda, áformaða kolefnisbindingarstöð Carbfix. Gert er ráð fyrir aðkomu fjárfesta þegar leyfi liggja fyrir. Jafnframt er hafið samstarf við iðnfyrirtæki innanlands um bindingu kolefnis frá starfsemi þeirra. Er það í samræmi við nýjar áherslur stjórnvalda um hvernig þau munu stuðla að því að markmiðum Íslands í loftslagsmálum verði náð. Eftir langt og samfellt fjárfestingaskeið Ljósleiðarans stendur nú yfir innri styrking fjar-skiptakerfa hans. Markmiðið er þroski fyrirtækisins úr vaxtarfélagi í arðgreiðslufélag.

Forsendur og framvinda

Helstu utanaðkomandi tölulegar forsendur fjárhagsspárinnar eru raktar að neðan. Þar er gert ráð fyrir hjaðnandi verðbólgu og að álverð hækki, en hluti raforkusölu er tengdur álverði. Ekki er spáð fyrir um gengisþróun og grunngengi bandaríkjadals í spánni er lágt. Áfram verða gerðir áhættuvarnarsamningar vegna álverðs.

Opinberir aðilar eru nú að skoða ýmsar útfærslur á frekari gjalddöku af orkuvinnslu. Enn ríkir óvissa um framgang þessara áforma og hugsanleg áhrif þeirra á verð til endanlegra notenda. Í ljósi þessarar óvissu eru slík áhrif ekki tekin með í þessa fimm ára spá.

Gert er ráð fyrir að arðgreiðslur 2026 nemi 6,5 ma.kr. og fylgi verðlagsþróun síðari ár spárinnar.

Fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur 2026 og fjögurra ára spá 2027–2030 fer til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg sem hluti af fjárhagsáætlun samstæðu Reykjavíkurborgar.

Áherslur 2026-2030

	 VEITUR	 ORKA	 LJÓSLEIÐARINN	 Carbfix
Hlutverk	Veitur eru framsækið þjónustufyrirtæki sem tryggir aðgengi að rafmagni, hita, hreinu vatni og fráveitu. Með nýsköpun og samstarfi veitum við lífsgæði til framtíðar.	Orka náttúrunnar á og rekur virkjanir sem framleiða rafmagn fyrir fyrirtæki, heimili og farartæki um landið allt og heitt vatn fyrir veitusvæði Veitna.	Ljósleiðarinn byggir upp og rekur ljósleiðaranet fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. Með þéttni neti ljósleiðara-þráða tryggjum við öruggan og hagkvæman aðgang að tækifærum framtíðarinnar.	Carbfix spornar gegn loftslagsvánni með frekari þróun og uppbyggingu á tækni til kolefnisbindingar í bergi. Markmið Carbfix er að stuðla að loftlagsbata með því að þróa og auka enn frekar streinrenningu CO ₂ neðanjarðar um allan heim.
Megin- áherslur 2026-30	Áhersla verður lögð á aukna forðaaöflun í heitu vatni og endurnýjun á mikilvægum stofnlögnum. Uppbygging húsnæðis, Borgarlína og orkuskipta eru allt samfélagsleg verkefni sem Veitur munu eiga mikla aðkomu að á næstu árum. Til þess að styðja við þau vaxandi samfélög sem Veitur þjóna er nauðsynlegt að byggja upp og viðhalda líkönum sem kerfisáætlanir til lengri og skemmri tíma byggja á. Áhersla verður á aukið samtal við almenning og nýsköpun til að mæta nýjum tímum, leiða þróun og hafa áhrif á sjálfbæra framtíð.	Ábyrg nýting jarðhitans og fjölbreyttari not af honum, m.a. til orkuskipta, eru megináherslur ON á spátímabilinu. Stöðugur rekstur Orku náttúrunnar og vaxandi tekjur vegna nýrra samninga einkenna tímabilið. Nýsköpun verður meðal áherslna og ON mun byggja á hugviti og umhverfisáherslum fyrirtækisins til að halda forystu í sjálfbærri starfsemi.	Lögð áhersla á að ná fram aukinni skilvirkni í rekstri á spátíma og að gera sjóðstreymi félagsins sjálfbærara með meira aðhaldi í rekstri og fjárfestingum. Áhersla á að hámarka nýtingu þeirra fjárfestinga sem félagið hefur farið í á undanföllum árum með fókus á eigin ljósleiðaranet á starfssvæði Ljósleiðarans á suðvesturhorni landsins.	Áfram verður unnið að uppskölun á nýtingu Carbfix tækninnar í gegnum ný verkefni sem fela í sér bæði staðbundna föngun og bindingu CO ₂ sem og flutning frá upprunastað til fýsilegra niðurdælingarsvæða. Innanlands er áhersla á samdrátt í losun með áframhaldandi tækniþróun í föngun lágstyrksstrauma til samræmis við áherslur loftlagsáætlunar stjórnvalda. Samhliða auknu umfangi föngunar og niðurdælingar er starfsemi styrkt með skilvirkum gæða, eftirlits- og vöktunar ferlum. Unnið er að langtímafjármögnun félagsins.

	 VEITUR	 ON	 LJÓSLEIÐARINN	 Carbfix
Helstu fjárfestingar	Á tímabilinu mun átaksverkefni innleiðingar snjallmæla ljúka. Gögnin sem frá nýjum snjallmælum koma munu veita nýja innsýn í starfsemina með auknum tækifærum til úrbóta í áætlanagerð, auknu rekstraröryggi og enn ábyrgari auðlindanýtingu. Mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis kallar á stækkun veitukerfa og verkefni tengd Samgöngusáttmála Höfuðborgarsvæðisins kalla á miklar fjárfestingar vegna aðlögunar veitukerfanna. Jafnframt verður unnið að hefðbundnu viðhaldi vaxandi kerfa, m.a. endurnýjun stofnæða. Til að tryggja nægt heitt vatn á veituvæðum Veitna til langrar framtíðar er fjárfesting í forðaöflun aukin á spátímabilinu.	Aukin dvínun á gufuforða og óstöðugar holur í rekstri hafa áhrif á spána. Um helmingur af fjárfestingum ON á tímabilinu er tengdur gufuöflun fyrir báðar virkjanir. Nýir kostir í orkuöflun með betri nýtingu á núverandi orku á Hellisheiði verða kannaðir áfram sem og stækkun varmastöðvar sem eykur framleiðslu á heitu vatni. Á Nesjavöllum er unnið að endurnýjun stjórnkerfis. Í Jarðhitagarði ON er hringrásarhagkerfið áfram eftir með byggingu Nýsköpunarkjarna. ON heldur forystu í orkuskiptum í samgöngum, með fjárfestingum í hleðslubúnaði og frekari nýtingu stafrænna lausna í þróun þjónustu.	Á fyrri hluta spátímabils er mikil áhersla á uppbyggingu XGS-PON kerfis til að hægt sé að bæta skilvirkni ljósleiðarakerfis, minnka orkunotkun og gera Ljósleiðarann undirbúinn fyrir bjóða öllum viðskiptavinum upp á hagkvæmar ljósleiðaratengingar samfara tækniþróun. Einnig er aukinn fjárfesting í hugbúnaðarþróun til að ná fram aukinni skilvirkni í rekstri. Áfram fjárfest í uppbyggingu á nýjum hverfum á núverandi starfssvæði en ekki áform um að stækka starfssvæði Ljósleiðarans að öðru leiti. Á seinni hluta spátímabils er meiri áhersla lögð á að minnka fjárfestingarþörf félagsins.	Á spátímabilinu er uppbygging á Coda Terminal, miðstöð fyrir móttöku og bindingu CO₂, stærsta verkefnið. Áfram verður unnið með prófanir á nýtingu sjávar til kolefnisbindingar í bergi. Fjárfest verður í virðisaukandi verkefnum sem falla að markmiðum og stefnu félagsins.

Forsendur fjárhagsspár 2026-2030

Forsendur útkomuspár 2025 og fjárhagsspár 2026-2030 byggja á þjóðhagsspa Hagstofu Íslands sem gefin var út í júlí 2025 sem og spám frá Seðlabanka Íslands og Orkuveitunni. Forsendur um þróun álverðs byggja á upplýsingum frá London Metal Exchange. Við vaxtaspár er miðað við fölgna framvirka vexti (e. Implied forward rates) eftir myntum og vaxtakjörum einstakra samninga.

Forsendur

Lýsing	2025	2026	2027	2028	2029	2030
Vísitala neysluverðs, breyting (%)	3,8%	3,2%	2,6%	2,5%	2,5%	2,5%
Byggingavísitala (%)	4,7%	4,0%	3,3%	3,0%	3,0%	3,0%
Gengisvísitala, breyting (%)	-2,8%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Launa vísitala, breyting (%)	6,6%	4,2%	4,0%	4,1%	4,1%	4,1%
Álverð, meðalverð ársins (\$)	2.586,5	2.617,9	2.658,0	2.685,0	2.709,3	2.733,2

Forgangsröðun og mat á fjárfestingum


Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er hlutverk og kjarnastarfsemi fyrirtækisins skilgreind og liggur hún til grundvallar forgangsröðunar fjárfestinga. Þau verkefni sem tilgreind eru í fjárfestingarspá hafa hlotið ítarlega umfjöllun innan fyrirtækisins. Fjárfestingarákvarðanir hvers félags fara í gegnum nokkur stig í undirbúningi með reglulegri viðkomu í ákvörðunarhliðum (e. Stage-Gate) þar sem hvert og eitt fjárfestingarverkefni þarf í senn að standast samræmdar kröfur til slíkra verkefna og samanburð við önnur verkefni, meðal annars hvað varðar hagkvæmni og ávinning.

Þegar verkefni hefur staðist slíkt mat fer það í samþykktarferli hvers fyrirtækis innan samstæðunnar og jafnvel til móðurfyrirtækis eða eigenda, sé umfang þess slíkt.

Stærri fjárfestingarákvarðanir eru í höndum stjórnar hvers dótturfélags nema þær fari yfir 5% eigin fjár félagsins samkvæmt nýjasta árshlutauppgjöri. Í því tilviki skal ákvörðunin hljóta staðfestingu hlutahafafundar. Fari fjárfestingarákvörðun yfir 5% af eigin fé samstæðunnar skal hún hljóta staðfestingu sveitarstjórna eigenda.

Fjárhagsspá 2026-2030

Rekstur




Mynd 1 – Milljarðar króna

Tekjur vaxa á spátímabilinu 2026-2030 um 25,1 ma.kr. eða 35%. Helsta skýringin er áframhaldandi uppbygging á stærstu tekjustofnum innan samstæðu Orkuveitunnar. Tekjur rafmagns

og af heitu vatni hækka um 19 ma.kr. á tímabilinu. Tekjur af rafmagni hækka m.a. vegna hagstæðari samninga og gert er ráð fyrir gjaldskrárhækkunum og magnaukningu í heitu vatni. Gert er ráð fyrir að gjaldskrárhækkanir fylgi að mestu vísitölu neysluverðs eða byggingarvísitölu eftir því sem við á.

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður samstæðunnar án afskrifta aukist á tímabilinu um 4,7 ma.kr. eða 15%. Aukningin er í takti við þær markaðsforsendur sem eru áætlaðar yfir spátímabilið.

EBITDA framlegð




Mynd 2 – EBITDA / Rekstrartekjur

EBITDA stendur fyrir framlegð reksturs án fjármagnsliða, afskrifta og skatta.

Framlegð reksturs Orkuveitunnar hefur verið stöðug og góð síðustu ár. Framlegðin þarf meðal annars að standa undir fjárfestingum fyrirtækjanna í Orkuveitunni. Reksturinn krefst verulegra fjárfestinga til að halda við veitukerfum og virkjunum, sinna nýjum viðskiptavinum og mæta auknum kröfum sem til rekstursins eru gerðar.

Samkvæmt spá eykst EBITDA á spátímabilinu um 20,4 ma.kr. eða 51%.


Vaxtagjöld



Mynd 3 – Milljarðar króna

Verðbólga og gengisáhrif skýra að mestu breytingar á vaxtagjöldum milli ára. Sveiflur í markaðsvöxtum hafa einnig áhrif á vaxtagreiðslur þó ekki veruleg vegna samsetningar fjármögnunar Orkuveitunnar.

Afkoma / Hagnaður eftir skatta




Mynd 4 – Milljarðar króna

Eins og sjá má á *Mynd 4* er gert ráð fyrir að afkoma samstæðunnar batni á tímabilinu og er gert ráð fyrir að hún verði jákvæð um 16,2 ma.kr. árið 2030.

Hafa ber í huga að óreglulegir fjármagnsliðir eins og breytingar á virði framvirkra raforkusölu-samninga geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins. Árið 2025 er gert ráð fyrir 411 m.kr. áhrifum til hækkunar á afkomu.


Eignir og eiginfjárlutfall



Mynd 5 – Eignir í milljörðum króna

Áætlað er að eignir hækki á næstu árum vegna aukinna fjárfestinga þvert á Orkuveituna. Eiginfjárlutfall helst stöðugt á tímabilinu, þ.e. frá því að vera 50,0% í 51,0% í lok tímabilsins, en jafnframt er gert ráð fyrir jöfnum arðgreiðslum á spátímabilinu í takti við verðlag eftir 2026.

Handbært fé 2026-2030 með bundnum innstæðum og markaðsverðbréfum




Mynd 6 – Milljarðar króna

Handbært fé frá rekstri er einkum nýtt til fjárfestinga og afborgana af lánun. Hluti skulda verður endurfjármagnaður á tímabilinu með nýrri lántöku. Þrátt fyrir áætlun um 244,5 ma.kr. fjárfestingu á tímabilinu er einungis gert ráð fyrir 52,3 ma.kr. lántöku umfram afborganir lána.

Að teknu tilliti til tekjuskattgreiðslna og arðgreiðslna er gert ráð fyrir að handbært fé og bundnar innstæður í árslok 2030 verði 26,6 milljarðar kr.

Heildar arðgreiðslur á tímabilinu eru áætlaðar 34,2 milljarðar kr.

Heildar fjárfestingar




Mynd 7 – Milljarðar króna

Fjárfestingar á tímabilinu 2026-2030 eru í samræmi við fyrri fjárhagspá og gerir fjárhagsspáin ráð fyrir 244,5 ma.kr. fjárfestingu á tímabilinu. Miklar fjárfestingar eru framundan hjá Orkuveitunni til að mæta aukinni orkuþörf, nýsköpun, baráttu við loftslagsvá og viðhaldi veitukerfa.

Fjallað er um helstu fjárfestingar hvers félags hér að framan og sýnir mynd hér að ofan hvernig áætlaðar fjárfestingar Orkuveitunnar eru innan spátímabilsins. Hlutdeild Carbfex af fjárfestinga-áætlun er tæplega 21% á spátímabilinu, sem verður að mestu fjármögnuð með aðkomu nýrra fjárfesta samkvæmt spánni.

Lántökur




Mynd 8 – Milljarðar króna

Á tímabilinu 2026-2030 er gert ráð fyrir að ný lántaka nemi um 163,0 ma.kr.

Á sama tíma er gert ráð fyrir að greiða niður lán um 110,7 ma.kr.

Afborganir langtímaskulda og handbært fé frá rekstri




Mynd 9 – Milljarðar króna

Árlegar afborganir skulda eru áætlaðar á bilinu 19–25 ma.kr. á árunum 2026–2030, samtals 110,7 ma.kr.

Handbært fé frá rekstri stendur vel undir þeim afbörgunum en á móti eru fjárfestingar á tímabilinu miklar sem kallar á viðbótarlántöku og sölu hlutafjár á tímabilinu.

Nettó vaxtaberandi skuldir og fjármögnunargreyfingar




Mynd 10 – Milljarðar króna

Nettó vaxtaberandi skuldir endurspeglar stöðu vaxtaberandi skulda á móti handbæru fé, markaðsverðbréfum og bundnum innlánum.

Nettó vaxtaberandi skuldir hækka um 10,7 ma.kr. á árinu 2025, þar af eru verðbætur áætlaðar 3,9 ma.kr. Gert er ráð fyrir hækkun nettó vaxtaberandi skulda á tímabilinu um 75,2 ma.kr., þar af 21,3 ma.kr. vísitöluhækkun verðtryggðra lána á sama tímabili.

Eigið fé



Mynd 11 – Milljarðar króna

Eigið fé Orkuveitunnar eykst um 40,5 ma.kr. á tímabilinu 2026-2030. Til viðbótar hækkuninni myndast hlutdeild minnihluta í eiginfé Orkuveitunnar að fjárhæð 38,4 ma.kr. árið 2030.


Lykiltölur

Markvisst er unnið að því að styrkja fjárhag fyrirtækisins. Það felur í sér að ná og viðhalda settum markmiðum um stöðu lykiltalna í rekstri svo sem veltufjárlutfalls, eiginfjárlutfalls, vaxtaþekju o.fl.


Spáin byggir á ákveðnum lykilmælikvörðum til samræmis við áherslur í eigendastefnu Orkuveitunnar.

Í samræmi við eigendastefnu Orkuveitunnar eru í gildi arðgreiðsluskilyrði fyrir fyrirtækið. Þau fela í sér að fjárhagsleg markmið arðgreiðsluskilyrða, sem sjá má hér til hliðar, skulu uppfyllt áður en ákveðið er að greiða arð til eigenda og eftir að arður hefur verið greiddur.



Arðgreiðslur eru áætlaðar 34,2 milljarðar kr. á tímabilinu og gera spár samstæðunnar ráð fyrir því að öll arðgreiðsluskilyrði séu uppfyllt á sama tíma.





Markmið > 40%



Markmið > 1,0



Markmið > 13%



Markmið > 3,5

Horfur og spár 2025-2030 – Rekstrarreikningur

	Raun 2024 (mkr)	Horfur 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)	Spá 2028 (mkr)	Spá 2029 (mkr)	Spá 2030 (mkr)
Rekstrartekjur	66.782	70.925	77.086	82.122	87.413	90.837	96.047
Rekstrargjöld	27.720	30.852	32.555	32.425	32.905	33.546	35.565
EBITDA	39.062	40.073	44.530	49.697	54.508	57.292	60.482
Afskriftir	16.830	17.139	18.028	19.363	20.877	21.967	23.185
EBIT	22.232	22.935	26.503	30.334	33.630	35.324	37.297
Fjármagnsliðir	-12.234	-12.120	-12.329	-13.281	-13.618	-14.266	-16.237
Vaxtatekjur	1.056	1.122	1.009	875	1.111	910	-118
Vaxtagjöld	-13.816	-13.973	-13.538	-14.347	-15.150	-15.652	-16.566
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	527	731	200	191	421	476	447
Hagnaður fyrir tekjuskatt	9.999	10.815	14.174	17.053	20.013	21.058	21.060
Tekjuskattur	-689	-315	-978	-1.037	-1.550	-1.696	-1.573
Hagnaður (tap) ársins	9.309	10.499	13.196	15.290	15.317	16.194	16.165
Hlutdeild minnihluta	-1	0	0	-233	-524	-842	-897

Horfur og spár 2025-2030 – Efnahagsreikningur

	Raun 2024 (mkr)	Horfur 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)	Spá 2028 (mkr)	Spá 2029 (mkr)	Spá 2030 (mkr)
Eignir	509.953	513.257	537.598	574.160	602.122	638.687	667.848
Fastafjármunir	470.877	477.613	505.060	535.696	566.613	603.224	630.715
Veltufjármunir	39.075	35.643	32.537	38.464	35.505	35.462	37.133
Eigið fé og skuldir	509.953	513.257	537.598	574.160	602.122	638.687	667.848
Eigið fé	265.732	261.964	268.660	287.170	304.946	331.864	340.854
Skuldir	244.221	251.293	268.938	286.990	297.176	306.823	326.995
Langtímaskuldir	212.683	218.279	237.672	249.728	263.703	272.127	290.456
Skammtímaskuldir	31.537	33.013	31.266	37.262	33.474	34.695	36.538

Horfur og spár 2025-2030 – Efnahagsreikningur

	Raun 2024 (mkr)	Horfur 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)	Spá 2028 (mkr)	Spá 2029 (mkr)	Spá 2030 (mkr)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	38.318	41.383	44.384	49.272	54.378	57.241	60.223
Innborgaðar vaxtatekjur	1066	1086	1009	875	1.111	910	809
Greidd vaxtagjöld	-8.037	-8.203	-9.017	-9.841	-10.514	-10.945	-11.374
Greiddur tekjuskattur	-1.744	-2.706	-2.960	-3.566	-4.038	-4.371	-4.614
Greiddslur annarra fjármagnsliða	0	394	385	389	503	442	410
Handbært fé frá rekstri	29.725	32.208	33.800	36.402	38.294	40.108	42.133
Fjárfesting rekstrarfjármuna	-32.902	-34.830	-43.817	-47.579	-49.249	-55.977	-47.922
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	-1.881	0	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar alls	-34.783	-34.830	-43.817	-47.579	-49.249	-55.977	-47.922
Fjármögnunarhreyfingar							
Ný langtímalán	34.509	27.997	35.930	33.730	30.730	26.000	36.583
Afborganir langtímaskulda	-17.324	-20.875	-23.096	-19.773	-25.445	-21.005	-21.367
Greiddur arður	-6.000	-6.500	-6.500	-6.663	-6.829	-7.000	-7.175
Innborgað hlutafé	0	0	0	10.010	9.295	17.589	0
Fjármögnunarhreyfingar alls	11.033	535	6.244	17.201	7.645	15.474	7.931
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	5.975	-2.087	-3.772	6.024	-3.311	-395	2.142
Handbært fé í ársbyrjun	10.342	16.438	14.346	10.574	16.598	13.287	12.892
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	121	-5	0	0	0	0	0
Handbært fé í lok tímabils	16.438	14.346	10.574	16.598	13.287	12.892	15.033




SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós SHS er að veita gæðaþjónustu vegna forvarna og fyrstu viðbragða til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Hjá liðinu starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk með skýr markmið.

SKIPURIT

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) er skipuð framkvæmdastjórum sveitarfélaganna sex sem eru eigendur liðsins. Slökkviliðsstjóri sér um daglega stjórn SHS. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Starfsemi SHS skiptist í tvö kjarnasvið, aðgerðasvið og forvarnasvið, og þrjár stoðeiningar. Stjórnendur sviða og stoðeininga skipa framkvæmdastjórn SHS ásamt slökkviliðsstjóra.



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026-2030


Að teknu tilliti til hækkunar verðlags, kjarasamningsbundinna launahækkana og launaþróunar er gert ráð fyrir að fjárhagsáætlun samstæðunnar verði samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2024	Útkomuspá/ Áætlun 2025	Áætlun 2026	Fimm ára áætlun			
				2027	2028	2029	2030
Rekstrartekjur	5.290.846	5.636.000	5.917.000	6.102.000	6.253.000	6.404.000	6.449.000
Tekjur samtals	5.290.846	5.636.000	5.917.000	6.102.000	6.253.000	6.404.000	6.449.000
Laun og launatengd gjöld	4.191.598	4.674.000	4.913.000	5.078.000	5.210.000	5.342.000	5.375.000
Annar kostnaður	767.266	814.000	774.000	783.000	791.000	799.000	800.000
Afskriftir	152.913	190.000	230.000	235.000	246.000	257.000	268.000
Gjöld samtals	5.111.778	5.678.000	5.917.000	6.096.000	6.247.000	6.398.000	6.443.000
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	179.068	-42.000	0	6.000	6.000	6.000	6.000
Fjármagnsliðir	57.728	28.000	7.000	-3.000	-3.000	-3.000	-3.000
Rekstrarniðurstaða	236.796	-14.000	7.000	3.000	3.000	3.000	3.000

STARFSFÓLK

	Raun 2024	Útkomuspá/ Áætlun 2025	Áætlun 2026
Fjöldi starfsmanna	232	242	242
Fjöldi stöðugilda	225	242	242
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
Aðgerðasvið	193	207	207
Forvarnasvið	17	17	17
Stoðsvið	16	18	18

SKIPTING REKSTRAR 2026



HLUTVERK

Hlutverk SHS er að sinna eldvarnaeftirliti, forvörnum og viðbúnaði við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt að sinna björgun fastklemmds fólks og öðrum þeim störfum sem því er falið samkvæmt lögum og samningum þar að lútandi. SHS sinnir sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu skv. samningi við ríkið.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING 2026

Rekstrartekjur

Áætlaðar tekjur SHS samstæðunnar árið 2026 eru um 5.917 m.kr., sem er 4,3% hækkun miðað við áætlun 2025 en um 5% hækkun miðað við útkomuspá.

Tekjur frá eigendum eru 3.113 m.kr. eða tæplega 53% af heildartekjum og hækka samtals um 137 m.kr. (4,6%) frá 2025. Tekjur af sjúkraflutningum eru um 42% af heild eða um 2.491 m.kr. og hækka um 62 m.kr. (2,6%) miðað við áætlun 2025 en 6,3% miðað við útkomuspá. Aðrar tekjur eru áætlaðar samtals um 313 m.kr. eða um 5% af heildartekjum.

Framlag eigenda vegna reksturs SHS

Áætlað er að framlag til rekstrar verði 2.939 m.kr. sem er um 124 m.kr. (4,4%) hærra en árið á undan. Hækkun kemur til vegna kjarasamningsbundina launahækkana, áætluð hækkun vísitölu neysluverðs og vegna aukins launakostnaðar í tengslum við fyrirsjáanlega launaþróun starfsmanna varðliðsins vegna menntunar og starfsþróunar 2026.

Framlag eigenda til AHS

Gert er ráð fyrir að framlag vegna almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins (AHS) hækki í takt við gildandi kjarasamninga.

Álag og verkefni almannavarna á höfuðborgarsvæðinu hafa aukist til muna á undanförunum árum, m.a. vegna aukinna áherslna sveitarfélaga á málaflokkinn. Verkefnin fela m.a. í sér skipulag og samræmingu verklags, reglubundið mat áhættu og áfallapóls, skilgreiningu leiða til áhættuminnkunar og útgáfu áhættumats, viðbragðs- og neyðaráætlana, leiðbeininga og fræðsluefnis.

Framlag í fjárfestingarsjóð

Í nýjum stofnsamningi sem undirritaður var í júní 2024 var samþykkt að fjárfestingarframlagið tæki mið af raunkostnaði á búnaði slökkviliðsins, sbr. fylgiskjal 1 við stofnsamninginn, sem væri núna um 181 m.kr., sem er um 64 m.kr. hækkun miðað við framlagið 2025. Lagt er til að hækkun á fjárfestingarframlaginu verði tekin inn á allt að sex árum og hækki því um 11 m.kr. 2026 eða um 9,4% og verði því 128 m.kr.

Tekjur af sjúkraflutningum – ríkissjóður

Heildartekjur af sjúkraflutningum 2026 eru áætlaðar 2.491 m.kr. sem er um 62 m.kr. (2,6%) hækkun miðað við áætlun 2025 og um 6,3% miðað við útkomuspá 2025, þar af er um 5,8% vegna áætlaðrar hækkunar á vísitölum.

Frá og með 1. janúar 2026 hækka verð í samningnum í samræmi við meðaltalshækkun launavísitölu (86%) og neysluvísitölu (14%), miðað er við nóvembervísitölu ár hvert.

Fjárhagsáætlun 2026 gerir ráð fyrir að fjöldi almennra sjúkraflutninga verði að mestu í takt við fjölda flutninga 2025 auk hlutfallslegrar fjölgunar íbúa í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu

Íslands en fjöldi millispítalaflutninga standi í stað á milli ára og því verði meðaltalsfjöldun tæplega 1%.

Samningur SHS um sjúkraflutninga við Sjúkratryggingar Íslands gildir til loka febrúar 2027 og heimilt er að framlengja um allt að þrjú ár.

Húsaleigutekjur SHS samstæðu

Gert er ráð fyrir að húsaleigutekjur hækki í takt við verðlag og verði um 134 m.kr. 2026. Rétt er þó að nefna að enn er mikil óvissa um framtíðarhlutverk björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð, þar sem meirihluti leigutaka er að skoða flutning úr Skógarhlíðinni.

Aðrar sértekjur

Gert er ráð fyrir að aðrar sértekjur verði um 197 m.kr. 2026, sem er ríflega 60 m.kr. (31%) hækkun miðað við áætlun 2025 en um 5,3% hækkun miðað við útkomuspá. Áætlunin gerir ráð fyrir að fjöldi skoðana forvarnasviðs og beiðnir um viðveru varðliðs á viðburðum verði sambærilegt við 2025.

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld SHS samstæðunnar eru áætluð 5.687 m.kr. á árinu 2026 sem er um 253 m.kr. (4,7%) hækkun frá áætlun 2025 og um 3,6% miðað við útkomuspá. Laun og launatengd gjöld hækka um 209 m.kr. (4,4%) og annar rekstrarkostnaður um 44 m.kr. (6%) frá áætlun 2025, en lækkar um 0,6% frá útkomuspá ársins.

Launakostnaður

Gert er ráð fyrir að heildarlaunakostnaður hækki samtals um 209 m.kr. (4,4%) 2026 miðað við áætlun 2025 og um 5,1% miðað við útkomuspá, vegna kjarasamningsbundinna launahækkana og launaþróunar. Áætlunin gerir ráð fyrir að um fjórðungur varðliðsmanna fari upp um launaflokka vegna starfsaldurs og aukinnar menntunar 2026.

Í gildandi kjarasamningi við slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn er viðauki sem gerir ráð fyrir mögulegri hækkun á launum í tengslum við launatöfluauka sem er ætlað að stuðla að því að þróun launakostnaðar starfsfólks á opinberum markaði haldi að jafnaði í við þróun launakostnaðar sambærilegra hópa á almennum markaði. Áætlun launakostnaðar 2026 gerir ekki ráð fyrir að breyting verði á launakostnaði vegna þessa, en ef til kemur hækkun vegna jöfnunar launa milli markaða yrði hún næst 1. september 2026. Áætlun er því með fyrirvara um mögulega hækkun launakostnaðar vegna þessa.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður SHS samanstendur af starfsmannakostnaði, rekstri og viðhaldi tækja, húsnæðiskostnaði og öðrum sameiginlegum kostnaði.

Undir annan rekstrarkostnað falla stórir liðir sem taka annars vegar mið af launavísitölu (4,4%), s.s. þjónusta 112, starfsmannatryggingar og þjónusta trúnaðarlæknis, og hins vegar liðir sem taka mið af vísitölu neysluverðs (2,7%), s.s. matarkostnaður, vinnufatnaður, námskeið, tryggingar og tölvubúnaður.

Áætlun gerir ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður verði um 774 m.kr. 2026, sem er hækkun um 44 m.kr. (6%) miðað við áætlun 2025, en lækkun um 5 m.kr. (0,6%) miðað við útkomuspá. En ef útkomuspá 2025 yrði framreiknuð miðað við vísitölur næmi lækkun á öðrum rekstrarkostnaði 28 m.kr. milli ára, þ.e. 7 m.kr. lækkun starfsmannakostnaðar, 10 m.kr. lækkun á viðhaldi rekstrar og tækja, 6 m.kr. lækkun á húsnæðiskostnaði og 5 m.kr. lækkun á öðrum kostnaði.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Fjárhagsáætlun 2026 byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS, ásamt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 15. mars 2025. Brunavarnaáætlunina skal endurskoða, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir, eigi síðar en fimm árum eftir að hún hlaut samþykki en oftast ef þörf er á. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) hefur þó reglubundið eftirlit með mönnun og viðbragðstíma, búnaði og tækjum, menntun og þjálfun slökkviliðsmanna og stöðu reykkafera. Ný brunavarnaáætlun var lögð fram á stjórnarfundum SHS 19. september sl. og í framhaldi af því verður hún send til sveitarfélaga sem standa að SHS til staðfestingar.

Fjárhagsáætlun 2026 ársins gerir ráð fyrir að launahækkanir starfsmanna SHS á næsta ári verði í takt við gildandi kjarasamninga og að aðrar verðlagshækkanir verði í takt við það sem kemur fram í þjóðhagsspá Hagstofu frá mars 2025

Upphaflegum tillögum starfshóps um framtíðaruppbyggingu SHS á höfuðborgarsvæðinu, skipuðum af stjórn SHS, sem samþykktar voru á fundi stjórnar 14. desember 2023, var skipt upp í þrjá áfanga. Gert var ráð fyrir að tillögur starfshópsins myndu raungerast á tímabilinu frá 2024 til 2031. Fyrsti áfangi var bygging á nýrri útkallsstöð við Tónahvarf í Kópavogi, sem yrði tekin í notkun 2027, ljóst er að framangreindar fyriráætlanir hafa frestast og nú er gert ráð fyrir að ný stöð við Tónahvarf verði tekin í notkun 2030. Stöðin er viðbót við þær sem fyrir eru og því mun þurfa að fjölga slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum til að manna nýja stöð. Gert er ráð fyrir að fjölgun komi inn í áföngum á árunum 2027 til 2030 í samræmi við nýja brunavarnaáætlun.

Nánari útfærslur á framkvæmdum næstu áfanga er að finna í greinargerð starfshóps og í nýrri brunavarnaáætlun.

Áhrifa af uppbyggingu á húsnæði fyrir slökkviliðið og viðhaldi núverandi húsnæðis mun gæta í fjárhagsáætlunum á komandi árum.

Áætlunin 2027-2030 gerir ráð fyrir fjölgun starfsmanna í samræmi við nýja brunavarnaáætlun. Annarsvegar er fjölgun til að fullmanna nýja útkallsstöð við Tónahvarf sem kæmi inn í áföngum á tímabilinu, samtals 24 nýir starfsmenn. Hins vegar er gert ráð fyrir að styrkja mönnun forvarnasviðs á tímabilinu um tvö ný stöðugildi árið 2027 og tvö 2030.

Helstu verkefni aðgerðasviðs eru slökkvistörf og sjúkraflutningar. Heildarfjöldi boðana á árinu 2026 er áætlaðar ríflega 43 þúsund, sem skiptist í tæplega 42 þúsund boðanir sjúkrabifreiða og ríflega 1 þúsund boðanir slökkvibifreiða.

Stoðeiningar SHS sinna bókhaldi, launum, innheimtu, uppgjörum og áætlanagerð, vinna greiningar á rekstri og aðrar stjórnendaupplýsingar, sinna stjórnsýslulegum erindum, stefnumótun, innra eftirliti, mannauðsmálum, rekstri tölvukerfa og þróun hugbúnaðar fyrir rekstur, aðgerðir og forvarnir. Stoðeiningarnar vinna náið saman og með starfsmönnum aðgerðasviðs og forvarnasviðs að uppbyggingu og viðhaldi þjónustu liðsins við eigendur þess og almenning á höfuðborgarsvæðinu.

FRAMLÖG

Greiðslur sveitarfélaga	Á-2025	Á-2026	Breytingar	Hlutfall
Heild				
Vegna reksturs SHS.....	2.815.000	2.939.000	124.000	4,4%
Vegna fjárfestinga SHS.....	117.000	128.000	11.000	9,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	44.000	46.000	2.000	4,5%
Alls:	2.976.000	3.113.000	137.000	4,6%
Sundurliðun á sveitarfélag				
Reykjavík	1.670.263	1.736.620	66.357	4,0%
Vegna reksturs SHS.....	1.579.926	1.639.582	59.656	3,8%
Vegna fjárfestinga SHS.....	65.667	71.407	5.741	8,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	24.670	25.631	961	3,9%
Kópavogur	479.932	501.069	21.137	4,4%
Vegna reksturs SHS.....	453.975	473.070	19.095	4,2%
Vegna fjárfestinga SHS.....	18.869	20.603	1.735	9,2%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	7.089	7.395	307	4,3%
Hafnarfjörður	373.550	394.510	20.960	5,6%
Vegna reksturs SHS.....	353.347	372.466	19.119	5,4%
Vegna fjárfestinga SHS.....	14.686	16.222	1.536	10,5%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	5.517	5.823	305	5,5%
Garðabær	232.895	251.736	18.840	8,1%
Vegna reksturs SHS.....	220.299	237.669	17.370	7,9%
Vegna fjárfestinga SHS.....	9.156	10.351	1.195	13,0%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	3.440	3.715	275	8,0%
Mosfellsbær	163.532	171.632	8.100	5,0%
Vegna reksturs SHS.....	154.687	162.042	7.355	4,8%
Vegna fjárfestinga SHS.....	6.429	7.057	628	9,8%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	2.415	2.533	118	4,9%
Seltjarnarnes	55.784	57.378	1.594	2,9%
Vegna reksturs SHS.....	52.767	54.171	1.405	2,7%
Vegna fjárfestinga SHS.....	2.193	2.359	166	7,6%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	824	847	23	2,8%
Kjósarhreppur	44	56	11	25,9%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	44	56	11	

Fjárhæðir í þús.kr.

FJÁRFESTINGAR

Fjárhagsáætlun 2026 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir samtals um 400 m.kr., þ.e.:

- Tveir nýir gámabíllar, gert er ráð fyrir að fara í útboð á þessu ári.
- Viðhald á húsnæði SHS, þar vegur þýngst áframhaldandi viðhald og endurbætur á stöðinni á Tunguhálsi.
- Reglubundin endurnýjun á ýmsum búnaði til slökkvistarfa.

Áhrifa af uppbyggingu á húsnæði fyrir slökkviliðið og viðhaldi núverandi húsnæðis mun gæta í fjárhagsáætlunum á komandi árum.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Rekstur SHS er fyrst og fremst fjármagnaður með framlagi frá sveitarfélögunum og tekjum frá ríkinu vegna sjúkraflutninga.

Miðað við núverandi útkomuspá verður rekstrarniðurstaða heldur verri en áætlað var eða neikvæð um 14 m.kr. Áætlun 2026 gerir ráð fyrir að 7 m.kr. afgangur verði að rekstur samstæðu.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2022	Raun 2023	Raun 2024	Útkpsá 2025	Áætlun 2026
Fjöldi boðana sjúkrabifreiða	40.586	40.305	39.776	38.980	39.500
Fjöldi boðana slökkviliðs	1.550	1.582	1.408	1.400	1.400
Fjöldi skoðanna/umsagna forvarnasv	2.400	2.400	2.400	2.600	2.600
Eiginfjárlutfall	76,1%	75,4%	73,7%	73,2%	73,0%
Veltufjárlutfall	1,9	1,9	1,4	1,3	1,3
Skuldsetningarhlutfall	8,1%	7,4%	6,5%	6,2%	6,0%
Uppgreiðslutími langtímaskulda	2,8	0,6	0,5	0,7	0,7



STRÆTÓ BS.


SKIPURIT

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Helsta hlutverk þess er að veita almenningssamgöngur í samræmi við fjárhagsramma og nýta fjármagn á sem skilvirkastan hátt til að mæta þörfum og væntingum viðskiptavina. Strætó bs. veitir landshlutasamtökum sveitarfélaga faglega ráðgjöf um skipulag almenningssamgangna á landsbyggðinni. Þá sinnir Strætó einnig akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og aldraða, sem er mikilvægur þáttur í að tryggja aðgengi að samgöngum fyrir alla hópa samfélagsins.


Um áramótin 2025/2026 er gert ráð fyrir að starfsemi Strætó verði skipt upp í tvö aðskilin félög. Strætó bs. mun áfram annast daglegan rekstur strætisvagna, en nýtt félag, Almennings-samgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. mun taka við stefnumótun, samningum við rekstrar-aðila, fjármögnun og umsýslu. Endanleg útfærsla er í vinnslu.

Breytingarnar hafa í för með sér nýtt skipulag og breytta verkaskiptingu í almenningssamgöngum. Um er að ræða flókið og krefjandi verkefni þar sem slíta þarf í sundur umfangsmikið og rótgróið fyrirtæki. Í þessari greinargerð verður tekið mið af þessari breytingu og reynt að setja fram eins skýra mynd og unnt er af þeim áhrifum sem hún hefur á starfsemi Strætó og áætlanargerð til næstu ára.

Meðfylgjandi skipurit sýnir stöðu Strætó eins og hún er í dag. Gera þarf ráð fyrir því að skipuritið taki breytingum þegar nýtt félag tekur til starfa og ábyrgðarskipting milli félaganna verður endanlega ákveðin.



Pant akstur er sérsniðin þjónusta fyrir fatlað fólk og aldraða einstaklinga sem eiga í erfiðleikum með að nýta almenningssamgöngur eða einkabíla. Strætó sér um framkvæmd þessarar þjónustu í samræmi við samninga við Reykjavíkurborg, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.



LEIÐARLJÓÐ

Strætó bs. stuðlar að sjálfbærum, öruggum og skilvirkum samgöngum með áherslu á þjónustu sem byggir á trausti og áreiðanleika. Markmiðið er að bjóða upp á hagkvæmar og aðgengilegar almenningssamgöngur sem draga úr umhverfisáhrifum og stuðla að betri lífsgæðum íbúa.

Áhersla er lögð á að bæta þjónustu við notendur, auka aðgengi og tryggja öryggi farþega í allri starfsemi. Í því felst einnig að styðja við orkuskipti í samgöngum, taka virkan þátt í markmiðum Samgöngusáttmálans og þróa þjónustu í takt við breyttar þarfir samfélagsins.

Við þær breytingar sem framundan eru, þar sem nýtt félag tekur að sér stefnumótun og umsýslu, verður leiðarljóð Strætó áfram að tryggja áreiðanlega og örugga framkvæmd daglegs aksturs og sértækrar þjónustu. Með því er lagður grunnur að skilvirku samstarfi milli félaganna tveggja og áframhaldandi uppbyggingu sjálfbærs almenningssamgöngukerfis.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026-2030

Fjárhæðir í þús.kr.	Áætlun 2026*					Fimm ára áætlun			
	Raun 2024	Áætlun 2025	PTO	PTA	Samtals PTO/PTA	2027	2028	2029	2030
Fargjöld	2.184.831	2.463.814		2.432.700	2.432.700	2.500.816	2.570.839	2.642.822	2.712.813
Rekstrarframlög sveitarfélaga	6.468.783	6.386.440	327.000	6.021.157	6.348.157	6.348.157	6.348.157	6.348.157	6.348.157
Ríkisframlag	906.000	3.145.560		2.965.645	2.965.645	2.965.645	2.965.645	2.965.645	2.965.645
Akstur Strætó bs.	0	0	4.282.845		4.282.845	4.282.845	4.282.845	4.282.845	4.282.845
Pant Akstursþjónusta	1.822.158	1.957.314	2.228.489	0	2.228.489	2.295.344	2.364.204	2.435.130	2.508.184
Aðrar tekjur	481.491	439.338	246.529	428.380	674.908	674.908	674.908	674.908	674.908
Tekjur samtals	11.863.263	14.392.467	7.084.862	11.847.882	18.932.745	19.067.715	19.206.598	19.349.508	19.492.552
Laun og launatengd gjöld	3.441.647	3.807.926	3.190.755	589.875	3.780.630	3.780.630	3.780.630	3.780.630	3.780.630
Pant Akstursþjónusta	1.822.158	1.957.314	2.228.489	0	2.228.489	2.295.344	2.364.204	2.435.130	2.508.184
Akstur Strætó bs.	0	0	0	4.282.845	4.282.845	4.282.845	4.282.845	4.282.845	4.282.845
Akstur verktakar	4.373.213	6.523.000	0	6.165.997	6.165.997	6.165.997	6.165.997	6.165.997	6.165.997
Annar kostnaður	1.663.911	1.619.057	1.333.398	809.165	2.142.564	2.142.564	2.142.564	2.142.564	2.142.564
Afskriftir	245.276	228.005	220.000	0	220.000	220.000	220.000	220.000	220.000
Gjöld samtals	11.546.206	14.135.302	6.972.643	11.847.882	18.820.525	18.887.379	18.956.240	19.027.166	19.100.220
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	317.057	257.164	112.220	0	112.220	180.335	250.358	322.342	392.332
Fjármagnsliðir	-113.495	-155.000	-107.000		-107.000	-107.000	-107.000	-107.000	-107.000
Rekstrarniðurstaða	203.562	102.164	5.220	0	5.220	73.335	143.358	215.342	285.332

Taflan hér að ofan sýnir áætlaðar tekjur og gjöld fyrir árið 2026 og fimm ára áætlun til 2030. Þar er tekið mið af þeirri breytingu sem verður við stofnun nýs félags, Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. (PTA), um áramótið 2025/2026.

Í framsetningunni er gerður greinarmunur á rekstri Strætó bs. (PTO) og PTA:

- PTO (Public Transport Operator): nær til daglegs aksturs strætisvagna og Pant Akstursþjónustu.
- PTA (Public Transport Authority): fer með stefnumótun, fjármögnun, samninga við rekstraraðila og umsýslu.

Í dálknum *Samtals PTO/PTA* eru sýndar samanlagðar tekjur og gjöld fyrir alla starfsemi almenningssamgangna. Áætlanir fyrir árin 2027–2030 eru settar fram á föstu verðlagi. Þær byggja þó á þeirri forsendu að fargjöld hækki í samræmi við áætlaða íbúafjölgun og að kostnaður við Pant Akstursþjónustu aukist um 3% vegna fjölgunar ferða. Tölurnar endurspeglar því ekki verðlagsbreytingar eða launaþróun, heldur sýna stöðugar rekstrarforsendur til lengri tíma.

STARFSFÓLK

Fjöldi starfsmanna eftir þjónu:	Áætlun 2026				
	Raun 2024	Áætlun 2025	PTO/PANT	PTA	Samtals
Vagnstjórar	160	170	187		187
Bein þjónusta við farþega	13	12		17	17
Verkstæði og þvottastöð	29	20	32	1	33
Flotastýring og stjórnstöð	14	15	12	4	16
Skipulag og stjórnun	21	21	12	19	31
Pant akstursþjónusta	9	10	11		11
Fjöldi starfsmanna	246	248	254	41	295

Taflan sýnir fjölda starfsmanna Strætó eftir þjónustubáttum, samanborið við raunfjölda 2024 og áætlun fyrir 2025. Í áætlun 2026 er tekið fram hvort starfsmenn tilheyri Strætó bs. (PTO/PANT) eða nýja félaginu Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. (PTA). Hér er þó fyrirvari um að endanleg útfærsla liggur ekki fyrir.

Meginhluti starfsmanna eru vagnstjórar, alls 187 árið 2026, sem undirstrikar að aksturinn er kjarni starfseminnar. Þá verða 17 starfsmenn í beinni þjónustu við farþega, einkum í þjónustu-veri, sölu og markaðsmálum. Á verkstæði og þvottastöð starfa 33 manns, þar af einn hjá PTA sem mun meðal annars sinna standsetningu vagna og rekstri endastöðva. Flotastýring og stjórnstöð skiptist milli félaganna, með 12 starfsmenn hjá Strætó og 4 hjá PTA. Skipulag og stjórnun flyst að stærstum hluta til PTA, sem tekur við 19 starfsmönnum, en Strætó heldur eftir 12. Pant akstursþjónusta er áfram hluti af Strætó með 11 starfsmenn.


Heildarfjöldi starfsmanna samkvæmt áætlun 2026 er 295, þar af 254 hjá Strætó bs. og 41 hjá PTA. Aukningin skýrist annars vegar af þjónustuaukningu sem þegar hefur átt sér stað, hins vegar virðist sem áætlun 2025 hafa verið vanáætluð. Þá er gert ráð fyrir nýrri stjórn og framkvæmdastjóra hjá PTA sem hluta af uppbyggingu hins nýja félags.

SKIPTING REKSTRAR 2026

Myndin sýnir skiptingu rekstrargjalda Strætó fyrir árið 2026. Stærsti kostnaðarliðurinn er launakostnaður, sem nemur 47% af heildinni og endurspeglar að rekstur Strætó er mjög mannaflsfrekur. Hér undir fellur einnig launakostnaður starfsmanna sem sinna Pant Akstursþjónustu.

Pant Akstursþjónusta vegur 33% af heildargjöldum. Þar er fyrst og fremst um að ræða kostnað vegna akstursins sjálfs, sem verktakar annast, auk annars rekstrarkostnaðar sem tengist þjónustunni.

Rekstur vagna Strætó nemur 13% af gjöldum og felur í sér viðhald, eldsneyti eða raforku og annan rekstrartengdan kostnað flotans. Loks er annar rekstrarkostnaður 7% af heildinni, sem nær til ýmissa rekstrarliða sem ekki falla undir framangreinda flokka.



Skiptingin undirstrikar að launakostnaður og Pant Akstursþjónusta eru meginþættir í rekstrarútgjöldum Strætó, á meðan annar kostnaður vegur hlutfallslega minna. Þessi mynd sýnir einungis þann hluta rekstrar sem fellur undir PTO, það er kostnað sem tengist beint daglegum rekstri vagnanna og Pant Akstursþjónustu.

Hjá PTA felst rekstrarkostnaður aðallega í greiðslum til verktaka vegna aksturs, auk launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar sem tengist ábyrgð félagsins á samningum og umsýslu almenningssamgangna.

HLUTVERK

Með nýrri skiptingu ábyrgðar í almenningssamgöngum verður hlutverk Strætó bs. (PTO) fyrst og fremst að sinna daglegum rekstri vagnanna. Það felur í sér akstur á öllum leiðum, viðhald og rekstur vagna og mannaforráð. Strætó bs. annast þannig þá hagnýtu þætti sem tryggja að þjónustan sé örugg, áreiðanleg og aðgengileg fyrir farþega.

Auk reksturs hefðbundinna almenningssamgangna verður Strætó bs. áfram ábyrgur fyrir sértækri akstursþjónustu (PANT) fyrir fatlað fólk og aldraða. Sú þjónusta felur í sér samstarf við verktaka sem annast aksturinn, en Strætó sér um umsýslu og greiðslur. Kostnaðurinn er fjármagnaður að mestu af sveitarfélögum sem standa að samkomulaginu, auk þess sem notendur greiða lítið gjald fyrir þjónustuna.

Með þessari skiptingu verður Strætó bs. skilgreindur sem rekstraraðili (PTO), sem hefur það hlutverk að sjá um framkvæmd þjónustunnar í daglegu lífi farþega. Stefnumótun, langtímaáætlanir og samgönguskipulag færast hins vegar til Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. (PTA), sem er í sameign ríkis (33%) og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (67%). Þetta tryggir að Strætó bs. geti einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni, þ.e. að veita skilvirka og örugga akstursþjónustu, á meðan PTA ber ábyrgð á stefnumótun og fjármögnun til framtíðar.

Megináherslur, forsendur og fjárhagsleg greining

Við undirbúning fjárhagsáætlunar 2026 er ljóst að fyrirhuguð skipting starfsemi Strætó í tvö félög um áramótin 2025/2026 – annars vegar Strætó bs. og hins vegar Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. (PTA) – hefur afgerandi áhrif á forsendur og framsetningu áætlunarinnar. Breytingin markar nýtt skipulag almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu og kallar á að tekjur og gjöld séu greind sérstaklega eftir hlutverki hvors félags.

Skiptingin byggir á alþjóðlegum hugtökum sem lýsa tveimur meginhlutverkum:

- PTA (Public Transport Authority): sér um stefnumótun, samgönguskipulag og samningagerð við rekstraraðila, auk fjármögnunar, eftirfylgni og langtímaáætlana.
- PTO (Public Transport Operator): annast daglegan rekstur vagnanna, þar á meðal akstur, viðhald og aðra þjónustu sem tengist framkvæmd þjónustunnar.

Í þessari umfjöllun verða Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. skilgreind sem PTA, en Strætó bs. sem PTO. Auk þess verður áfram rekin sértæk akstursþjónusta fyrir fatlað og aldrað fólk (PANT). Samningar við verktaka um PANT eru í gildi til mitt árs 2027, en þegar er hafin umræða um framtíðarfyrirkomulag þjónustunnar. Eftir að þjónustuhluti Strætó flyst yfir í nýtt félag verða samlegðaráhrif milli Strætó og PANT mögulega minni.

Með tilkomu PTA færist ábyrgð á helstu samgönguverkefnum til nýs félags sem verður sjálfstæður lögaðili með eigin stjórn og ákvörðunarvald. Aðkoma ríkisins felst í 33% eignarhlut í PTA, en sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu fara með 67%. Þessi skipan undirstrikar að verkefnið er sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga til að byggja upp skilvirkt og sjálfbært almenningsamgöngukerfi.

Verkefnið er þó umfangsmikið og flókið. Enn hefur ekki verið gengið endanlega frá stofnun nýja félagsins og óvissuþættir eru til staðar, einkum varðandi greiðslufyrirkomulag milli PTA og PTO. Það er ljóst að slíta þarf í sundur gróið fyrirtæki, sem er tímafrekt og krefjandi ferli, og mun hafa bein áhrif á fjárhagsáætlun næsta árs.

Forsendur fjárhagsáætlunar

Forsendur fjárhagsáætlunar Strætó fyrir árið 2026 og fimm ára áætlun til 2030 byggja á þjóðhagsspa Hagstofu Íslands frá júlí 2025 og taka mið af þróun neysluverðs, launa og verðlagsgrundvelli samninga um akstur.

Helstu	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030
Vísitala neysluverðs	5,9	3,8	3,2	2,6	2,5	2,5	2,5
Þróun launa	6,6	6,6	4,2	4,0	4,1	4,1	4,1
Vísitala fyrir akstur díselvagna	6,8	4,6	3,7	3,1	3,0	3,0	3,0
Vísitala fyrir akstur hreinorkuvagna	n/a	n/a	4,2	3,6	3,5	3,5	3,5
Vísitala fyrir akstur Pant Akstursþjónusta	7,8	6,8	3,9	3,3	3,2	3,2	3,2

- Verðlagsforsendur: gert er ráð fyrir 3,2% hækkun í samræmi við neysluverð.
- Launaforsendur: launakostnaður þróast í takt við kjarasamninga og spár um kaupmátt.
- Verðlagsgrundvöllur aksturs: byggir á samsettri vísitölu launa og neysluverðs. Laun vega um 50% af heildarkostnaði í báðum rekstrarformum. Hjá dísilvögnum vegur olía þýngst af öðrum þáttum, en hjá rafmagnsvögnum hefur vísitala neysluverðs meira vægi vegna viðhalds, varahluta og annarra rekstrarliða.
- Pant Akstursþjónusta: verðlagsgrundvöllur byggir á samningum við verktaka þar sem laun vega þýngst, en einnig er tekið mið af kostnaði við rekstur ökutækja.

Fjárhagsleg greining 2025–2026

Í ágúst 2025 var ráðist í þjónustuaukningu í akstri, í samræmi við áform Samgöngusáttmálans. Þjónustuaukningin náði bæði til aksturs í eigin umsjá Strætó og til aksturs sem verktakar sinna. Hún fól m.a. í sér fjölgun ferða, aukna tíðni á lykilleiðum og lengri þjónustutíma. Þessi aukning hafði þegar áhrif á rekstur á síðari hluta ársins 2025 og vegur enn þýngra í fjárhagsáætlun 2026.

Fjárhagsleg áhrif þjónustuaukningar birtast í:

- Launakostnaði og rekstri vagna hjá Strætó: fjölgun vaktstunda og aukin notkun vagna leiðir til hærri launaútgjalda, eldsneytis- eða rafmagnskostnaðar, viðhalds og varahluta.
- Greiðslum til verktaka: þar sem þeir fá m.a. greitt eftir eknum klukkustundum jókst heildarkostnaður í samræmi við aukinn akstur.
- Tekjum af fargjöldum: gert er ráð fyrir fjölgun farþega, þó ekki í sama hlutfalli og kostnaðaraukningin.

Á sama tíma hefur stofnun PTA afgerandi áhrif á tekjur og gjöld Strætó. Tekjur af fargjöldum og aðrar tekjur, þar á meðal tekjur sem tengjast þjónustu á landsbyggðinni, færast til PTA ásamt starfsmönnum og kostnaði við umsýslu verktaka. Strætó hefur hingað til annast samskipti við verktaka, þar á meðal þjónustuviðbrögð, ábendingar frá farþegum og greiðslur vegna aksturs, en þessi umsýsla flyst nú alfarið til PTA. Hjá Strætó bs. stendur því eftir eingöngu sú starfsemi sem tengist beinum daglegum rekstri strætisvagna í eigu félagsins og Pant Akstursþjónusta þegar innleiðing breytinga er lokið að fullu.

Heildarhækkanir milli fjárhagsáætlana 2025 og 2026 skýrast því af samspili þriggja þátta:

- Þjónustuaukningu sem tók gildi í ágúst 2025 og nær fullum fjárhagslegum áhrifum árið 2026.
- Breyttu fyrirkomulagi tekna og gjalda vegna stofnunar PTA.
- Verðlags- og launabreytingum sem hafa bein áhrif á rekstrarkostnað.

Áfram ríkir þó óvissa um endanlegt greiðslufyrirkomulag milli PTA og PTO, sem getur haft áhrif á rekstrarafkomu Strætó. Nauðsynlegt verður að endurmeta áætlanir þegar samningar liggja fyrir.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Eftir stofnun nýs félags, Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. (PTA), mun ábyrgð á stefnumótun, samningum við verktaka og þjónustuverkefnum á landsbyggðinni flytjast frá Strætó bs. til PTA. Þetta þýðir að Strætó mun ekki lengur sinna þessum verkefnum beint.

Í þessari greinargerð er því sjónum beint að þeim þjónustuþáttum sem áfram verða á ábyrgð Strætó:

- Hefðbundnum almenningssamgöngum (PTO), sem fela í sér daglegan akstur strætisvagna og tengdan rekstur.
- Sértekri akstursþjónustu (PANT), sem tryggir samgöngur fyrir fatlað fólk og aldraða.

Þjónustuþættir sem flytjast til PTA eru nefndir stuttlega til að setja breytingarnar í samhengi, en meginumfjöllunin hér snýr að því sem fellur undir rekstur Strætó sjálfs. Með þessu móti er tryggt að áherslan í greinargerðinni endurspegli raunverulegan rekstrargrundvöll Strætó á komandi árum.

Strætó akstur

Hefðbundinn akstur strætisvagna er kjarnastarfsemi Strætó bs. og stærsti þjónustuþátturinn. Markmiðið er að tryggja öruggar, áreiðanlegar og aðgengilegar almenningssamgöngur sem uppfylla væntingar farþega.

Á síðustu árum hefur farþega fjöldi aukist jafnt og þétt eftir heimsfaraldur, auk þess sem þjónustustig hefur aukist. Til að styrkja þjónustuna var farið í námskeið fyrir alla starfsmenn Strætó og verktaka, sem hefur skilað sér í færri ábendingum frá farþegum. Þrátt fyrir það hefur verið erfitt að halda uppi fullri stundvísi, sérstaklega á háannatímum þar sem umferð hefur aukist og meðalhraði lækkað.

Kostnaður við akstur er einkum drifinn af launum og rekstri vagna, sem samanlagt nema um 60% af heildargjöldum. Aldur vagnanna hefur jafnframt áhrif, þar sem ekki hefur verið fjárfest í nýjum vögnum í samræmi við þarfir. Það eykur bæði viðhaldskostnað og hefur áhrif á öryggi.

Áhersla er á áframhaldandi orkuskipti, aukna sjálfbærni og samþættingu mismunandi samgöngumáta. Til lengri tíma er stefnt að fjölgun farþega, bættri þjónustu og skilvirkara kerfi sem nýtir fjármuni á hagkvæman hátt. Þessi markmið snúa að heildarkerfi almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, óháð því hvaða aðili annast daglegan rekstur.

Sérstök áskorun næsta árs felst í því að halda úti akstri með þeim vagnflota sem nú er til staðar. Aldur vagnanna gerir reksturinn krefjandi og eykur hættuna á þjónusturofi, þar sem tiltölulega lítið þarf að gerast til að fella niður ferðir. Vegna óvissu um framtíðarfyrirkomulag hefur ekki

verið gert ráð fyrir fjárfestingum í nýjum vögnum á næsta ári, en til skoðunar er að leigja vagna til skemmri tíma til að mæta brýnni þörf.

Pant akstursþjónusta

Pant akstursþjónusta er sérsniðin þjónusta sem tryggir öruggan og aðgengilegan samgöngumáta fyrir fatlað fólk og aldraða sem ekki geta nýtt hefðbundnar almenningssamgöngur. Markmiðið er að auka sjálfstæði notenda með því að veita þeim aðgang að vinnu, námi, heilbrigðisþjónustu og félagslífi. Mælikvarðar eru fjöldi ferða, ánægja notenda og þjónustustig.

Árangur síðustu ára hefur sýnt stöðugan kostnaðarauka í samræmi við aukna þjónustubörf, en sveitarfélög hafa staðið undir meginhluta kostnaðar, með litlu framlagi frá notendum. Samningar við verktaka gilda til mitt ár 2027 og tryggja fyrirsjáanleika til skamms tíma, þó óvissa sé um framtíðarfyrirkomulag eftir það.

Í áætlun 2026 og fimm ára áætlun er gert ráð fyrir að Pant Akstursþjónusta haldi áfram að vega um þriðjung af heildargjöldum Strætó, en jafnframt er áætlað að þjónustan aukist um 3% á hverju ári vegna fjölgunar ferða. Áherslur næsta árs eru að viðhalda þjónustuöryggi og tryggja gott samstarf við verktaka. Til lengri tíma er stefnt að endurskoðun þjónustunnar, mögulegri endurskipulagningu eftir 2027.

Með stofnun Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. (PTA) flyst verulegur hluti þeirra verkefna sem áður heyrðu undir Strætó bs. PTA tekur að sér verkefni sem snúa að stefnumótun, samgönguskipulagi, samningagerð og fjármögnun almenningsamgangna. Þetta felur í sér eftirfarandi þjónustubætti:

- **Samningar við verktaka**
PTA tekur við allri umsýslu samninga við einkaaðila sem annast akstur á vegum almenningsamgangna.
- **Fargjöld og aðrar tekjur**
Tekjur af fargjöldum og tengdri þjónustu færast alfarið yfir til PTA. Sama á við um tekjur tengdar verkefnum á landsbyggðinni, svo sem aðstoð við skipulagningu aksturs í öðrum landshlutum.
- **Þjónusta við landsbyggðina**
PTA tekur yfir ráðgjöf og þjónustu við landshlutasamtök sveitarfélaga.
- **Þjónustuver og sölu og markaðsmál**
Hluti af þeirri starfsemi sem tengist beinni þjónustu við farþega, s.s. þjónustuver, sölu og markaðsmál, flyst til PTA til að styrkja miðlæga ábyrgð á viðskiptavinum og samræmda stefnu í þjónustu.
- **Stefnumótun og langtímaáætlanir**
PTA annast stefnumótun almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Félagið verður sjálfstæður lögaðili með eigið stjórnvald og fjármögnun, sem gerir það betur í stakk búið til að sinna langtímaverkefnum.

FRAMLÖG

Með stofnun nýs félags, Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. (PTA), breytist fyrirkomulag framlaga ríkis og sveitarfélaga. Framlöginn renna þá beint til PTA í hlutfalli 33% frá ríkinu og 67% frá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu.

Í fjárhagsáætlun 2026 er gert ráð fyrir að heildarframlag ríkis og sveitarfélaga til PTA nemi 8,99 ma.kr. (sjá töflu 1).

- Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leggja fram 67% (6,02 ma.kr.).
- Ríkið leggur fram 33% (2,97 ma.kr.).

Framlögin eru nýtt til að mæta þeim hallarekstri sem myndast eftir að fargjöld og aðrar tekjur hafa verið dregnar frá útgjöldum PTA.

Aðili	Hlutfall	Upphæð (m.kr.)	Skýring
Sveitarfélög	67%	6.021	Sameiginlegt framlag sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins
Ríki	33%	2.966	Framlag ríkisins samkvæmt samkomulagi
Samtals	100%	8.987	Heildarframlag til PTA

Tafla 1 Heildarframlag ríkis og sveitarfélaga til PTA 2026.

Framlag sveitarfélaganna (6,02 ma.kr.) skiptist á milli aðildarsveitarfélaga í samræmi við íbúafjölda og þjónustuhlutverk (sjá töflu 2).

Sveitarfélag	Hlutfall	Upphæð (m.kr.)
Reykjavík	61,4%	3.697
Kópavogur	13,3%	801
Hafnarfjörður	10,3%	619
Garðabær	7,9%	478
Mosfellsbær	5,4%	324
Seltjarnarnes	1,7%	102
Samtals	100%	6.021

Tafla 2 Skipting framlaga sveitarfélaga til PTA

Auk almennra framlaga bera sveitarfélögin einnig áfram sérstaka ábyrgð á afskriftum og fjármagnskostnaði sem fellur til hjá Strætó bs. Áætlað er að þessi liður nemi 327 m.kr. árið 2026, og skiptist hann á milli sveitarfélaga í sama hlutfalli og aðalframlögin (sjá töflu 3).

Sveitarfélag	Hlutfall	Upphæð (m.kr.)
Reykjavík	61,4%	201
Kópavogur	13,3%	43
Hafnarfjörður	10,3%	34
Garðabær	7,9%	26
Mosfellsbær	5,4%	18
Seltjarnarnes	1,7%	6
Samtals	100%	327

Tafla 3 Skipting ábyrgðar sveitarfélaga á afskriftum og fjármagnskostnaði 2026.

Áætlað heildarframlag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu árið 2026 nemur 6,3 ma.kr. Framlagið að frádregnum 327 m.kr. rennur til nýja félagsins PTA og er nýtt til að standa straum af rekstri almenningssamgangna, þar á meðal greiðslum til Strætó bs. fyrir akstur og til annarra verktaka. Með þessu er tryggt að grunnþjónusta í almenningss-

Sveitarfélag	Hlutfall	Upphæð (m.kr.)
Reykjavík	61,4%	3.898
Kópavogur	13,3%	844
Hafnarfjörður	10,3%	653
Garðabær	7,9%	504
Mosfellsbær	5,4%	341
Seltjarnarnes	1,7%	108
Samtals	100%	6.348

Tafla 4 Skipting heildarframlaga sveitarfélaga til PTA annars vegar og Strætó hins vega 2026.

samgöngum verði fjármögnuð á sameiginlegum grunni sveitarfélaga og ríkis, sem saman tryggja stöðuga fjármögnun og rekstrargrundvöll kerfisins.

FJÁRFESTINGAR

Eins og áður hefur verið rakið er staða Strætó óvenjuleg vegna þeirra breytinga sem fram undan eru. Óvissa ríkir um framtíðarfyrirkomulag fjármögnunar og ábyrgðarskiptingar milli félaganna, og hefur það bein áhrif á áætlanir um fjárfestingar.

Engar fjárfestingar eru áætlaðar hjá Strætó á næsta ári. Sérstök áskorun 2026 felst í því að halda úti akstri með þeim vagnflota sem nú er til staðar. Aldur flotans er orðinn það mikill að reksturinn verður sífellt krefjandi og hætta skapast á þjónusturofi, þar sem tiltölulega lítið þarf að koma upp til að leiða til niðurfellingar ferða. Þetta hefur bæði áhrif á rekstrarkostnað og á öryggi þjónustunnar.

Vegna þessarar stöðu er til skoðunar að nýta skammtímaleigu á vögnum til að mæta brýnni þörf og tryggja að hægt verði að standa við þjónustuáætlanir. Slík ráðstöfun myndi þó ekki leysa vandann til lengri tíma. Til að tryggja áreiðanlega og örugga þjónustu mun þurfa að hefja fjárfestingar í endurnýjun vagnflotans þegar ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag rekstrar og ábyrgðar hefur verið tekin.

Í fjárhagsáætlun 2026 er gert ráð fyrir að PTA fjárfesti um 150 m.kr. í hleðsluinnviðum fyrir rafmagnsvagna. Undirbúningur þessa verkefnis er þegar hafinn, en um er að ræða umfangsmikið og flókið útboð sem hefur veruleg áhrif á orkuskipti og framtíðarskipulag almenningsamgangna.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Fjárhagsstaða Strætó hefur batnað á síðustu misserum, en áfram er hún viðkvæm og háð óvissu um framtíðarfyrirkomulag. Á árinu 2024 skilaði félagið jákvæðri afkomu eftir erfið ár með halla. Eigið fé er enn neikvætt, en lausafjárstaða hefur batnað og styrkt rekstrargrundvöll félagsins til skemmri tíma.

Strætó er með gildandi samning við verktaka um akstur til ágúst 2032, með möguleika á framlengingu um tvö ár. Við langtímaáætlanir þarf að hafa í huga orkuskiptamarkmið ríkisins. Verð á rafmagnsvögnum er í dag um helmingi hærra en á dísilvögnum, þó rekstrarkostnaður rafmagnsvagna sé lægri. Þróun á þessu sviði er hröð, en verktakar hafa lýst vilja til að flyta innleiðingu rafmagnsvagna, sem myndi auka kostnað þar sem fastagjald rafvagna er hærra. Slík innleiðing styður þó beint við markmið stjórnvalda um orkuskipti og kolefnishlutleysi.

Uppbygging hleðsluinnviða er jafnframt mikil áskorun. Í áætlun PTA er gert ráð fyrir um 150 m.kr. fjárfestingu í hleðsluinnviði og 35 m.kr. rekstrarkostnaði 2026. Útboð á hleðsluinnviðum er þegar hafið og er um að ræða umfangsmikið og flókið verkefni sem mun hafa afgerandi áhrif á framtíð orkuskipta í almenningsamgöngum. Óvissa ríkir einnig um framboð og verð á rafmagni, sem þarf að huga vel að í áætlanagerð.

Ríkið og sveitarfélög hafa jafnframt lagt til 1 ma.kr. í stofnfé í nýtt félag, PTA, til að styrkja fjárhagslegan grunn þess við upphaf starfsemi.

Helstu kennitölur

Kennitölur fyrir árin 2024 og áætlun 2025 endurspeglar heildarrekstur bæði Strætó bs. (PTO) og þá þætti sem færast til PTA. Í áætlun 2026 er hins vegar einungis miðað við rekstur PTO, þ.e. daglegan akstur og Pant Akstursþjónustu.

Á árinu 2024 var eigið fé neikvætt um 161 m.kr., sem jafngildir eiginfjárlutfalli upp á –5,3%. Lausafjárlutfall var 0,7 og sýnir að félagið átti í erfiðleikum með að standa undir skammtímaskuldbindingum, þrátt fyrir að handbært fé hafi verið 367 m.kr.

Áætlanir fyrir 2025 og 2026 gera ráð fyrir áfram neikvæðu eigin fé, en þróunin bendir til að staðan batni smám saman með lækkandi skuldum og hærra lausafjárlutfalli sem fer úr 0,5 í 1,0 á tímabilinu. EBITDA lækkar hins vegar á milli ára og er áætluð 332 m.kr. árið 2026, sem sýnir þrengra rekstrarsvigrúm.

Kennitala	2024 (raun)	2025 (áætlun)	2026 (áætlun)
Eigið fé (m.kr.)	- 160.828	- 183.598	- 49.416
Eiginfjárlutfall (% af heildareignum)	-5,3%	-6,3%	-1,8%
Lausafjárlutfall (% skammtímaskuldir)	0,7	0,5	1,0
Rekstrarmiðurstaða (EBITDA, m.kr.)	562.334	485.169	332.220
Skuldir alls (m.kr.)	3.212.915	3.083.685	2.744.030
Skuldir/tekjur (%)	27%	21%	39%
Handbært fé (m.kr.)	367.430	163.674	556.781

Skuldir lækka úr 3,2 ma.kr. árið 2024 í 2,7 ma.kr. árið 2026, en hlutfall skulda af tekjum hækkar í 39% árið 2026 vegna breytinga á tekjufyrirkomulagi. Handbært fé eykst á sama tíma í 557 m.kr., sem styrkir skammtímagreiðslugetu félagsins.

Hafa ber þó í huga að skipting félagsins er flókið og umfangsmikið verkefni, og því er hér einungis um grófar áætlanir að ræða. Ástæða þess að skuldir lækka ekki meira er að eftir í PTO verða áfram langtímaskuldir sem námu um 1,7 ma.kr. í árslok 2024. Þær eru að stórum hluta tilkomnar vegna uppgjörs lífeyrisskuldbindinga fyrir nokkrum árum, auk skulda sem tengjast fyrri rekstrarvanda og fjármögnun rafmagnsvagna. Þá eru einnig til staðar skuldbindingar vegna lífeyris sem gjaldfærast á næstu 20–30 árum.

Horfur og fjárhagsáætlun 2026–2030

Í fjárhagsáætlun 2026 og fimm ára áætlun til 2030 er gert ráð fyrir að rekstur Strætó verði áfram fjármagnaður með framlögum frá PTA, sem tekur við hlutverki ríkis og sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að framlag PTA standi undir daglegum akstri strætisvagna, en óvissa ríkir um endanlegt greiðslufyrirkomulag milli félaganna. Þetta kallar á varfærni í áætlanagerð og reglulegt endurmat þegar samningar liggja fyrir.

Helstu þættir sem ráða fjárhagslegri þróun á tímabilinu eru:

- Launakostnaður og verðlagsbreytingar: hafa bein áhrif á stærsta gjaldalið félagsins.
- Orkuskipti: aukning rafmagnsvagna hefur áhrif á bæði rekstrarkostnað og fjármögnunarþörf.
- Ívilnanir stjórnvalda: Við kaup á rafvögnum er mögulegt að fá endurgreiðslu eða styrk úr Orkusjóði, sem dregur úr upphaflegum fjárfestingarkostnaði, en slíkt fyrirkomulag hefur ekki verið útfært til fulls.

- Kílómetragjald: eins og staðan er í dag fellur Strætó undir kílómetragjald, sem nemur 6 kr. á hvern ekinn kílómetra með rafmagnsvögnum, og leggur það viðbótarkostnað á reksturinn.
- Þjónustuaukning samkvæmt Samgöngusáttmála: leiðir til aukins kostnaðar en eykur jafnframt möguleika á fjölgun farþega.
- Pant akstursþjónusta: heldur áfram sem sjálfstæður kostnaðarliður, fjármagnaður að mestu af sveitarfélögum.
- Ágreiningur við verktaka: Í tengslum við nýtt útboð hefur komið upp ágreiningur um uppgjör vegna seinkana í akstri. Seinkanirnar tengjast aukinni umferð og lækkun hámarkshraða, sem hafa haft bein áhrif á þjónustustig og aksturstíma. Áætlað er að þessi kostnaður geti numið um 50 m.kr.

Fjárför og lántökur

Engar nýjar fjárfestingar í vagnakaupum eru áætlaðar árið 2026 hjá Strætó bs. vegna óvissu um framtíðarfyrirkomulag rekstrar. Til skoðunar er að nýta tímabundna leigu á vögnum til að mæta brýnni þörf.

Til lengri tíma er ljóst að þörf verður á verulegri endurnýjun vagnflotans. Þar sem nýja félagið PTA mun ekki annast rekstur vagna sjálft þarf fljótlega að taka ákvörðun um hvernig framtíð vagnflota Strætó verður háttað. Vagnarnir eru grundvallarhluti þjónustunnar og verða áfram að vera til staðar til að tryggja stöðugan akstur. Mikil óvissa ríkir þó um þetta fyrirkomulag, og því mikilvægt að málið sé unnið af varfærni og með hliðsjón af hagsmunum núverandi starfsmanna og þeirra sem annast daglegan rekstur.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2022	Raun 2023	Raun 2024
Þjónustubáttur - fjárhagslegar lykiltölur			
Fargjöld (m.kr.)	1.733	2.047	2.185
Framlög frá sveitarfélögum (m.kr.)	5.098	6.080	6.469
Launakostnaður (m.kr.)	3.064	3.670	3.442
Rekstur vagna (eldsneyti/rafmagn, viðhald, varahlutir) (m.kr.)	861	942	895
Rekstrarniðurstaða (EBITDA, m.kr.)	- 366	50	562
Eigið fé (m.kr.)	10	- 364	- 161
Skuldir alls (m.kr.)	3.144	3.575	3.213
Handbært fé (m.kr.)	539	370	367
Þjónustubáttur - magntölur			
Eknir km	4.500.366	4.406.738	4.246.952
Díslevagnar lítrar	1.341.473	1.382.309	1.279.727
Metan Nm ³	176.664	127.572	121.468
Rafvagnar kWh	1.349.283	1.291.971	1.301.214
Fjöldi vagna daglega í akstri	67	67	74
Meðalaldur vagna	9,9	8,4	9,8
Hlutfall vistvænna vagna daglega í akstri (%)	30%	43%	43%
Hlutfall vistvæns aksturs (%)	30%	26%	30%



Stærkt og öruggt
vinnu-
umhverfi

SORPA
ARANGUR UMhverfmálum

Sigurjon

SORPA
ARANGUR UMhverfmálum

NEILAND UNIVERN


UNIVERN

SORPA BS.

HLUTVERK

Byggðasamlagið SORPA er í eigu sex sveitarfélaga; Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

Hlutverk SORPU er að annast móttöku- og flokkun, ásamt meðhöndlun úrgangs og sinna þannig lögbundinni skyldu sveitarfélaganna. Það felur í sér rekstur á móttöku- og flokkunarstöð, gas- og jarðgerðarstöð, urðunarstað og sex endurvinnslustöðvum. Endurvinnslustöðvar eru reknar samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin. SORPA hefur einnig umsjón með rekstri á grenndargámum fyrir hönd sveitarfélaganna og rekur nytjamarkaðinn Góða hirðinn og Efnismiðlun Góða hirðisins. Starfsstöðvar fyrirtækisins eru tólf talsins og eru höfuðstöðvar SORPU að Köllunarklettsvegi 1 í Reykjavík.



LEIÐARLJÓS

Gildi SORPU, sem eru leiðarljós starfsmanna fyrirtækisins, voru ákvörðuð af öllum starfsmönnum. Gildi SORPU eru **frumkvæði, traust og samheldni**.

Stefna SORPU er að stuðla að bættri úrgangsmeðhöndlun í samræmi við markmið laga um úrgangsmeðhöndlun og hringrásarhagkerfið. Öll starfsemi SORPU og innviðaupbygging gengur út á að færa eins mikið af úrgangi úr neðri þrepum úrgangspríðyrningsins í efri þrep og auka þannig

verðmæti hans og skapa hringrás efnanna.

SORPA er leiðandi er kemur að fræðslu og upplýsingamiðlun um ábyrga flokkun og meðhöndlun efnis. Það er SORPU mikið kappsmál að tryggja rekjanleika úrgangs frá uppruna til meðhöndlunar og er lögð mikil áhersla á gagnasöfnun, vinnslu og miðlun upplýsinga til eigenda, almennings og annarra hagaðila.

SORPA bs. hefur tekið að sér leiðandi hlutverk í að kanna fýsileika þess að byggð verði hátækniþrengsla á Íslandi. Fýsileikakönnun hefur leitt í ljós að töluvert hagkvæmara er að brenna blandaðan úrgang hér á landi og munu hliðgjöld lækka til hagsbóta fyrir almenning og atvinnulíf. Ótalin eru jákvæð áhrif á orkuöflun þjóðarinnar en töluvert magn af háþrýstri gufu

verður til sem nýst getur í raforkuframleiðslu. Einnig má finna fyrir auknum áhuga atvinnulífs á því að fá koltvísýring frá slíkri starfsemi í frekari hráefnisvinnslu t.d. til að framleiða rafeldsneyti.

SKIPURIT

SORPA bs. hefur gengið í gegnum þó nokkrar breytingar á undanförunum árum. Allt kapp hefur verið lagt á að endurmarka tilgang SORPU gagnvart eigendum og almenningi og byggja upp traust. Í stofnsamþykktum SORPU bs. og eigendasáttmála er skýrt tilgreint að tilgangur SORPU bs. er að annast meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr. 55/2003 fyrir stofnaðila samlagsins. Önnur grein stofnsamþykktar SORPU bs. tilgreinir tilgang SORPU bs.: „*Tilgangur byggðarsamlagsins er að annast meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr. 55 / 2003 fyrir sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem eru öll stofnaðilar að því.*“

Árið 2021 samþykkti Alþingi frumvarp sem fól í sér innleiðingu á Evróputilskipun til að skapa skilyrði fyrir myndum hringrásarhagkerfis. Þetta leiddi til töluverðra breytinga á lögum nr. 55/2003 sem skilgreina skyldur sveitarfélaga sem SORPA bs. hefur unnið að í samráði við eigendur og tæknimenn þeirra.

Þeim flokkum sem ekki er safnað með sorphirðu við heimili ber sveitarfélögunum skylda til að tryggja að tekið sé við þeim úrgangi á söfnunar- eða móttökustöð sem íbúðar hafa aðgang að. Til að uppfylla þessa lagaskyldu sína hefur SORPA bs. með samningi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu rekið grenndargámakerfi og sex endurvinnslustöðvar. Einnig rekur SORPA bs. móttöku- og flokkunarstöð sem sérhæfir sig í móttöku sérsafnaðs úrgangs og kemur honum í ábyrga úrvinnslu. Með vísan í hringrásarhagkerfi og forgangsörðun í úrgangsmálum þá hafa úrgangsforvarnir fengið stærri sess en áður hefur verið, en að meginstofni til er leitast við að koma úrgangi í betri úrgangsmeðhöndlun sbr. úrgangs-þríhyrninginn.

Skipurit SORPU bs. tók nokkrum breytingum á árinu 2024 til að endurspegla vilja eigenda og áherslur í starfseminni. Rekstur móttöku- og flokkunarstöðvar, og urðunarstaðar rann saman á vormánuðum í svið móttöku og flokkunar. Urðun verður mun minni stærð í rekstri SORPU bs. í ár og á komandi árum en hún var fram til loka árs 2023, og var því talið rétt að straumlínulaga og einfalda stjórnskipulag SORPU bs. með þessum hætti.


Undir lok sumars 2024 urðu breytingar á stjórnskipulagi endurvinnslu- og grenndarstöðva, og skrifstofu framkvæmdastjóra. Svið samskipta- og viðskiptaþróunar, sem var starfrækt á skrifstofu framkvæmdastjóra, tók yfir rekstur endurvinnslu- og grenndarstöðva og nefnist eftir samrunann þjónustu- og samskiptasvið. Með þessari breytingu verður horft heildrænt á þjónustuhlutverk endurvinnslustöðva og grenndarstöðva og verður starfsemin betur mörkuð af stefnumarkandi áformum stjórnar og eigenda SORPU bs. en áður. Er það mat SORPU að þessi breyting hafi tekist vel til og skerpt á rekstri endurvinnslustöðva.

Með breytingum á skipulagi er stigið það skref að færa undir eina stjórn heildarsamræmi málaflokksins, sbr. þjónustusýn SORPU bs., sem skilgreind er í eigendastefnu félagsins, þar sem samspil hirðu við heimili, grenndarstöðvar og endurvinnslustöðva verður markað

af samræmdri sýn og að fjármunir til fræðslu og markaðstarfs nýtist málaflokknum í heild sinni. Góði hirðirinn starfar eftir sem áður sem sjálfstæð eining og tók alfarið við rekstri Efnismiðlunar Góða hirðisins á árinu 2025. Stefnt er að því að efla rekstur Efnismiðlunarinnar undir merkjum Góða Hirðisins á árinu 2026 á Breiðhelli og Lambhaga þegar sú stöð opnar.

Áhættunefnd stjórnar SORPU var komið á fót á árinu 2025, og er henni ætlað að veita stjórn SORPU bs. og áhættustýringu SORPU bs. stuðning og aðhald. Hefur þessi breyting verið góð viðbót og skerpt áherslur stjórnenda og stjórnar m.t.t. áhættu í rekstri SORPU og þeirra áhætta sem SORPA þarf að hafa í huga vegna fyrirsjáanlegra breytinga á rekstri vegna ESA verkefnisins.

Kostnaðaraðhald er mikilvægt í rekstri SORPU bs. Af þeim sökum var ráðist í verkefni með það að markmiði að draga úr kostnaði í úrgangsméðhöndlun, þjónustuveitingu og í rekstri. Sú vinna skilaði sér í breytingum á skipulagi, en stofnuð var viðhaldsdeild sem tók formlega til starfa 1. janúar 2025. Viðhaldsdeildin sér um að halda utan um alla viðhaldspörf á tækjabúnaði SORPU bs. og notkun verktaka og uppbyggingu þekkingar. Allar fjárfestingar eru enn fremur eignfærðar á Viðhaldsdeildina sem fjármagna tækin og leigir áfram til viðkomandi eininga sem nýta tækin (sbr. umfjöllun í greinargerð með áætlun fyrir ári síðan). Með þessari breytingu næst betri nýting á tækjum sem samnýtast milli deilda, viðhald og endurnýjun verður markvissari og fjármögnun tækja verður betur skilgreind og markvissari. Þessi skipulagsbreyting, ásamt öðrum skipulagsbreytingum, skilar sér í lægri kostnaði við rekstur SORPU bs. á komandi árum.



FORSENDUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR

Skilgreind markmið áætlunarinnar og helstu forsendur voru metnar m.t.t. þeirra forsendna sem fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkur sendi frá sér til SORPU bs. til að hafa til hliðsjónar við áætlunarvinnuna. Þar var miðað við að þróun launa yrði 4,5% til hækkunar á næsta ári og vísitala neysluverðs myndi hækka um 3,5% á árinu 2025. Fyrir áætlun um vöxt tekna og gjalda fyrir árin 2026-2030 var notast við sömu forsendur og fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkur sendi frá sér.

Lykilmarkmið sem stjórnendur SORPU bs. settu sér við áætlunarvinnuna var að viðhalda sterku sjóðsstreymi SORPU bs., bæta fjárfestingargetu og að gjaldtaka fyrir þjónustuna yrði í samræmi við raunkostnað og að gjaldskrá hækki hóflega á milli ára. Er þetta markmið talið raunhæft m.a. með miklum hagræðingar aðgerðum í rekstri árið 2024 sem komu að fullu fram á árinu 2025. Er áfram horft til frekari hagræðingaraðgerða og breytinga í verkferlum til að auka enn frekar hagkvæmni í rekstri SORPU til hagsbóta fyrir eigendur byggðasamlagsins.

Lykilbreyta í allri áætlanagerð SORPU bs. er spá um það magn úrgangs sem SORPA bs. fær til meðhöndlunar. Greining SORPU bs. gerir ráð fyrir engri magnaukningu á úrgangi á öllum starfsstöðvum. Það er hægur sigandi í magni sem berst til GAJA en áætlanir eru enn frekar varfærnar er kemur að magni. Enn eru tækifæri að ná meira af lífrænu efni úr blönduðum úrgangi frá heimilum og lögaðilum en lögin eru skýr með að sérsafna beri þessari tegund úrgangs. Einnig telja stjórnendur SORPU bs. tækifæri liggja í umbúðum af matvælum á heildsölu og smásölustigi og verður efnt til átaks og samvinnu við aðila á markaði.

Ekki er gert ráð fyrir neinum sérstökum skipulagsbreytingum eða grundvallarbreytingum á rekstri SORPU á árinu 2026. Árið verður nýtt til að vinna að breyttu skipulagi á SORPU í samræmi við sátt við ESA. Tillögur að breyttu skipulagi SORPU verður lagt fyrir eigendafund á komandi vikum sem mun væntanlega vísa þeim tillögum áfram til bæjarstjórna og borgarstjórnar til umfjöllunar. Ef samþykkt mun mikill þungi í innleiðingu á þeirri sviðsmynd sem samþykkt verður liggja hjá fjármálasviði og öðrum lykilstjórnendum SORPU.

Öll verkefni SORPU bs. eru nú arðsemismetin með 12% ávöxtunarkröfu og forgangsraðað með hlutlægum hætti og hefur það áhrif á áætlunargerðina ásamt því að stefnan er sú að arðsemi eigin fjár sé 5%. Miklar afskriftir sem nauðsynlegar eru vegna flokkunarlínu, sem tekin var í gagnið árið 2021 og varð óþörf þegar sérflokkun á lífrænum úrgangi hófst á heimilum, hefur neikvæð áhrif á arðsemi fyrir árin 2024 og 2025 og verður hún fullafskrifuð á árinu 2025 sem nemur 225 milljónum króna.

ÞJÓNUSTU- OG SAMSKIPTASVIÐ (ÁÐUR ENDURVINNSLUSTÖÐVAR)

Nýtt sameinað svið

Sameinað svið þjónustu og samskipta tók við rekstri endurvinnslustöðva SORPU bs. haustið 2024. Með því var stefnt að því að efla enn frekar þjónustu við íbúa á höfuðborgarsvæðinu og samræma enn betur þær upplýsingar sem SORPA bs. miðlar til almennings um úrgangsforvarnir, flokkun og annað er við kemur meðhöndlun úrgangs frá heimilum. Þjónustu- og samskiptasvið heldur þannig utan um flestar snertingar SORPU bs. við almenning. Hefur þessi breyting tekist vel og verður áfram unnið að þróun á þjónustu þeirri sem endurvinnslustöðvar veita almenningi ásamt skoðun á grundvallarbreytingum á gjaldtöku sem mun taka gildi eigi síðar en áramótin 2026/2027.

Greiningar á samsetningu viðskiptavinahóps á endurvinnslustöðvum SORPU hafa auk þess leitt í ljós að verulegur hluti ökutækja sem koma á stöðvarnar er skráður á rekstraraðila, og nokkur hluti á íbúa utan höfuðborgarsvæðisins. Þessir viðskiptavinir taka ekki þátt í sameiginlegum kostnaði sveitarfélaganna við rekstur endurvinnslustöðvanna, og því til skoðunar að leggja sérstakt gjald, til dæmis árgjald á ökutæki, á viðskiptavinum endurvinnslustöðva sem búa utan höfuðborgarsvæðisins eða eru rekstraraðilar. Ekki liggur fyrir á þessu stigi hvaða áhrif á tekjur eða kostnað endurvinnslustöðvanna þetta hefur, en talið er að þetta komi hvort tveggja til með að draga úr kostnaði og auka tekjur.

Opnun nýrrar endurvinnslustöðvar á Lambhagavegi

Opnuð verður ný endurvinnslustöð að Lambhagavegi á næsta ári. Stefnt er að því að hún opni í maí/júní og standast allar tíma og kostnaðaráætlanir enn sem komið er. Eigi að síður er unnið ötullega að því að rýna teikningar og útfærslur með það að markmiði að reyna að ná niður kostnaði sem aftur spara tíma.

Lokun á Dalvegi

Gert var ráð fyrir því að Dalvegur myndi loka 1 september á þessu ári. Kópavogsbær ákvað að fresta lokun á Dalveginum til 1. febrúar árið 2026. Er verið að vinna að varanlegri lausn á stöð í staðinn fyrir Dalvegin og hefur Kópavogsbær gert tillögu að 4.500 fm² lóð á Glaðheimasvæðinu undir nýja endurvinnslustöð. Er SORPA nú að vinna að útfærslu á endurvinnslustöð sem rúmast innan þess svæðis.

Gert er ráð fyrir að lokun endurvinnslustöðvarinnar við Dalveg hafi áhrif til lækkunar á kostnaði í áætlunum ársins 2026 hvað magn úrgangs varðar og fjölda starfsmanna.

Textíll

SORPA bs. tók á miðju ári 2024 við söfnun og meðhöndlun á textíl frá Rauða krossinum. Kostnaður vegna þessa mun að langmestu leyti leggjast á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

Söfnun og meðhöndlun textíls var frá miðju ári 2024 fram til 30. júní 2025 á hendi Grænna skáta. Þann 1. júlí sl. tók starfsfólk SORPU við söfnun á textíl á grenndarstöðvum. Vel hefur

gengið að sinna söfnuninni, sem er að miklu leyti skipulögð með hjálp skynjara í grenndargámunum, sem nema hvenær þörf er á losun. Gert er ráð fyrir að gámum fyrir textíl verði fjölgað á grenndarstöðvum á árinu 2026 til að auka söfnunargetu stöðvanna og skilvirkni hirðunnar.

Sérsöfnun og meðhöndlun á textíl hefur verið innleidd í flestum löndum Evrópu og eru markaðsaðstæður erfiðar í afsetningu textíls til endurnota og endurvinnslu, sem endurspeglar kostnað vegna málaflokksins í gjaldskrá félagsins. SORPA bs. og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu SSH gerðu með sér samning 2024 um að koma upp flokkun á textíl með það að markmiði að auka endurnot á textíl innanlands. Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið veitti styrk til verkefnisins en það verður unnið hjá Góða hirðinum.

Vellíðan og starfsánægja

Hjá SORPU bs. er lögð mikil áhersla á vellíðan og starfsánægju starfsfólks. Tvisvar á ári er framkvæmd starfsánægjukönnun þar sem meðal annars er spurt um líðan, starfsánægju, upplýsingaflæði og öryggismál. Niðurstöður síðustu kannana sýna að almenn vellíðan starfsfólks hefur aldrei mælst hærrí og fer það saman við mikla starfsánægju. Markmið SORPU er að viðhalda þessari jákvæðu þróun og jafnframt bæta enn frekar líðan og ánægju í starfi. Sett eru skýr markmið og stöðugt er unnið að því að auka bæði vellíðan og starfsánægju starfsfólks hjá SORPU. Niðurstöður síðustu tveggja kannana hafa sýnt að hjá SORPU hefur hlutfall þeirra sem líður vel í vinnunni aukist frá 2024 til 2025 aukist úr 75,9% í 77,1% og hjá EVST hefur hlutfallið aukist úr 75,9% í 78,9%, úr 3,57 í 4,11, sem verður að teljast góður árangur á skömmum tíma.

Efnismiðlun Góða hirðisins

Efnismiðlun Góða hirðisins hefur undanfarin ár verið rekin á endurvinnslustöðvunum við Sævarhöfða og Breiðhelli. Síðastliðin áramót var Efnismiðlunin færð til Góða Hirðisins og umfang og reksturinn endurskoðaður. Verður ný og endurbætt Efnismiðlun sett í loftið undir merkjum Góða hirðisins á Breiðhelli í byrjun árs 2026, og samhliða opnun nýrrar endurvinnslustöðvar á Lambhagavegi. Miklar væntingar eru um að hún auki endurnot og minnki samhliða afsetningu á úrgangi.

GRENNÐARSTÖÐVAR OG ÞRIFATEYMI

Grenndarstöðvakerfi SORPU bs. er mikilvægur liður í úrgangsstjórnun á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2024 var kerfið samræmt og er nú málmí, gleri, textíl, og flöskum og dósúm safnað á því sem næst öllum grenndarstöðvum SORPU bs. Auk þess er plasti, og pappír og pappa safnað á völdum stöðvum.

Textílsöfnun er, eins og áður segir, nú á ábyrgð sveitarfélaganna, sem SORPA bs. sinnir fyrir hönd sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

SORPA bs. hefur auk þess fengið það verkefni úr hendi Reykjavíkur og Kópavogs að starfrækja bíla sem munu sækja það rusl sem skilið er eftir utan við grenndargáma. Kostnaður við

verkefnið er áætlaður um 79 milljónir króna, sem færast til úr bókhaldi áðurnefndra sveitarfélaganna til SORPU bs. Til viðbótar er gert ráð fyrir einskiptiskostnaði upp á um 15 milljónir til að setja upp öryggismyndavélar við allar grenndarstöðvar í Reykjavík og Kópavogi til að draga úr óheimili losun við grenndarstöðvarnar og auðvelda starfsfólki SORPU að fjarlægja úrgang sem losaður er í óleyfi við stöðvarnar.

SORPA bs. greip til margbættra aðgerða til að koma í veg fyrir losun á rusli við grenndarstöðvar. Má þar nefna skýrari merkingar á stöðvunum, myndavélaeftirlit og aukna öryggisgæslu við þær stöðvar þar sem algengt er að rusl sé losað í óleyfi. Gert er ráð fyrir að á árinu 2026 verði einnig settir upp gámar fyrir spilliefni sem ákall hefur verið eftir.



GAJA

Stöðug úrbótaverkefni í GAJA til að auka og bæta loftræstingu og loftgæði voru í gangi á árinu 2025 en vegna umfangs verkefnisins og kostnaðar er fyrir séð að þessi verkefni munu teygjast inn á árið 2026. Enn fremur er GAJA nú orðin 6 ára gömul og kominn tími á umtalsverð viðhaldsverkefni. Á áætlun eru enn fremur fjölmörg úrbótaverkefni m.a. til að bæta móttöku lífræns úrgangs, auka gæði moltu og metan gas sem og auka stöðugleika í öllum ferlum.

GASHREINSISTÖÐ/METAN ehf.

Þann 1.1.2025 var rekstur gashreinsistöðvarinnar aðskilinn frá rekstri SORPU bs. Markmiðið var að gera þann rekstur gagnsærri og sjálfbæran. Gjaldskráin var endurskoðuð og tók hún gildi 1.7.2025. Er unnið að fýsileikakönnun á því að endurnýja gashreinsistöðina sem er orðin dýr í rekstri m.t.t. mannhalds og viðhalds.

MÓTTÖKU- OG FLOKKUNARSTÖÐ OG URÐUNARSTAÐUR

Gripið var til margvíslegra hagræðingaraðgerða á árinu 2024 sem skiluðu sér að fullu á árinu 2025. Áfram mun vera unnið að frekari hagræðingarverkefnum á næsta ári bæði er varðar vinnslu sem og afsetningu.

SORPA bs. hefur frá árinu 2024 unnið að því að minnka notkun verktaka í urðun, timburhökkun og umhirðu svæðisins í Álfsnesi og nú sér SORPA bs. að mestu sjálf um allan daglegan rekstur. Hefur þetta skilað bættri rekstrarafkomu strax á árinu 2025.

Ákveðið var að SORPA hætti beinum afskiptum af urðunarstaðnum að Bolaöldum og var það formlega gert 1. maí 2025 þegar HJ vélar ehf. kaupa Bolaöldur ehf. af Fossvélum sem voru rekstraraðilar Bolaalda í samstarfi við SORPU.

Timburhakkari var keyptur til að leysa af hólmi búnað sem kominn var til ára sinna og var útlit fyrir kostnaðarsamar viðgerðir á. Sá hakkari hefur verið staðsettur við Gufunes en með tilkomu nýs hakkara mun timburhökkun hætta í Gufunesi og færast yfir á Álfnes. Þar er hugað að frekari flokkun á timbri til afsetningar hér á landi en mest allt timbrið er sent til Svíþjóðar í orkuvinnslu.

Með breyttum lögum sem lögðu þær skyldur á herðar sveitarfélaga um söfnun á textíl er SORPA bs. nú að taka að sér söfnun og afsetningu á því efni. Er þetta kostnaðarsöm vinnsla sem kemur fram á flestum stigum í virðiskeðju SORPU bs. Þessi vinnsla eykur kostnað grenndarstöðva, endurvinnslustöðva og hjá móttöku og flokkunarstöð. Eru ferlar við textílinn enn í þróun en leitað er stöðugt leiða til að gera flokkun og afsetningu textíls hagkvæmari en nú er.

Í kjölfar árangursríkrar innleiðingar á nýju söfnunarkerfi við heimili hefur forvinnslulínan lokið hlutverki sínu í vinnslu á heimilisúrgangi og kunnum við henni bestu þakkir fyrir sitt framlag og verður klárað að afskrifa hana á árinu 2025.

SKRIFSTOFA FRAMKVÆMDASTJÓRA OG FJÁRMÁLASVIÐ

Gengið var frá sátt við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) um aðskilnað á efnahagslegri starfsemi SORPU bs. frá lögbundinni starfsemi. Er nú verið að vinna að því að meta hvaða útfærsla á starfsemi SORPU bs. verði hagkvæmust út frá sáttinni og er verið að kynna tillögur fyrir stjórn SORPU og eigendum. Reiknar SORPA með að í kjölfarið verði tillögunum vísað áfram til bæjaráða og borgaráðs til umfjöllunar. Ef samþykkt af eigendum SORPU bs. verður unnið að nauðsynlegum skipulagsbreytingum á rekstrinum á árinu 2026. Stefnt er að því að breyttur rekstur hefjist 1. janúar 2027.

Mikil tækifæri eru til úrbóta og bættrar þjónustu við viðskiptavinum SORPU bs. með því að nýta upplýsingatækni með betri og skilvirkari hætti. Innleiddar voru „mínar síður“ fyrir viðskiptavinum og er sú síða í stöðugri þróun. NIS2 er krafa frá ESB um bættu öryggisferla í upplýsingatæknimálum fyrir fyrirtæki sem skilgreinast sem mikilvægir innviðir og fellur SORPA þar undir. Er það mikið verk að innleiða og verður ráðinn sérfræðingur í upplýsingaöryggismálum til að koma þessum málum í réttan farveg hjá SORPU bs.

Nokkur önnur verkefni sem SORPA bs. horfir til eru sjálfvirk innheimta á vigtum SORPU bs. á móttökustöðvum í Gufunesi, Álfnesi og GAJU ásamt breyttri gjaldheimtu á endurvinnslustöðum SORPU. Einnig var á árinu innleitt málakerfi og samningakerfi og mun sú vinna halda áfram á árinu 2026 ásamt nýju áætlunarkerfi. Eru öll ný verkefni nú arðsemismetin með núvirðisgreiningu og áhættu og ákvörðun um framkvæmd þeirra nú tekin samkvæmt tölulegum gögnum.

Á skrifstofu framkvæmdastjóra er haldið utan um mannauð, og gæða- og umhverfismál. Einnig er verkefna- og breytingastjórnun SORPU bs. leidd á sviðinu.

GÓÐI HIRÐIRINN

Góði hirðirinn mun á árinu 2026 halda áfram að sinna sínu mikilvæga hlutverki; að auka endurnot á Íslandi. Stefnt er á að halda áfram að nota samfélagsmiðla, heimasíðu Góða hirðisins og fjölbreytta viðburði á vegum Góða hirðisins til að auka fræðslu og vekja athygli á mikilvægi hringrásarhagkerfisins. Mun uppbygging og þróun vefverslunar halda áfram á árinu 2026.

Í byrjun árs 2026 er stefnt að opnun útibús Góða Hirðisins á endurvinnslustöðinni við Breiðhelli, og opnun annars útibús Góða Hirðisins á endurvinnslustöðinni við Lambhagaveg þegar sú stöð verður tekin í notkun.

Góði hirðirinn er mikill stuðningur við endurnotamarkaðinn á Íslandi. Sem dæmi má nefna að Góði hirðirinn er mikilvæg heildsala fyrir önnur markaðstorg. Þátttaka í ýmsum samstarfsverkefnum eru til þess fallin að styðja við endurnot, endurnýtingu, viðgerðir og fræðslu. Sem dæmi um verkefni má nefna stuðning við Fríbúðina í Gerðubergi, Jazzporpið í Garðabæ og Pop-up fatamarkað á menningarnótt í samstarfi við Reykjavíkurborg. Þá er Góði hirðinn í miklu samstarfi við menningu og listir og hefur í árabíl t.d. skaffað fatnað og efni fyrir búningahönnuði, leikmuni fyrir leikhús, sjónvarp og kvikmyndir. Einnig hefur Góði hirðirinn stutt hinar ýmsu innsetningar, lánað húsgögn fyrir ráðstefnu og viðburði svo dæmi séu nefnd.

Góði hirðirinn mun áfram vinna að því að auka endurnot á húsbúnaði og heimilisvöru og öðrum efnisflokkum sem viðskiptavinir þekkja vel og mun halda áfram að vinna að tilraunaverkefnum og þróun á sölu annarra efnisflokka. Áhersla á upplifun og þjónustu við viðskiptavini Góða hirðisins verður einnig í forgrunni á árinu 2026.

Góði hirðirinn fékk á árinu 2024 styrk frá SSH til að auka endurnot textíls og styðja við þann endurnota markað sem fyrir er. Verkefnið var eitt af áherslum Góða Hirðisins á árinu 2025, þar sem Sorpa hefur nú tekið við söfnun og meðhöndlun á þessum efnisstraum. Undanfarin ár hefur orðið mikil vitundarvakning hvað varðar endurnot á textíl eins og sjá má á opnun hinna ýmissa Loppumarkaða. Markmið SORPU bs. 2026 er að auka aðgengi félagasamtaka, einka- aðila og annarra áhugasamra að þessum efnisstraum.

VIÐHALDSSVIÐ

Til að bæta yfirsýn yfir rekstur á þeim tækjum sem SORPA bs. á, var ákveðið að stofna sérstakt viðhaldssvið og tók það formlega til starfa 1. janúar 2025. Allir tæknimenn hjá SORPU bs. hafa verið færðir yfir á þetta svið og er sviðið stoðsvið sambærilegt við fjármálasvið. Öll þjónusta sem viðhaldssviðið veitir mun verða rukkuð til annarra deilda samkvæmt tímagjaldi og þörf. Með þessu næst betri yfirsýn yfir kostnað SORPU bs. við rekstur og viðhald þeirra tækja sem samlagið á, ásamt því að meta hver raunveruleg mannaflapörf er í viðhaldi og rekstri tækjanna. Mun í framtíðinni öll endurnýjun á stærri tækjum og fjárfestingum sem falla undir viðhald, eftirlit og endurnýjun verða hjá viðhaldssviðinu sem mun síðan leigja tækin til viðkomandi deilda á kostnaðarverði að viðbættu 5% álagi til að fjármagna endurnýjun tækjanna.

FJÁRFESTINGAR 2026-2030

Fjárfest verður umtalsvert á mörgum sviðum SORPU bs.

Í heildina verður fjárfest á árinu 2026 fyrir 1.113 milljónir kr. og munar þar mestu um að ný endurvinnslustöð að Lambhaga telur þar um 450m kr. Búið verður að fjárfesta og eignfæra á árinu 2025 vegna Lambhaga um 950m kr.

Hjá MTFs verður fjárfest fyrir um 198 milljónir króna. Í fasteigninni og umhverfi hennar er áætlað að fjárfest verði fyrir 68 milljónir í starfsmannaaðstöðu og svo 25 milljónum í að gera vigtarkerfið sjálfvirk.

Í tækjum er reiknað með að fjárfesta í plasthökkunarvél fyrir 25m kr sem er ætlað að lækka flutningskostnað og draga úr kostnaði við afsetningu. Einnig verða settar 60m kr. í uppfærslu á framleiðslulínunum til að einfalda vinnu, auka afköst og starfsumhverfi verður öruggara.

Áætlað er að fjárfesta í úrbótaverkefnum í GAJA til að auka afkastagetu stöðvarinnar og lágmarka umhverfisáhrif stöðvarinnar fyrir um 147 milljónir.

Það er markmið SORPU bs. að bæta sjálfvirkni þar sem því verður við komið og auka þjónustustig við viðskiptavinum. Fjöldmörg tækifæri eru þar að mati stjórnenda og er áætlað að fjárfesta um 66 milljónum í fjöldmörg upplýsingatækni verkefni í þessum tilgangi.

Viðhaldsdeildin mun að mestu leiti taka við fjárfestingum á hreyfanlegum tækjum SORPU bs. og verður fjárfest fyrir um 262 milljónir í fjöldmörg tæki sem eru flest tengd endurnýjun á búnaði ásamt þróun á verkferlum, bættri þjónustu sem og minnkun á aðkeyptri þjónustu.

STARFSFÓLK

Á árinu 2026 er áætlaður fjöldi stöðugilda 174 og er sami fjöldi stöðugilda á árinu 2025.

	Raun 2023	Raun 2024	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026
Fjöldi starfsmanna	193	198	224	224
Fjöldi stöðugilda	153	162	174	174
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:				
Góði hirðirinn	35	38	39	39
Álfsnes	23	12	10	10
Gaja		13	10	10
Endurvinnslustöðvar	44	48	50	50
Grenndarstöðvar (þrifteymi)			7	7
Móttöku- og flokkunarstöð	34	34	29	29
Viðhaldsdeild			8	8
Skrifstofa	17	17	21	21

STOFNFJÁRFRAMLÖG

Ekki er gert ráð fyrir stofnfjárframlögum frá eigendum á árunum 2026-2030

FRAMLÖG VEGNA REKSTURS ENDURVINNSLUSTÖÐVA

Kostnaðaráætlun vegna byggingar á nýrri endurvinnslustöð við Lambhagaveg var áætluð um 1.383m kr . Endurvinnslustöðin er á áætlun bæði hvað varðar tíma og kostnað.

LYKILTÖLUR

	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030
Veltufjárlutfall.....	1,19	1,23	1,43	1,56	1,69	1,84	2,02
Eiginfjárlutfall.....	63,5%	59,2%	59,5%	62,5%	65,4%	68,3%	71,1%
Arðsemi eigin fjár.....	4,3%	7,8%	8,4%	8,0%	7,6%	7,3%	7,0%
Skuldsetningarlutfall.....	35,5%	48,2%	48,4%	41,5%	35,4%	29,9%	24,9%
Arðsemi eigna.....			5,0%	4,9%	4,9%	4,9%	4,8%
Veltufé frá rekstri / tekjur.....			14,2%	14,1%	14,1%	14,1%	14,1%
Útgjöld / tekjur sl. 3 ár.....			89,9%	89,8%	89,7%	89,7%	89,7%
Skuldir / tekjur.....			59,5%	55,1%	50,8%	46,7%	42,6%
Handbært fé.....			777.027.680	846.179.667	893.921.669	942.916.531	981.384.377




JAFNLAUNASTOFA SF.

Jafnlaunastofa sf. er sameignarfélag í eigu Reykjavíkurbogar og Sambands íslenskra sveitarfélaga og tók til starfa þann 1. janúar 2022. Verkefnastofa starfsmats sem áður var staðsett á mannauðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurborgar er staðsett á Jafnlaunastofu og annast mat starfa samkvæmt starfsmatskerfinu SAMSTARF í samræmi við kjarasamninga þar að lútandi. Jafnlaunastofu er ætlað að vinna að launajafnrétti á vettvangi sveitarfélaga og vera í samstarfi um verkefni sem snúa að verðmætamati starfa.

Í byrjun árs 2025 undirritaði Jafnlaunastofa samning við fjármála- og efnahagsráðuneytið um þróun virðismatskerfis fyrir störf hjá ríkinu í samstarfi við hagaðila. Þá leituðu samningsaðilar og Ríkissáttasemjari til Jafnlaunastofu um að þróa virðismatskerfi fyrir störf félaga sem tilheyra Kennarasambandi Íslands í samræmi við ákvæði kjarasamninga þar að lútandi. Í lok árs 2026 taka samningsaðilar ákvörðun um hvort þessum verkefnum verði haldið áfram í einhverri mynd.

Þessi viðbótarverkefni fela í sér næstum þrefaldað umfang Jafnlaunastofu og hafa því veruleg áhrif á starfsemina. Skipulagi Jafnlaunastofu hefur því verið breytt og verður til loka árs 2026 á þá leið að til viðbótar við verkefnastofu starfsmats verða starfandi verkefnastofa KÍ-verkefnis og verkefnastofa ríkisstarfa.



LEIÐARLJÓS JAFNLAUNASTOFU

Leiðarljós Jafnlaunastofu er að vinna gegn launamisrétti með því að veita sveitarfélögum stuðning, ráðgjöf og fræðslu við að uppfylla ákvæði jafnréttislaga um jöfn laun fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf. Jafnlaunastofa tekur þátt í samstarfsverkefnum sem stuðla að því að styðja við þá aðferðafræði að byggja launasetningu á faglegu verðmæta mati starfa í þágu launajafnréttis.

FJÁRHAGSÁÆTLUN JAFNLAUNASTOFU 2026-2030

Eins og fram hefur komið skiptist rekstur Jafnlaunastofu nú í þrjár verkefnastofur. Miðlægum kostnaði vegna stjórnunar og stoðþjónustu er skipt niður á verkefnastofur. Gert er ráð fyrir að verkefnastofa KÍ-starfa og verkefnastofa ríkisstarfa starfi að lágmarki út árið 2026, þegar núverandi samningar vegna þeirra verkefna renna út. Í áætlun fyrir árin 2027-2030 er því að svo stöddu einungis gert ráð fyrir verkefnastofu starfsmats sveitarfélaga. Að neðan er áætlun Jafnlaunastofu fyrst sett fram heildstætt og í framhaldi sundurliðað eftir verkefnastofum.

Fjárhæðir í þús.kr.	Útkomuspá/áætlun 2025				Fimm ára áætlun			
	Raun 2024	Áætlun 2025	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	2027	2028	2029	2030
Framlög	100.612	107.000	107.000	183.111	115.107	119.399	123.989	128.731
Aðrar tekjur	2.183	3.000	115.800	110.952	3.212	3.316	3.426	3.539
Tekjur samtals	102.795	110.000	222.800	294.063	118.320	122.715	127.415	132.270
Laun og launatengd gjöld	87.827	92.881	173.998	240.858	100.587	104.610	108.899	113.364
Annar kostnaður	15.635	15.695	46.002	49.962	16.361	16.770	17.189	17.619
Afskriftir	403	424	322	328	336	344	353	362
Gjöld samtals	103.865	108.576	220.322	291.147	117.284	121.725	126.441	131.345
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	-1.070	1.000	2.478	2.915	1.036	991	973	925
Fjármagnsliðir	-424	-507	-629	-646	-662	-679	-696	-713
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	-1.494	493	1.849	2.269	374	312	278	211
Tekjuskattur	-554							
Rekstrarniðurstaða	-940	493	1.849	2.269	374	312	278	211

Athugið að tölur fyrir árin 2027-2030 í þessari töflu eru að öllu leyti þær sömu eins og í rekstraráætlun verkefnastofu starfsmats.

VERKEFNASTOFA STARFSMATS SVEITARFÉLAGA

Rekstur verkefnastofu starfsmats er viðvarandi og óbreyttur frá fyrri árum. Þar starfa þrír starfsmatssérfræðingar auk teymisstjóra. Að neðan er fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 ásamt 5 ára áætlun 2027-2030.

Verkefnastofa starfsmats Fjárhæðir í þús.kr.	Útkomuspá/áætlun 2025				Fimm ára áætlun			
	Raun 2024	Áætlun 2025	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	2027	2028	2029	2030
Framlög	100.612	107.000	107.000	110.952	115.108	119.399	123.989	128.731
Aðrar tekjur	2.183	3.000		3.111	3.212	3.316	3.426	3.539
Tekjur samtals	102.795	107.000	107.000	114.063	118.320	122.715	127.415	132.270
Laun og launatengd gjöld	87.827	92.881	83.998	96.718	100.587	104.610	108.899	113.364
Annar kostnaður	15.635	15.695	23.002	15.962	16.361	16.770	17.189	17.619
Afskriftir	403	424	322	328	336	344	353	362
Gjöld samtals	103.865	109.000	107.322	113.008	117.284	121.724	126.441	131.345
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	-1.070	1.000	-322	1.055	1.036	991	974	925
Fjármagnsliðir	-425	-507	-629	-646	-662	-679	-696	-713
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	1495	493	-951	409	374	312	278	212
Tekjuskattur	-554							
Rekstrarniðurstaða	-941	493	-951	409	374	312	278	212

VERKEFNASTOFA KÍ-STARFA

Leitað var til Jafnlaunastofu um þróun virðismatskerfis fyrir störf félaga sem tilheyra Kennarasambandi Íslands í samræmi við ákvæði kjarasamninga þar að lútandi. Áætlað er að verkefnið sem hófst á vormánuðum 2025 standi til lok árs 2026. Í lok árs 2026 taka samningsaðilar ákvörðun um hvort þessum verkefnum verði áframhaldið í einhverri mynd. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna verkefnisins nemi um 43. m.kr. á þessu ári og 60 m.kr. árið 2026. Ekki er gert ráð fyrir rekstri verkefnastofunnar á 5 ára áætlun 2027-2030.

Verkefnastofa KÍ- starfa	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	2027	2028	2029	2030
<i>Fjárhæðir í þús.kr.</i>						
Framlög	42.900	60.000	0	0	0	0
Aðrar tekjur						
Tekjur samtals	42.900	60.000	0	0	0	0
Laun og launatengd gjöld	35.000	55.268	0	0	0	0
Annar kostnaður	6.500	4.000	0	0	0	0
Afskriftir						
Gjöld samtals	41.500	59.268	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	1.400	732	0	0	0	0
Fjármagnsliðir						
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta						
Tekjuskattur						
Rekstrarniðurstaða	1.400	732	0	0	0	0

VERKEFNASTOFA RÍKISSTARFA


Í byrjun árs undirritaði Jafnlaunastofa samning við fjármála-og efnahagsráðuneytið um þróun virðismatskerfis fyrir störf hjá ríkinu í samstarfi við hagaðila. Verkefnið hófst í apríl 2025 og stefnt er að því að því ljúki í desember 2026. Rekstur verkefnisins á þessu ári nemur rétt um 73 m.kr. og 120 m.kr. árið 2026. Ekki er gert ráð fyrir rekstri verkefnastofunnar á 5 ára áætlun 2027-2030.

Verkefnastofa ríkisstarfa	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	2027	2028	2029	2030
<i>Fjárhæðir í þús.kr.</i>						
Framlög	72.900	120.000	0	0	0	0
Aðrar tekjur						
Tekjur samtals	72.900	120.000	0	0	0	0
Laun og launatengd gjöld	55.000	88.712	0	0	0	0
Annar kostnaður	16.500	30.000	0	0	0	0
Afskriftir						
Gjöld samtals	71.500	118.712	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	1.400	1.288	0	0	0	0
Fjármagnsliðir						
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta						
Tekjuskattur						
Rekstrarniðurstaða	1.400	1.288	0	0	0	0

SKIPTING REKSTRAR


Með tilkomu nýrra verkefna hefur skipting rekstrar tekið umtalverðum breytingum á milli áætlana 2025 og 2026 eins og sjá má hér.

Skipting rekstrar Jafnlaunastofu
2026



■ Verkefnastofa starfsmats ■ Verkefnastofa KÍ-verkefnis
■ Verkefnastofa ríkis

Skipting rekstrar Jafnlaunastofu 2025



■ Verkefnastofa starfsmats ■ Önnur jafnlaunamál

FRAMLÖG

Hér má sjá framlög Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar og ríkisins sundurliðað eftir verkefnum.

Fjárhæðir í þús.kr.	Útkomuspá/ Áætlun 2025	Áætlun 2026
<u>Vegna verkefnastofu starfsmats</u>		
Reykjavíkurborg (50%)	53.500	55.476
Samband íslenskra sveitarfélaga (50%)	53.500	55.476
<u>Vegna verkefnis um þróun virðismatskerfis fyrir KÍ störf</u>		
Fjármála- og efnahagsráðuneytið (33%)	7.500	20.000
Samband íslenskra sveitarfélaga (66%)	35.500	40.000
<u>Vegna verkefnis um þróun virðismatskerfis ríkisins</u>		
Fjármála- og efnahagsráðuneytið (100%)	72.900	123.111
Samtals	222.900	294.063

HLUTVERK

Jafnlaunastofa hefur það hlutverk að stuðla að launajafnrétti starfsfólks sveitarfélaga og veita stjórnendum þeirra stuðning við að uppfylla ákvæði jafnréttislaga um að sambærilegum eða jafnverðmætum störfum hjá sveitarfélögunum séu greidd jöfn laun.

Verkefnastofa starfsmats starfar innan Jafnlaunastofu í samræmi við markmið jafnréttislaga og ákvarðanir faglegrar stjórnar starfsmatskerfisins SAMSTARF. Verkefnastofa sér um rekstur starfsmatskerfis sveitarfélaganna sem ætlað er að stuðla að jafnrétti í launasetningu og sér um starfsmat og endurmat starfa sveitarfélaga.

Jafnlaunastofu er einnig ætlað að veita ráðgjöf og stuðning við þróun greiningar- og matstækja sem stuðla að launajafnrétti kynjanna og jaðarsettra hópa á grundvelli aðferðafræði starfsmats

eða virðismats starfa. Þá er Jafnlaunastofu ætlað að byggja upp og miðla þekkingu á sviði starfsmats eða virðismats starfa og vera í samstarfi á vinnumarkaði í þágu launajafnréttis.

MEGINÁHERSLUR OG VERKEFNI Á JAFNLAUNASTOFU

Árið 2025 hefur verið ár umbótavinnu sem verður framhaldið á árinu 2026. Auk hefðbundinna verkefna Verkefnastofu starfsmats við mat starfa, innleiðingu nýrra stéttarfélaga í starfsmat og ráðgjöf og fræðslu því tengdu, hefur verið unnið að kerfisbundinni endurskoðun metinna starfa. Einnig hefur verið unnið að undirbúningi úttektar á starfsmatskerfinu SAMSTARF og umgjörð þess í samræmi við bókanir kjarasamninga þar að lútandi frá árinu 2024. Í bókunum kemur fram vilji samningsaðila til þess að láta framkvæma úttekt á ákvarðanatökuferlum, verk- og vinnulagi og virkni starfsmatskerfisins út frá markmiðum þess um jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf.

Í maí var ráðist í metnaðarfullt fræðsluáttak til að undirbúa vinnu við þróun nýrra virðismatskerfa fyrir ríkið og KÍ-störf. Markmiðið var að tryggja sameiginlegan skilning og þekkingargrunn allra þeirra sem koma að verkefnunum og ekki síður að byggja upp tengslanet og samstöðu innan hópsins. Haldin var röð heils dags námsskeiða í Reykjavík og á Akureyri þar sem yfir 150 fulltrúar launafólks og atvinnurekenda tóku þátt. Áhersla var lögð á að skapa lifandi umræðu um virðismat starfa og ræða leiðir til að tryggja að jafnverðmætum störfum séu greidd sömu laun. Fyrirlesarar voru starfsfólk jafnlaunastofu ásamt Amy Ross, sérfræðingi frá Nýja- Sjálandi með viðtæka reynslu af launajafnrétti og virðismati.

Starfsmatskerfið SAMSTARF

Langflest sveitarfélög hér á landi, þar með talið Reykjavíkurborg, hafa til langs tíma byggt launasetningu stórs hluta starfa sinna á starfsmatskerfi sem ætlað er að meta kvenlæga þætti starfa til jafns við karllæga þætti og stuðla þannig að launajafnrétti. Samið er um notkun starfsmatskerfisins í kjarasamningum. Í því felst samkomulag samningsaðila um að grunnlaunasetning starfs byggi á mati á þeirri þekkingarkröfu og færni sem gerð er til starfs, þeirri ábyrgð sem það krefst, því álagi sem því fylgir og þeim vinnuaðstæðum sem það er unnið innan. Kerfið var fengið frá Bretlandi, þýtt og staðfært fyrir rúmum 20 árum síðan. Kerfið fékk heitið Samstarf og vísar það til þess að allar ákvarðanir um kerfið, notkun þess og mat starfa byggja á samhljóða ákvörðunum stéttarfélaga og sveitarfélaga.

Frá því starfsmatskerfið Samstarf var tekið upp hefur vinnumarkaðurinn tekið töluverðum breytingum og samhliða hefur inntak starfa breyst. Mikilvægt er að kerfið taki breytingum í takt við þróun vinnumarkaðarins svo það þjóni markmiðum sínum m.a. um launajafnrétti. Fagleg stjórn starfsmatskerfisins samþykkti á árinu 2025 að fara í heildstæða úttekt á starfsmatskerfinu og umgjörð þess og stuðla þannig að betra og skilvirkara verklagi við mat á störfum og að kerfið þjóni markmiðum sínum um að greiða sömu og jafn verðmætum störfum jöfn laun. Áætlað er að niðurstöður úttektar liggi fyrir í byrjun árs 2026 og verði til grundvallar við áframhaldandi endurskoðun.

Virðismatskerfi í þágu launajafnréttis

Áhugi á virðismati starfa og þróun og notkun virðismatskerfa hefur farið vaxandi undanfarin misseri. Aðgerðahópur um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði hefur lagt áherslu á þróun virðismatskerfis sem leið til að draga úr þeim launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði. Jafnlaunastofa hefur undanfarin ár unnið að þekkingaruppbyggingu og þróun virðismatskerfis í þágu launajafnréttis sem kom út í drögum í byrjun árs 2024. Það samstarf hefur verið formgert enn frekar með samningi Jafnlaunastofu og Fármála- og efnahagsráðuneytisins um þróun og rekstur virðismatskerfis fyrir störf hjá ríkinu sem undirritaður var í upphafi árs 2025. Verkefnið er unnið í samstarfi við fulltrúa launafólks og atvinnurekenda sem skipa faglega stjórn um verkefnið sem tók til starfa í maí. Verkefninu er skipt upp fjóra fasa; undirbúnings, starfagreiningar, þróun kerfis og matsfasa. Í október lauk undirbúningsfasa og vinna við undirbúning og framkvæmd starfagreininga hófst. Áætlað er að verkefninu ljúki í árslok 2026.

Virðismatskerfi fyrir störf aðildarfélaga Kennarasambands Íslands

Jafnlaunastofa hefur tekið að sér verkefni um þróun virðismatskerfis fyrir störf sem heyra undir Kennarasambands Íslands. Verkefnið er hluti af kjarasamningum aðildarfélaga KÍ, sem undirritaðir voru í febrúar 2025. Verkefnið er unnið undir stjórn faglegrar stjórnar, sem er skipuð af jafnmörgum fulltrúum opinberra launagreiðenda og fulltrúum aðildarfélaga KÍ.

Markmið verkefnisins er að þróa hlutlægt og málefnalegt virðismatskerfi sem gerir kleift að meta störf félagsfólks Kennarasambands Íslands og samanburðarstarfa út frá kröfum starfa og í samræmi við jafnlaunaákvæði laga. Í því felst meðal annars starfagreiningar og gagnaöflun, þar sem kennarar, stjórnendur og annað starfsfólk eru lykilaðilar. Áfangaskil eru áætluð í október 2026 en þá verður tekin ákvörðun um hvort verkefninu verði framhaldið í einhverri mynd.

